Þá er allir kjörseðlar eru upplesnir og atkvæðin skráð telur yfirkjörstjórn atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti umboðsmanna og skal þess gætt að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra sem atkvæði hafa greitt samtals í sveitarfélaginu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

## 82. gr.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á auglýstum tíma skv. 75. gr. skal yfirkjörstjórn eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið. Tilkynna skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð til þess að þeir eigi kost á að vera viðstaddir.

## 83. gr.

Að talningu lokinni skal yfirkjörstjórn setja alla notaða kjörseðla undir innsigli og varðveita þá. Skal gildum og ógildum kjörseðlum haldið aðgreindum.

Að kærufresti loknum eða að fullnaðarúrskurði uppkveðnum varðandi kosninguna, ef kosning hefur verið kærð, skal yfirkjörstjórn eyða hinum innsigliðu kjörseðlum og skrá yfirlýsingu þar um í gerðabók kjörstjórnar.

Sama gildir um söfnun og varðveislu kjörskráa.

#### 84. gr.

Við lok talningar skal tilkynna úrslit kosninga og skal getið sérstaklega hve margir atkvæðaseðlar eru auðir og hve margir ógildir.

### XI. KAFLI Kosningaúrslit.

#### 85. gr.

Við bundnar hlutfallskosningar skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið og er þá fundin atkvæðatala hvers lista.

Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal atkvæðatölum listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o.s.frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.
2. Fyrsta fulltrúa fær sá listi kjörinn sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annan fulltrúa fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum fulltrúum og kjósa á.
3. Nú eru of fá nöfn á lista þegar til úthlutunar kemur skv. 2. tölul. og skal þá ganga fram hjá þeim lista við frekari úthlutun.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

#### 86. gr.

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista skal kjörstjórn reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Kjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o.s.frv. Næst tekur kjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Nöfnum frambjóðenda á listanum er nú raðað þannig að sá sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti skv. 2. mgr. hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt hlýtur 2. sætið o.s.frv. uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast fulltrúar hans og hverjir varafulltrúar.

Þegar kosið er bundinni hlutfallskosningu og listi fær einn eða fleiri aðalmenn kjörna verða þeir varamenn sem ekki hlutu kosningu á listanum.

#### 87. gr.

Þegar kosning er óbundin eru þeir sem flest atkvæði fá sem aðalmenn réttkjörnir aðalmenn. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.

Varamenn, þar sem kosning er óbundin, skulu vera jafnmargir og aðalmenn. Varamenn eru þeir sem hljóta atkvæðamagn þannig: 1. varamaður er sá sem flest atkvæði hlýtur samanlagt í 1. sæti á lista yfir varamenn að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í sæti aðalmanns.

2. varamaður er kosinn sá sem flest atkvæði hlýtur í 2. sæti lista varamanna að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í sæti aðalmanns og í 1. sæti á lista varamanna. Kosning annarra varamanna ákvarðast á sama hátt uns fyllt er í sæti þau sem kjósa skal í. Nú fá tveir menn jafnmörg atkvæði samanlagt í sæti varamanns og skal þá hlutkesti ráða hvor hlýtur sætið. Sá sem ekki hlýtur sætið tekur sæti næsta varamanns og færast þá þeir varamenn sem á eftir koma um set.

88. gr.

Yfirkjörstjórn skal senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublað er Hagstofan lætur í té.

## XII. KAFLI

### Kosningum frestað og uppkosningar.

89. gr.

Nú ferst kosning í kjördeild fyrir á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum og kveður þá yfirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Birta skal fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

Yfirkjörstjórn getur frestað kosningu í kjördeild eftir að hún er hafin ef hún telur óviðráðanlegar ástæður, eins og óveður, hindra að kosning geti fram haldið og allir kjörstjórnarmenn eru sammála um frestunina. Hafi kosningu verið frestað ber að kveðja til kjörfundar að nýju með sama hætti og segir í 1. mgr. þessarar greinar.

Þegar kosningu hefur verið frestað skal í öllu svo að farið sem fyrir er mælt í 71. gr., eftir því sem við á, að því viðbættu að kjörskráin og þau eftirrit hennar sem kjörstjórnin hefur haft til afnota skulu lögð með öðrum kjörgögnum í poka þann sem innsiglaður er. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari kjördag opnar kjörstjórn hinn innsiglaða poka og umslög, sem í honum eru, í viðurvist frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans kveður hún til valinkunnan mann að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði má þó rjúfa innsigli, opna umslögin og hefja kosningu þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði IX. kafla laganna, eftir því sem við á.

Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefur farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosningu fara fram í kjördeildinni og fer um hana að öllu á sama hátt og fyrr segir.

90. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg fyrir það að kosning er úrskurðuð ógild skv. 93. gr. þessara laga og skal þá sitjandi sveitarstjórn í samráði við yfirkjörstjórn boða til nýrra kosninga í sveitarfélaginu og ákveða kjördag svo fljótt sem því verður við komið og eigi síðar en innan mánaðar.

Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga eftir því sem við getur átt.

91. gr.

Nú fara aukakosningar fram vegna þess að kosningar hafa verið úrskurðaðar ógildar og síðari kosningarnar fara fram innan hálfis árs frá þeim fyrri og skal þá kosið samkvæmt fyrri kjörskrá.

Fari kosning síðar fram skal gerð ný kjörskrá.

### XIII. KAFLI

#### Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll.

92. gr.

Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll telst:

- a. að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum ef kosning fari svo eða svo, að torvelda öðrum sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar, svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar,
- b. að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ.e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni,
- c. að hafa merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma,
- d. að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess að maður verði settur á kjörskrá sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns er stendur á kjörskrá; hér undir heyrir sérstaklega ef maður telur sig til málamynda eiga lögheimili í sveitarfélagi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá,
- e. að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar,
- f. að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði sem greitt hefur verið eða á annan hátt.

### XIV. KAFLI

#### Kosningakærum.

93. gr.

Sá sem vill kæra sveitarstjórnarkosningu skal afhenda kæru sína hlutaðeigandi sýslumanni innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga.

Viðkomandi sýslumaður skal skipa þriggja manna nefnd til að úrskurða um kæruefnið þegar er honum hefur borist kæra. Skal leita umsagnar yfirkjörstjórnar um kæru og skal hún láta uppi álit sitt innan viku frá því að hún fékk kæruna og kjörnefnd kveða upp úrskurð sinn innan viku þar frá.

Úrskurði nefndarinnar má skjóta til félagsmálaráðuneytisins og skal tilkynning um kæruna komin til ráðuneytisins innan viku og skjöl þau, er kærinni kunna að fylgja, sett í póst innan sama tíma.

Nú kemur fram kæra innan kærufrests skv. 1. mgr. og nefndin úrskurðar kosningu ógilda og lætur þá fráfarandi sveitarstjórn ekki af störfum fyrr en kosning hefur farið fram að nýju og nefndin úrskurðað um kærur sem fram kunna að koma vegna þeirra.

94. gr.

Gallar á framboði eða kosningu leiða ekki til ógildingar kosninga, nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna.

## XV. KAFLI

**Nýkjörin sveitarstjórn.**

95. gr.

Yfirkjörstjórn skal gefa út kjörbréf til aðalfulltrúa í sveitarstjórn og jafnmargra varamanna. Yfirkjörstjórn skal ef þörf krefur gefa út kjörbréf til annarra varamanna sem sæti taka í sveitarstjórn og kjörnir hafa verið í bundnum hlutfallskosningum.

Jafnframt skal yfirkjörstjórn senda nýkjörinni sveitarstjórn greinargerð um úrslit kosninganna.

96. gr.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag og jafnskjótt lætur fráfarandi sveitarstjórn af störfum.

Fulltrúi í sveitarstjórn getur krafist frestunar á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar sem teknar eru frá kjördegi og þar til nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum og skal þá leggja mál að nýju fyrir hana á fyrsta fundi hennar. Nú er mál þannig vaxið að framkvæmd ákvörðunar þolir enga bið og verður þessa úrræðis þá ekki neytt, enda sé heimild til afgreiðslu málsins í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirætlum stjórnvalda eða með leyfi ráðuneytisins.

97. gr.

Nú ógildir ráðuneytið kosningar eftir að nýkjörin sveitarstjórn hefur tekið við störfum og skal hún þá sitja þar til nýjar kosningar hafa farið fram og kærur sem fram kunna að koma hafa verið úrskurðaðar.

Eftir að kjörtímabili fráfarandi sveitarstjórnar er lokið og þar til löglega kjörin sveitarstjórn tekur við störfum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar getur starfandi sveitarstjórn ekki innt af hendi neinar greiðslur eða gengist undir nokkrar skuldbindingar fyrir hönd sveitarfélagsins nema samkvæmt heimild í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirætlum stjórnvalda eða með leyfi ráðuneytisins.

## XVI. KAFLI

**Varamenn taka sæti á kjörtímabili.**

98. gr.

Sveitarstjórn úrskurðar hvort sveitarstjórnarmaður hafi misst kjörgengi.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði sveitarstjórnarlaga varðandi tímabundinn brottflutning sveitarstjórnarmanns.

Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar til félagsmálaráðuneytisins og úrskurði þess má skjóta til dómstóla.

99. gr.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

## XVII. KAFLI

**Kostnaður.**

100. gr.

Kostnaður við sveitarstjórnarkosningar, þar með talinn kostnaður vegna kjörnefndar skv. 93. gr., greiðist úr sveitarsjóði.

## XVIII. KAFLI

## Refsiákvæði.

## 101. gr.

Sektum varðar, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef sveitarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísitandi á ólöglegan hátt eða vanrækja hana.

## 102. gr.

Eftirtalið varðar sektum:

- a. ef maður býður sig fram til setu í sveitarstjórn vitandi að hann er ekki kjörgengur,
- b. ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum,
- c. ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra,
- d. ef kjósandi sýnir af ásettu ráði hvernig hann kys eða hefur kosið,
- e. ef maður njósnar um hvernig kjósandi kys eða hefur kosið,
- f. ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til að fá aðstoð við kosningu,
- g. ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðabréfi sem honum hefur verið trúað fyrir eða tefur vísitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna,
- h. ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt sem greint er í d-lið 92. gr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum,
- i. ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

## 103. gr.

Eftirtalið varðar sekt, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:

- a. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósnar um hvernig kjósandi kys eða hefur kosið eða gefur vísitandi villandi kosningaleiðbeiningar,
- b. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri, sem veitir aðstoð, segir frá því hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði,
- c. ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri, póstur eða sá sem tekið hefur að sér flutning kjörgagna eða atkvæðakassa tefur fyrir að það komist til skila,
- d. ef maður torveldar öðrum sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar,
- e. ef maður greiðir atkvæði á tveimur stöðum við sömu sveitarstjórnarkosningar,
- f. ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni,
- g. ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

## 104. gr.

Eftirtalið varðar varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum:

- a. ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill,
- b. ef maður vísitandi rangfærir atkvæðagreiðslu með því að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim sem notaðir eru við kosningu, og hagnýta þá sjálfur eða láta þá frá sér til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða með öðrum hætti.

105. gr.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

**XIX. KAFLI****Gildistaka.**

106. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma fyrst til framkvæmda við almennar sveitarstjórnarkosningar í maí 1998. Jafnframt falla úr gildi 12.–19. gr., 1., 3. og 4. mgr. 20. gr., 21.–34. gr. og 36.–39. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

*Gjört á Bessastöðum, 6. mars 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Páll Pétursson.***AUGLÝSING****um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 9. mars 1998.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*



## LÖG

### um hollustuhætti og mengunarvarnir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

#### Markmið, skilgreiningar og framkvæmd.

##### 1. gr.

Markmið þessara laga er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.

##### 2. gr.

Lögin taka til hvers konar starfsemi og framkvæmda hér á landi, í lofthelgi, efnahagslögsögu og farkostum sem ferðast undir íslenskum fána, sem hafa eða geta haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr., að svo miklu leyti sem önnur lög taka ekki til þeirra.

##### 3. gr.

*Hollustuhættir og mengunarvarnir* taka í lögum þessum til hollustuverndar, mengunarvarnaeftirlits, vöktunar, tengdra rannsókna og fræðslu um þessi mál.

*Hollustuvernd* tekur til eftirlits með matvælum, eiturefnum og hættulegum efnum þeim tengdum, húsnæði, öðrum vistarverum og umhverfi þeirra. Einnig tekur það til sóttvarna og fræðslu í þessum efnum, m.a. með tilliti til manndismála.

*Mengunarvarnaeftirlit* tekur til eftirlits með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðslu um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

*Heilbrigðiseftirlit* tekur til hollustuhátta og mengunarvarna.

Með *mengun* er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmafræðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Með *bestu fánalegri tækni* er átt við framleiðsluaðferð og tækjakost sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins, svo og starfrækslu hans. Með *fánalegri tækni* er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

*Eftirlit* merkir athugun á vöru, þjónustu, ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur.

*Faggilding* merkir aðferð sem þar til bær aðili beitir til að veita formlega viðurkenningu á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.

*Rannsóknir (prófanir)* felast í greiningu sýna vegna eftirlits, eftirlitsverkefna, vöktunar og annarra þjónusturannsókna eða fyrirbyggjandi aðgerða á sviði hollustuhátta og mengunarvarna.

*Vöktun* merkir kerfisbundna og síendurtekna skráningu einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

#### 4. gr.

Til þess að stuðla að framkvæmd hollustuverndar setur ráðherra í reglugerð almenn ákvæði um:

1. starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem fellur undir þessa grein og er útgáfa þess í höndum heilbrigðisnefnda,
2. umgengni og þrífnað utan húss,
3. meindýr og eyðingu þeirra,
4. hreinsun hunda, m.a. vegna sullaveiki, katta og annarra gæludýra,
5. íbúðarhúsnæði, starfsmannabústaði og starfsmannabúðir,
6. gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði,
7. skóla og aðra kennslustaði,
8. rakarastofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur og hvers konar aðrar snyrtistofur,
9. leikskóla og leikvelli,
10. heilbrigðisstofnanir, dvalarheimili og meðferðar- og vistunarstofnanir og stofnanir fyrir fatlaða,
11. íþróttastöðvar, íþróttahús, sundstaði, baðhús, gufubaðstofur, sólbaðstofur og almenna baðstaði, baðvatn og þess háttar,
12. fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna,
13. samkomuhús, þar á meðal kirkjur,
14. farþegaskip, almenningsbifreiðar, farþegaflugvélar og þess háttar,
15. þátttöku heilbrigðisnefnda í sóttvörnum og framkvæmd þeirra,
16. töku sýna og úrvinnslu þeirra,
17. viðmiðanir fyrir eðlis-, efna- og örverufræðilega þætti,
18. önnur sambærileg atriði.

#### 5. gr.

Til þess að stuðla að framkvæmd mengunarvarnaeftirlits setur ráðherra í reglugerð almenn ákvæði um:

1. starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun, þar á meðal ákvæði um staðsetningu, viðmiðunarmörk, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir, svo og rekstur og viðhald mengunarvarnabúnaðar; krafist skal bestu fánlegrar tækni við mengunarvarnir í þeim atvinnugreinum þar sem slíkt hefur verið skilgreint og skulu ákvæði um mengunarvarnir taka mið af því,
2. endurskoðun starfsleyfa vegna verulegra breytinga á atvinnurekstri eða vegna tækniþróunar,
3. áhættumat fyrir atvinnurekstur þar sem hættu er á stórslysum vegna aðferða og efna sem notuð eru við starfsemina og endurskoðun áhættumats, svo og upplýsingar sem ábyrgðaraðilum atvinnurekstrar er skylt að láta í té beri slys að höndum,
4. eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu,

5. umhverfisstjórn, vöktun og eftirlitskerfi fyrirtækja, svo og viðurkenningu, úttekt og eftirlit með slíkum kerfum,
6. umhverfismerki á vörur, m.a. um veitingu þeirra og gjaldtöku,
7. eftirlit með flutningi úrgangs milli landa og tilkynningarskyldu þeirra sem meðhöndla og flytja slíkan úrgang,
8. úttekt á hugsanlegri mengunarhættu,
9. meðferð vatns og sjávar í atvinnurekstri þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk vegna losunar tiltekinnna efna,
10. úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs,
11. fráveitur og skolp þar sem m.a. skulu koma fram reglur um hreinsun skolps og viðmiðunarmörk í fráveitum og viðtaka,
12. varnir gegn vatnsmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir mengandi efni og/eða gæðamarkmið fyrir grunnvatn og yfirborðsvatn,
13. varnir gegn loftmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir loftgæði, mengandi efni og losun þeirra út í andrúmsloftið,
14. varnir gegn jarðvegsmengun og viðmiðunarmörk fyrir jarðveg og mengandi efni,
15. hávaða og titring þar sem fram koma viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi,
16. varmamengun þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun hennar,
17. önnur sambærileg atriði.

#### 6. gr.

Hollustuvernd ríkisins gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun og talinn er upp í fylgiskjali með lögum þessum.

Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun og ekki er talinn upp í fylgiskjali, sbr. 1. mgr., eftir því sem mælt er fyrir um í reglugerð.

Hollustuvernd ríkisins skal vinna tillögur að starfsleyfi skv. 1. mgr. og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur Hollustuverndar ríkisins innan átta vikna frá auglýsingu.

Hollustuvernd ríkisins skal innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim sem athugasemdir hafa gert tilkynnt um afgreiðsluna.

Auglýsa skal í B-deild Stjórnartíðinda útgáfu og gildistöku starfsleyfa sem Hollustuvernd ríkisins gefur út.

#### 7. gr.

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins, veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru skv. 4. og 5. gr.

Ráðhuga setur almenn ákvæði í reglugerð um valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa, þar með talið um þátttöku í eftirlits-, rannsóknar- og vöktunarverkefnum.

#### 8. gr.

Sveitarstjórnir, byggingarnefndir og önnur yfirvöld sveitarfélaganna, sem og ríkisstofnanir, skulu leita álits heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir vegna framkvæmda sem lög þessi taka til.

## II. KAFLI

**Stjórn, skipan og starfsmenn.**

## 9. gr.

Umhverfissráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum nr. 106/1954 og skal hann semja við þar til bæra aðila samkvæmt mati Hollustuverndar ríkisins um framkvæmd eftirlits á varnarsvæðum. Utanríkisráðherra skal hafa samráð við umhverfissráðherra um alla framkvæmd eftirlits á varnarsvæðum og gilda lög þessi eftir því sem við á.

Landlæknir er ráðgjafi ráðherra um það er að lögum þessum lýtur og undir embætti hans fellur.

Við setningu reglugerða samkvæmt lögum þessum skal haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði er varða skyldur sveitarfélaga.

## 10. gr.

Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits og greiða sveitarfélögin kostnað við eftirlitið að svo miklu leyti sem lög mæla ekki fyrir á annan veg.

## 11. gr.

Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði. Í hverri nefnd skulu eiga sæti fimm menn, kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður. Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hvor í nefndina til viðbótar. Fulltrúar atvinnurekenda og náttúruverndarnefnda hafa ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu mála í nefndinni. Sömu reglur gilda um varamenn.

Eftirlitssvæði skv. 1. mgr. eru:

1. Reykjavíkursvæði.  
Starfssvæði: Reykjavíkurborg.
2. Vesturlandssvæði.  
Starfssvæði: Vesturlandskjördæmi.
3. Vestfjarðasvæði.  
Starfssvæði: Vestfjarðakjördæmi.
4. Norðurlandssvæði vestra.  
Starfssvæði: Norðurlandskjördæmi vestra.
5. Norðurlandssvæði eystra.  
Starfssvæði: Norðurlandskjördæmi eystra.
6. Austurlandssvæði.  
Starfssvæði: Austurlandskjördæmi.
7. Suðurlandssvæði.  
Starfssvæði: Suðurlandskjördæmi.
8. Suðurnesjasvæði.  
Starfssvæði: Reykjanesbær, Grindavíkkaupstaður, Sandgerðisbær, Gerðahreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.
9. Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði.  
Starfssvæði: Hafnarfjarðarkaupstaður, Bessastaðahreppur, Garðabær og Kópavogsbær.
10. Kjósarsvæði.  
Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umhverfissráðherra getur í reglugerð, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins, kveðið á um sameiningu eftirlitssvæða.

Heimilt er heilbrigðisnefndum að gera samkomulag um annað fyrirkomulag heilbrigðis-  
eftirlits á milli eftirlitssvæða. Í slíkum tilvikum hafa heilbrigðisfulltrúar sama rétt til afskipta  
þar og á eigin svæði.

#### 12. gr.

Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 1. nóvember ár hvert gera fjárhagsáætlun fyrir næsta starfs-  
ár þar á eftir, innan fjárhagsramma sem sveitarfélög setja, og senda hana til viðkomandi  
sveitarfélaga til umfjöllunar og afgreiðslu. Sveitarfélög bera ábyrgð á fjármálum og rekstri  
heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði. Þau hafa umsjón með fjármálum þess, skiptingu  
kostnaðar milli sveitarfélaga og álagningu eftirlitsgjalda. Við kostnaðarskiptingu skal miða  
við að allar tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu renni í sameiginlegan sjóð til  
greiðslu rekstrarkostnaðar heilbrigðiseftirlits á svæðinu. Sá kostnaður sem eftirlitsgjöld  
standa ekki undir greiðist af sveitarfélögunum í samræmi við íbúafjölda næstliðins árs.

Náist ekki samkomulag milli sveitarfélaga innan eftirlitssvæðis um hvaða sveitarfélag  
annist fjárreiður fyrir heilbrigðiseftirlitið skal umhverfisráðherra úrskurða hvert þeirra skuli  
annast fjárreiðurnar að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Heimilt er sveitarfélögum, að fenginni umsögn hlutaðeigandi heilbrigðisnefnda, að inn-  
heimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi sé eftirlitið á vegum sveitarfélaga. Umhverfisráð-  
herra, utanríkisráðherra á varnarsvæðum, setur, að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkis-  
ins, hámarksgjaldskrá sem sveitarstjórnir geta innheimt eftir. Upphæðin skal byggð á rekstr-  
aráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist  
á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.  
Gjöld má innheimta með fjárnámi.

#### 13. gr.

Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga þessara og reglugerða  
settra samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða regl-  
um sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast um framkvæmd á. Nefndin skal vinna  
að bættu heilbrigðiseftirliti á svæði sínu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu  
við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

#### 14. gr.

Heilbrigðisnefnd skiptir með sér verkum og ræður meiri hluti atkvæða afgreiðslu máls.  
Telst afgreiðsla fullnægjandi séu þrír atkvæðisbærra nefndarmanna viðstaddir. Um vanhæfi  
nefndarmanna til afgreiðslu mála gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits eða heilbrigðisfulltrúi í umboði hans skal sitja  
fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Hann getur krafist þess að fundir verði  
haldnir og að tekin verði þar fyrir tiltekin mál.

Fulltrúar Hollustuverndar ríkisins eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda með til-  
lögurétti og málfrelsi.

Héraðslæknir eða sá heilsugæslulæknir sem hann tilnefnir skal vera ráðgjafi og heil-  
brigðisnefndum til aðstoðar um heilbrigðisþjónustu. Héraðslæknir á seturétt á fundum heil-  
brigðisnefndar með málfrelsi og tillögurétti. Héraðslæknir getur krafist þess að haldinn verði  
fundur í heilbrigðisnefnd.

#### 15. gr.

Heilbrigðisnefndir á hverju eftirlitssvæði ráða heilbrigðisfulltrúa til að annast eftirlit  
sveitarfélaganna með þeim viðfangsefnum sem undir löginn falla. Starfi einungis einn heil-

brigðisfulltrúi á eftirlitssvæði skal hann jafnframt vera framkvæmdastjóri eftirlitsins. Ef heilbrigðisfulltrúarnir eru tveir eða fleiri skal einn úr hópi þeirra jafnframt ráðinn framkvæmdastjóri eftirlitsins. Sveitarstjórnir setja þeim starfslýsingar að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar og ákveða í samráði við heilbrigðisnefnd aðsetur þeirra. Eingöngu má ráða í starf heilbrigðisfulltrúa þá sem fengið hafa leyfi umhverfisráðherra til starfans. Heilbrigðisfulltrúar starfa í umboði heilbrigðisnefndar.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

#### 16. gr.

Þeir sem starfa samkvæmt lögum þessum eru bundnir þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Upplýsingar og tilkynningar heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu. Sama gildir um aðra sem starfa samkvæmt lögum þessum.

#### 17. gr.

Ráðherra skipar hollustuháttaráð til fjögurra ára í senn sem hefur það hlutverk að fjalla um þá þætti sem falla undir lögina og varða atvinnustarfsemi, svo sem samhæfingu krafna og eftirlits. Ráðherra skal leita álits ráðsins um þá þætti er varða atvinnustarfsemi, svo sem um lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir, samþykktir og gjaldskrár.

Í ráðinu eiga sæti níu menn. Umhverfisráðherra tilnefnir einn og er hann formaður, forstjóri Hollustuverndar ríkisins á sæti í ráðinu og Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasambandið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Alþýðusamband Íslands, Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og landlæknisembættið tilnefna einn hvert.

Ráðherra setur ráðinu starfsreglur að fengnum tillögum þess.

### III. KAFLI

#### Hollustuvernd ríkisins.

#### 18. gr.

Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Hollustuvernd ríkisins og annast hún eftirlit með framkvæmd laga þessara og er stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni er undir lögina falla.

Stofnunin hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti og skal sjá um vöktun og að rannsóknir þessu tengdar séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu.

Stofnunin fer því aðeins með beint eftirlit að lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það með reglugerð að höfðu samráði við stofnunina þegar um landið allt er að ræða og við heilbrigðisnefndir þegar um einstök svæði er að ræða. Öll starfsemi stofnunarinnar, sem er í samkeppnisrekstri, skal vera fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi hennar. Undir þetta fellur m.a. sala á þjónustu, ráðgjöf, rannsóknnum og prófunum og hvers konar eftirlitsstarfsemi sem þar kann að vera stunduð.

Stofnunin skal sjá um gerð fræðsluefnis og upplýsa og fræða þá er starfa að heilbrigðiseftirliti.

#### 19. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlits í landinu og koma á samvinnu þeirra er að málum þessum starfa og skal í slíkum tilvikum sérstaklega gæta að

hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt. Stofnunin skal hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa og veita þá ráðgjöf og þjónustu varðandi heilbrigðiseftirlit sem hún getur og aðstæður krefjast. Þá skal stofnunin vinna að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði heilbrigðiseftirlits og að því að slíkum kröfum sé framfylgt. Til þess að stuðla sem best að þessu markmiði gefur stofnunin út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina.

#### 20. gr.

Við stofnunina skal starfa forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri.

Stofnuninni skal skipt í svið og skal forstöðumaður starfa yfir hverju þeirra. Forstöðumenn skulu hafa háskólamenntun og sérþekkingu eða starfsreynslu á viðkomandi sviði. Forstjóri ræður forstöðumenn. Einn forstöðumanna skal gegna starfi staðgengils forstjóra.

Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum forstjóra, nánari ákvæði um skipulag stofnunarinnar.

#### 21. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða stofnunin tekur að sér, sbr. 18. gr. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

### IV. KAFLI

#### Faggilding og innra eftirlit.

#### 22. gr.

Ráðherra getur, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins, ákveðið með reglugerð að stofnunin skuli hljóta faggildingu vegna rannsóknar á vegum stofnunarinnar. Ráðherra er jafnframt heimilt að ákveða með reglugerð, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins, að starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga skuli hljóta faggildingu vegna rannsóknar og eftirlits og þá hvernig að henni skuli staðið. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.

#### 23. gr.

Ráðherra ákveður í reglugerð kröfur um gæðastjórnun og innra eftirlit í fyrirtækjum sem eru eftirlitsskyld samkvæmt lögum þessum. Þar skal m.a. kveðið á um umfang opinbers eftirlits og ákvörðun eftirlitsgjalda sem taka mið af innra eftirliti þeirra fyrirtækja sem eftirlitið beinist að.

#### 24. gr.

Heilbrigðisnefndum og Hollustuvernd ríkisins er heimilt að fela tiltekna þætti heilbrigðiseftirlitsins faggiltum skoðunaraðilum. Skal í slíkum tilvikum gerður sérstakur samningur við hinn faggilta skoðunaraðila, sbr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Heimild til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar og annað sem greint er frá í VI. kafla er þó eingöngu í höndum heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

## V. KAFLI Samþykktir sveitarfélaganna.

### 25. gr.

Sveitarfélög geta sett sér eigin samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gert um einstök atriði ítarlegri kröfur en fram koma í þeim, enda falli þau undir lögin. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:

1. bann eða takmörkun gæludýrahalds og húsdýrahalds,
2. meðferð úrgangs og skolps,
3. gjaldtöku vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu,
4. ábyrgðartryggingar.

Upphæð gjalda skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Ráðherra getur, að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og umsögn Hollustuverndar ríkisins, sett hámarksgjaldskrá fyrir eftirlit og þjónustu sveitarfélaga sem sveitarfélög geta nýtt sér kjósi þau það fremur en að setja sér sérstaka gjaldskrá. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Skulu gjöld tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi, leiga eða þjónusta er tengd notkun fasteignar. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Samþykktir og gjaldskrár samkvæmt þessari grein skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Heilbrigðisnefnd semur drög að samþykktum og breytingum á þeim og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn sem afgreiðir þau í formi samþykktar til ráðherra. Sé um að ræða nýmæli í samþykktum sveitarfélaga skal ráðherra leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins áður en hann staðfestir samþykktina.

Synji ráðherra staðfestingar endursendir hann samþykktina til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um hvað þurfi til að til staðfestingar komi.

## VI. KAFLI Valdsvið og þvingunarúrræði.

### 26. gr.

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum, reglugerðum, samþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum samkvæmt þessum ákvæðum geta heilbrigðisnefnd og heilbrigðisfulltrúi beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. veitt áminningu,
2. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
3. stöðvað eða takmarkað viðkomandi starfsemi eða notkun, þar með lagt hald á vörur og fyrirskipað förgun þeirra.

Stöðvun starfsemi og förgun á vörum skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekað brot sé að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Sé um slík brot að ræða getur heilbrigðisnefnd afturkallað starfsleyfi viðkomandi reksturs.

Þar sem innsiglið er beitt við stöðvun skal nota sérstök innsigli er auðkenni viðkomandi eftirlitssvæði heilbrigðisfulltrúa.

### 27. gr.

Þegar aðili sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur heilbrigðisnefnd ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits og skal hámark þeirra ákveðið í reglugerð sem ráðherra setur. Jafnframt er heilbrigðisnefnd



heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af viðkomandi heilbrigðiseftirliti en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi.

Þegar verk það sem heilbrigðisnefnd lætur vinna er komið til vegna vanhirðu og óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

#### 28. gr.

Heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi, reglugerðir og samþykktir ná yfir og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Sama gildir um starfsmenn Hollustuverndar ríkisins þegar um er að ræða starfsemi sem stofnunin hefur eftirlit með.

Fulltrúum Hollustuverndar ríkisins er heimilt í samráði við heilbrigðisnefndir að taka sýni þar sem starfsemi fer fram og lög þessi, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sveitarfélaga ná til. Í þeim tilvikum þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlit fer um valdsvið og þvingunarúrræði í samræmi við þennan kafla laganna.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits.

#### 29. gr.

Telji Hollustuvernd ríkisins svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal það hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd.

Hollustuvernd ríkisins skal sjá um samhæfingu aðgerða þegar upp koma bráð eða alvarleg mengunarslys, matarsýkingar eða önnur vá svipaðs eðlis. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga skal þegar í stað tilkynna Hollustuvernd ríkisins um slík mál og skal stofnunin að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðisnefnd taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir.

#### 30. gr.

Við meðferð mála samkvæmt þessum kafla skal fylgja ákvæðum stjórnarsýslulaga.

### VII. KAFLI

#### Málsmeðferð og úrskurðir.

#### 31. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim eða heilbrigðissamþykktu sveitarfélaga eða um ákvarðanir yfirvalda er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar umhverfisráðherra fer með úrskurðarvald samkvæmt lögnum, sbr. ákvæði 32. gr., eða þegar ágreiningur rís vegna ákvörðunar um útgáfu starfsleyfis samkvæmt ákvæðum 6. gr.

Í úrskurðarnefnd skv. 1. mgr. eiga sæti þrjár lögfræðingar sem uppfylla skulu starfsgengis-skilyrði héraðsdómara, formaður tilnefndur af Hæstarétti, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fjórum vikum eftir að henni berst mál í hendur. Sé mál viðamikið og fyrirjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal nefndin tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en átta vikur.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir innan stjórnarsýslunnar.

## 32. gr.

Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laga þessara skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Sama gildir um ágreining milli Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda um framkvæmd laganna.

Ákvarðanir Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda um útgáfu starfsleyfa skv. 6. gr. má kæra til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun Hollustuverndar ríkisins eða heilbrigðisnefnda.

Ráðherra skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fjórum vikum eftir að honum berst mál í hendur. Sé mál viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en átta vikur.

## VIII. KAFLI

## Viðurlög.

## 33. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og samþykktum sveitarfélaga varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

## 34. gr.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.

Mál út af brotum gegn lögum þessum, reglugerðum eða samþykktum sveitarfélaga skulu sæta meðferð opinberra mála.

## IX. KAFLI

## Gildistaka.

## 35. gr.

Lögin öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

## Ákvæði til bráðabirgða.

## I.

Þrátt fyrir ákvæði 35. gr. skal sú skipan sem kveðið er á um í 11. gr. ekki taka gildi fyrir en 1. ágúst 1998. Þar til skulu núverandi heilbrigðisnefndir starfa og fer um störf þeirra samkvæmt þessum lögum. Núverandi svæðisnefndir skulu starfa áfram til sama tíma og gegna því hlutverki sem kveðið er á um í lögum nr. 81/1988, með áorðnum breytingum.

## II.

Þær reglugerðir, sem í gildi eru samkvæmt lögum nr. 81/1988, með áorðnum breytingum, skulu halda gildi sínu þar til þeim hefur verið breytt, að svo miklu leyti sem þær fara ekki í bága við ákvæði þessara laga.

## III.

Þrátt fyrir breytingar á eftirlitsstarfsemi Hollustuverndar ríkisins varðandi innflutningseftirlit með matvælum og eiturefnum skal starfsemin haldast óbreytt þar til reglugerð hefur verið sett sem kveður á um eftirlitshlutverk aðila.

**IV.**

Þrátt fyrir ákvæði laganna, sbr. m.a. 31. gr., skulu stjórn Hollustuverndar ríkisins og úrskurðarnefnd, skipuð samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ljúka við að úrskurða í kærumálum sem kærð hafa verið fyrir gildistöku laga þessara. Stjórnin og úrskurðarnefndin skulu hafa lokið þeim störfum fyrir 1. júlí 1998.

**Fylgiskjal.****Atvinnurekstur sem Hollustuvernd ríkisins veitir starfsleyfi fyrir.**

1. Fiskimjölsverksmiðjur.
2. Álframleiðsla.
3. Áburðarframleiðsla.
4. Sements- og kalkframleiðsla.
5. Kísiljárnsframleiðsla.
6. Kísilmálmsframleiðsla.
7. Kísil- og kísilgúrframleiðsla.
8. Járn- og stálframleiðsla.
9. Glerullar- og steinullarframleiðsla.
10. Sútunarverksmiðjur.
11. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera þar sem ársframleiðsla er meiri en 200 tonn og fráveita er til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er meiri en 20 tonn og fráveita í ferskvatn.
12. Meðferð úrgangs – móttökustöðvar sveitarfélaga: Flokkunarmiðstöðvar, urðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar.
13. Meðhöndlun og förgun spilliefna.
14. Lím- og málningarvöruframleiðsla.
15. Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu.
16. Kítín- og kítosanframleiðsla.
17. Framleiðsla á magnesíum og efnasamböndum sem innihalda magnesíum.
18. Framleiðsla á peroxíðum.
19. Sinkframleiðsla.
20. Olíuhreinsistöðvar.
21. Pappírs- og trjákvöðuframleiðsla.
22. Framleiðsla á slípiefnum, t.d. kísilkarbíði.
23. Vinnsla alifatískra alkóhóla til iðnaðarnota.
24. Annar sambærilegur rekstur.

*Gjört í Reykjavík, 12. mars 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

---

*Guðmundur Bjarnason.*

## LÖG

## um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1996.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1996 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1996  
A-HLUTI**Tekjur:****Skatttekjur**

Skattar á tekjur einstaklinga .....	21.848.138
Skattar á tekjur lögaðila .....	3.955.069
Tryggingagjöld .....	13.641.233
Eignarskattar .....	3.760.824
Virðisaukaskattur .....	46.203.932
Vörugjöld og ýmis gjöld af innflutningi .....	19.592.174
Aðrir skattar á vöru og þjónustu .....	3.192.215
Skattar ótaldir annars staðar .....	7.400.916
<b>Skatttekjur samtals .....</b>	<b>119.594.501</b>

**Rekstrartekjur**

Arðgreiðslur .....	2.503.345
Vaxtatekjur .....	5.462.587
Aðrar rekstrartekjur .....	467.626
<b>Rekstrartekjur samtals .....</b>	<b>8.433.558</b>

<b>Sala eigna .....</b>	<b>252.988</b>
-------------------------	----------------

<b>Tekjur samtals .....</b>	<b>128.281.047</b>
-----------------------------	--------------------

**Gjöld:**

Æðsta stjórn ríkisins .....	1.545.304
Forsætisráðuneyti .....	776.811
Menntamálaráðuneyti .....	19.790.540
Utanríkisráðuneyti .....	2.035.908
Landbúnaðarráðuneyti .....	7.036.707
Sjávarútvegsráðuneyti .....	1.179.005
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti .....	6.379.884
Félagsmálaráðuneyti .....	9.614.420

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti .....	51.988.645
Fjármálaráðuneyti .....	22.411.506
Samgönguráðuneyti .....	11.749.590
Iðnaðarráðuneyti .....	1.090.764
Viðskiptaráðuneyti .....	212.058
Hagstofa Íslands .....	166.264
Umhverfissráðuneyti .....	1.000.958
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>136.978.364</b>
<b>Tekjujöfnuður .....</b>	<b>-8.697.316</b>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1996  
A-HLUTI

**Eignir:****Veltufjármunir**

Sjóður og bankareikningar .....	4.735.538
Óinnheimtar ríkistekjur .....	23.370.252
Næsta árs afborganir af veittum löngum lánum .....	7.850.322
Skammtímakröfur, aðrar .....	7.645.844
Vöru- og efnisbirgðir .....	368.179
<b>Veltufjármunir samtals .....</b>	<b>43.970.135</b>

**Langtímakröfur og áhættufjármunir**

Veitt löng lán .....	63.661.485
Næsta árs afborganir fluttar á skammtímakröfur .....	-7.850.322
Hlutabréf .....	10.446.801
Stofnfjárframlög .....	4.829.298
<b>Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals .....</b>	<b>71.087.264</b>

**Eignir samtals .....** **115.057.398**

**Skuldir:****Skammtímaskuldir**

Bankareikningar, hlaupareikningsskuld .....	427.412
Krafa á ríkistekjur og innheimtufé .....	1.386.818
Ógreidd gjöld (án vaxta) .....	2.622.754
Hlutafjárloforð .....	7.446.205
Áfallnir ógjaldfallnir vextir .....	6.122.592
Tekin stutt lán .....	16.581.883
Aðrar skammtímaskuldir .....	6.077.773
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....	16.838.893
<b>Skammtímaskuldir samtals .....</b>	<b>57.504.331</b>

<b>Langtímaskuldir</b>	
Áfallnir ógjaldfallnir vextir .....	13.569.269
Tekin löng innlend lán .....	76.877.052
Næsta árs afborganir af innlendum lánum fluttar á skammtímaskuldir	-9.466.914
Tekin löng erlend lán .....	132.217.686
Næsta árs afborganir af erlendum lánum fluttar á skammtímaskuldir	-7.371.979
<b>Langtímaskuldir samtals</b> .....	<b>205.825.114</b>
<b>Lífeyrisskuldbindingar</b> .....	<b>90.393.953</b>
<b>Höfuðstóll:</b>	
Höfuðstóll í ársbyrjun .....	-224.272.275
Endurmat .....	-5.696.409
Tekjujöfnuður .....	-8.697.316
<b>Höfuðstóll í árslok</b> .....	<b>-238.666.001</b>
<b>Skuldir og höfuðstóll samtals</b> .....	<b>115.057.398</b>

2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1996 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1996  
B-HLUTI

---

<b>Tekjur:</b>	
Rekstrartekjur .....	44.450.134
Vaxtatekjur .....	19.939.887
Aðrar fjármunatekjur .....	263.916
Framlög samtals .....	11.018.429
Óreglulegar tekjur .....	512.082
<b>Tekjur samtals</b> .....	<b>76.184.448</b>
<b>Gjöld:</b>	
<b>Rekstrargjöld</b>	
Laun og launatengd gjöld .....	10.857.495
Hráefni og vörur til endursölu .....	14.108.033
Afskriftir .....	2.872.162
Önnur rekstrargjöld .....	12.792.567
<b>Rekstrargjöld samtals</b> .....	<b>40.630.257</b>
Vaxtagjöld .....	20.439.630
Önnur fjármagnsgjöld .....	1.012.806
Tilfærslur .....	6.574.736
Óregluleg gjöld .....	1.524.749
<b>Gjöld samtals</b> .....	<b>70.182.178</b>
<b>Hagnaður til ráðstöfunar</b> .....	<b>6.002.270</b>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1996  
B-HLUTI

**Eignir:****Veltufjármunir**

Sjóður og bankainnstæður .....	7.790.539
Skammtímakröfur .....	22.870.496
Vöru- og efnisbirgðir .....	2.336.673
<b>Veltufjármunir samtals .....</b>	<b>32.997.708</b>

**Langtímakröfur og áhættufjármunir**

Langtímakröfur/veitt löng lán .....	260.035.037
Afskriftareikningur útlána .....	-10.482.337
Hlutfé og stofnfjárframlög .....	508.093
<b>Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals .....</b>	<b>250.060.793</b>

**Varanlegir rekstrarfjármunir**

Farartæki og vélar .....	12.162.408
Fasteignir .....	21.268.565
Orkumannvirki .....	10.878.551
Aðrar eignir .....	1.816.643
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir samtals .....</b>	<b>46.126.167</b>

**Eignir samtals .....** **329.184.668**

**Skuldir:****Skammtímaskuldir**

Bankareikningar, hlaupareikningsskuld .....	81.944
Ógreidd gjöld .....	3.688.318
Viðskiptareikningar .....	8.351.599
Tekin stutt lán .....	1.741.984
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....	4.460.849
<b>Skammtímaskuldir samtals .....</b>	<b>18.324.694</b>

**Langtímaskuldir**

Langtímaskuldir/tekin löng lán samtals .....	226.357.801
Næsta árs afborganir fluttar á skammtímaskuldir .....	-4.460.849
<b>Langtímaskuldir samtals .....</b>	<b>221.896.952</b>

**Lífeyrisskuldbindingar .....** **12.594.276**

**Eigið fé:**

Eigið fé í ársbyrjun .....	73.933.124
Ráðstöfun hagnaðar á eigið fé .....	1.274.096
Aðrar breytingar .....	1.161.526
<b>Eigið fé í árslok samtals .....</b>	<b>76.368.746</b>

**Skuldir og eigið fé samtals .....** **329.184.668**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. mars 1998.*

**Davíð Oddsson.****Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)**Pétur Kr. Hafstein.**

---

*Davíð Oddsson.*

## LÖG

um breyting á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

**HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara til allt að fimm ára í senn, áfangastjóra til allt að fjögurra ára og deildarstjóra til tveggja ára að höfðu samráði við skólanefnd. Hann ræður einnig kennara, námsráðgjafa, starfsfólk skólasafns og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. mars 1998.*

**Davíð Oddsson.****Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)**Pétur Kr. Hafstein.**

---

*Björn Bjarnason.*



## LÖG

### um kjaramál fiskimanna.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

Efnisákvæði miðlunartillagna þeirra sem ríkissáttasemjari lagði fram til lausnar kjara-deilum á fiskiskipaflotanum þann 16. mars 1998 og birt eru í fylgiskjölum I–IV sem eru hluti af lögum þessum skulu frá gildistöku laga þessara gilda um kaup og kjör fiskimanna í aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og aðildarfélögum Alþýðusambands Vestfjarða, svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Ísafjarðar, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja, með þeim breytingum sem fram koma í 2. gr.

#### 2. gr.

Séu færri menn á skipi sem stundar rækjuveiðar og landar daglega eða ísar aflla um borð en við er miðað í skiptakjaraákvæðum kjarasamninga varðandi þær veiðar skiptist hlutur eða hlutir þeirra sem á vantar á milli þeirra sem á skipinu eru í réttu hlutfalli við skiptahlut þeirra.

Ferðir til veiða utan efnahagslögsögu Íslands úr stofnum sem ekki eru íslenskir deilistofnar eru sérstakt kauptryggingartímabil og teljast því ekki til sama kauptryggingartímabils og aðrar veiðar skips.

#### 3. gr.

Vinnustöðvanir þeirra aðila sem um ræðir í fylgiskjölum I–IV, svo og verkföll og verkbönn og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar. Þó er aðilum heimilt að semja um slíkar breytingar en eigi má knýja þær fram með vinnustöðvun.

#### 4. gr.

Með brot gegn 3. gr. laga þessara skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 15. febrúar árið 2000. Ákvæði 1. mgr. 2. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. júní 1998.

*Gjört í Reykjavík, 27. mars 1998.*

**Davíð Oddsson.****Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)**Pétur Kr. Hafstein.**

---

*Þorsteinn Pálsson.***Fylgiskjal I.****Efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara**

til lausnar kjaradeilu

Sjómannasambands Íslands vegna aðildarféлага þess

og

Vinnuveitendasambands Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna  
aðildarféлага þess lögð fram 16. mars 1998.

(Tilvísanir í greinar kjarasamnings eru miðaðar við kjarasamning Sjómannasambands Íslands.)

1. gr.

Síðastgildandi kjarasamningur aðila framlengist með eftirfarandi breytingum frá samþykkt tillögu til og með 15. febrúar 2000 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

2. gr.

**1.03 Um hækkun kaupliða.**

Einstakir kaupliðir, kauptrygging, tímakaup og hlífðarfatapeningar, hækki við gildistöku samnings þessa um 13%. Hinn 1. janúar 1999 hækki þessir liðir um 3,65%. Við gildistöku samnings þessa hækki fæðispeningar um 11,1%.

3. gr.

2. mgr. 1.22. gr. orðist svo:

Samtala eingreiðslu dánarbóta sjómanna samkvæmt a + b-lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, þegar um er að ræða eftirlifandi maka og/eða börn innan 18 ára aldurs verði 3.228.503 kr. pr. 1.1.98. Hækkun tryggingarinnar taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

4. gr.

Ný grein sem verður 3. mgr. 1.22. gr. orðist svo:

Örorkubótaþáttur slysatryggingar sjómanna skv. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, hækki úr 20% í 50%. Hækkunin taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

5. gr.

**Breyting á grein 1.23.**

Sótt dauðabætur hækki úr 1.298.184 kr. í 1.724.663 kr.

## 6. gr.

**Nýtt ákvæði í kafla 5.2 um frystitogara.**

Grein 5.29 verði svohljóðandi:

Hafnarfrí skal vera 1 klst. fyrir hverjar 6½ klst. af útivistartíma skips. Hafnarfrí skal þó aldrei vera skemmri tími en 30 klst. að lokinni útivist hverju sinni.

Útivist skipsins skal reknast frá því að skipið leggur af stað úr höfn í veiðiferð til þess tíma sem skip kemur til hafnar og hafnarfrí hefst.

Hafnarfrí skal ávallt tekið í heimahöfn skips.

Nú breytist til lengingar sammingsbundinn tími hafnarfrís, skal þá tilkynna skipshöfn með minnst 4ra klst. fyrirvara breyttan brottfarartíma.

Sé skipið ekki tilbúið til brottfarar klukkustund eftir tilkynntan brottfarartíma og sökin er útgerðarinnar ber skipstjóra að fresta brottför um 4 klst.

Skipverjar skulu eiga rétt á fríi þriðju hverja veiðiferð. Ekki er þó skylt að gefa fleiri en þriðjungi skipverja frí í hverri veiðiferð til þess að tryggð sé eðlileg vinnsla um borð, nema sérstakar ástæður liggi fyrir.

Eigi síðar en á 26. degi veiðiferðar og aldrei seinna en 4 sólarhringum áður en veiðiferð lýkur skal tilkynna áhöfn hvenær henni lýkur.

Tvisvar sinnum á ári skal til hagræðingar heimilt að ljúka ekki veiðiferð þó að komið sé til hafnar og hluta af aflanum landað úr skipinu. Veiðiferð skal þó aldrei vera lengri en 40 sólarhringar.

## 7. gr.

**Breyting á grein 9.23.**

Dagpeningar hækki í 3.800 kr.

## 8. gr.

**Nýtt ákvæði um endurmenntun.**

Skipverjum skal, í samráði við útgerðina, gefinn kostur á að sækja námskeið Slysavarna-skólans í Sæbjörgu í fyrirbyggjandi öryggisfræðslu.

Þann tíma sem skipverji sækir námskeið skal útgerðarmaður greiða honum kauptryggingu, en upphald og ferðakostnað eftir nánara samkomulagi. Námskeiðsgjaldið greiðir viðkomandi útgerð.

## 9. gr.

**Nýtt ákvæði vegna löndunar á uppsjávarfiski.**

Þegar landað er í heimahöfn á tímabilinu 1. maí – 31. desember úr fiskiskipi sem veiðir uppsjávarfisk, þ.e. loðnu, síld og kolmunna, skulu ávallt tveir undirmenn sinna löndun en aðrir eiga löndunarfrí.

**Fylgiskjal II.****Efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara**

til lausnar kjaradeilu

Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna aðildarféлага þess

og

Vinnuveitendasambands Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna  
aðildarféлага þess svo og kjaradeilu

Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar, Ísafirði,

og

Vinnuveitendasambands Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna  
Útvegsmannafélags Vestfjarða

lögð fram 16. mars 1998.

(Tilvísanir í greinar kjarasamnings eru miðaðar við kjarasamning FFSÍ.)

1. gr.

Síðastgildandi kjarasamningur aðila framlengist með eftirfarandi breytingum frá samþykkt tillögu til og með 15. febrúar 2000 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

2. gr.

**1.08 Um hækkun kaupliða.**

Einstakir kaupliðir, kauptrygging, tímakaup og hlífðarfatapeningar, hækki við gildistöku samnings þessa um 13%. Hinn 1. janúar 1999 hækki þessir liðir um 3,65%. Við gildistöku samnings þessa hækki fæðispeningar um 11,1%.

3. gr.

2. mgr. 1.35. gr. orðist svo:

Samtala eingreiðslu dánarbóta sjómanna samkvæmt a + b-lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, þegar um er að ræða eftirlifandi maka og/eða börn innan 18 ára aldurs verði 3.228.503 kr. pr. 1.1.98. Hækkun tryggingarinnar taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

4. gr.

Ný grein sem verður 3. mgr. 1.35. gr. orðist svo:

Örorkubótapáttur slysatryggingar sjómanna skv. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, hækki úr 20% í 50%. Hækkunin taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

5. gr.

**Breyting á grein 1.37.**

Sótt dauðabætur hækki úr 1.298.184 kr. í 1.724.663 kr.

6. gr.

Grein 1.49 um endurmenntun orðist svo:

Yfirmönnum skal í samráði við útgerðina gefinn kostur á að sækja endurmenntunarnám-skeið með það að markmiði að auka hæfni þeirra í starfi sínu hjá útgerðinni, sbr. meðfylgjandi lista yfir viðurkennd námskeið.

Til viðbótar námskeiðum samkvæmt tilgreindum lista geta önnur námskeið staðið yfirmönnum til boða samkvæmt nánara samkomulagi milli útgerðar og yfirmanna.

Þann tíma sem yfirmaður sækir námskeið samkvæmt framangreindu skal útgerðarmaður greiða honum kauptryggingu, en upphald og ferðakostnað eftir nánara samkomulagi. Námskeiðsgjaldið greiðir viðkomandi útgerð.

### Listi yfir viðurkennd endurmenntunarnámskeið.

1. Siglingatæki. Notkun og greining á einföldum bilunum. Fiskleitar- og mælitæki, ratsjá, GPS, gírókompás og sjálfstýringar.
2. Siglingasamlíkir ARPA (tölvuratsjá) og plott.
3. Stöðugleiki og skipagerð (Flutningar og fiskiskip).
4. Fjarskipti. Nýja öryggisfjarskiptakerfið GMDSS (Global Maritime Distress Safety System).
5. Siglingatæki (ratsjár, Loran, GPS), ferilritar (plotter), dýptarmælur.
6. Sjúkrahjálpar fyrir sjómenn. Lyfjakistan (nýjar reglur), viðvera á slysadeild, bráðafrágangur slasaðra og flutningar, kynning á þýrludeild LHG og þýrlusveit lækna.
7. Ýmis námskeið Slysavarnaskólans í Sæbjörgu í fyrirbyggjandi öryggisfræðslu.

7. gr.

### Nýtt ákvæði í kafla 5.2 um frystitogara.

Grein 5.26 verði svohljóðandi:

Hafnarfrí skal vera 1 klst. fyrir hverjar 6½ klst. af útvistartíma skips. Hafnarfrí skal þó aldrei vera skemmri tími en 30 klst. að lokinni útvist hverju sinni.

Útvist skipsins skal reiknast frá því að skipið leggur af stað úr höfn í veiðiferð til þess tíma sem skip kemur til hafnar og hafnarfrí hefst.

Hafnarfrí skal ávallt tekið í heimahöfn skips.

Nú breytist til lengingar sammingsbundinn tími hafnarfrís, skal þá tilkynna skipshöfn með minnst 4ra klst. fyrirvara breyttan brottfarartíma.

Sé skipið ekki tilbúið til brottfarar klukkustund eftir tilkynntan brottfarartíma og sökin er útgerðarinnar ber skipstjóra að fresta brottför um 4 klst.

Skipverjar skulu eiga rétt á fríri þriðju hverja veiðiferð. Ekki er þó skylt að gefa fleiri en þriðjungi skipverja frí í hverri veiðiferð til þess að tryggð sé eðlileg vinnsla um borð, nema sérstakar ástæður liggja fyrir.

Eigi síðar en á 26. degi veiðiferðar og aldrei seinna en 4 sólarhringum áður en veiðiferð lýkur skal tilkynna áhöfn hvenær henni lýkur.

Tvisvar sinnum á ári skal til hagræðingar heimilt að ljúka ekki veiðiferð þó að komið sé til hafnar og hluta af aflanum landað úr skipinu. Veiðiferð skal þó aldrei vera lengri en 40 sólarhringar.

8. gr.

### Breyting á grein 9.19.

Dagpeningar hækki í 3.800 kr.

9. gr.

### Nýtt ákvæði vegna löndunar á uppsjávarfiski.

Þegar landað er í heimahöfn á tímabilinu 1. maí – 31. desember úr fiskiskipi sem veiðir uppsjávarfisk, þ.e. loðnu, síld og kolmunna, skal einn úr hópi skipstjórnarmanna ávallt sinna löndun en aðrir eiga löndunarfrí.

**Fylgiskjal III.****Efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara**

til lausnar kjaradeilu

Véltjórafélags Íslands, Véltjórafélags Suðurnesja, Véltjórafélags Vestmannaeyja og Véltjórafélags Ísafjarðar

og

Vinnuveitendasambands Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Vestfjarða, Útvegsmannafélags Norðurlands, Útvegsmannafélags Austfjarða, Útvegsmannafélags Hornafjarðar, Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, Útvegsmannafélags Suðurnesja og Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar

lögð fram 16. mars 1998.

(Tilvísanir í greinar kjarasamnings eru miðaðar við kjarasamning Véltjórafélags Íslands.)

1. gr.

Síðastgildandi kjarasamningur aðila framlengist með eftirfarandi breytingum frá samþykkt tillögu til og með 15. febrúar 2000 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

2. gr.

**1.08 Um hækkun kaupliða.**

Einstakir kaupliðir, kauptrygging, tímakaup og hlífðarfatapeningar, hækki við gildistöku samnings þessa um 13%. Hinn 1. janúar 1999 hækki þessir liðir um 3,65%. Við gildistöku samnings þessa hækki fæðispeningar um 11,1%.

3. gr.

2. mgr. 1.35. gr. orðist svo:

Samtala eingreiðslu dánarbóta sjómanna samkvæmt a + b-lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, þegar um er að ræða eftirlifandi maka og/eða börn innan 18 ára aldurs verði 3.228.503 kr. pr. 1.1.98. Hækkun tryggingarinnar taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

4. gr.

Ný grein sem verður 3. mgr. 1.35. gr. orðist svo:

Örorkubótapáttur slysatryggingar sjómanna skv. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, hækki úr 20% í 50%. Hækkunin taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

5. gr.

**Breyting á grein 1.37.**

Sótt dauðabætur hækki úr 1.298.184 kr. í 1.724.663 kr.

## 6. gr.

**1.49 Endurmenntun.**

Greinin orðist svo:

Vélstjórum/vélavörðum skal gefinn kostur á að sækja a.m.k. eitt námskeið annað hvert ár með það að markmiði að auka hæfni þeirra í starfi hjá útgerðinni. Um er að ræða námskeið sem endurmenntunarnefnd vélstjóra á fiskiskipum hefur fjallað um og samþykkt.

Þegar vélstjóri/vélavörður sækir námskeið skv. 1. mgr. skal það gert í samráði við útgerðarmann sem greiðir námskeiðsgjald og kauptryggingu fyrir þann tíma sem námskeiðið stendur. Uppihald og ferðakostnað greiðir útgerðarmaður eftir nánara samkomulagi.

**Endurmenntunarnefnd vélstjóra á fiskiskipum.**

Endurmenntunarnefnd vélstjóra á fiskiskipum verði skipuð tveimur fulltrúum VSFÍ og tveimur fulltrúum LÍÚ. Starfsmenn samtakanna starfa með nefndinni og undirbúa tillögur til nefndarinnar um fræðslumál og leggja fyrir hana kostnaðaráætlun fyrir einstök námskeið. Starfsmennirnir sjái um daglegan rekstur, framkvæmd námskeiða og annað það sem nefndin felur þeim.

Hlutverk nefndarinnar er að taka ákvörðun um hvaða námskeið skuli boðið upp á, hvar og hvenær þau eru haldin. Þá skal nefndin skilgreina námskeiðskostnað og ákveða námskeiðsgjald. Almennt skal gera ráð fyrir að sérhvert námskeið standi undir sér kostnaðarlega. Nefndin móti reglur um framkvæmd námskeiða og er henni heimilt að leggja álag á námskeiðsgjald sem renni í varasjóð.

**Varasjóður endurmenntunarnefndar.**

Stofna skal varasjóð sem verði í umsjá nefndarinnar. Stofnfé sjóðsins verði 500.000 kr., sem LÍÚ og VSFÍ leggi til að jöfnu. Í sjóðinn renni hagnaður af námskeiðum og hann greiði tap af samþykktum námskeiðum. Nefndinni er heimilt að ráðstafa fé úr sjóðnum til námsgagnagerðar og tækjakaupa. Verði samstarfi slitnið og sjóðurinn lagður niður skal ráðstafa eigum hans til tækjakaupa vegna vélstjórnarmenntunar sé einhugur um það í nefndinni. Ella skiptast eigur hans jafnt á milli LÍÚ og VSFÍ.

**Kostnaðaráætlun námskeiða.**

Fyrir hvert námskeið verði gerð kostnaðaráætlun sem verði lögð fyrir endurmenntunarnefnd til samþykktar. Í kostnaðaráætlun komi fram sundurliðun á eftirgreindum þáttum:

1. Kostnaður við námsgagnagerð að frádregnum framlögum og styrkjum úr starfsmenntasjóði og frá öðrum aðilum.
2. Kennsla og ferðakostnaður.
3. Húsnæði, kaffi og tækjaleiga.
4. Kynning og auglýsingar.
5. Umsjónarkostnaður.
6. Tillag í varasjóð.

## 7. gr.

**Nýtt ákvæði í kafla 5.2 um frystitogara.**

Grein 5.26 verði svohljóðandi:

Hafnarfrí skal vera 1 klst. fyrir hverjar 6½ klst. af útivistartíma skips. Hafnarfrí skal þó aldrei vera skemmri tími en 30 klst. að lokinni útivist hverju sinni.

Útivist skipsins skal reiknast frá því að skipið leggur af stað úr höfn í veiðiferð til þess tíma sem skip kemur til hafnar og hafnarfrí hefst.

Hafnarfrí skal ávallt tekið í heimahöfn skips.

Nú breytist til lengingar samningsbundinn tími hafnarfrís, skal þá tilkynna skipshöfn með minnst 4ra klst. fyrirvara breyttan brottfarartíma.

Sé skipið ekki tilbúið til brottfarar klukkustund eftir tilkynntan brottfarartíma og sökin er útgerðarinnar ber skipstjóra að fresta brottför um 4 klst.

Skipverjar skulu eiga rétt á fríi þriðju hverja veiðiferð. Ekki er þó skylt að gefa fleiri en þriðjungi skipverja frí í hverri veiðiferð til þess að tryggð sé eðlileg vinnsla um borð, nema sérstakar ástæður liggi fyrir.

Eigi síðar en á 26. degi veiðiferðar og aldrei seinna en 4 sólarhringum áður en veiðiferð lýkur skal tilkynna áhöfn hvenær henni lýkur.

Tvisvar sinnum á ári skal til hagræðingar heimilt að ljúka ekki veiðiferð þó að komið sé til hafnar og hluta af aflanum landað úr skipinu. Veiðiferð skal þó aldrei vera lengri en 40 sólarhringar.

8. gr.

### **Breyting á grein 9.19.**

Dagpeningar hækki í 3.800 kr.

9. gr.

### **Nýtt ákvæði vegna löndunar á uppsjávarfiski.**

Þegar landað er í heimahöfn á tímabilinu 1. maí – 31. desember úr fiskiskipi sem veiðir uppsjávarfisk, þ.e. loðnu, síld og kolmunna, skal einn úr hópi vélstjóra ávallt sinna löndun en aðrir eiga löndunarfrí.

10. gr.

### **Nýtt ákvæði: Úrskurðarnefnd.**

1. Komið skal á fót úrskurðarnefnd er hefur það hlutverk að skera úr um hvort koma skuli til sérstakra greiðslna til handa vélstjórum á fiskiskipum vegna breytts verksviðs þeirra og þátttöku í tæknivæðingu fiskiskipa.
2. Nefndin skal skipuð 3 mönnum og tilnefnið hvor aðili sinn mann en sjávarútvegsráðherra oddamann sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar og getur ráðherra sett nefndinni tímamörk.
3. Nefndin skal gefa báðum aðilum kost á að skila greinargerðum um málið og kynna það fyrir nefndinni. Hún skal einnig kanna sjálfstætt þær forsendur sem aðilar leggja til grundvallar málflutningi sínum, svo og hvort og hvernig þær eigi við hinar einstöku tegundir fiskiskipa.
4. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að verksvið vélstjóra hafi breyst og álag í störfum aukist án þess að þeir hafi sérstaklega notið þess í launum skal hún úrskurða hvort þeim beri sérstakar greiðslur og ef svo er hversu miklar þær skulu vera og frá hvaða tíma þær eiga að koma til greiðslu.
5. Úrskurður nefndarinnar er hluti af kjarasamningi aðila og tekur gildi frá úrskurðardegi.

11. gr.

Í kjarasamning vélstjóra á fiskiskipum komi nýr kafli sem kveði á um heimildir til að semja í fyrirtækjum um aðlögun ákvæða samningsins að þörfum og hagsmunum útgerðar og vélstjóra. Eftirgreind ákvæði mynda því ramma um formbundið samstarf vélstjóra og útgerðar og verði sérstakur kafli, næstur á eftir ákvæðum um orlof. Númer annarra greina breytist í samræmi við það.



## **Fyrirtækjapáttur kjarasamnings vélstjóra.**

### **1.0 Markmið.**

Markmið fyrirtækjapáttar kjarasamnings er að efla samstarf vélstjóra og stjórnenda útgerðar með það fyrir augum að skapa forsendur fyrir bættum kjörum vélstjóra með aukinni framleiðni.

Markmiðið er að þróa kjarasamninginn þannig að hann nýtist báðum aðilum til aukins ávinnings. Við það skal ávallt miðað að skilgreindur ávinningur skiptist milli vélstjóra og útgerðar eftir skýrum forsendum.

### **2.0 Viðræðuheimild.**

Að jafnaði taki fyrirtækjapáttur til allra starfsmanna útgerðarinnar sem kjarasamningurinn tekur til. Heimilt er þó að gera sérstaka samninga á einstökum skipum, sé um það samkomulag.

Viðræður um fyrirtækjapátt fara fram undir friðarskyldu almennra kjarasamninga og skulu teknar upp með samkomulagi beggja aðila. Þá komi skriflega fram til hvers samningnum sé ætlað að ná.

Þegar viðræður hafa verið ákveðnar ber að tilkynna það VSFÍ og samtökum vinnuveitenda, VSÍ eða LÍÚ. Rétt er báðum aðilum, starfsmönnum og forsvarsmönnum útgerðar, að leita ráðgjafar hjá samningsaðilum og óska eftir ráðgjöf við gerð fyrirtækjapáttar, en í þeim tilgangi skal stofnuð sérstök ráðgjafanefnd, skipuð fjórum mönnum, tveimur tilnefndum af LÍÚ og tveimur tilnefndum af VSFÍ, sem hefur einnig það markmið að flýta gerð fyrirtækjapáttar einstakra útgerða. Báðir aðilar, starfsmenn og forsvarsmenn útgerðar, geta í sameiningu ákveðið að kalla hvor sinn fulltrúa til ráðuneytis við samningsgerð. Náist ekki samkomulag innan þriggja mánaða frá því að viðræður um fyrirtækjapátt hófust getur hvor um sig án samráðs kallað ráðgjafa til þátttöku í viðræðunum.

### **3.0 Fulltrúar vélstjóra – forsvar í viðræðum.**

Vélstjórar á hverju skipi geta valið fulltrúa úr sínum hópi eða tekið allir þátt í viðræðum við forsvarsmenn útgerðar skipsins.

Fulltrúum í samninganefnd skal tryggður eðlilegur tími til að sinna undirbúningi og samningsgerð í vinnutíma. Enn fremur skulu þeir njóta sérstakrar verndar í starfi og er óheimilt að láta þá gjalda starfa sinna í samninganefnd.

### **4.0 Upplýsingamiðlun.**

Áður en gengið er til gerðar fyrirtækjasamnings skulu stjórnendur upplýsa fulltrúa vélstjóra í samninganefnd um afkomu, framtíðarhorfur og starfsmannastefnu útgerðarinnar.

Á gildistíma fyrirtækjasamnings skulu fulltrúar vélstjóra upplýstir um framangreind atriði og áherslur í rekstri tvisvar á ári. Þeir skulu gæta þagmælsku um þessar upplýsingar að því marki sem þær eru ekki til opinberrar umfjöllunar.

### **5.0 Heimil frávik.**

Heimilt er með samkomulagi milli vélstjóra og útgerðarinnar að aðlaga ákvæði samningsins þörfum vinnustaðarins með frávikum frá ákvæðum kjarasamnings, enda náist samkomulag um endurgjald vélstjóra.

### **6.0 Endurgjald vélstjóra.**

Takist samkomulag um aðlögun ákvæða kjarasamnings að þörfum útgerðar eða önnur frávik frá vinnuskipulagi, sem samkomulag hefur verið gert um, skal jafnframt samið um hlutdeild vélstjóra í þeim ávinningi sem útgerðin hefur af breytingum.

Hlutur vélstjóra getur komið fram í verktenngdri greiðslu, greiðslu fastrar upphæðar á mánuði eða ársfjórðungi, hæfisálagi, prósentuálagi á laun eða fastri krónutölu á tímakaup eða með öðrum hætti, allt eftir því hvernig um semst. Í samningnum skal þó koma skýrt fram í hverju ávinningur útgerðar felst, svo og endurgjald til vélstjóra. Hvort tveggja er frávik frá kjarasamningi og getur fallið niður við uppsögn skv. 7. gr. þessa kafla.

### **7.0 Gildistaka, gildissvið og gildistími.**

Samkomulag um fyrirtækjapátt skal vera skriflegt og skal það borið undir alla þá sem samkomulaginu er ætlað að taka til í leynilegri atkvæðagreiðslu sem hlutaðeigandi samninganefnd vélstjóra stendur fyrir. Samkomulag telst samþykkt ef það fær stuðning meiri hluta greiddra atkvæða hlutaðeigandi vélstjóra. Heimilt er samninganefnd vélstjóra að óska eftir því að Vélstjórafélagið gangi úr skugga um að umsamin frávik og endurgjald fyrir þau, heildstætt metið, standist ákvæði laga og kjarasamninga um lágmarkskjör. Hafi ekki komið tilkynning um annað innan fjögurra vikna telst samningurinn samþykktur af beggja hálfu.

Heimilt er að láta fyrirtækjasamning gilda tímabundið til reynslu í allt að 3 mánuði og ganga þá endanlega frá efni hans í ljósi reynslunnar. Annars skal gildistími ótímabundinn. Að ári liðnu getur hvor aðili farið fram á endurskoðun. Náist ekki samkomulag um breytingar innan tveggja mánaða getur hvor aðili sagt fyrirtækjasamningi lausum með sex mánaða fyrirvara m.v. mánaðamót. Að þeim tíma liðnum fellur hvort tveggja niður, umsamdar breytingar og hlutdeild vélstjóra í ávinningi. Til að uppsögn sé bindandi þarf hún að hljóta stuðning meiri hluta hlutaðeigandi vélstjóra í sams konar atkvæðageiðslu og viðhöfð var við gildistöku samningsins. Segi útgerð upp fyrirtækjapátti samnings skulu launahækkanir honum tengdar þó aðeins ganga til baka í þeim mæli sem nemur þeim kostnaðarauka sem leiðir af upptöku samningsákvæða.

### **7.1 Áhrif fyrirtækjasamnings á ráðningarkjör.**

Breytingar á ráðningarkjörum sem leiða kunna af fyrirtækjasamningi eru bindandi fyrir alla hlutaðeigandi vélstjóra hafi þeir ekki mótmælt formlega gerð samningsins við stjórnendur útgerðar og samninganefnd vélstjóra áður en til atkvæðagreiðslu kom.

Ákvæði fyrirtækjasamnings gilda jafnt um þá vélstjóra sem við störf eru þegar samningur er samþykktur samkvæmt ákvæðum þessa kafla, sem og þá sem síðar ráðast til starfa, enda hafi þeim verið kynnt efni hans við ráðningu.

### **8. Meðferð ágreinings.**

Komi upp ágreiningur innan fyrirtækis um skilning eða framkvæmd fyrirtækjasamnings og ekki tekst að leysa hann með viðræðum á milli aðila á vinnustað er vélstjórum heimilt að leita aðstoðar Vélstjórafélagsins eða fela því málið til úrlausnar.

Náist ekki samkomulag um mat á áhrifum uppsagnar skv. lokaml. 7. gr. getur hvor aðili skotið honum til úrskurðar óháðs aðila. 65% kostnaðar greiðist af fyrirtæki og 35% af starfsmönnum.

**Fylgiskjal IV.****Efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara**

til lausnar kjaradeilu

Alþýðusambands Vestfjarða vegna  
Sjómannafélags Ísfirðinga, Verkalýðs- og sjómannafélags Álftfirðinga, Verkalýðs- og  
sjómannafélags Bolungarvíkur,  
Verkalýðsfélags Patreksfjarðar, Verkalýðsfélagsins Skjaldar,  
Verkalýðsfélags Hólmavíkur, Verkalýðsfélagsins Súganda,  
Verkalýðsfélagsins Varnar, Verkalýðsfélagsins Brynju,  
Verkalýðsfélags Tálknafjarðar og Verkalýðsfélags  
Kaldrananeshrepps vegna sjómanna  
og  
Vinnuveitendasambands Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h.  
Útvegsmannafélags Vestfjarða

lögð fram 16. mars 1998.

(Tilvísanir í greinar kjarasamnings eru miðaðar við kjarasamning Sjómannasambands Íslands.)

1. gr.

Síðastgildandi kjarasamningur aðila framlengist með eftirfarandi breytingum frá samþykkt tillögu til og með 15. febrúar 2000 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

2. gr.

**1.03 Um hækkun kaupliða.**

Einstakir kaupliðir, kauptrygging, tímakaup og hlífðarfatapeningar, hækki við gildistöku samnings þessa um 13%. Hinn 1. janúar 1999 hækki þessir liðir um 3,65%. Við gildistöku samnings þessa hækki fæðispeningar um 11,1%.

3. gr.

2. mgr. 1.22. gr. orðist svo:

Samtala eingreiðslu dánarbóta sjómanna samkvæmt a + b-lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, þegar um er að ræða eftirlifandi maka og/eða börn innan 18 ára aldurs verði 3.228.503 kr. pr. 1.1.98. Hækkun tryggingarinnar taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

4. gr.

Ný grein sem verður 3. mgr. 1.22. gr. orðist svo:

Örorkubótaþáttur slysatryggingar sjómanna skv. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, hækki úr 20% í 50%. Hækkunin taki gildi um næstu mánaðamót eftir gildistöku samnings þessa.

## 5. gr.

**Breyting á grein 1.23.**

Sótt dauðabætur hækki úr 1.298.184 kr. í 1.724.663 kr.

## 6. gr.

**Breyting á grein 9.23.**

Dagpeningar hækki í 3.800 kr.

## 7. gr.

**Nýtt ákvæði í kafla 5.2 um frystitogara.**

Grein 5.29 verði svohljóðandi:

Hafnarfrí skal vera 1 klst. fyrir hverjar 6½ klst. af útivistartíma skips. Hafnarfrí skal þó aldrei vera skemmri tími en 30 klst. að lokinni útivist hverju sinni.

Útivist skipsins skal reiknast frá því að skipið leggur af stað úr höfn í veiðiferð til þess tíma sem skip kemur til hafnar og hafnarfrí hefst.

Hafnarfrí skal ávallt tekið í heimahöfn skips.

Nú breytist til lengingar samningsbundinn tími hafnarfrís, skal þá tilkynna skipshöfn með minnst 4ra klst. fyrirvara breyttan brottfarartíma.

Sé skipið ekki tilbúið til brottfarar klukkustund eftir tilkynntan brottfarartíma og sökin er útgerðarinnar ber skipstjóra að fresta brottför um 4 klst.

Skipverjar skulu eiga rétt á fríi þriðju hverja veiðiferð. Ekki er þó skylt að gefa fleiri en þriðjungi skipverja frí í hverri veiðiferð til þess að tryggð sé eðlileg vinnsla um borð, nema sérstakar ástæður liggja fyrir.

Eigi síðar en á 26. degi veiðiferðar og aldrei seinna en 4 sólarhringum áður en veiðiferð lýkur skal tilkynna áhöfn hvenær henni lýkur.

Tvisvar sinnum á ári skal til hagræðingar heimilt að ljúka ekki veiðiferð þó að komið sé til hafnar og hluta af aflanum landað úr skipinu. Veiðiferð skal þó aldrei vera lengri en 40 sólarhringar.

## 8. gr.

**Nýtt ákvæði um endurmenntun.**

Skipverjum skal í samráði við útgerðina gefinn kostur á að sækja námskeið Slysavarna-skólans í Sæbjörgu í fyrirbyggjandi öryggisfræðslu.

Þann tíma sem skipverji sækir námskeið skal útgerðarmaður greiða honum kauptryggingu, en upphald og ferðakostnað eftir nánara samkomulagi. Námskeiðsgjaldið greiðir viðkomandi útgerð.

## 9. gr.

**Nýtt ákvæði vegna löndunar á uppsjávarfiski.**

Þegar landað er í heimahöfn á tímabilinu 1. maí – 31. desember úr fiskiskipi sem veiðir uppsjávarfisk, þ.e. loðnu, síld og kolmunna, skulu ávallt tveir undirmenn sinna löndun en aðrir eiga löndunarfrí.

# LÖG

## um Kvótaping.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinna

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### Hlutverk og stjórn.

##### 1. gr.

Kvótaping Íslands hefur það hlutverk að annast tilboðsmarkað fyrir aflamark. Óskyld starfsemi er Kvótapingi óheimil.

Allur flutningur aflamarks milli skipa, annar en sá sem um getur í 3. mgr., er óheimill nema að undangengnum viðskiptum á Kvótapingi.

Heimilt er að flytja aflamark milli skipa án undangenginna viðskipta á Kvótapingi í eftirtöldum tilvikum:

1. Þegar aflamark er flutt milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.
2. Þegar um er að ræða jöfn skipti miðað við meðaltalsviðskiptaverð viðkomandi tegunda á Kvótapingi í síðastliðinni viku.
3. Þegar um er að ræða flutning aflamarks af tegund sem ráðherra hefur með reglugerð undanþegið viðskiptaskyldu á Kvótapingi. Forsenda slíkrar undanþágu er að fyrir liggja tillaga stjórnar Kvótapings, enda séu viðskipti með aflamark af viðkomandi tegund svo lítil að ekki séu að mati stjórnarinnar forsendur til myndunar markaðsverðs á tilboðsmarkaði.

##### 2. gr.

Hlutverk Kvótapings er m.a. eftirfarandi:

1. Að annast skráningu kaup- og sölutilboða á aflamarki og vera vettvangur viðskipta með aflamark, sbr. 1. gr.
2. Að annast greiðslumiðlun milli kaupenda og seljenda aflamarks á Kvótapingi.
3. Að miðla upplýsingum um viðskipti á Kvótapingi.

##### 3. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar þrjú menn í stjórn Kvótapings til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórn Kvótapings skal setja sér starfsreglur. Ákvarðanir sínar skal stjórnin birta á traustan og greinilegan hátt.

##### 4. gr.

Stjórn Kvótapings hefur yfirumsjón með starfsemi þingsins. Stjórnin ræður starfsfólk eða semur við óháðan aðila um að annast daglegan rekstur Kvótapings eða ákveðna þætti starfseminnar.

Stjórnarmenn Kvótapings og þeir sem annast kvótaviðskipti á vegum þess á grundvelli 1. mgr. þessarar greinar skulu uppfylla almenn hæfisskilyrði stjórnarmanna Verðbréfaþings Íslands samkvæmt lögum þar um. Þeir skulu ekki eiga beina eignaraðild að útgerðarfyrirtæki

eða sitja í stjórn slíks fyrirtækis. Sama gildir um maka þeirra og skyldmenni í beinan legg. Þá skulu þeir ekki hafa slíkra hagsmuna að gæta að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa.

#### 5. gr.

Stjórn Kvótapiings setur reglur um starfsemi þingsins og skulu þær birtar í Lögbirtinga-  
blaðinu.

### **Fjármál.**

#### 6. gr.

Reikningsár Kvótapiings er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári. Stjórn Kvótapiings skal fyrir októberlok ár hvert skila til sjávarútvegsráðherra endurskoðuðum árs-  
reikningi og ársskýrslu. Ríkisendurskoðun skal annast endurskoðun reikninga Kvótapiings.

#### 7. gr.

Þóknun Kvótapiings fyrir skráningu tilboða og greiðslumiðlun skal birt í gjaldskrá sem  
ráðherra staðfestir. Gjaldskráin skal við það miðuð að skráningargjaldið standi undir kostna-  
ði af starfsemi þingsins. Skal gjaldið innt af hendi fyrir fram eða trygging sett áður en þjón-  
usta er veitt.

### **Hlutverk Fiskistofu.**

#### 8. gr.

Tilboðsgjafi sem hyggst fá skráð tilboð sitt um kaup eða sölu á aflamarki skal senda skrif-  
lega beiðni þar um til Fiskistofu í því formi sem stjórn Kvótapiings setur.

Þegar um er að ræða sölutilboð gengur Fiskistofa úr skugga um hvort heimilt sé að flytja  
það aflamark sem boðið er til sölu af viðkomandi skipi. Reynist svo vera skal Fiskistofa  
senda Kvótapiingi sölutilboð viðkomandi aðila ásamt staðfestingu á því að búið sé að flytja  
umrætt aflamark af skipinu.

Ef um er að ræða kautilboð skal Fiskistofa kanna hvort heimilt sé að færa það aflamark  
sem boðið er í til viðkomandi skips. Reynist svo vera skal Fiskistofa senda Kvótapiingi kaup-  
tilboð viðkomandi aðila ásamt staðfestingu um að heimilt sé að flytja það aflamark sem um  
ræðir til viðkomandi skips.

Eftir að sölutilboðsgjafi hefur sent inn beiðni skv. 1. mgr. er honum óheimilt að nýta það  
aflamark sem tilboðið nær til þar til það hefur verið dregið til baka og sölutilboðsgjafi mót-  
tekið tilkynningu.

#### 9. gr.

Tilkynna skal Fiskistofu, í því formi sem hún ákveður, ósk um að tilboð skuli dregið til  
baka af Kvótapiingi. Skal þá Fiskistofa þegar tilkynna um slíka ósk til Kvótapiings sem ber  
án tafar að taka viðkomandi tilboð af tilboðsskrá. Þegar um sölutilboð er að ræða skal Fiski-  
stofa jafnframt færa viðkomandi aflamark aftur á það skip sem um ræðir og tilkynna sölu-  
tilboðsgjafa um flutninginn.

### **Gerð tilboða.**

#### 10. gr.

Í tilboði skal greina, auk tegundar og magns, sbr. 8. gr., verð og gildistíma tilboðs.

Óski aðili þess að eiga því aðeins viðskipti að þau nái til alls þess magns sem tilgreint er  
í tilboði hans eða ákveðins hluta þess skal þess getið í tilboði.

## 11. gr.

Óheimilt er aðilum, einstaklingum eða lögaðilum, að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með aflamark eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með aflamark í tilteknum tegundum eða hafa óeðlileg áhrif á verðmyndun þess.

**Skráning tilboða.**

## 12. gr.

Kvótaþing skal skrá þau tilboð sem Fiskistofa hefur sent skv. 8. gr. á tilboðsskrá, enda hafi tilboðsgjafi lagt fram næga tryggingu til staðgreiðslu vegna viðskiptanna samkvæmt reglum þingsins, auk tryggingar skv. 7. gr.

Kvótaþing skal halda fjármunum viðskiptamanna tryggilega aðgreindum frá eignum sínum. Skulu fjármunir viðskiptamanns varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi með tryggilegum hætti.

Kvótaþing skal hafna með skriflegum og rökstuddum hætti skráningu tilboða ef þau brjóta í bága við ákvæði þessara laga, reglugerða settra samkvæmt þeim eða reglna sem stjórn Kvótaþings setur.

**Meðferð tilboða.**

## 13. gr.

Eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum virkum degi skulu viðskipti á Kvótaþingi fara fram varðandi kaup- og sölutilboð einstakra tegunda sem eru hæf hvað verð snertir til að mætast. Viðskiptin skulu fara fram á reiknuðu viðskiptaverði í samræmi við reglur sem stjórn Kvótaþings setur.

**Frágangur viðskipta.**

## 14. gr.

Þegar viðskipti hafa átt sér stað skal Kvótaþing annast greiðslumiðlun og annan frágang viðskiptanna. Þá skal Kvótaþing tilkynna Fiskistofu án tafar um viðskiptin í því formi sem Fiskistofa ákveður. Fiskistofa skal þá tafarlaust annast flutning aflamarks af þeim tegundum sem um ræðir til viðkomandi skips.

**Meðferð upplýsinga.**

## 15. gr.

Kvótaþing skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um viðskipti, þar á meðal um viðskiptaverð, heildarmagn og -verðmæti, allt eftir tegundum. Þá skal birta aðrar upplýsingar sem Kvótaþing telur að geti stuðlað að virkri verðmyndun.

## 16. gr.

Að því marki sem lög þessi kveða ekki á um skyldu Kvótaþings til upplýsingagjafar eru stjórnarmenn Kvótaþings og þeir sem annast kvótaviðskipti á vegum þess á grundvelli 1. mgr. 4. gr. bundnir þagnarskyldu um einstök viðskipti sem þar fara fram og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Aðilum skv. 1. málsl., svo og hverjum þeim öðrum sem hlotið hafa vitneskju um framangreindar trúnaðarupplýsingar, er óheimilt að nýta þær á nokkurn hátt sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta.

**Eftirlit.**

## 17. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að starfsemi Kvótaþings sé í samræmi við lög þessi, reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim og reglur sem stjórn Kvótaþings setur.

Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum sem afhent hafa verið Kvótaþingi og sem stafa frá því sem að þess mati eru nauðsynleg vegna eftirlitsins. Að öðru leyti gilda um eftirlitið ákvæði laga um Seðlabanka Íslands eftir því sem við getur átt.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi Kvótaþings brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða eða reglna settra samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt hæfilegan frest til úrbóta, nema brot séu alvarleg. Sé um að ræða meint brot kaupenda eða seljenda skal bankaeftirlitið vekja athygli Fiskistofu á því.

Hafi bankaeftirlitið rökstudda ástæðu til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga þessara eða annarra laga skal því heimilt að krefja aðila, einstaklinga eða lögaðila, þar á meðal opinberar stofnanir, um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg til rannsóknar málsins.

**Viðurlög og ýmis ákvæði.**

## 18. gr.

Komi í ljós að aðili, einstaklingur eða lögaðili, hafi selt á Kvótaþingi aflamark sem ekki var heimilt að ráðstafa skal útgerð þess skips sem aflamark var flutt af bæta það tjón sem slík sala hefur valdið. Enn fremur er heimilt að útiloka slíkan aðila frá frekari viðskiptum á Kvótaþingi nema hann flytji fyrir fram aflamark frá skipi sínu og setji viðbótartryggingar sem nægilegar eru að mati Kvótaþings.

## 19. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngrri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt.

Tilraun til brota á lögum þessum og hlutdeild í þeim eru refsiverðar eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

## 20. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

## 21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 1998.

**Ákvæði til bráðabirgða.****I.**

Sjávarútvegsráðherra skal fyrir lok fiskveiðiársins 1998/1999 láta kanna hvaða áhrif lögin hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Skal ráðherra fyrir árslok 1999 leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem niðurstöður könnunar verði birtar.



## II.

Ákvæði 1. tölul. 3. mgr. 1. gr. laganna gildir einnig um flutning aflamarks skipa innan sömu útgerðar ef skip hafa verið tekin á kaupleigu eða leigu og þeir samningar verið gerðir fyrir gildistöku laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 27. mars 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Þorsteinn Pálsson.*

27. mars 1998

Nr. 12

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990,  
um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að færa aflamark milli skipa. Ráðherra getur með reglugerð bundið flutning aflamarks af einstökum tegundum því skilyrði að það skip, sem fært er til, hafi aflahlutdeild af þeirri tegund sem millifærð er.

Heimilt er að flytja aflamark milli skipa án undangenginna viðskipta á Kvótapiingi í eftirtöldum tilvikum:

1. Þegar aflamark er flutt milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.
2. Þegar um er að ræða jöfn skipti miðað við meðaltalsviðskiptaverð viðkomandi tegunda á Kvótapiingi í síðastliðinni viku.
3. Þegar um er að ræða flutning aflamarks af tegund sem ráðherra hefur með reglugerð undanþegið viðskiptaskyldu á Kvótapiingi. Forsenda slíkrar undanþágu er að fyrir liggi tillaga stjórnar Kvótapiings, enda séu viðskipti með aflamark af viðkomandi tegund svo lítil að ekki séu að mati stjórnarinnar forsendur til myndunar markaðsverðs á tilboðsmarkaði.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning aflamarks skv. 2. mgr. og öðlast hann ekki gildi fyrr en stofan hefur staðfest flutninginn.

Allur flutningur aflamarks milli skipa, annar en um getur í 2. mgr., er óheimill nema að undangengnum viðskiptum á Kvótapiingi. Fer um hann samkvæmt lögum um Kvótapiing.

Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi fiskveiðiárs. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á.

Tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar eða veiðileyfis samkvæmt þessari grein.

Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs á grundvelli aflahlutdeildar þess. Í þessu sambandi skal aflamark metið í þorskígildum á grundvelli verðmætastuðla sem ráðherra ákveður í upphafi fiskveiðiárs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1998.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I.

Sjávarútvegsráðherra skal fyrir lokfiskveiðiársins 1998/1999 láta kanna hvaða áhriflögin hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Skal ráðherra fyrir árslok 1999 leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem niðurstöður könnunarinnar verði birtar.

#### II.

Ákvæði 1. tölul. 2. efnismgr. 1. gr. laga þessara gilda einnig um flutning aflamarks skipa innan sömu útgerðar ef skip hafa verið tekin á kaupleigu eða leigu og þeir samningar verið gerðir fyrir gildistöku laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 27. mars 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

---

*Þorsteinn Pálsson.*

# LÖG

## um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinna

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

#### Verðlagsstofa skiptaverðs.

##### 1. gr.

Hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

##### 2. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar forstöðumann Verðlagsstofu skiptaverðs til fimm ára í senn. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Sjávarútvegsráðherra getur samið við aðrar ríkisstofnanir um að annast rekstur skrifstofu Verðlagsstofu skiptaverðs eftir því sem hagkvæmt þykir. Þá er ráðherra og heimilt að semja við fagaðila um almenna öflun og úrvinnslu gagna skv. 3. gr.

##### 3. gr.

Verðlagsstofa skiptaverðs skal afla ítarlegra gagna um fiskverð. Skal hún með skipulegum hætti vinna úr upplýsingunum sundurliðuð yfirlit um fiskverð miðað við einstök landsvæði, tiltekna viðskiptahætti og stærðar- og gæðaflokka. Stofan skal reglulega birta upplýsingar um fiskverð þannig að þær gagnist útvegsmönnum, sjómönnum og fiskkaupendum sem best. Þá skal stofan afla gagna um afurðaverð og horfur um þróun þess.

##### 4. gr.

Til að Verðlagsstofa geti sinnt hlutverki sínu skv. 3. gr. ber Fiskistofu og þeim aðilum sem fyrir hennar hönd safna og vinna úr upplýsingum að veita Verðlagsstofu skiptaverðs aðgang að öllum upplýsingum um ráðstöfun afla og fiskverð. Þá er útgerð skips skylt að senda Verðlagsstofu án tafar alla samninga um fiskverð sem gerðir eru milli útgerðar og áhafnar.

##### 5. gr.

Við athugun einstakra mála getur Verðlagsstofa skiptaverðs krafið sjómenn, útgerðir, kaupendur afla, flutningsaðila, fiskmarkaði, umboðsmenn og aðra þá sem milligöngu hafa um sölu á afla um allar nauðsynlegar upplýsingar. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem Verðlagsstofa setur. Þá getur stofan krafið framangreinda aðila um að afhenda gögn til athugunar innan hæfilegs frests.

Verðlagsstofa skiptaverðs getur við athugun einstakra mála krafist upplýsinga frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, sem og bönkum og sparisjóðum, óháð þagnarskyldu þeirra.

Verðlagsstofa skiptaverðs getur einnig lagt skyldur á þá aðila sem um ræðir í 1. mgr. að upplýsa stofuna reglulega um atriði er máli skipta við framkvæmd laga þessara.

Við upplýsingaöflun samkvæmt þessari grein skal gæta meðalhófsreglu og að kröfur um upplýsingar séu í samræmi við tilefni. Upplýsingar má einungis nýta vegna úrskurðar í einstökum málum eða almennum tilgangi skv. 3. gr.

#### 6. gr.

Verðlagsstofa skiptaverðs skal m.a. með úrtakskönnun fylgjast með því að við uppgjör á aflahlut áhafnar sé lagt til grundvallar raunverulegt söluverðmæti afla með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum og kjarasamningum á hverjum tíma. Telji Verðlagsstofa misræmi milli gagna um söluverðmæti afla og þess verðs sem uppgjör við áhöfn hefur miðast við og framkomnar skýringar ekki fullnægjandi skal hún tilkynna það álit útgerð og áhöfn viðkomandi skips. Skal álit Verðlagsstofu rökstutt og skulu því fylgja nauðsynleg gögn.

#### 7. gr.

Viki fiskverð við uppgjör á aflahlut áhafnar í verulegum atriðum frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla á viðkomandi landsvæði að teknu tilliti til stærðar og gæða skal Verðlagsstofa skiptaverðs taka málið til sérstakrar athugunar. Skal stofan afla allra gagna um ráðstöfun afla viðkomandi skips og verðlagningu hans, upplýsinga um samninga útgerðar og áhafnar skips um fiskverð, umsagna útgerðar og áhafnar um málið og annarra gagna er máli skipta.

Telji Verðlagsstofa ekki fram komnar fullnægjandi skýringar skal hún skjóta málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna skv. II. kafla laga þessara með kröfu um að úrskurðarnefnd ákveði fiskverð er nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar þess skips er í hlut á. Skulu fylgja kærur öll gögn sem aflað hefur verið um uppgjör á aflahlut áhafnar skips skv. 1. mgr., svo og nauðsynlegar upplýsingar um verðlagningu sambærilegs afla í hliðstæðum viðskiptum.

## II. KAFLI

### Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

#### 8. gr.

Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hefur það hlutverk að ákveða fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar einstakra skipa svo sem nánar er kveðið á um í þessum kafla.

Í nefndinni eiga sæti sjö menn, einn tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einn af Sjómannasambandi Íslands, einn af Vélstjórafélagi Íslands, þrír af Landssambandi íslenskra útvegsmanna og formaður sem sjávarútvegsráðherra skipar að höfðu samráði við framangreind samtök sjómanna og útvegsmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Nýti samtök ekki tilnefningarrétt sinn skv. 2. mgr. skal sjávarútvegsráðherra skipa þá nefndarmenn og varamenn þeirra sem á vantar til að nefndin verði fullskipuð.

Verðlagsstofa skiptaverðs skal annast upplýsingaöflun og skrifstofuhald fyrir úrskurðarnefnd.

#### 9. gr.

Verðlagsstofa skiptaverðs getur skotið málum til úrskurðarnefndar, sbr. 7. gr.

Takist ekki samningar milli útgerðar og áhafnar fiskiskips um fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut þegar afli skipsins er afhentur eða seldur aðila sem telst skyldur útgerðinni geta þau heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna sem standa að tilnefningu úrskurðar-

nefndar skv. 8. gr. hver um sig skotið málinu til úrlausnar nefndarinnar, í samræmi við ákvæði kjarasamninga aðila þar að lútandi.

Á sama hátt geta heildarsamtök sjómanna skotið til nefndarinnar ákvörðun fiskverðs í viðskiptum útgerðar við aðila sem ekki telst skyldur útgerðinni ef samningar um slíkt verð hafa ekki tekist innan fimm daga frá því að áhöfn skips óskaði slíkra samninga.

Útgerð og viðskiptaaðili hennar teljast skyld í þessu sambandi ef þau eru í eigu eða rekstri sama aðila eða ef sami aðili á meiri hluta beggja fyrirtækjanna, svo sem meiri hluta stofnfjár eða hlutafjár, eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar í þeim báðum eða hefur með öðrum hætti raunveruleg yferráð þeirra beggja. Sama á við ef annað fyrirtækið hefur raunveruleg yferráð yfir hinu með eignaraðild, atkvæðisrétti eða með öðrum hætti.

#### 10. gr.

6. Að stuðla að tækninýjungum og öðrum umbótum í byggingariðnaði, m.a. með veitingu lána eða styrkja samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.
7. Að fylgjast með íbúðapörf í landinu og áætlanagerð sveitarfélaga um þörf á íbúðarhúsnæði.
8. Að sinna öðrum verkefnum sem ráðherra felur sjóðnum með reglugerð á sviði húsnæðismála.

## 10. gr.

*Tekjur.*

Íbúðalánasjóður fjármagnar þau verkefni sem honum eru falin samkvæmt lögum þessum með þeim hætti sem hér segir:

1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ.e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum.
2. Með útgáfu húsnæðisbréfa.
3. Með sölu húsnæðisbréfa og lántöku samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

## 11. gr.

*Varsla.*

Íbúðalánasjóður skal varðveita og ávaxta það fé sem hann hefur umsjón með. Stjórn Íbúðalánasjóðs getur, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, tekið ákvörðun um að fela öðrum varðveisluneytara sjóðsins, að nokkru leyti eða öllu. Þess skal gætt að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja við lánastofnunarir um afgreiðslu og innheimtu lána eða einstakra flokka þeirra.

## 12. gr.

*Skipulag.*

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að fenginni tillögu stjórnar Íbúðalánasjóðs, frekari verkefni og skipulag sjóðsins, þar á meðal skiptingu hans í svið eða deildir að því leyti sem ekki er kveðið á um í lögum þessum.

## IV. KAFLI

**Húsnæðisnefndir.**

## 13. gr.

*Skipan.*

Sveitarstjórn skipar húsnæðisnefnd að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Nefndina skipa þrjú til fimm menn og jafnmargir til vara. Formaður skal kjörinn af sveitarstjórn en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

## 14. gr.

*Verkefni.*

Helstu verkefni húsnæðisnefndar sveitarfélags eru:

1. Að gera árlega áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og að hafa milligöngu um, og geta átt frumkvæði að því, að aflað verði húsnæðis í því skyni og aðstoða einstaklinga við húsnæðisöflun.
2. Að leggja mat á þörf einstaklinga, sem búa við erfiðar aðstæður, á viðbótarláni og hvort þeir uppfylli skilyrði í því efni.
3. Að hafa milligöngu um töku lána hjá Íbúðalánasjóði fyrir hönd sveitarfélags til öflunar leiguhúsnæðis fyrir einstaklinga.
4. Að veita almennar upplýsingar og ráðgjöf um húsnæðismál og húsaleigusamninga.
5. Að aðstoða aldraða og fatlaða, svo og samtök þeirra við öflun húsnæðis, með ráðgjöf, við útboð, byggingarframkvæmdir, samningsgerð o.fl.

Jafnframt sér húsnæðisnefnd um önnur þau verkefni sem sveitarstjórn felur henni á sviði húsnæðismála. Húsnæðisnefndir setja sér starfsreglur sem sveitarstjórnir skulu staðfesta og almenningur skal hafa greiðan aðgang að.

Húsnæðisnefnd er heimilt að taka gjöld fyrir þjónustu sem hún veitir skv. 1. mgr. og á grundvelli gjaldskrár sem sveitarstjórn staðfestir. Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við þá þjónustu sem húsnæðisnefnd lætur einstaklingum í té.

## 3. ÞÁTTUR

**Húsnæðislán.**

## V. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

## 15. gr.

*Lánveitingar Íbúðalánasjóðs.*

Íbúðalánasjóður annast lánveitingar samkvæmt eftirfarandi lánaflokkum:

1. *Almenn lán* skv. VI. kafla laga þessara til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði.
2. *Viðbótarlán* til einstaklinga skv. VII. kafla laga þessara til byggingar eða kaupa á eigin íbúðarhúsnæði.
3. *Lán til leiguíbúða* til sveitarfélaga, félagasamtaka og félaga skv. VIII. kafla laga þessara til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði til útleigu.

## 16. gr.

*Aðrir lánaflokkar.*

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, að stofna til nýrra lánaflokka. Gert skal ráð fyrir öllum lánaflokkum í fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir það ár sem veiting láns fer fram.

Um nánari skilyrði lánveitinga samkvæmt þessari grein fer eftir því sem ákveðið er í lögum þessum og reglugerð sem félagsmálaráðherra setur að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs.

## 17. gr.

*Húsbréfadeild.*

Til þess að annast almenn húsnæðislán skal Íbúðalánasjóður starfrækja húsbréfadeild. Fjárhagur húsbréfadeildar skal aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi Íbúðalánasjóðs. Hlutverk húsbréfadeildar er:

1. Að gefa út flokka markaðshæfra húsbréfa í nafni Íbúðalánasjóðs með þeim kjörum og skilmálum sem ákveðin eru með lögum þessum eða reglugerð.
2. Að skipta á húsbréfum og fasteignaveðbréfum.
3. Að stuðla að því að greið sala sé á húsbréfum á markaði.



4. Að gæta þess að inn- og útgreiðslur vegna fasteignaveðbréfa og húsbrefa standist á þannig að jafnvægi sé á hverjum ársfjórðungi. Í þessu skyni skal deildin gera áætlanir um fjárstreymi fram í tímann.

## VI. KAFLI

### Almenn lán — húsbref.

#### 18. gr.

##### *Greiðslumat.*

Um skilyrði þess að húsbrefadeild samþykki skipti á húsbrefum fyrir fasteignaveðbréf fer eftir viðmiðunarreglum sem stjórn Íbúðalánasjóðs setur um veðhæfni fasteigna og greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfa. Ef þau skilyrði eru ekki uppfyllt er húsbrefadeild heimilt að synja um skipti á skuldabrefum.

Við skipti á húsbrefum gegn fasteignaveðbréfum skv. 2. tölul. 17. gr. skal liggja fyrir mat á eftirfarandi þáttum:

1. Veðhæfni þeirrar fasteignar sem lögð er að veði fyrir tilgreindri skuld.
2. Greiðslugetu skuldara.
3. Verðmæti húsbrefa og fasteignaveðbréfa miðað við markaðsvexti sambærilegra verðbréfa á viðskiptadegi. Sé ekki unnt að miða við vexti á viðskiptadegi skal miða við nýjstu og bestu heimildir um markaðsvexti.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, semja við viðskiptabanka og aðrar fjármálastofnanir um að annast mat skv. 2. og 3. tölul. 2. mgr. og hafa með höndum samskipti útgefanda fasteignaveðbréfa við húsbrefadeild. Jafnframt má ákveða í reglugerð að mat skv. 1. tölul. 2. mgr. megi fela sérstökum trúnaðarmönnum.

#### 19. gr.

##### *Fasteignaveðbréf.*

Fasteignaveðbréf skal vera verðtryggt með vísitölu neysliverðs, sbr. lög um vísitölu neysliverðs, og hafa sömu lánskjör og þau húsbref sem skipta á fyrir fasteignaveðbréfið, sbr. 24. gr., að viðbættu föstu vaxtaálagi, sbr. 28. gr.

Skipta má fasteignaveðbréfi og húsbrefum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði íbúðar, ef umsækjandi er að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði íbúðar. Taka ber tillit til áhvílandi veðskulda þannig að fasteignaveðbréfið sé innan þessara marka. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfa sem húsbrefadeild kaupir vegna hvernar fasteignar.

#### 20. gr.

##### *Matsverð.*

Stjórn Íbúðalánasjóðs setur reglur, sem félagsmálaráðherra staðfestir, um eðlilegt matsverð fasteigna sem skulu byggjast á viðmiðun við markaðsverð, brunabótamat, byggingarkostnað og samþykktan kostnað við meiri háttar endurnýjun eða endurbætur á íbúðarhúsnæði.

#### 21. gr.

##### *Lánstími og lánskjör.*

Hámarkslánstími á fasteignaveðbréfum er húsbrefadeild kaupir skal vera 40 ár. Ráðherra skal kveða nánar á um lánstíma einstakra lánaflokka í reglugerð.

Fasteignaveðbréf ber vexti og verðbætur frá þeim degi sem kaup takast eða þeim degi sem aðilar koma sér saman um.

Vextir skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann. Lánstími er hinn sami og lánstími húsbrefa.

## 22. gr.

*Hlutkesti.*

Íbúðalánasjóður innheimtir afborganir og vexti af keyptum fasteignaveðbréfum og ráðstafar því fé sem þannig innheimtist til endurgreiðslu húsbréfa eftir hlutkesti sem sýslumaður hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram skal auglýsa með tveggja mánaða fyrirvara númerin á húsbrefunum sem upp hafa komið til innlausnar. Skal kveða nánar á um framkvæmd þessa í reglugerð.

## 23. gr.

*Aukaafborganir.*

Skuldurum fasteignaveðbréfa er heimilt að greiða aukaafborganir af skuldabréfum sínum eða að endurgreiða skuldina að fullu fyrir gjalddaga. Til að jafna fjárstreymi vegna slíkra endurgreiðslna er heimilt að innleysa útgefin húsbref eftir hlutkesti, sbr. 22. gr.

## 24. gr.

*Greiðslukjör húsbréfa.*

Húsbref skulu gefin út í verðbréfaflokkum og skulu öll bréf í sama flokki bera sömu upphæð. Stjórn Íbúðalánasjóðs gerir tillögu til félagsmálaráðherra um verðtryggingarskilmála, endurgreiðsluform, lánstíma, vexti og heildarfjárhæðir í hverjum flokki. Félagsmálaráðherra tekur ákvörðun um framangreind atriði að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands.

## 25. gr.

*Gjaldfallin húsbref.*

Endurgreiðslur höfuðstóls og vaxta af húsbrefum, sem fallnar eru í gjalddaga, fyrnast sé þeirra ekki vitjað innan tíu ára frá gjalddaga. Húsbref bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga. Um ógildingu húsbrefa fer eftir almennum lögum.

## 26. gr.

*Verðbréfaviðskipti.*

Húsbref skulu skráð á verðbréfaþingi eða í kauphöll.

Fyrirtækjum sem leyfi hafa til verðbréfaviðskipta og annast viðskipti með húsbref er skylt að hafa á reiðum höndum, og aðgengilega, nýjustu skráningu á gengi húsbrefa fyrir viðskiptaaðila sína. Viðskiptaaðilum er óheimilt að láta fara fram viðskipti sem eru í ósamræmi við það bil sem er á milli hæsta og lægsta söliverðs eða kaupverðs sem opinbert er, án þess að koma opinberlega slíku kaup- eða sölutilboði á framfæri. Fyrirtækjum, sem annast viðskipti með húsbref, er skylt að tilkynna öll viðskipti sem þau annast jafnharðan til þess verðbréfaþings eða kauphallar sem annast skráningu húsbrefa.

## 27. gr.

*Eftirlit.*

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með því að starfsemi húsbrefadeildar sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Um eftirlitið fer eftir ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands. Haft skal eftirlit með útgáfu húsbrefa og fjárhag húsbrefadeildar. Skal Íbúðalánasjóður veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar sem það telur nauðsynlegar. Í þeim mæli sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegt til að meta fjárhagsstöðu húsbrefadeildar hefur það rétt til að afla upplýsinga og láta fara fram vettvangsrannsóknir hjá öðrum deildum Íbúðalánasjóðs.

Auk eftirlits með húsbréfadeild skv. 1. mgr. skal bankaeftirlitið hafa eftirlit með viðskiptum með húsbréf á eftirmarkaði á grundvelli laga um verðbréfavíðskipti og laga um verðbréfasjóði.

Seðlabanki Íslands skal stuðla að því að jafnvægi ríki á húsbréfamarkaði. Seðlabankinn skal í þeim mæli sem hann telur nauðsynlegt hindra að verulegt misvægi myndist á markaðnum fyrir húsbréf.

28. gr.

*Vaxtaálag.*

Húsbréfadeildinni er heimilt að áskilja sér vaxtaálag til að mæta rekstrarkostnaði og áætluðum útlánatöpum. Félagsmálaráðherra ákveður vaxtaálag þetta, að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

29. gr.

*Reglugerð.*

Félagsmálaráðherra getur sett frekari fyrirmæli í reglugerð um fyrirkomulag og tilhögun húsbréfavíðskipta, þar á meðal um skyldur fasteignasala til þess að veita upplýsingar um gengi húsbréfa.

## VII. KAFLI

### **Viðbótarlán.**

30. gr.

*Lánveiting.*

Að beiðni húsneðisnefndar sveitarfélags veitir Íbúðalánasjóður einstaklingum sem rétt eiga á almennu láni til kaupa á eigin íbúð viðbótarlán sem má nema allt að 25% af matsverði íbúðar. Heildarlánveiting úr Íbúðalánasjóði (almennt lán og viðbótarlán) getur þó aldrei orðið hærra en 90% af matsverði íbúðar. Taka ber tillit til áhvílandi veðskulda þannig að almennt lán og viðbótarlán séu innan þessara marka.

Að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga setur ráðherra nánari fyrirmæli í reglugerð um skilyrði lánveitinga skv. 1. mgr. Við veitingu viðbótarlána skal höfð hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum, íbúðarstærð og gerð húsneðis.

Að höfðu samráði við stjórn Íbúðalánasjóðs er ráðherra heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir veitingu almenns láns skv. 18. gr. til einstaklinga sem hyggjast taka bæði almennt lán og viðbótarlán.

Sveitarstjórn er heimilt að takmarka fjölda viðbótarlána skv. 1. mgr. ef fyrirséð er að víkja verður frá fjárhagsáætlun sveitarfélagsins eða þau raski í verulegum atriðum fjárhag þess.

31. gr.

*Lánskjör viðbótarlána.*

Viðbótarlán skulu vera að fullu verðtryggt og skal höfuðstóll lánsins miðast við vísitölu neysluverðs eins og hún er á hverjum tíma.

Viðbótarlán eru afborgunarlaus fyrsta árið.

Hámarkslánstími viðbótarlána skal vera 40 ár. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um lánstíma í reglugerð.

Viðbótarlán endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt neyslúvísitölu á eftirstöðvum lánstímans.

Gjalddagar viðbótarlána skulu eigi vera færri en fjórir á ári. Íbúðalánasjóði er heimilt að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

Vextir af viðbótarlánum skulu taka mið af þeim lánskjörum sem Íbúðalánasjóði bjóðast hverju sinni. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða vexti af slíkum lánum að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Birta skal ákvarðanir um vexti í Lög-  
birtingablaði.

Um lánskjör og matsverð fasteigna skulu að öðru leyti gilda meginreglur VI. kafla laga þessara um fasteignaveðbréf eftir því sem við getur átt.

32. gr.

*Sala íbúðar með viðbótarláni.*

Eiganda íbúðar sem á hvílir viðbótarlán er heimilt að selja íbúð sína, enda greiði hann annaðhvort upp viðbótarlánið eða afli samþykkis Íbúðalánasjóðs um yfirtöku kaupanda á láninu. Að höfðu samráði við húsnæðisnefnd sveitarfélags skal Íbúðalánasjóður við þær að-  
stæður gæta þess að nýr kaupandi sem ætlað er að yfirtaka viðbótarlánið uppfylli þau skil-  
yrði sem gerð eru til þeirra sem ætluð eru slík lán.

VIII. KAFLI

**Lán til leiguíbúða.**

33. gr.

*Almennt.*

Íbúðalánasjóður veitir sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum, er hafa að markmiði að byggja, eiga og hafa umsýgn með rekstri leiguhúsnæðis, lán til byggingar eða kaupa leigu-  
íbúða.

Samþykktir eða stofnskrár félaga og félagasamtaka skv. 1. mgr. skulu hafa hlotið stað-  
festingu félagsmálaráðherra áður en þau eru skráð og hefja starfsemi sína.

34. gr.

*Samþykktir.*

Í samþykktum félaga og félagasamtaka skulu vera ákvæði um eigið fé, fjárhagslega ábyrgð, skipun stjórnar, fjölda stjórnarmanna, kjör stjórnarmanna, fundarboðun, hver geti skuldbundið félagið, reikningsár og endurskoðun og ráðstöfun eigin fjár við slit félags. Í reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur, skal setja nánari fyrirmæli um efni samþykktu fé-  
laga og félagasamtaka, svo og skilyrði um eigið fé og fjárhagslega ábyrgð slíkra aðila.

Félagsmálaráðherra lætur gera fyrirmyndir að samþykktum skv. 1. mgr.

Félagsmálaráðuneytið heldur skrá yfir félög og félagasamtök sem hlotið hafa staðfestingu ráðherra. Allar breytingar á samþykktum slíkra aðila skulu tilkynntar félagsmálaráðuneytinu þegar í stað.

Samþykktir, sem félagsmálaráðuneytið hefur þegar staðfest vegna félaga og félagasam-  
taka, sem undir lög þessi falla, halda gildi sínu.

35. gr.

*Lánsúmsóknir.*

Þegar sótt er um lán til leiguíbúða skv. 33. gr. skal koma fram í lánsúmsókn fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem nauðsynlegt er til þess að unnt sé að taka afstöðu til úmsóknar. Einnig skal fylgja greinargerð um útvegum nauðsynlegs viðbótarfjár. Að lokinni athugun tekur Íbúðalánasjóður ákvörðun um hvort framkvæmdin og lánveiting falli að settum skilyrðum fyrir láni.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að hafna lánsúmsókn ef íbúðarhúsnæði telst óvandað eða ófullnægjandi að mati stjórnar sjóðsins.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um skilyrði lána til leiguíbúða, þar á meðal um gerð íbúða, stærðir þeirra, hagkvæmni og byggingarkostnað, svo og úrræði til þess að tryggja sem lægst íbúðarverð.

### 36. gr.

#### *Lánskjör.*

Lán til leiguíbúða sem veitt eru sveitarfélögum, félagasamtökum og félögum til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði skulu tryggð með veði í hlutaðeigandi íbúð. Lánin skulu vera að fullu verðtryggt og höfuðstóll þeirra miðast við vísitölu neysluverðs eins og hún er á hverjum tíma.

Lán til leiguíbúða mega nema allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar, þó aldrei meira en 90% af þeim kostnaðargrundvelli af lánveitingu sem stjórn Íbúðalánasjóðs hefur samþykkt.

Lánstími lána skv. 1. og 2. mgr. má nema allt að 50 árum. Lánin endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum á lánstímanum. Gjald dagar lána skulu eigi vera færri en fjórir á ári. Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

Vextir af lánnum til leiguíbúða skulu vera breytilegir. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða vexti af slíkum lánnum að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Birta skal ákvarðanir um vexti í Lögbirtingablaði.

### 37. gr.

#### *Ráðstöfun leiguhúsnæðis.*

Um rétt til leiguhúsnæðis fer eftir félagslegum aðstæðum umsækjanda og því hvort tekjur hans og eignir eru innan tekju- og eignamarka sem nánar skulu ákveðin í reglugerð er félagsmálaráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Um ráðstöfun íbúðarhúsnæðis sem húsnæðissamvinnufélög hafa fengið lán til byggingar eða kaupa á samkvæmt ákvæðum þessa kafla fer að öðru leyti eftir lögum um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög.

Aðilum, sem byggja eða kaupa leiguíbúðir, er heimilt að selja leigutaka, sem uppfyllir skilyrði 1. mgr., eignarhlut í íbúð með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni en greiðist síðan með fullum verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs, án vaxta. Nánari reglur um eignarhlut leigutaka skulu settar í reglugerð.

Oheimilt er að hafa eigendaskipti á íbúð sem á hvílir lán til leiguhúsnæðis nema til komi annaðhvort uppgreiðsla lánsins eða samþykki stjórnar Íbúðalánasjóðs.

### 38. gr.

#### *Leiguíbúðir sveitarfélaga.*

Sveitarfélagi er heimilt að stofna hlutafélag, sjálfseignarstofnun eða félag með ótakmarkaðri ábyrgð er annist útleigu íbúða í eigu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn er heimilt að leggja slíku félagi til íbúðir í eigu sveitarfélags, ásamt þeim skuldbindingum sem þeim fylgja.

Áður en skráning hlutafélags fer fram skulu samþykktir þess staðfestar af félagsmálaráðherra.

Stofni sveitarfélag hlutafélag skv. 1. mgr. skal allt hlutafé þess vera í eigu sveitarfélags og skal sala þess óheimil án samþykkis félagsmálaráðherra. Að öðru leyti skulu ákvæði laga um hlutafélög gilda um slíkt félag eftir því sem við getur átt.

Sveitarfélag er leggur félagi skv. 1. mgr. til íbúðir í eigu sveitarfélagsins ber áfram ábyrgð á þeim fjárhagsskuldbindingum sem til hefur verið stofnað vegna byggingar eða kaupa slíkra íbúða.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um skilyrði þess að sveitarstjórn megi stofna félag skv. 1. mgr., hvað skuli koma fram í samþykktum þess og hvernig skuli hagað yfirfærslu eigna og skulda til slíks félags.

#### 39. gr.

##### *Leigufjárhæð.*

Félagsmálaráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að mánaðarlegt leigugjald íbúða sem njóta láns til leiguíbúða úr Íbúðalánasjóði skuli miðast við afborganir og vexti af slíku láni og vaxtakostnað af framlagi eiganda íbúðar auk almenns rekstrarkostnaðar. Víki lántakandi frá viðmiðunarleiguupphæð er stjórn Íbúðalánasjóðs heimilt að gjaldfella lán til leiguhúsnaðis sem veitt hefur verið.

#### 40. gr.

##### *Eftirlit með félögum og félagasamtökum.*

Félög og félagasamtök samkvæmt lögum þessum skulu láta Íbúðalánasjóði í té bókhaldsgögn, ársskýrslur og upplýsingar um framkvæmdir, húsbyggingar, ráðstöfun leiguhúsnaðis og ákvörðun leigufjárhæðar óski Íbúðalánasjóður eftir því.

Komi í ljós að félög eða félagasamtök hafi vikið frá skilyrðum lánveitinga eða um ráðstöfun leiguhúsnaðis er Íbúðalánasjóði heimilt að endurskoða lánskjör eða gjaldfella lán.

### 4. ÞÁTTUR

#### Önnur ákvæði.

#### IX. KAFLI

#### Kærunefnd húsnaðismála.

#### 41. gr.

##### *Skipan.*

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd húsnaðismála til þriggja ára í senn. Hlutverk nefndarinnar er að skera úr ágreiningsmálum er kunna að rísa vegna ákvarðana stjórnar Íbúðalánasjóðs og húsnaðisnefnda samkvæmt lögum þessum.

Nefndarmenn skulu vera þrír og skulu a.m.k. tveir vera lögfræðingar. Félagsmálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna og skal hann fullnægja almennum skilyrðum til þess að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt.

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og kveða upp úrskurð sinn innan átta vikna frá því að nefndinni barst mál til úrskurðar.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðuneytis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála.

Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði.

#### 42. gr.

##### *Valdsvið.*

Telji umsækjandi um lán eða lánþegi á rétt sinn hallað af hálfu Íbúðalánasjóðs við framkvæmd laga þessara getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu Íbúðalánasjóðs til kærunefndar húsnaðismála.

Telji umsækjandi um viðbótarlán eða lánþegi slíks láns á rétt sinn hallað af hálfu húsnæðisnefndar eða sveitarstjórnar, þar sem slík nefnd er ekki starfandi, við framkvæmd laga þessara getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til kærunefndar húsnæðismála.

Úrskurði kærunefndar húsnæðismála verður ekki skotið til félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf og starfshætti kærunefndar og skrifstofuhald.

## X. KAFLI

### Varasjóður.

43. gr.

*Stjórn.*

Starfræktur skal sérstakur varasjóður í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga sem Íbúðalánasjóður varðveitir. Félagsmálaráðherra skipar stjórn varasjóðs til fjögurra ára í senn. Stjórnina skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Þrír stjórnarmenn ásamt varamönnum skulu skipaðir eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn ásamt varamanni eftir tilnefningu fjármálaráðherra og einn ásamt varamanni af félagsmálaráðherra. Félagsmálaráðherra skipar formann stjórnarinnar og varamann hans og ákveður þóknun stjórnarmanna.

Kostnaður við störf stjórnar varasjóðs greiðist úr varasjóði.

44. gr.

*Hlutverk.*

Varasjóðurinn bætir einstök tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna útlánatapa á viðbótarlánum og vegna kostnaðar við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán. Þegar fyrirsjáanlegt er að ábyrgð eða kostnaður muni falla á varasjóðinn skal Íbúðalánasjóður tilkynna stjórn varasjóðs slíkt.

Varasjóðurinn skal aðskilinn frá öðrum fjárhag Íbúðalánasjóðs í bókhaldi og öðru reikningshaldi.

45. gr.

*Framlög.*

Til þess að standa undir tjóni Íbúðalánasjóðs skv. 44. gr. greiða sveitarfélög tiltekinn hundraðshluta viðbótarlána sem framlag í varasjóð. Framlagið skal í upphafi nema 5,0% af viðbótarláni sem veitt er út á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Viðbótarlán, sbr. 30. gr., skal ekki koma til útborgunar fyrr en framlag sveitarfélags í varasjóð hefur verið greitt.

Hundraðshluti framlaga sveitarfélaga skv. 1. mgr. skal endurskoðaður á a.m.k eins árs fresti. Félagsmálaráðherra er með reglugerð heimilt að hækka eða lækka hlutfallið, að fenginni slíkri endurskoðun og umsögn Seðlabanka Íslands.

Nánari ákvæði um varasjóð, samskipti Íbúðalánasjóðs og varasjóðs og uppgjör tjóna skulu sett í reglugerð sem félagsmálaráðherra gefur út að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

## XI. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

46. gr.

*Þinglýsing og stimpilgjald.*

Ekki skal greiða stimpilgjald af skuldabréfum sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns. Þá skal ekki greiða stimpilgjald af heimildarbréfi fyrir íbúð þegar viðbótarlán er veitt til kaupa á henni. Kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

Skuldabréf, sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna lána til byggingar eða kaupa leiguhúsnæðis, sbr. VIII. kafla laga þessara, eru stimpilfrjáls.

## 47. gr.

*Afskriftir.*

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að afskrifa útistandandi veðkröfur sjóðsins sem glatað hafa veðtryggingu við nauðungarsölu íbúðar.

Félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs, reglugerð um nánari framkvæmd innheimtu krafna skv. 1. mgr. og um skilyrði fyrir afskriftum samkvæmt þessari grein.

## 48. gr.

*Greiðsluvandi.*

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að veita lán til allt að 15 ára í því skyni að leysa úr tíma- bundnum greiðsluerfiðleikum hjá lánþegum vegna almennra lána, viðbótarlána og lána sem sjóðurinn hefur yfirtekið, sbr. 53. gr. Skilyrði er að greiðsluvandi stafi af óvæntum tíma- bundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt, með sömu skilyrðum og um getur í 1. mgr., að fresta greiðslum hjá einstökum lánþegum vegna almennra lána, viðbótarlána og lána sem sjóðurinn hefur yfirtekið, sbr. 53. gr., í allt að þrjú ár og leggja þær greiðslur við höfuðstól skuld- arinnar, enda þyki slík aðstoð líkleg til að koma í veg fyrir greiðsluvanda.

Lán skv. 1. mgr. og frestun á greiðslu skv. 2. mgr. geta farið saman.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fresta greiðslum hjá lántakendum lána til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði og lánþegum eldri lána, sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið, sbr. 53. gr., vegna tímabundinna greiðsluerfiðleika. Skilyrði er að greiðsluvandi sé tilkominn vegna ófyrirséðra atvika eða endurskipulagningar á fjárhag félags eða félagasamtaka, enda þyki slík aðstoð líkleg til að koma í veg fyrir greiðsluvanda.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

## 49. gr.

*Gjaldtaka.*

Félagsmálaráðherra ákvarðar með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalána- sjóðs, lántökugjöld, gjöld vegna innheimtu af lánum stofnunarinnar sem eru í vanskilum og gjöld vegna skuldbreytinga, veðleyfa og veðbandslausna, svo og gjöld vegna annarrar sam- bærilegrar þjónustu. Heimilt er að jafna kostnaði niður á skuldara þannig að búseta hafi ekki áhrif á kostnaðinn.

## 50. gr.

*Reglugerð.*

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

## 51. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim geta varðað sektum.



## XII. KAFLI Gildistaka og lagaskil.

52. gr.

### *Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem vísað er til í ákvæði I til bráðabirgða skulu þó halda gildi sínu. Jafnframt skulu halda gildi sínu þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem vísað er til í ákvæði II til bráðabirgða og snerta innlausn félagslegra íbúða og útreikning innlausnarverðs. Enn fremur halda gildi sínu þau ákvæði sem vísað er til í ákvæði IV til bráðabirgða og varða réttarstöðu eigenda félagslegra íbúða, svo og þær greinar sem vísað er til í ákvæði V til bráðabirgða og snerta réttarstöðu þeirra sem gert hafa samninga um leigu á félagslegum leiguíbúðum og kaupleiguíbúðum. Loks skulu þau ákvæði laga nr. 97/1993, sem vísað er til í ákvæði til bráðabirgða VII um meðferð umsókna um félagslegar eignaríbúðir, halda gildi sínu.

Við gildistöku laga þessara skal félagsmálaráðherra gefa út þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem halda skulu gildi sínu skv. 2. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ákvæði 13. gr. um skipan húsnæðisnefnda öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi 39. gr. laga nr. 97/1993. Ákvæði 55. gr. um undirbúningsnefnd og 56. gr. um matsnefnd öðlast gildi þegar í stað. Félagsmálaráðherra skal skipa nefndir þessar eigi síðar en 1. júní 1998.

Ákvæði 1. mgr. í ákvæði til bráðabirgða VII öðlast gildi þegar í stað.

Við gildistöku laganna skal Húsnæðisstofnun ríkisins lögð niður. Íbúðalánasjóður skal þá taka við hlutverki, réttindum, öllum eignum, skyldum og skuldbindingum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

53. gr.

### *Sameining sjóða.*

Við gildistöku laga þessara skulu Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna lagðir niður og sameinaðir. Frá sama tíma tekur Íbúðalánasjóður við hlutverki, réttindum, eignum, skuldum og skuldbindingum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Réttindi og undanþágur sem Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna njóta samkvæmt gildandi lögum skulu taka til Íbúðalánasjóðs.

Greiðslu- og vistunarstaður skuldaskjala, sem eru í eigu eða til innheimtu hjá Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna, verður hjá Íbúðalánasjóði þegar hann tekur til starfa. Íbúðalánasjóður tekur við öllum réttindum og öllum skyldum tengdum skuldaskjöllum í eigu þeirra eða aðild að dómsmálum sem þeir reka eða rekin eru gegn þeim. Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna skulu birta tvær auglýsingar þessa efnis í Lögbirtingablaðinu. Skulu þær birtast með u.þ.b. tveggja vikna millibili, hin fyrri a.m.k. 30 dögum áður en Íbúðalánasjóður tekur til starfa. Ákvæði í veðskuldabréfum, sem gefin hafa verið út vegna lána úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna, skulu að öðru leyti halda gildi sínu.

Við gildistöku laga þessara skal Tryggingarsjóður vegna byggingargalla skv. 81. gr. laga nr. 97/1993 lagður niður. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal frá sama tíma taka við og varðveita sérstaklega framlög annarra framkvæmdaraðila en sveitarfélaga sem runnið hafa til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla. Jafnframt tekur Íbúðalánasjóður við því hlutverki að bæta meðan þörf gerist byggingargalla sem ekki teljast eðlilegt viðhald á íbúðum sem slíkir aðilar hafa byggt og af hefur verið greitt tryggingagjald. Þegar framangreindu hlutverki Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla telst lokið skulu þeir fjármunir sem þá standa eftir endurgreiddir þeim framkvæmdaraðilum í hlutfalli við framlög þeirra til sjóðsins.

Við gildistöku laga þessara tekur varasjóður skv. X. kafla laga þessara og ákvæði til bráðabirgða VIII við þeim hluta sveitarfélaga sem þau hafa lagt til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla.

54. gr.

*Skipun stjórnar.*

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal skipuð í fyrsta sinn frá og með 1. janúar 1999. Á sama tíma lýkur skipunartíma núverandi húsnæðismálastjórnar og til starfa tekur stjórn Íbúðalánasjóðs samkvæmt þessum lögum.

55. gr.

*Undirbúningsnefnd.*

Félagsmálaráðherra skipar fimm manna undirbúningsnefnd til þess að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar Íbúðalánasjóðs og yfirtöku réttinda og skyldna samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal hafa heimild til þess að gera hvers kyns löggæringa, sem eru nauðsynlegir vegna fyrirhugaðrar starfrækslu Íbúðalánasjóðs. Við gildistöku laga þessara skal Íbúðalánasjóður bundinn við þá löggæringa. Ráðherra setur nefndinni erindisbréf.

Undirbúningsnefndin skal hafa fullan aðgang að öllum gögnum Húsnæðisstofnunar ríkisins og sjóða sem hún fer með. Skulu stjórnendur og starfsmenn stofnunarinnar veita nefndinni alla nauðsynlega aðstoð sem hún óskar eftir.

Kostnaður við störf undirbúningsnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

56. gr.

*Matsnefnd.*

Félagsmálaráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna til þess að leggja mat á allar eignir og skuldir Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna og annarra sjóða sem Húsnæðisstofnun ríkisins fer með eða varðveitir. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir í síðasta lagi 1. mars 1999. Ráðherra setur nefndinni erindisbréf.

Matsnefndin skal hafa fullan aðgang að öllum gögnum Húsnæðisstofnunar ríkisins og sjóða sem hún fer með. Skulu stjórnendur og starfsmenn stofnunarinnar veita nefndinni nauðsynlega aðstoð.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

## **Ákvæði til bráðabirgða.**

### **I.**

#### *Ákvæði laga nr. 97/1993.*

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu eftirtalin ákvæði laga nr. 97/1993, með síðari breytingum, ásamt fyrirsögnum einstakra greina, halda gildi sínu, að því er snertir lán sem veitt hafa verið úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna og eftir því sem við getur átt: 2.–4. mgr. 16. gr., 36. gr., 44. gr., 46. gr., 9.–13. mgr. 52. gr., 3. og 4. mgr. 58. gr. a, 64. gr., 2. mgr. 68. gr., 77. gr., 79. gr., 1., 3. og 4. mgr. 82. gr., 83.–86. gr., 93. gr. a og ákvæði IV til bráðabirgða í þeim lögum, þó með þeim takmörkunum sem fram koma í lögum þessum.

Jafnframt skulu halda gildi sínu þau ákvæði laga nr. 97/1993 sem vísað er til í ákvæðum til bráðabirgða II, IV, V og VII í lögum þessum.

Telji aðili sem borið getur réttindi og skyldur samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða II–V og VII á rétt sinn hallað af hálfu húsnæðisnefndar eða sveitarstjórnar, þar sem slík nefnd er ekki starfandi, við framkvæmd á þeim ákvæðum getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til kærufndar húsnæðismála skv. IX. kafla laga þessara.

**II.***Innlausn eldri íbúða.*

Með íbúðir sem sveitarfélög hafa innleyst og ekki hefur verið endurúthlutað á grundvelli eldri laga við gildistöku laga þessara og íbúðir sem sveitarfélög innleysa eftir gildistöku laga þessara skal farið samkvæmt lögum þessum.

Kaupskylda sveitarfélags eða annars framkvæmdaraðila sem kann að vera til staðar eftir að félagsleg íbúð hefur verið innleyst fellur niður eftir það.

Ákveði sveitarstjórn eða annar framkvæmdaraðili að nýta sér forkaupsrétt á félagslegri íbúð eða kaupleiguíbúð, sem boðin er til sölu, fellur slíkur réttur niður eftir að íbúð hefur verið ráðstafað á ný. Sveitarstjórn eða framkvæmdaraðili skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

Kaupskylda sveitarfélags við nauðungarsölu íbúðar skv. 86. gr. laga nr. 97/1993 skal ekki vara lengur en í 15 ár frá útgáfu síðasta afsals.

Á meðan kaupskylda og forkaupsréttur sveitarfélaga á félagslegu húsnæði varir samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, skulu húsnæðisnefndir, þar sem þær eru starfandi, annast meðferð mála vegna þeirra íbúða sem ganga til sveitarfélaga.

Um útreikning á innlausnarverði félagslegra íbúða, sem sveitarfélög leysa til sín skv. 1. mgr., skal beita fyrirmælum 1. og 4. mgr. 87. gr. laga nr. 97/1993. Hafi íbúð verið byggð eftir gildistöku laga nr. 51/1980 skal enn fremur gæta ákvæða 1. og 2. mgr. 88. gr. laga nr. 97/1993, en annars 1.–3. og 8. mgr. 89. gr. laga nr. 97/1993, hafi íbúðin verið byggð fyrir gildistöku fyrrnefndra laga. Um íbúðir á vegum Byggingarfélags verkamanna fer eftir ákvæðum 90. gr. laga nr. 97/1993. Stjórn varasjóðs skv. 43. gr. laga þessara skal fjalla um heimildir húsnæðisnefnda skv. 4. mgr. 87. gr. laga nr. 97/1993.

**III.***Ráðstöfun innleystra íbúða.*

Íbúð sem sveitarstjórn hefur leyst til sín samkvæmt ákvæðum eldri laga getur hún ráðstafað þannig:

1. Sveitarstjórn getur ákveðið að selja íbúðina á almennum markaði. Áður skal hún greiða upp áhvílandi lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins.
2. Sveitarstjórn getur ákveðið að leigja íbúðina út. Áður skal sveitarstjórn greiða upp áhvílandi lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna. Við þær aðstæður skal sveitarfélagið eiga rétt á nýju láni úr Íbúðalánasjóði skv. VIII. kafla laga þessara.

Á næstu tveimur árum eftir gildistöku laga þessara er sveitarfélögum heimilt eftir tillögu húsnæðisnefnda sveitarfélaga að ákveða að tiltekinn hluti árlegra viðbótarlána skuli fara til að mæta endursölu innleystra íbúða, enda taki söluverð slíkra íbúða mið af markaðsverði íbúða á viðkomandi svæði.

**IV.***Sala og ráðstöfun eignaríbúða.*

Eftir gildistöku laga þessara getur eigandi félagslegrar eignaríbúðar hvenær sem er, að virtum ákvæðum um forkaupsrétt sveitarfélaga, selt íbúð sína á almennum markaði, greiði hann upp skuld við framkvæmdaraðila og lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna. Forkaupsréttur sveitarfélaga skal aldrei vera lengri en 30 ár frá útgáfu síðasta afsals íbúðar. Sveitarstjórn er heimilt að stytta þann tíma hvenær sem er.

Um réttarstöðu eigenda félagslegra eignaríbúða fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í 70.–71. gr. laga nr. 97/1993 eftir því sem við getur átt og með þeim takmörkunum sem í lögum þessum greinir.

**V.***Leigu- og kaupleiguíbúðir.*

Samningar, sem einstaklingar hafa gert um félagslegar leiguíbúðir, halda gildi sínu. Um samskipti leigutaka og framkvæmdaraðila gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga. Um leigugjald gilda ákvæði 73. gr. laga nr. 97/1993.

Samningar, sem einstaklingar hafa gert um kaupleiguíbúðir, halda gildi sínu. Um réttarstöðu slíkra aðila og um samskipti við framkvæmdaraðila fer eftir því sem segir í 72. gr., 2., 3., 5. og 6. mgr. 73. gr. og 76. gr. laga nr. 97/1993 með þeim takmörkunum þó sem í lögum þessum greinir.

Einstaklingur, sem hefur kauprétt vegna íbúðar sem hann hefur á leigu, sbr. 1. mgr. 73. gr. laga nr. 97/1993, heldur þeim rétti. Um lánveitingar og lánskjör vegna slíkra kaupa fer eftir ákvæðum laga þessara.

**VI.***Framkvæmdaíbúðir.*

Framkvæmdalánssamningar, sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur gert fyrir gildistöku laga þessara skv. 58. gr. laga nr. 97/1993, skulu halda gildi sínu.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal staðfesta lok framkvæmda og byggingarkostnað íbúða, sem fullgerðar eru eftir gildistöku laga þessara, með úttekt sinni.

Sveitarstjórn eða annar framkvæmdaraðili skal skila lokauppgjöri á byggingarkostnaði innan mánaðar frá því er framkvæmdalánssamningur rann út eða lokaúttekt fór fram.

Að uppfylltu ákvæði 3. mgr. skulu greiddar eftirstöðvar framkvæmdaláns sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur veitt.

Um ráðstöfun íbúða samkvæmt þessu ákvæði sem koma til afhendingar eftir gildistöku laga þessara fer eftir því sem segir í ákvæði til bráðabirgða VII.

**VII.***Meðferð umsókna um félagslegar eignaríbúðir.*

Úthlutanir íbúða sem farið hafa fram og samningar sem gerðir hafa verið við einstaklinga um félagslegar eignaríbúðir fyrir 15. júní 1998 skulu halda gildi sínu. Um meðferð slíkra íbúða, lánveitingar, réttarstöðu aðila og samskipti við framkvæmdaraðila fer eftir því sem segir í 42. gr., 43. gr., 51. gr., 1.–8. mgr. 52. gr., 2. mgr. 54. gr., 2. mgr. 56. gr., 57. gr., 58. gr., 1. og 2. mgr. 58. gr. a, 59.–61. gr., 64. gr., 1. mgr. 68. gr., 69. gr. og 78. gr. laga nr. 97/1993.

Með allar aðrar félagslegar eignaríbúðir sem eru á framkvæmdarstigi eða eru til endurúthlutunar við gildistöku laga þessara og ekki hefur verið úthlutað til einstaklinga fyrir 15. júní 1998 skal farið á grundvelli laga þessara hafi uppgjör og lánveitingar samkvæmt eldri lögum ekki verið lokið fyrir gildistöku laga þessara.

Um kaupskyldu, forkaupsrétt og ráðstöfun félagslegra eignaríbúða gilda fyrirmæli ákvæðis til bráðabirgða II og IV.

**VIII.***Varasjóður.*

Í varasjóð skv. X. kafla laga þessara skulu auk framlaga sveitarfélaga renna:

1. Framlög sveitarfélaga til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla skv. 81. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

2. Söluhagnaður af íbúðum sem sveitarfélög hafa byggt og innleystar eru af hálfu sveitarfélaga og endurseldar með söluhagnaði.
3. Framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum vegna afskrifta og niðurgreiðslna eldri lána Byggingarsjóðs verkamanna.

Varasjóðurinn skal meðan þörf gerist bæta byggingargalla en ekki það sem telst eðlilegt viðhald á íbúðum sem sveitarfélög hafa byggt og af hefur verið greitt tryggingagjald samkvæmt ákvæðum 81. gr. laga nr. 97/1993.

Stjórn varasjóðsins skal nota söluhagnað af innleystum íbúðum, sbr. 2. tölul. 1. mgr., og framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum, sbr. 3. tölul. 1. mgr., til þess að greiða niður áhvílandi framreiknuð eldri veólán Byggingarsjóðs verkamanna. Hámark niðurgreiðslu má nema mismun á uppgreiddu láni og 90% af markaðsverði þeirrar íbúðar sem um er að ræða, þó aldrei fyrir en íbúð er orðin eign sveitarfélags og að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag.

Varasjóður skal starfa í sjálfstæðum og aðskildum deildum vegna verkefna skv. 2. og 3. mgr. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að færa fé á milli deilda ef ástæða þykir til. Félagsmálaráðherra setur að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglur um nánari framkvæmd 2. og 3. mgr.

## IX.

### *Könnun á leigumarkaði.*

Við samþykkt laga þessara skal félagsmálaráðherra í samráði við fulltrúa sveitarfélaga, aðra félagslega byggingaraðila, ASÍ og BSRB vinna að úttekt á leigumarkaði hér á landi og kanna þörf fyrir leiguíbúðir næstu ár. Á grundvelli samstarfs þessara aðila skal lögð fram framkvæmdaáætlun sem framlög ríkisins og sveitarfélaga skulu taka mið af í framtíðinni. Á meðan unnið er að áætlanagerð þessari og til ársloka 2000 er heimilt að veita lán til leiguíbúða, sbr. VIII. kafla laga þessara, með óbreyttum lánskjörum. Fjöldi og upphæð lána skal taka mið af framlagi ríkissjóðs á fjárlögum og áætluðum kostnaði.

*Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Páll Pétursson.*

# SVEITARSTJÓRNARLÖG

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

### **Almenn ákvæði.**

#### 1. gr.

#### *Almennt.*

Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð. Sveitarfélög eru lögaðilar.

Hver maður telst íbúi þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili.

#### 2. gr.

#### *Yfirstjórn sveitarstjórnarmála.*

Félagsmálaráðuneytið fer með málefni sveitarfélaga.

Engu málefni sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags skal ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnarinnar.

## 3. gr.

*Staðarmörk sveitarfélaga.*

Sveitarfélag hefur ákveðin staðarmörk. Óheimilt er að breyta þeim nema með lögum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðuneytið breytt mörkum sveitarfélaga í sambandi við sameiningu þeirra eða til staðfestingar á samkomulagi milli sveitarstjórna.

## 4. gr.

*Heiti sveitarfélaga.*

Sveitarstjórn ákveður nafn sveitarfélags að fenginni umsögn örnefnanefndar. Ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til breytingar á nafni þess, t.d. vegna sameiningar sveitarfélaga, skal leita umsagnar örnefnanefndar um þau nöfn sem kjósa skal um. Nefndin skal skila álitni sínu innan þriggja vikna. Nafn sveitarfélags skal samrýmast íslenskri málfræði og málvenju. Eigi má breyta nafni sveitarfélags nema með staðfestingu ráðuneytisins. Birta skal staðfestingu á nafnbreytingu sveitarfélags í Stjórnartíðindum.

## 5. gr.

*Byggðarmerki.*

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða byggðarmerki fyrir sveitarfélag.

Byggðarmerki skulu skráð hjá Einkaleyfastofunni sem veitir umsóknum viðtöku og kannar skráningarhæfi merkjanna. Umsókn skal fylgja tilskilið gjald.

Skráning byggðarmerkis veitir sveitarfélagi einkarétt á notkun þess.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um skráningu byggðarmerkja, m.a. varðandi umsóknir og meðferð þeirra, skilyrði fyrir skráningu, ógildingu, birtingu og gjöld fyrir umsóknir og vottorð úr byggðarmerkjaskrá.

## 6. gr.

*Lágmarksíbúatala.*

Lágmarksíbúatala sveitarfélags er 50 íbúar.

Nú hefur íbúafjöldi sveitarfélags verið lægri en 50 í þrjú ár samfleytt og skal ráðuneytið þá eiga frumkvæði að því að sameina það nágrannasveitarfélagi. Einnig má þá skipta hinu fámenna sveitarfélagi milli nágrannasveitarfélaga.

Undantekningu frá þessu ákvæði skal gera ef sérstakar aðstæður hindra það að mati ráðuneytisins að íbúar hins fámenna sveitarfélags geti myndað félagslega heild með íbúum nágrannasveitarfélags.

## 7. gr.

*Almennar skyldur sveitarfélaga.*

Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum.

Sveitarfélög skulu vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði á gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast.

Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra.

## II. KAFLI

## Sveitarstjórnir og sveitarstjórnarfundir.

8. gr.

*Sveitarstjórn.*

Í hverju sveitarfélagi skal vera sveitarstjórn sem kjörin er samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna.

9. gr.

*Hlutverk og verkvið sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum laga þessara og annarra laga.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna sveitarfélagsins og um framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélagið annast, að svo miklu leyti sem ekki eru settar um það reglur í löggjöf.

Sveitarstjórn skal sjá um að lögbundin verkefni sveitarfélagsins séu rækt og að fylgt sé þeim reglum um meðferð sveitarstjórnarmála sem ákveðnar eru í lögum, reglugerðum og samþykktum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn getur ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði sveitarfélagið.

10. gr.

*Samþykkt um stjórn og stjórnarsýslu.*

Sveitarstjórnir skulu gera sérstaka samþykkt um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélagsins og um meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annast. Slík samþykkt skal send ráðuneytinu til staðfestingar.

11. gr.

*Heiti sveitarstjórna o.fl.*

Yfirstjórn hvers sveitarfélags nefnist sveitarstjórn. Heimilt er sveitarstjórn að nota heitið hreppsnefnd eða bæjarstjórn, enda byggi slík málnotkun á hefð. Byggðaráð skv. 38. gr. má á sama hátt nefnast bæjarráð eða hreppsráð og sveitarstjóra má kalla bæjarstjóra.

Í Reykjavík nefnist sveitarstjórnin borgarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins borgarstjóri og byggðarráð sveitarfélagsins borgarráð.

Heiti sveitarstjórnar, byggðarráðs og framkvæmdastjóra er ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

12. gr.

*Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn.*

Í sveitarstjórn skal fjöldi sveitarstjórnarmanna standa á oddatölu og vera innan þeirra marka sem hér greinir:

- a. þar sem íbúar eru innan við 200 3–5 aðalmenn,
- b. þar sem íbúar eru 200–999 5–7 aðalmenn,
- c. þar sem íbúar eru 1.000–9.999 7–11 aðalmenn,
- d. þar sem íbúar eru 10.000–49.999 11–15 aðalmenn,
- e. þar sem íbúar eru 50.000 eða fleiri 15–27 aðalmenn.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ekki skylt að fækka eða fjölga aðalmönnum í sveitarstjórn fyrr en íbúatala sveitarfélags hefur verið hærri eða lægri en viðmiðunarmörkin í átta ár samfellt.

Kveðið skal á um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

## 13. gr.

*Fyrsti fundur nýkjörinnar sveitarstjórnar.*

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórninni kveður hana til fyrsta fundar eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar og stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórninni fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

## 14. gr.

*Kjör oddvita og varaoddvita.*

Á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar kýs sveitarstjórn oddvita og einn eða fleiri varaoddvita. Stöðuheiti oddvita sveitarstjórnar má ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Kjörtímabil oddvita og varaoddvita er eitt ár. Nú nýtur oddviti ekki lengur stuðnings meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn og skal hann þá víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti eða varaoddviti sem hefur fengið atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo er flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri sem um skyldi kjósa hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til ráðuneytisins þegar að því loknu.

Ef oddviti deyr, verður varanlega forfallaður frá sveitarstjórnarstörfum eða nýtur ekki lengur trausts sveitarstjórnar sem oddviti áður en kjörtími hans er á enda skal kjósa oddvita í hans stað það sem eftir er kjörtímabilsins.

## 15. gr.

*Sveitarstjórnarfundir.*

Sveitarstjórnir skulu halda reglulega fundi eftir því sem sveitarstjórn ákveður fyrir fram eða mælt er fyrir um í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Fundi skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og sveitarstjórnir þar sem byggðarráð er kjörið skulu halda fundi eigi sjaldnar en mánaðarlega. Heimilt er þó sveitarstjórn að fella niður fundi í allt að tvo mánuði á hverju sumri. Aukafundi skal halda eftir þörfum.

Skylt er að kveðja sveitarstjórn saman til fundar þegar a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess.

## 16. gr.

*Opnir fundir.*

Sveitarstjórnarfundir skulu haldnir fyrir opnum dyrum. Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar slíkt telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins.

## 17. gr.

*Boðun sveitarstjórnarfunda.*

Framkvæmdastjóri sveitarfélags boðar sveitarstjórnarfundi á þann hátt sem sveitarstjórn ákveður. Hann ákveður einnig fundarstað og fundartíma hafi sveitarstjórn eigi gert það.



## 18. gr.

*Auglýsing sveitarstjórnarfunda.*

Íbúum sveitarfélags skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórn heldur fundi.

Sveitarstjórn skal í upphafi kjörtímabils taka ákvörðun um hvernig fundir hennar eru auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, t.d. í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélags hafi greiðan aðgang að auglýsingu um sveitarstjórnarfundum.

Þegar dagskrá sveitarstjórnarfundar hefur verið samin og send sveitarstjórnarmönnum skal hún vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti er sveitarstjórn ákveður.

## 19. gr.

*Hæfi sveitarstjórnarmanna.*

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélaga og hafa semslíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Ákvæði þetta á þó ekki við um framkvæmdastjóra sveitarfélags.

Ráðuneytið skal árlega gefa út úrskurði sína í sveitarstjórnarmálefnum.

## X. KAFLI

**Önnur ákvæði.**

104. gr.

*Almennar atkvæðagreiðslur og borgarafundir.*

Heimilt er sveitarstjórn að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál og að boða til almennra borgarafunda um málefni sveitarfélagsins.

Skylt er að halda almennan borgarafund ef  $\frac{1}{4}$  hluti atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess.

Til almenns borgarafundar skal boðað með opinberri auglýsingu og skal þar taka fram hverjir hafi atkvæðisrétt á fundinum ef ætlunin er að atkvæðagreiðsla fari þar fram.

Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélagi eða hluta þess til þess að kanna vilja kosningarbærra íbúa um tiltekið málefni. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ekki bindandi um afgreiðslu málsins fyrir sveitarstjórn nema hún hafi fyrir fram ákveðið að svo skuli vera.

Við framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. 5. mgr. skal farið eftir meginreglum laga um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við getur átt.

105. gr.  
*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998.

Jafnframt falla úr gildi sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986, með síðari breytingum, og lög um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, nr. 24/1972.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Vegna ákvæðis 1. mgr. 1. gr. laganna skal þeim hlutum landsins, þar með talið jöklum, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga á grundvelli 1. eða 3. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, skipað innan staðarmarka sveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

Eignarlandi skal skipað innan staðarmarka sama sveitarfélags og sú jörð sem það hefur áður tilheyrnt nema fyrir liggja sérstakar heimildir um annað.

Nú eiga íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags og skal hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker úr um málið óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Óbyggðanefnd skal einnig skera úr ágreiningi sem rís vegna 2. mgr.

Þegar óbyggðanefnd úrskurðar að landsvæði skuli teljast þjóðlenda skal nefndin kveða á um hvernig þeim hluta þess sem ekki telst afréttur skuli skipað innan staðarmarka sveitarfélaga. Skal miðað við að framlengja staðarmörk aðliggjandi sveitarfélaga inn til landsins, þar með talið á jöklum, en þó þannig að fylgt sé náttúrulegum mörkum eða mörkum sem byggjast á sérstökum heimildum um mörkin, þar sem nefndin telur það betur eiga við. Óbyggðanefnd getur í þessu tilviki breytt mörkum frá því sem kann að hafa verið samið um milli sveitarfélaga, þar með talið samkvæmt heimild í 5. mgr. ákvæðis þessa og 2. mgr. 3. gr. laga þessara, eða þau ákveðin með öðrum hætti.

Meðan óbyggðanefnd hefur ekki úrskurðað um einstök landsvæði, sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga, getur félagsmálaráðherra staðfest samkomulag sem sveitarfélög hafa gert um staðarmörk sveitarfélaga á slíkum svæðum.

Félagsmálaráðuneytið skal birta auglýsingu um ákvörðun á staðarmörkum sveitarfélaga samkvæmt ákvæði þessu í Stjórnartíðindum.

*Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Páll Pétursson.*

## LÖG

### um listskreytingar opinberra bygginga og Listskreytingasjóð ríkisins.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Verja skal 1% af heildarbyggingarkostnaði opinberrar byggingar til listskreytingar hennar og umhverfis hennar.

Opinberar byggingar merkja í lögum þessum allar þær byggingar sem ríkissjóður fjármagnar að nokkru eða öllu leyti, sbr. lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970. Undanþegnar eru þó byggingar sem reistar eru til bráðabirgða, byggingar sem standa fjarri alfaraleið, skemmur og aðrar sambærilegar byggingar.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um byggingar sem reistar eru á vegum ríkisstofnana sem hafa sjálfstæðan fjárhag og eru því ekki háðar beinni fjárveitingarákvörðun Alþingis um byggingarframkvæmdir.

#### 2. gr.

Í greinargerð með frumathugun og áætlanagerð skv. 3. gr. og 6. gr. laga um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970, skal auk annarra atriða sem þar eru tilgreind gera grein fyrir áætlun um kostnað vegna listskreytinga.

Við ákvarðanir um mannvirki sem lög þessi taka til skulu arkitekt mannvirkisins og byggingarnefnd leita faglegrar ráðgjafar um listskreytingu hjá stjórn Listskreytingasjóðs, sbr. 5. gr.

#### 3. gr.

Veita skal árlega eftir ákvörðun Alþingis fé í Listskreytingasjóð til listskreytinga opinberra bygginga sem þegar eru fullbyggðar við gildistöku þessara laga, umhverfis þeirra og annarra útisvæða á forræði ríkisins og sveitarfélaga. Sé bygging, umhverfi hennar eða útisvæði á forræði sveitarfélags skal koma framlag frá viðkomandi sveitarfélagi á móti úthlutun úr Listskreytingasjóði.

#### 4. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins skal skipuð af menntamálaráðherra þannig: Tveir menn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra myndlistarmanna, einn samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir og formaður skipaður án tilnefningar. Stjórnin skal skipuð til tveggja ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna sem greiðist úr sjóðnum ásamt öðrum kostnaði við starfsemi hans.

#### 5. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs skal vera til ráðgjafar um listskreytingu þeirra mannvirkja sem lög þessi taka til og hvernig staðið skuli að framkvæmdum. Stjórnin ákvarðar úthlutun úr Listskreytingasjóði.

## 6. gr.

Um meiri háttar verkefni á sviði listskreytinga skal að öðru jöfnu fara fram opinber samkeppni í samræmi við venjur og reglur sem um það gilda á hverjum tíma. Slík samkeppni skal opin erlendum listamönnum enda njóti íslenskir listamenn sömu réttinda í þeirra löndum.

## 7. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs er heimilt að veita styrk úr sjóðnum vegna kostnaðar við undirbúning umsóknar um framlag til listskreytingar skv. 3. gr., þar með talinn kostnaður við samkeppni.

## 8. gr.

Semja skal við bankastofnun um að annast fjárvörslu Listskreytingasjóðs. Heimilt skal stjórn sjóðsins með samþykki menntamálaráðherra að semja við félagasamtök semaðild eiga að sjóðnum um að annast rekstur hans að öðru leyti.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu rekstrar- og efnahagsreikningar endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun árlega og birtir í Stjórnartíðindum.

## 9. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, með síðari breytingum. Heimilt skal að gera nauðsynlegar undirbúningsráðstafanir til þess að lögini geti komið til framkvæmda við gildistöku, m.a. að því er varðar skipun stjórnar Listskreytingasjóðs.

*Gjört á Bessastöðum, 11. maí 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Björn Bjarnason.*

## LÖG

### um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

5. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Hafa í upphafi bótatímabils verið skráðir sem atvinnulausir í þrjá daga samfelld. Ákvæði þetta gildir ekki um starfsfólk í fiskvinnslu sem ekki hefur rétt til að gera kauptryggingarsamning samkvæmt kjarasamningi VMSÍ og VSÍ/VMS.

## 2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Sá sem uppfyllir skilyrði um bótarétt en hverfur af innlendum vinnumarkaði af ástæðum sem valda því að ekki ber að skila af launum hans tryggingagjaldi heldur í allt að tuttu og

fjóra mánuði, frá því að hann hvarf af vinnumarkaði, þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér. Að tuttugu og fjórum mánuðum liðnum fellur réttur hans samkvæmt þessari grein að fullu niður. Með sama hætti skal farið með þann sem tekur að stunda hlutastarf eða hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs. Ákvæði þetta gildir ekki um þá sem fara í atvinnuleit til annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og fá á þeim tíma greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum þessum.

## 3. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Ef sá sem hefur áunnið sér rétt til bóta verður óvinnufær af völdum sjúkdóms eða slyss og verður að hverfa frá vinnu heldur hann þeim bótarétti þegar hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann að hann hafi verið óvinnufær með læknisvottorði þegar hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum. Sama rétt til geymslu bótaréttar á sá sem sviptur hefur verið frelsi sínu með dómi.

## 4. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, sem orðast svo:

Hafi umsækjandi um atvinnuleysisbætur misst starf sitt að hluta og haldið fastráðningu í hlutastarfi eða ráðist í fast hlutastarf, sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans, er úthlutunarnefnd heimilt að ákvarða honum bætur sem nema mismun bótaréttar hans og þess starfshlutfalls sem hann gegnir.

Ef samanlagðar tekjur af hlutastarfi og atvinnuleysisbótum umsækjanda, sbr. 1. mgr., eru hærri en fullar bætur samkvæmt bótarétti hans að viðbættu frítekjumarki, sbr. 4. mgr. 7. gr., skal skerða atvinnuleysisbætur hans um það sem umfram er.

Leiði ákvæði 2. mgr. til þess að umsækjandi verði fyrir skerðingu bóta skal farið með bótarétt hans eins og um geymdan bótarétt væri að ræða skv. 3. gr.

Heimilt er að greiða bætur á móti hlutastarfi í allt að tuttugu og fjóra mánuði á hverju bótatímabili. Að þeim tíma liðnum getur ekki komið til greiðslu hlutabóta samkvæmt þessari grein fyrr en að loknum tólf mánuðum í starfi sem gefur rétt til herra bótahlutfalls en heildarhlutfall þess sem umsækjandi átti áður rétt til.

Kjósi umsækjandi að segja starfi sínu lausu, innan tuttugu og fjögurra mánaða tímabilsins, fremur en að missa hinn skerta bótarétt sinn, eiga ákvæði 4. tölul. 5. gr. laga þessara ekki við.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Í stað „2.433 kr.“ í 1. mgr. kemur: 2.752 kr.
- b. 4. mgr. orðast svo:

Atvinnuleysisbætur þess sem nýtur elli- eða örorkulífeyris, svo og örorkustyrks frá Tryggingastofnun ríkisins, skulu skerðast, á mánaðargrundvelli, um það sem umfram er frítekjumark tekjutryggingar einstaklings vegna almennra tekna eins og það er ákveðið á hverjum tíma. Sama gildir um elli- og örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum og tekjur af hlutastarfi.

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Úthlutunarnefnd starfar í umboði sjóðstjórnar og undir eftirliti hennar.

b. 6. mgr. orðast svo:

Úthlutunarnefnd ákveður fyrirkomulag á afgreiðslu bóta í samráði við sjóðstjórn.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

*Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Páll Pétursson.*

Nr. 48

3. júní 1998

## LÖG

um breytingu á lögum um Tryggingasjóð  
sjálfstætt starfandi einstaklinga, nr. 46/1997.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

*Geymdur bótaréttur.*

Sá sem uppfyllir skilyrði um bótarétt en hverfur af innlendum vinnumarkaði af ástæðum sem valda því að ekki ber að skila af launum hans tryggingagjaldi heldur í allt að tuttugu og fjóra mánuði, frá því að hann hvarf af vinnumarkaði, þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér. Að tuttugu og fjórum mánuðum liðnum fellur réttur hans samkvæmt þessari grein að fullu niður. Með sama hætti skal farið með þann sem tekur að stunda hlutastarf eða hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs. Ákvæði þetta gildir ekki um þá sem fara í atvinnuleit til annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og fá á þeim tíma greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Ef sá sem hefur áunnið sér rétt til bóta verður óvinnufær af völdum sjúkdóms eða slyss og verður að hverfa frá vinnu heldur hann þeim bótarétti þegar hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann að hann hafi verið óvinnufær með læknisvottorði þegar hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum. Sama rétt til geymslu bótaréttar á sá sem sviptur hefur verið frelsi sínu með dómi.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 9. gr. a, sem orðast svo:

*Bótaréttur með hlutastarfi.*

Hafi umsækjandi um atvinnuleysisbætur misst starf sitt að hluta og haldið fastráðningu í hlutastarfi eða ráðist í fast hlutastarf sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans er



úthlutunarnefnd heimilt að ákvarða honum bætur sem nema mismun bótaréttar hans og þess starfshlutfalls sem hann gegnir.

Ef samanlagðar tekjur af hlutastarfi og atvinnuleysisbótum umsækjanda, sbr. 1. mgr., eru hærri en fullar bætur samkvæmt bótarétti hans að viðbættu frítekjumarki, sbr. 4. mgr. 11. gr., skal skerða atvinnuleysisbætur hans um það sem umfram er.

Leiði ákvæði 4. mgr. 11. gr. til þess að umsækjandi verði fyrir skerðingu bóta skal farið með bótarétt hans eins og um geymdan bótarétt væri að ræða skv. 6. gr.

Heimilt er að greiða bætur á móti hlutastarfi í allt að tuttugu og fjóra mánuði á hverju bótatímabili, en að þeim tíma liðnum getur ekki komið til greiðslu hlutabóta samkvæmt þessari grein fyrr en að loknum tólf mánuðum í starfi sem gefur rétt til herra bótahlutfalls en heildarhlutfall þess sem umsækjandi átti áður rétt til.

Kjósi umsækjandi að segja starfi sínu lausu, innan tuttugu og fjögurra mánaða tímabilsins, fremur en að missa hinn skerta bótarétt sinn, eiga ákvæði 4. tölul. 8. gr. laga þessara ekki við.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Í stað „2.433 kr.“ í 1. mgr. kemur: 2.752 kr.
- b. 4. mgr. orðast svo:

Atvinnuleysisbætur þess sem nýtur elli- eða örorkulífeyris, svo og örorkustyrks frá Tryggingastofnun ríkisins, skulu skerðast, á mánaðargrundvelli, um það sem umfram er frítekjumark tekjutryggingar einstaklings vegna almennra tekna eins og það er ákveðið á hverjum tíma. Sama gildir um elli- og örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum og tekjur af hlutastarfi.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:  
Úthlutunarnefnd starfar í umboði sjóðstjórnar og undir eftirliti hennar.
- b. 5. mgr. orðast svo:

Úthlutunarnefnd ákveður fyrirkomulag á afgreiðslu bóta í samráði við sjóðstjórn.

#### 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

*Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Páll Pétursson.*

# LÖG

um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða,  
og lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins,  
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

### Breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Á eftir 3. málsl. 2. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.
- b. Á eftir 1. málsl. 5. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „sem leyfi hefur fengið til veiða með tilteknum fjölda sóknardaga“ í 6. málsl. 5. mgr. kemur: sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga síðastliðin tvö fiskveiðiár.
- b. Í stað orðsins „Veiðiferð“ í 3. málsl. 6. mgr. kemur: Sóknardegi.

## II. KAFLI

### Breyting á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

#### 3. gr.

Í stað orðanna „1. apríl 1998“ í 1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða III í lögnum kemur: 1. október 1998.

## III. KAFLI

### Gildistaka.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

## LÖG

um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði,  
nr. 76 25. júní 1970, með síðari breytingum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. og 4. mgr. kemur: veiðimálastjóri.
- b. Í stað orðsins „veiðimálastjóra“ í 3. mgr. kemur: veiðimálanefndar.
- c. Orðin „og veiðimálastjóri“ í 4. mgr. falla brott.

## 2. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ hvarvetna í 13. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: veiðimálastjóri.

## 3. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 7. og 8. mgr. 14. gr. laganna kemur: veiðimálastjóra.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. 3. og 4. másl. 2. mgr. orðast svo: Rétt er veiðimálastjóra að takmarka stangaveiði á friðuðu svæði við ós og setja reglur um veiðitæki og möskvastærð neta við slíka ósa. Þó getur veiðimálastjóri að fenginni umsögn Fiskistofu leyft ádrátt fyrir síld og loðnu á friðuðu svæði tiltekinn tíma ársins.
- b. Fyrri máslíður 3. mgr. orðast svo: Til verndunar villtra stofna laxfiska er veiðimálastjóra rétt að friða tiltekin svæði í sjó í nágrenni mikilvægra veiðivatna þar sem ekki verði heimiluð starfsemi á sviði fiskeldis og hafbeitar með laxfiska.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 3. mgr. kemur: Veiðimálastjóri.
- b. Orðin „eftir tillögum veiðimálastjóra“ í 3. mgr. falla brott.
- c. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 4. mgr. kemur: Veiðimálastjóra.
- d. Í stað orðanna „hlutaðeigandi veiðifélags og eftir tillögum veiðimálastjóra“ kemur: og hlutaðeigandi veiðifélags.

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Nú telst sannað að fiskur hrygni í veiðivatni í september og er veiðimálastjóra þá rétt að fenginni umsögn veiðimálanefndar að ákveða að veiðitíma ljúki fyrir í því vatni.
- b. 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Rétt er veiðimálastjóra að setja nánari reglur um veiðitíma í vatni hverju að fengnum tillögum hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar.
- c. 3. másl. 3. mgr. orðast svo: Þá er sérstaklega stendur á getur veiðimálastjóri að feng-

inni umsögn veiðimálanefndar leyft að göngusilungur sé veiddur utan þess tíma í lagnet, á stöng, á dorg og færi.

7. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Veiðimálastjóra er rétt að ákveða að friðun sú sem getur í 1. mgr. skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar enda telji hann það nauðsynlegt til jöfnunar fiskigengd í því vatni.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Ráðherra“ kemur: Veiðimálastjóra.
- b. Orðin „eftir tillögum veiðimálastjóra og“ falla brott.
- c. Í stað orðsins „veiðimálastjóri“ kemur: hann.

9. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Veiðimálastjóra er rétt að friða heilt vatn gegn allri veiði eða einstökum veiðiaðferðum, enda sé sú friðun nauðsynleg til verndar fiskstofni þess vatns, en leita skal hann samþykkis hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar.

10. gr.

2. másl. 2. mgr. 22. gr. laganna orðast svo: Veiðimálastjóri gefur út veiðiskírteini.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

- a. Orðin „með samþykki ráðherra“ í 3. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 4. mgr. kemur: Veiðimálastjóri.
- c. Við greinina bætast átta nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

5. Við fiskrækt í ám og vötnum skal einungis nota stofn úr viðkomandi veiðivatni.

6. Hvers konar flutningur á laxfiskum úr náttúrulegu veiðivatni, hafbeitar- eða eldisstöð í annað náttúrulegt veiðivatn til stangaveiði er óheimill.

7. Veiðimálastjóri getur veitt undanþágu frá ákvæðum 5. og 6. mgr. að fengnu sérstöku mati á áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki veiðivatnsins og aðliggjandi veiðivatna skv. 8. og 12. mgr.

8. Til þess að fá undanþágu frá banni skv. 5. og 6. mgr. þarf veiðifélag eða eigandi veiðivatnsins sem áformar fiskrækt með framandi stofni eða flutning framandi stofns í veiðivatn að sækja um það til veiðimálastjóra. Undanþágu má að hámarki veita til tveggja ára í senn. Með umsókn skal fylgja greinargerð um framkvæmdina, umsögn dýralæknis fisksjúkdóma um fisksjúkdóma og Veiðimálastofnunar um önnur hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið, þar með talda erfðamengun. Framkvæmdaraðili ber kostnað af gerð umsagna. Veiðimálastjóri setur almennar reglur um slíkar umsagnir.

9. Innan tveggja vikna frá móttöku birtir veiðimálastjóri með opinberri auglýsingu umsókn framkvæmdaraðila og kallar eftir umsögnum veiðifélaga á viðkomandi vatnasviði um framkvæmdina. Frá og með þeim tíma skal hverjum sem er vera heimill aðgangur hjá veiðimálastjóra að umsögnum skv. 8. mgr. Athugasemdum skal skilað til veiðimálastjóra innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar. Innan átta vikna frá því að veiðimálastjóri hefur birt umsókn framkvæmdaraðila skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð um það hvort fallist sé á umsókn eða henni hafnað. Veiðimálastjóra er heimilt að binda undanþágu skilyrðum.

10. Þegar ákvörðun veiðimálastjóra liggur fyrir skal hún kynnt framkvæmdaraðila og þeim sem hlut eiga að máli, þar á meðal öðrum veiðifélögum á viðkomandi vatnsviði. Jafnframt skal birta hana opinberlega.

11. Ráðherra er heimilt að ákveða með sérstakri reglugerð að innheimt skuli gjald af framkvæmdaraðila vegna kostnaðar embættis veiðimálastjóra af málsmeðferð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

12. Úrskurð veiðimálastjóra skv. 9. mgr. má kæra til landbúnaðarráðherra innan fjögurra vikna frá birtingu. Ráðherra skal kveða upp rökstuddan úrskurð innan átta vikna frá því er beiðni barst honum.

#### 12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

- a. 2. mgr. orðast svo:
  2. Veiðimálastjóra er rétt að ákveða allt að tveggja sólarhringa friðun á viku hverri.
- b. 1. másl. 3. mgr. orðast svo: Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. um friðun í vatni er veiðimálastjóra rétt að leyfa lagnetaveiði til heimilisnota á friðunartímanum.
- c. 4. mgr. orðast svo:
  4. Veiðimálastjóri getur sett reglur um friðun vatnasilungs þar sem hann hrygnir að sumarlagi.

#### 13. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Nú telst rétt að uppræta fisk úr veiðivatni, svo sem vegna sjúkdóma eða til þess að rækta aðrar fisktegundir en þær er fyrir voru í vatninu, og skal veiðimálastjóra þá heimilt að fenginni umsögn viðkomandi veiðifélags, Veiðimálastofnunar og Náttúruverndar ríkisins og með samþykki Hollustuverndar ríkisins að leyfa notkun sérstakra efna við eyðingu fiskstofns vatns með þeim skilyrðum sem þurfa þykir.

#### 14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3., 4. og 6. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: veiðimálastjóri.
- b. Orðin „eftir tillögum veiðimálastjóra“ í 3. mgr., „og veiðimálastjóri“ í 4. mgr. og „eftir tillögum veiðimálastjóra og“ í 6. mgr. falla brott.

#### 15. gr.

4. másl. 1. mgr. 35. gr. laganna orðast svo: Veiðimálastjóra er rétt að veita undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar þegar sérstaklega stendur á.

#### 16. gr.

2. másl. 37. gr. laganna orðast svo: Þó getur veiðimálastjóri leyft að leggja veiðivél út í miðja kvísl, ef eigi er lagt nema í eina.

#### 17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. og 3. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: veiðimálastjóri.

- b. 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Veiðimálastjóra er þó rétt að veita viðkomandi veiðifélagi undanþágu frá ákvæði þessu, enda mæli veiðimálanefnd með því.
- c. Orðin „að fengnum tillögum veiðimálastjóra“ í 3. mgr. falla brott.

## 18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 39. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Ráðherra“ kemur: Veiðimálastjóra.
- b. Í stað orðsins „veiðimálastjóri“ kemur: hann.

## 19. gr.

58. gr. laganna orðast svo:

Veiðimálastjóra er rétt með samþykki veiðimálanefndar að veita veiðifélagi undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 31. gr. um hlið á girðingum, 1. mgr. 34. gr. um lengd fastra veiðivéla út í vatn og 4. mgr. 34. gr. um fjölda veiðitækja við garð og binda undanþágu þeim skilyrðum sem þurfa þykir.

## 20. gr.

2. mgr. 61. gr. laganna fellur brott.

## 21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. kemur: veiðimálastjóra.
- b. Í stað orðsins „veiðimálastjóra“ í 1. mgr. kemur: veiðimálanefndar.
- c. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Veiðimálastjóri skal leita umsagnar Veiðimálastofnunar um fyrirhugaða hafbeif ef náttúrulegar aðstæður á svæðinu gefa til-efni til hættu á erfðablöndun.
- d. Í stað orðsins „ráðherra“ hvarvetna í 3. mgr. kemur: veiðimálastjóri.
- e. Orðin „og veiðimálastjóra“ í 3. mgr. falla brott.
- f. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

5. Flutningur seiða í hafbeitarstöð er óheimill fyrr en fullgilt rekstrarleyfi er fengið. Veiðimálastjóri getur þó veitt undanþágu til flutnings á seiðum í hafbeitarstöð hafi stöðin fengið heimild til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga er varða slíkan atvinnu-rekstur.

## 22. gr.

67. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 66. gr. skal veiðimálastjóri, með samþykki veiðimálanefndar, setja reglur um töku á laxi er kemur úr sjó í hafbeitarstöð og um merkingar og sýnatöku úr fiskinum.

## 23. gr.

71. gr. laganna orðast svo:

Veiðimálastjóra er rétt að fenginni umsögn veiðimálanefndar að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldis- og hafbeitarstöðva á sama hátt og kveðið er á um í 7. og 8. mgr. 14. gr.

## 24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 86. gr. laganna:

- a. A-liður orðast svo: hann fer með stjórn veiðimála og er ráðherra til aðstoðar um þau mál eins og kveðið er á um í lögum þessum.
- b. D-liður orðast svo: hann gefur leyfi til merkinga vatnafiska með skilyrðum sem hann setur.
- c. E-liður orðast svo: hann ber ábyrgð á söfnun skýrslna um veiði, fiskrækt og fiskeldi; hann má fela öðrum aðila söfnun og úrvinnslu gagna.
- d. F-liður orðast svo: hann skipar veiðieftirlitsmenn.

## 25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 87. gr. laganna:

- a. Orðin „og veiðimálastjóra“ í 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðsins „veiðimálastjóri“ í 2. mgr. kemur: framkvæmdastjóri Veiðimálastofnunar.

## 26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. og 2. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: veiðimálastjóri.
- b. 2. másl. 1. mgr. fellur brott.
- c. 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði.

## 27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, f-liður, svohljóðandi: 3% af óskírurum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu vegna sölu á raforku samkvæmt sérsamningum til nýrra stórnotenda.
- b. 2. mgr. orðast svo:  
2. Með stjórn Fiskræktarsjóðs fer veiðimálanefnd. Ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum skulu háðar samþykki ráðherra.

## 28. gr.

Í stað orðanna „eða 38. gr.“ í f-lið 1. mgr. 98. gr. laganna kemur: 38. eða 62. gr.

## 29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Páll Pétursson.*

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða að eigendum búfjár sé skylt að merkja allt búfé sitt eftir viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

### 2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Búfjáreftirlitsmanni er skylt að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt á hverjum vetri til eftirlits með fódrun og ásetningi búfjár. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. desember og hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skal hann sannreyna tölur um fjölda ásetts búfjár og líta eftir húsakosti þess, fódrun og hirðingu. Ákvæði reglugerða skv. 7. gr. geta samt mælt fyrir um aðrar dagsetningar fyrir skráningu á fjölda búfjár af einstökum tegundum. Búfjáreftirlitsmaður skal skrá magn, tegundir, gæði og geymsluaðstöðu alls fódurs hjá hverjum búfjäreiganda og einnig áform hans um fóduröflun. Jafnframt skulu gróffóðurbirgðir mældar og skráðar, svo og uppskera korns, kartaflna, rófnna, gulróta og annars grænmetis samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Búfjáreftirlitsmaður skal einnig fylgjast með beitolandi í byggð á starfssvæði sínu. Telji hann meðferð þess ábótavant skal hann tilkynna sveitarstjórn og landgræðslustjóra það án tafar.

Nú meinar ábúandi lögbýlis eða búfjäreigandi utan lögbýlis búfjáreftirlitsmanni aðgang að gripahúsum og/eða beitolöndum þannig að ekki verði komið við eftirliti og upplýsingaöflun samkvæmt lögum þessum. Skal þá búfjáreftirlitsmaður tilkynna sveitarstjórn það án tafar. Takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta skal hún innan viku senda skriflega tilkynningu um það til landbúnaðarráðherra sem þá er skylt að láta fara fram sérstaka skoðun á viðkomandi stað. Skylt er lögreglu að fara með búfjáreftirlitsmanni til skoðunar og eftirlits sem þannig er ákveðið. Óheimilt er að fara í þessum tilgangi inn í gripahús án leyfis ábúanda nema að fengnum dómsúrskurði. Ábúandi lögbýlis eða búfjäreigandi utan lögbýlis er hlut á að máli ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum.

Þar sem gripir eru í hagagöngu skal eigandi ætíð tilgreina aðila, samþykktan af sveitarstjórn, sem er ábyrgur fyrir eftirliti og umsjá með þeim gripum. Landeigandi er ábyrgur fyrir því að fullnægjandi upplýsingar séu fyrir hendi um fjölda og eigendur gripa sem eru í hagagöngu á landi hans.

Niðurstöður hausteftirlits um fjölda búfjár, fódurforða, fyrningar og fódurþörf skráir búfjáreftirlitsmaður á eyðublað sem Bændasamtök Íslands láta í té ásamt reglum um framkvæmd forðagæslu. Ábúandi viðkomandi lögbýlis, búfjáreftirlitsmaður og trúnaðarmaður búnaðarsambands skulu undirrita skýrslu þessa og skal hún send Bændasamtökum Íslands sem fyrst að lokinni haustskoðun. Bændasamtök Íslands hafa yfirstjórn með framkvæmd forðagæslu og annast úrvinnslu á niðurstöðum um búfjárfjölda, fódurforða og uppskeru korns, kartaflna, rófnna, gulróta og annars grænmetis. Upplýsingar úr skýrslum þessum skulu vera heimilar til afnota Framleiðsluráði landbúnaðarins, Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins og öðrum opinberum aðilum að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.



Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sveitarstjórn er heimilt að krefjast veðs í þeim fénaði til tryggingar greiðslu alls kostnaðar af þessum ráðstöfunum.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Telji búfjárefirtirlitsmaður, trúnaðarmaður búnaðarsambands og héraðsdýralæknir úrbætur ekki þola neina bið getur lögreglustjóri fyrirvaralaust tekið búfé úr vörslu eiganda eða umráðamanns og ráðstafað búfénu án tafar með þeim hætti sem framangreindir aðilar telja best tryggja velferð þess.

## 4. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

## 5. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl.**

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Páll Pétursson.*

## LÖG

### um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað tölunnar „25“ í 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 40.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 3. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Páll Pétursson.*

## FORSETABRÉF

### um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS  
*gjörir kunnugt:*

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 122. löggjafarþings, frá 5. júní 1998 til septemberloka.

*Gjört á Bessastöðum, 5. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Davíð Oddsson.*

Nr. 54

## AUGLÝSING

8. júní 1998

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 8. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Kristján Andri Stefánsson.*

Nr. 55

## LÖG

10. júní 1998

### um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja neytendum að íslenskar sjávarafurðir séu heilnæmar, standist settar kröfur um gæði, séu unnar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður og að merkingar og upplýsingar um þær séu fullnægjandi.

###### 2. gr.

Samkvæmt lögum þessum telst:

*Sjávarafli:* Öll sjávardýr önnur en spendýr, þar með talin skrápdýr, liðdýr og lindýr.

*Fiskafurðir:* Matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla.

*Sjávarafurðir:* Sjávarafli og fiskafurðir eins og skilgreint er hér að framan, svo og fóður-vörur unnar úr fiski eða fiskúrgangi.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

*Dreifing:* Hvers konar flutningur, framboð og afhending, þar með talinn innflutningur, útflutningur, sala og geymsla.

*Eldisfiskur:* Öll lagardýr sem klakist hafa út eða verið alin við stýrðar aðstæður eða afurðir unnar úr þeim. Sjávar- eða ferskvatnsfiskar, skrápdyr, liðdyr, lindyr og aðrir hryggleysingjar, sem teknir eru úr náttúrulegu umhverfi sínu og aldir þangað til þeir hafa náð æskilegri sölustærð til manneldis, teljast einnig til eldisfiska. Fiskar, skrápdyr, liðdyr, lindyr og aðrir hryggleysingjar, sem náð hafa sölustærð, teknir hafa verið úr náttúrulegu umhverfi sínu og haldið lifandi til sölu síðar, teljast ekki til eldisfiska ef þeim er aðeins haldið lifandi án þess að reynt sé að auka við stærð þeirra eða þyngd.

*Eldisafurðir:* Heill eldisfiskur eins og honum er dreift til neyslu eða afurðir unnar úr honum.

*Fiskmarkaður:* Uppboðs- eða heildsölumarkaður fyrir sjávarafli.

*Flutningataeki:* Þeir hlutar vélknúinna ökutækja, járnbrautarvagna eða loftfara sem ætlaðir eru fyrir vörur, svo sem lestir skipa og gámar til vöruflutninga á landi, sjó eða í lofti.

*Hollustuhættir:* Allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi og hollustu sjávarafurða.

*Hreinn sjór:* Sjór eða sjóblandað vatn sem ekki er mengað örverugróðri, hættulegum efnum og/eða eitruðu sjávarsvifi að því marki að það geti spillt heilnæmi fiskafurða og sem notað er við þau skilyrði sem kveðið er á um í lögum þessum.

*Neysluvatn:* Vatn sem fullnægir kröfum íslenskra yfirvalda um gæði drykkjarvatns.

*Pökkun:* Sú aðgerð að vernda fiskafurðir með umbúðum, ílátum eða öðrum viðeigandi umbúnaði.

*Vinnsluskip:* Skip þar sem sjávarafli er unninn um borð, honum pakkað og hann hefur verið flakaður, fluttur, sneiddur, roðdreginn, hakkaður, frystur eða verkaður á annan hátt. Fiskiskip þar sem aðeins fer fram frýsting fisks um borð eða suða á rækjum og skelfiski teljast ekki vinnsluskip í merkingu laga þessara.

*Vinnslustöð:* Hver sú aðstaða þar sem sjávarafurðir eru tilreiddar, verkaðar, unnar, kældar, frystar, pakkaðar eða geymdar. Fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafli í heildsölu teljast ekki vinnslustöð.

### 3. gr.

Lög þessi taka til meðferðar, vinnslu og dreifingar sjávarafurða og jafnframt til eftirlits með vinnslu, dreifingu og pökkun hafbeitar-, vatna- og eldisfisks.

Lögin taka ekki til smásöluverslunar innan lands.

### 4. gr.

Fiskistofa annast framkvæmd laga þessara og reglna settra með stoð í þeim.

## II. KAFLI

### Opinberar kröfur.

### 5. gr.

Sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til manneldis, skulu vera heilnæmar og ómengaðar.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða skal vera í samræmi við góða framleiðslu- og hollustuhætti.

Starfsfólk skal gæta fyllsta hreinlætis og skulu öll svæði, búnaður, ílát, áhöld, geymslur

og flutningatæki eða annað er kemst í snertingu við sjávarafurðir þrifið og ef við á gerileytt svo að þær mengist ekki.

Meðferð og dreifingu sjávarafurða skal hagað í samræmi við eðli þeirra og eiginleika.

Halda ber sjávarafurðum við hitastig í samræmi við eðli þeirra, geymslu- og verkunar- aðferðir.

Ráðherra setur frekari reglur um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða sem skulu tryggja heilnæmi og gæði þeirra.

#### 6. gr.

Hönnun og búnaður skipa, vinnslustöðva, fiskmarkaða, íláta, áhalda, geymslna og flutningatækja og annars er kemst í snertingu við sjávarafurðir skal vera með þeim hætti að þrif og gerileyðing, þar sem við á, séu auðveld og unnt að gæta fyllsta hreinlætis svo sjávarafurðir mengist ekki eða gæði þeirra spillist.

Ráðherra skal setja nánari reglur um hönnun og búnað skv. 1. mgr., þar með talið um kæli- eða frystibúnað, fiskmóttöku, vinnslusvæði, hreinlætisaðstöðu og aðbúnað fyrir starfsfólk og eftirlitsaðila.

#### 7. gr.

Í sjávarafurðir til neyslu innan lands og til sölu á Evrópska efnahagsvæðinu má einungis nota þau aukefni og í því magni sem íslensk yfirvöld leyfa. Í sjávarafurðir sem ætlaðar eru til útflutnings til annarra landa má einungis nota þau aukefni og í því magni sem leyft er í viðkomandi markaðslandi.

Ílát, umbúðir og aðrir fletir sem sjávarafurðir koma í snertingu við skulu vera úr efnum sem samþykkt eru af íslenskum yfirvöldum.

Óheimilt er að nota til þrifa og gerileyðingar önnur efni en þau sem íslensk yfirvöld heimila.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um notkun hvers kyns efna sem komist gætu í snertingu við sjávarafurðir

#### 8. gr.

Nota skal neysluvatn eða hreinan sjó til þvotta, þrifa, ísframleiðslu og við vinnslu sjávarafurða.

#### 9. gr.

Óheimilt er að nýta sjávarafurðir sem mengaðar eru hættulegum efnum til fóðurframleiðslu.

Sjávarútvegsráðuneytið getur bannað meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafra af hafsvæðum sem talin eru menguð.

Ráðherra setur reglur um efni þessarar greinar, þar á meðal um leyfilegt hámark gerla, niðurbrotsefna og mengandi efna í sjávarafurðum.

#### 10. gr.

Sjávarafurðum skal pakkað við fullnægjandi hreinlæti til að komið verði í veg fyrir mengun afurðanna. Umbúðir og annað sem líklegt er að komist í snertingu við fiskafurðirnar skal fullnægja öllum reglum um hollustuhætti og gæði. Ráðherra setur frekari reglur um þökkun sjávarafurða.

#### 11. gr.

Sjávarafurðir skulu vera rétt og greinilega merktar þannig að þær upplýsingar, sem fram koma, séu ekki villandi. Á umbúðum skal koma fram nafn Íslands, óstytt eða skammstafað

IS, og leyfisnúmer viðkomandi starfs- eða vinnsluleyfishafa þannig að unnt sé að rekja uppruna afurðanna til framleiðandans. Sé afurðin send óþökkuð skulu sömu upplýsingar koma fram í fylgiskjölum. Merkingar skulu að öðru leyti vera í samræmi við kröfur sem gerðar eru í viðkomandi markaðslandi.

## 12. gr.

Ákvæði laga þessara um vinnslu, dreifingu, þökkun og merkingar taka einnig til eldisafurða. Ráðherra getur sett frekari reglur þar um.

## 13. gr.

Óheimilt er að vinna, pakka eða dreifa sjávarafurðum og eldisafurðum sem ekki uppfylla settar kröfur um meðferð, flutning, geymslu, gæði, heilnæmi, aukefni, þökkun og merkingar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum með stöð í þeim. Þetta gildir einnig um afurðir sem líklegt er að uppfylli ekki settar kröfur þegar þær koma á áfangastað.

## III. KAFLI

**Leyfisveitingar og eftirlit.**

## 14. gr.

Allar vinnslustöðvar, þar með talin vinnsluskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skulu hafa tölusett vinnsluleyfi til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum. Sama gildir um fiskimjölsverksmiðjur, framleiðendur dýrafóðurs úr sjávarafurðum og stöðvar þar sem vinnsla eða þökkun hafbeitar- og eldisfisks fer fram.

Fiskiskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 38/1990, önnur en vinnsluskip, svo og fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafli í heildsölu, skulu hafa starfsleyfi.

Fiskistofa veitir vinnsluleyfi og starfsleyfi samkvæmt þessari grein að uppfylltum kröfum um hreinlæti, hönnun og búnað, sbr. 15. gr. ef við á, og samning við faggilta skoðunarstofu, sbr. 16. gr. Vinnsluleyfi skal binda vinnslu tilgreindra afurða.

Óheimilt er að veiða, vinna eða geyma sjávarafurðir án vinnslu- eða starfsleyfis.

Fiskistofa heldur skrá yfir vinnslu- og starfsleyfishafa sem skal senda til sjávarútvegsráðuneytis, Eftirlitsstofnunar EFTA og annarra erlendra eftirlitsaðila sem þess óska.

Ráðherra getur sett nánari reglur um veitingu leyfa og skráningu þeirra.

## 15. gr.

Forsvarsmenn vinnslustöðva bera ábyrgð á því að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með vinnslunni og starfsemi til þess að tryggja að hvort tveggja sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Innra eftirlit fyrirtækisins skal miðast við eðli og umfang vinnslunnar og starfseminnar og byggt á eftirfarandi meginatriðum:

1. Að skráð séu með tilliti til eðlis starfseminnar þau atriði sem farið geta úrskaiðis eða valdið skaða á afurðum, svo sem við veiðar, vinnslu, flutning eða geymslu.
2. Að á staðnum sé starfsmaður með sérþekkingu á viðkomandi vinnslu og fyrir hendi séu skráðar vinnureglur, lýsing á skiptingu ábyrgðar í viðkomandi fyrirtæki og til hvaða aðgerða grípa skuli sé aðstæðum ábótavant eða ef sjávarafurðir uppfylla ekki settar kröfur.
3. Að tekin séu reglulega sýni í framleiðslunni til greiningar á viðurkenndri rannsóknastofu til að sannprófa að aðferðir við þrif og gerileyðingu séu fullnægjandi.
4. Að haldin sé aðgengileg skrá um afla, vinnslu og birgðir.

5. Að teknar séu upp skráðar vinnureglur til að fylgjast með og hafa stjórn á þeim atriðum sem getið er í 1.– 4. tölul.

Niðurstöður eftirlits, rannsókna og prófana skal varðveita a.m.k. einu ári lengur en geymsluþol vörunnar segir til um, þó aldrei skemur en í tvö ár.

#### 16. gr.

Öllum starfs- og vinnsluleyfishöfum, sbr. 14. gr., er skylt að hafa samning við faggilta skoðunarstofu. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágur frá þessu skilyrði mæli sérstakar ástæður með því.

Fiskistofa veitir skoðunarstofum starfsleyfi hafi þær sótt um eða hlotið faggildinguna frá faggildingarsviði Löggildingarstofu eða öðrum viðurkenndum faggildingaraðila á Evrópska efnahagssvæðinu og að uppfylltum skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Skoðunarstofur skulu vera óháðar öllum hlutaðeigandi aðilum. Skoðunarstofa og starfsfólk hennar má ekki taka þátt í störfum sem geta haft áhrif á sjálfstæði dómgreindar eða ráðvendi þeirra varðandi skoðunarstarfsemina. Allir hagsmunaaðilar skulu geta sótt þjónustu til skoðunarstofa. Ekki skulu vera óréttlát skilyrði fjárhagslega eða af öðrum toga. Starfsemi stofunnar skal hagað með þeim hætti að viðskiptavinum sé ekki mismunað.

Skoðunarstofur skulu fylgjast reglulega með húsnæði, ástandi skipa, hreinlæti, búnaði og innra eftirliti vinnsluleyfishafa.

Skoðunarstofur rækja eftirlit sitt á vegum Fiskistofu sem fylgist með starfi þeirra og sannreynir að þær ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt, enda skulu þær veita Fiskistofu upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja á þann hátt sem Fiskistofa ákveður.

Verði misbrestur á að skoðunarstofur ræki skyldur sínar, vanræki þær upplýsingaskyldu sína eða gefi rangar upplýsingar veitir Fiskistofa áminningu eða sviptir þær starfsleyfi ef sakir eru miklar.

Ráðherra setur nánari reglur um innra eftirlit og starfsemi skoðunarstofa. Ráðherra getur meðal annars sett reglur um framkvæmd skoðana til að tryggja samræmi þeirra.

#### 17. gr.

Forsvarsmönnum starfs- og vinnsluleyfishafa, sbr. 14. gr., er skylt að veita Fiskistofu og samningsbundinni skoðunarstofu allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar, þar með talinn aðgang að hverjum þeim stað þar sem sjávarafurðir eru unnar eða geymdar. Fiskistofa og skoðunarstofur fara með upplýsingar þær sem leynt eiga að fara sem trúnaðarmál.

Starfsmönnum Eftirlitsstofnunar EFTA er heimilt í samráði við Fiskistofu að gera vettvangskannanir hjá þeim aðilum sem falla undir ákvæði þessara laga og reglugerða settra með stoð í þeim til þess að ganga úr skugga um að ákvæði þeirra séu virt. Fiskistofa getur heimil að erlendum eftirlitsaðilum sambærilegar vettvangskannanir. Íslensk yfirvöld skulu veita þessum eftirlitsmönnum alla nauðsynlega aðstoð við að gegna skyldum sínum.

Skylt er að láta skoðunarstofu og Fiskistofu í té án endurgjalds sýni af sjávarafurðum til rannsókna.

#### 18. gr.

Fiskistofa gefur út opinber útflutningsvottorð fyrir sjávarafurðir sé þess krafist.

## 19. gr.

Fiskistofu er heimilt að láta stöðva vinnslu og dreifingu sjávarafurða, eldisafurða og afurða vatna- og hafbeitarfisks sem brjóta í bága við ákvæði II. kafla laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt honum. Enn fremur er heimilt að láta innkalla afurðir sem dreift hefur verið, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um að þær brjóti í bága við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Eigandi sjávarafurða ber allan kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum til að framfylgja ákvæðum þessarar greinar.

## 20. gr.

Ákvarði Fiskistofa að sjávarafurðir séu óhæfar til manneldis eða fóðurs ber eiganda vinnslunnar eða útflytjanda að eyða vörinni innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þar um.

Fiskistofu er þó heimilt í sérstökum tilvikum að ákveða að hagnýta megi sjávarafurðirnar til annarrar framleiðslu.

## IV. KAFLI

**Innflutningur sjávarafurða.****Innflutningur frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.**

## 21. gr.

Innflytjandi sjávarafurða sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Fiskistofu um komu sendinga með hæfilegum fyrirvara.

Vinnsluleyfihafi, sbr. 14. gr., eða annar viðtakandi þessara sjávarafurða skal halda dagbók yfir móttæknar sendingar og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala. Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu eftirlitsaðila.

Fiskistofu er heimil skyndiskoðun á þessum sjávarafurðum og sýnataka til rannsókna.

Fiskistofa skal tilkynna viðkomandi ef hún óskar eftir að skoða vöruna eða taka sýni af henni til rannsókna. Berist viðtakanda ekki slík tilkynning áður en losun hefst er honum heimilt að ráðstafa sendingunni til vinnslu eða umpökkunar hjá viðurkenndum vinnsluleyfihafa. Afla fiskiskipa frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem landað er hér á landi, skal skoða á sama hátt og afla íslenskra skipa.

Fiskistofa skal leggja áætlun um fjölda skyndiskoðana og nánari tilhögun þeirra fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.

**Innflutningur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.**

## 22. gr.

Allur innflutningur lifandi fisks og fiskafurða, að meðtöldu fiskimjöli, frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal fara um landamærastöðvar eða hafnir sem heimild hafa fyrir innflutningi, sbr. V. kafla þessara laga. Heimilt er að landa afla fiskiskipa utan landamærastöðva og skal skoða hann á sama hátt og afla íslenskra skipa.

Sjávarútvegsráðuneytið getur veitt undanþágu frá 1. mgr. ef sérstakar ástæður réttlæta slíkt eða ef fram kemur rökstudd beiðni þar að lútandi frá yfirvöldum í ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Innflutningur á sjávarafurðum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er aðeins heimill frá þeim framleiðendum, verksmiðjuskipum og frystiskipum sem hlotið hafa viðurkenningu þess efnis að framleiðsla og eftirlit með sjávarafurðum uppfylli kröfur Evrópska efnahagssvæðisins.

## 23. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið heldur skrá yfir þá aðila sem hlotið hafa viðurkenningu, sbr. 3. mgr. 22. gr. Birta skal þessa skrá í Stjórnartíðindum.

Einnig skal birta mánaðarlega þær breytingar sem verða á henni.

**Öryggisákvæði.**

## 24. gr.

Í þeim tilfellum þegar sjúkdómur eða annað, sem kann að stofna heilbrigði almennings eða heilbrigði dýra í alvarlega hættu, kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði annars ríkis eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði manna og dýra réttlætir slíkt getur ráðuneytið án fyrirvara stöðvað innflutning frá viðkomandi ríki eða sett sérstök skilyrði fyrir innflutningi.

## V. KAFLI

**Landamærastöðvar.**

## 25. gr.

Eftirlitsmenn Fiskistofu eða aðrir þar til bærir eftirlitsaðilar annast eftirlit með innflutningi sjávarafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í því skyni skal setja á fót landamærastöðvar þar sem starfi eftirlitsmenn sem eru sérþjálfaðir til þessara starfa og séu ábyrgir fyrir nauðsynlegum skoðunum á sjávarafurðum sem um stöðvarnar fara.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

## 26. gr.

Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað og að sendingin sé frá vinnslustöð, vinnsluskipi eða frystiskipi sem er á skrá ráðuneytisins yfir viðurkennda aðila, sbr. 23. gr. þessara laga.

Eftirlitsmaður skal kanna ástand afurðanna og taka sýni til rannsókna á rannsóknastofu. Skal hann í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðana og um sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að þær séu óhæfar til manneldis skal eyða þeim. Heimilt er þó að endursenda afurðina að fengnu leyfi yfirvalda í framleiðslulandi eða að nýta hana í fiskimjöl, enda sé hún laus við eiturefni.

Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

Í tollvöruheymslu skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu.

## 27. gr.

Innflytjandi eða annar viðtakandi sjávarafurða sem koma frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Fiskistofu með hæfilegum fyrirvara hvert afurðirnar verða sendar og tilgreina magn, tegund og hvenær áætlað er að þær berist.

**Um gjaldtöku fyrir landamæraeftirlit.**

## 28. gr.

Fiskistofa skal innheimta gjald til að bera uppi kostnað af eftirliti með sjávarafurðum frá viðurkenndum framleiðendum, verksmiðjuskipum og frystiskipum utan Evrópska efnahagssvæðisins.



Fyrir hvert tonn af fyrstu 100 tonnum af innfluttum sjávarafurðum úr sömu sendingu skal greiða 405 kr. Fyrir hvert tonn þar umfram skal lækka gjaldið í 202 kr. Þó skal gjald af heilfrystum fiski sem aðeins hefur verið slægður lækka í 121 kr. fyrir hvert tonn. Fyrir hverja sendingu skal þó aldrei greiða minna en 2.460 kr.

Heimilt er að breyta framangreindum gjöldum með tilliti til breytinga á meðalgengi Evrópumyntar (ECU). Grunn gjaldið er miðað við gengi Evrópumyntar í mars 1997 eða 81 kr. Gjaldið greiðist af innflytjanda afurðanna og greiðist þar sem eftirlitið fer fram eða á landamærastöð.

Innflytjanda sjávarafurða eða öðrum aðila sem óskar eftir aðgangi að tollvörugeymslu ber að greiða fyrir eftirlit þar. Heimilt er að innheimta gjaldið áður en afurðir eru fluttar í tollvörugeymslu.

#### 29. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um fjölda landamærastöðva, staðsetningu þeirra, rekstur, búnað, útgáfu vottorða, tíðni skoðana, sýnatökur og rannsóknir. Með reglugerð skal einnig kveðið á um hvaða sendingar séu undanþegnar skoðunum og um nánara fyrirkomulag við gjaldtöku, þar á meðal um lækunarheimildir og innheimtu.

### VI. KAFLI

#### Ýmis ákvæði.

#### 30. gr.

Uppfylli vinnslu- eða starfsleyfishafi ekki ákvæði II. kafla, 15. gr. um innra eftirlit og 16. gr. er Fiskistofu heimilt að svipta hann vinnsluleyfi eða starfsleyfi og jafnframt að loka viðkomandi fyrirtæki með innsigli. Fáir skip ekki vinnsluleyfi eða starfsleyfi, sbr. 14. gr., eða sé svipt því er Fiskistofu heimilt að svipta það veiðileyfi.

Áður en til sviptingar kemur skv. 1. mgr. skal gefa viðkomandi kost á að skýra mál sitt og veita honum sanngjarnan frest til úrbóta.

Veiti starfs- eða vinnsluleyfishafi Fiskistofu eða skoðunarstofu ekki nauðsynlegar upplýsingar eða aðstoð við framkvæmd eftirlits eða skoðun, sbr. 17. gr., getur Fiskistofa svipt viðkomandi starfs- eða vinnsluleyfi.

#### 31. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um efni þessara laga og að ákveða gjald fyrir þjónustu sem Fiskistofa veitir á grundvelli þeirra. Gjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði af þjónustunni.

Gjald Fiskistofu fyrir viðurkenningu á skoðunarstofu skal vera 200.000 kr.

### VII. KAFLI

#### Viðurlög.

#### 32. gr.

Fyrir brot á ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra með stoð í þeim sem framin eru af ásetningi eða gáleysi skal refsa með sektum eða fangelsi ef miklar sakir eru.

#### 33. gr.

Rannsókn brota á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og um leið falla niður lög nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Einnig falla þá úr gildi eftirfarandi lög um breytingu á þeim lögum: nr. 58/1994, 85/1995, 89/1997 og 114/1997.

Þrátt fyrir 1. mgr. taka IV. og V. kafli þessara laga um innflutning sjávarafurða og landamærastöðvar gildi 1. nóvember 1998.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til IV. og V. kafli laga þessara taka gildi skal sjávarútvegsráðherra veita leyfi fyrir innflutningi lifandi fiska, skrápdyra, liðdyra eða lindýra, sem lifa í söltu vatni, að uppfylltum settum skilyrðum. Ráðuneytið skal leita umsagnar yfirdýralæknis um leyfisveitingarnar og hafa hliðsjón af lögum um innflutning dýra eftir því sem við getur átt.

*Gjört í Reykjavík, 10. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Björn Bjarnason.*

## LÖG

um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, nr. 31 27. mars 1987, með síðari breytingum.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

5. og 6. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því.

2. gr.

1. másl. 15. gr. laganna, er verður 13. gr., orðast svo: Flugvallagjöld skv. 6. og 7. gr. skulu vera grunntaxtar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998.

*Gjört í Reykjavík, 10. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Halldór Blöndal.*

# LÖG

## um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

### I. KAFLI

#### Gildissvið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

Lög þessi taka til auðlinda í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga.

Með auðlindum er í lögum þessum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við.

Um rannsóknir og nýtingu samkvæmt þessum lögum gilda einnig náttúruverndarlög, skipulags- og byggingarlög og önnur lög sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða.

##### 2. gr.

*Eignarland* merkir í lögum þessum landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

*Þjóðlendur* merkja í lögum þessum landsvæði utan eignarlanda þótt einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

*Netlög* merkir í lögum þessum vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

*Jarðefni* merkir í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, málma, málmblanda og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.

*Jarðhiti* merkir í lögum þessum annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn.

*Grunnvatn* merkir í lögum þessum vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess.

### II. KAFLI

#### Eignarréttur að auðlindum.

##### 3. gr.

Eignarlandi fylgir eignarréttur að auðlindum í jörðu, en í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra.

### III. KAFLI

#### Rannsóknir og leit.

##### 4. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að hafa frumkvæði að og/eða láta rannsaka og leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu og skiptir þá ekki máli þó að landeigandi hafi sjálfur

hafið slíka rannsókn eða leit eða heimilað það öðrum, nema viðkomandi aðili hafi gilt rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum. Með sama hætti getur ráðherra heimilað öðrum rannsóknir og leit og skal þá gefa út rannsóknarleyfi til viðkomandi.

Nú fer leit eða rannsókn fram á vegum landeiganda og þarf þá ekki til þess leyfi ráðherra. Þó ber landeiganda að senda Orkustofnun áætlun og lýsingu á fyrirhuguðum borunum, sprengingum, gerð námuganga eða öðrum verulegum framkvæmdum í þessu skyni. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að leit eða rannsóknir geti spillt vinnslu sem fram fer á svæðinu eða möguleikum til vinnslu síðar.

#### 5. gr.

Rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynlega. Um veitingu leyfis, efni þess og afturköllun fer skv. VIII. kafla laga þessara.

Ráðherra er heimilt í rannsóknarleyfi að veita fyrirheit um forgang leyfishafa að nýtingarleyfi í allt að tvö ár eftir að gildistíma rannsóknarleyfis er lokið og að öðrum aðila verði ekki veitt rannsóknarleyfi á þeim tíma.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar og umhverfisráðuneytis.

### IV. KAFLI Nýting auðlinda.

#### 6. gr.

Nýting auðlinda úr jörðu er háð leyfi iðnaðarráðherra hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögum þessum. Landeigandi hefur ekki forgang að nýtingarleyfi vegna auðlindar í eignarlandi sínu, nema hann hafi áður fengið útgefið rannsóknarleyfi.

Nýtingarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynlega. Um veitingu leyfis, efni þess og afturköllun fer skv. VIII. kafla laga þessara.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar, umhverfisráðuneytis og viðkomandi sveitarstjórnar.

#### 7. gr.

Áður en nýtingarleyfishafi hefur vinnslu í eignarlandi þarf hann að hafa náð samkomulagi við landeiganda um endurgjald fyrir auðlindina eða fengið heimild til eignarnáms og óskað eftir mati samkvæmt ákvæðum 29. gr. Hafi hvorki náðst samkomulag um endurgjaldið né eignarnáms verið óskað innan 60 daga frá útgáfu nýtingarleyfis fellur það niður. Sama gildir ef nýting á grundvelli leyfisins er ekki hafin innan þriggja ára frá útgáfu leyfisins. Ákvæði þetta á einnig við um nýtingu auðlinda í þjóðlendum.

Hafi landeigandi sjálfur látið rannsaka auðlindir á eignarlandi sínu eða heimilað það öðrum en ekki hefur verið veitt nýtingarleyfi til nýtingar á viðkomandi auðlind í landi hans getur landeigandi eða sá sem rannsóknirnar annaðist krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna nýtanlegra rannsókna gegn afhendingu á niðurstöðum þeirra. Rísi ágreiningur um greiðsluna skal skorið úr því með mati skv. 29. gr.

**V. KAFLI****Jarðefni.**

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði III. og IV. kafla er heimilt án leyfis að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, mól, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand.

9. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja eignarlandi sínu rétt til jarðefna, nema með sérstöku leyfi ráðherra.

**VI. KAFLI****Jarðhiti.**

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsparfa, þar með talið til ylræktar, iðnaðar og iðju, allt að 3,5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu alls innan eignarlands. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum.

Um heimild til nýtingar á jarðhita til raforkuvinnslu fer samkvæmt ákvæðum orkulaga.

11. gr.

Nú vill landeigandi ekki standa að hagnýtingu jarðhita sem hann ræður yfir, og er þá ábúandi heimilt að nýta jarðhita í eigin þágu á sinn kostnað, enda verði ekki af því spjöll á öðrum landsgæðum.

Ábúandi má ekki hefja aðgerðir til hagnýtingar á jarðhita skv. 1. mgr. fyrr en úttektaarmenn hafa staðfest að spjöll verði ekki af þeim og hann hefur eftir atvikum tilkynnt um ráða-gerðir sínar skv. 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 10. gr. og 14. gr.

Hafi ábúandi nýtt sér heimild skv. 1. mgr. er landeiganda ekki skylt við brottför hans að leysa til sín mannvirki sem hafa verið gerð til að hagnýta jarðhita í öðru skyni en til heimilis- og búsparfa. Um mat á innlausnarverði skal fara samkvæmt ábúðarlögum.

12. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja eignarlandi sínu jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um sölu ríkisjarða eða jarða í eigu opinberra stofnana eða sjóða gilda þó ákvæði jarðalaga.

Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum eða við sölu jarðar frá sveitarfélagi.

13. gr.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna jarðhita innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa hitaveitu sem rekin er í sveitarfélaginu.

## VII. KAFLI

**Grunnvatn.**

## 14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsparfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju, allt að 70 ltr./sek. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að boranir geti spillt nýtingu sem fram fer á svæðinu eða möguleikum til nýtingar síðar.

## 15. gr.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna grunnvatns innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa vatnsveitu sem rekin er þar.

## VIII. KAFLI

**Skilyrði við veitingu leyfa, efni þeirra og afturköllun.**

## 16. gr.

Í umsóknum um rannsóknar- og nýtingarleyfi skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir umsækjanda eftir nánari ákvörðun ráðherra.

## 17. gr.

Við veitingu nýtingarleyfa skal þess gætt að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni. Telji ráðherra að umsækjandi um nýtingarleyfi uppfylli ekki þessar kröfur getur hann synjað um nýtingarleyfi eða sett sérstök skilyrði í nýtingarleyfi af þessu tilefni.

## 18. gr.

Í rannsóknar- og/eða nýtingarleyfi skal m.a. tilgreina:

1. Að samþykktir leyfishafa, ef um félag er að ræða, séu viðurkenndar af ráðherra.
2. Tímalengd leyfis, sérákvæði um hvenær starfsemi skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær henni skuli vera lokið.
3. Staðarmörk svæðis.
4. Til hvaða auðlinda samkvæmt lögum þessum leyfið tekur, ákvæði um magn og nýtingarhraða.
5. Að Orkustofnun samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum.
6. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa, þar með talda skyldu til afhendingar á sýnum og gögnum og hvernig hún skuli innt af hendi.
7. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir.
8. Kaup váttrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar leyfishafa.
9. Eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti.
10. Greiðslu leyfisgjalds til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfis.
11. Hvernig skuli ráðstafa vinnslumannvirkjum og vinnslutækjum að leyfistíma loknum.
12. Frágang á starfsstöðvum og landi sem breytt hefur verið við rannsókn eða nýtingu.

## 19. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að auglýsa í einu lagi eftir umsóknum um rannsóknarleyfi skv. 4. gr. á tilteknu landsvæði. Á sama hátt er ráðherra heimilt að auglýsa eftir umsóknum um nýtingarleyfi skv. 6. gr.

## 20. gr.

Ráðherra getur afturkallað leyfi samkvæmt lögum þessum ef skilyrðum þeirra er ekki fullnægt. Nú hlítir leyfishafi ekki skilyrðum þeim sem sett eru í leyfinu eða samningum sem tengjast leyfinu og skal þá ráðherra veita honum skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla leyfið.

Heimilt er að afturkalla leyfi ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga.

## IX. KAFLI

**Vernd og eftirlit með vinnslusvæðum, upplýsingagjöf,  
meðferð upplýsinga o.fl.**

## 21. gr.

Orkustofnun annast eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum jarðefna og jarðhitasvæðum, svo og vinnslusvæðum grunnvatns þar sem leyfi skv. 4. eða 6. gr. hefur verið veitt. Orkustofnun gefur iðnaðarráðherra skýrslu um framkvæmd leitar, rannsókna og vinnslu samkvæmt nánari fyrirmælum sem ráðherra setur með reglugerð. Um vernd og eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum gilda einnig lög um náttúruvernd.

## 22. gr.

Handhafi rannsóknar- eða nýtingarleyfis skal eigi sjaldnar en árlega og við lok leyfistíma senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um niðurstöður leitar og rannsókna, upplýsingar um eðli og umfang auðlinda, heildarmagn og mat á verðmæti auðlindar sem nýtt hefur verið og fleiri atriði samkvæmt nánari ákvæðum í viðkomandi leyfi. Þá skal leyfishafi senda sýni af jarðfræðilegum efnum óski Orkustofnun þess.

Við jarðboranir, sem framkvæmdar eru samkvæmt lögum þessum, þar með taldar jarðboranir landeiganda, skal færa dagbók er gefi upplýsingar um staðsetningu holunnar, jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og önnur atriði sem nánar skal ákveða í reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Orkustofnunar. Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbókinni eigi síðar en einum mánuði eftir að borun er lokið. Orkustofnun getur krafist þess að berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt. Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er leyfishafa jarðborunar skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur upp eða eykst í borholu. Ef verðmæt jarðefni finnast við jarðborun skal þegar í stað tilkynna það til Orkustofnunar.

## 23. gr.

Upplýsingar, sem veittar eru Orkustofnun eða öðrum opinberum aðilum samkvæmt lögum þessum, svo og niðurstöður rannsókna á innsendum sýnum, skulu bundnar trúnaði á gildistíma leyfis og framlengingar þess og forgangsréttartíma eins og hann er ákveðinn í 2. mgr. 5. gr., svo og á gildistíma nýtingarleyfis sem veitt er rannsóknarleyfishafa í kjölfar rannsóknarleyfis, nema annað sé sérstaklega ákveðið í leyfinu.

Upplýsingar, sem leyfishafi veitir Orkustofnun samkvæmt lögum þessum, skulu vera í vörslu stofnunarinnar. Nú er trúnaðarskylda skv. 1. mgr. fallin niður, og er Orkustofnun þá heimilt að láta umræddar upplýsingar í té eða nýta þær í þágu frekari leyfisveitingar.

## 24. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum eða grunnvatni hvort sem það er með ofaníbúð, framræslu eða með öðrum hætti. Ekki má breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum. Verði ágreiningur um þetta atriði skal afla mats dómkvaddra manna um það.

Mannvirki öll til hagnýtingar á auðlindum skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema honum sé skylt að hlíta því samkvæmt lögum eða samningum.

Þegar notkun borhola er hætt skal leyfishafi eða eigandi þeirra loka þeim og merkja.

## 25. gr.

Aðilar, sem vinna jarðhita eða grunnvatn úr jörðu, skulu haga vinnslu sinni með þeim hætti að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið. Í því sambandi skal m.a. ekki tekinn meiri jarðvarmi eða vatn en þörf er. Borunum skal hagað þannig að þær takmarki sem minnst frekari nýtingu síðar.

## 26. gr.

Landeiganda eða umráðamanni lands er skylt að veita rannsóknarleyfishöfum samkvæmt lögum þessum óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á. Þá er landeiganda og umráðamanni lands skylt að veita nýtingarleyfishöfum aðgang að því landi sem nýtingarleyfið tekur til, en þó ekki fyrr en leyfishafi hefur náð samkomulagi við landeiganda um endurgjald fyrir auðlindir eða eignarnám farið fram og umráðataka samkvæmt því.

Ber landeiganda eða umráðamanni skv. 1. mgr. að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkun á umráðarétti og óþægindum sem nauðsynleg eru vegna rannsókna eða nýtingar á auðlind í samræmi við viðkomandi leyfi.

Við nýtingu eða rannsóknir á auðlindum í jörðu skulu landeigendur og leyfishafar samkvæmt lögum þessum gæta þess að framkvæmdir valdi hvorki mönnum, munum né búpeningi hættu eða skaða. Jafnframt skulu landeigendur og leyfishafar gæta þess að valda ekki mengun og spjöllum á lífríki. Sama gildir um frágang nýtingarsvæðis ef nýting leggst af.

## 27. gr.

Komi upp ágreiningur milli rétthafa um nýtingu auðlindar, sem ekki fæst jafnaður, t.d. ef landamerki tveggja eða fleiri rétthafa liggja þannig að nýting auðlindar verður ekki aðskilin, skal afla mats dómkvaddra matsmanna um hvernig hagkvæmast er að hagnýta auðlindina og hver sé hlutfallslegur réttur hvers og eins til nýtingar.

## X. KAFLI

**Eignarnáms- og bótaákvæði.**

## 28. gr.

Nú veitir iðnaðarráðherra öðrum en landeiganda leyfi til að leita að og rannsaka auðlind innan eignarlands, og getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum vegna röskunar eða skemmda á landi og mannvirkjum. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

## 29. gr.

Nú hefur iðnaðarráðherra veitt aðila nýtingarleyfi vegna auðlinda í eignarlandi, en leyfishafi nær ekki samkomulagi við landeiganda um þau atriði sem nýtingarleyfið tekur til, þar



með talið um endurgjald fyrir auðlind, og getur iðnaðarráðherra þá tekið þær auðlindir eignarnámi ásamt nauðsynlegu landi, mannvirkjum, aðstöðu til vinnslu auðlindanna og öðrum réttindum landeiganda að því leyti sem nauðsyn ber til svo að leyfið geti komið að notum. Ráðherra afhendir leyfishafa þau verðmæti sem tekin eru eignarnámi. Leyfishafi ber allan kostnað af eignarnáminu.

Ráðherra er heimilt að ákveða að ríkið taki eignarnámi auðlindir í jörðu sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef þess reynist þörf til að koma við nýtingu þeirra eða koma í veg fyrir að nýting þeirra spilli fyrir hagnýtingu sömu auðlindar utan landareignarinnar.

Ráðherra getur heimilað sveitarfélagi að taka eignarnámi auðlindir sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef brýna nauðsyn ber til vegna almanna-hagsmuna í sveitarfélaginu.

Ef eignarnám skv. 1.–3. mgr. á hluta af eignarlandi hefur í för með sér verulega rýrnun þess að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til þess í heild sinni.

### 30. gr.

Þegar ákvörðun um eignarnám skv. 29. gr. liggur fyrir skal landeigandi segja til um það innan 45 daga hvort hann óskar eftir að endurgjald fyrir auðlindirnar verði metið sem bætur sem greiðast í einu lagi eða sem árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar samkvæmt nýtingarleyfi stendur yfir. Meta skal sérstaklega bætur vegna annars en endurgjalds fyrir auðlindina.

Óski landeigandi eftir því að fá bætur greiddar sem árlega greiðslu skal sú greiðsla ákveðin með eignarnámsmáti og vera ákveðin hundraðshluti eða önnur fast ákveðin eining miðað við verðmæti á tilteknu vinnslustigi. Heimilt er að tengja endurgjald að nokkru eða öllu leyti við afkomu viðkomandi vinnslu. Ákveða skal í matinu gjalddaga greiðslunnar, hvort og þá hvernig hún skuli breytast eða endurskoðuð. Landeigandi getur krafist þess að sett sé trygging fyrir hinni árlegu greiðslu og skal úrskurða um þá kröfu í matinu og form tryggingar.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum. Við ákvörðun eignarnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um auðlindina og kostnaðar af leit og vinnslu.

## XI. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 31. gr.

Iðnaðarráðherra hefur heimild til að semja við nýtingarleyfishafa um endurgjald fyrir auðlindir í eignarlöndum ríkisins að höfðu samráði við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar.

Til nýtingar á auðlindum í þjóðlendum þarf auk leyfis samkvæmt þessum lögum leyfi samkvæmt ákvæðum laga um þjóðlendur o.fl. Um samninga um endurgjald fyrir auðlindir í þjóðlendum og leigu fyrir nauðsynlegt land og önnur réttindi sem leyfishafi þarf til að hagnýta auðlind í þjóðlendum sem leyfið tekur til fer eftir reglum laga um þjóðlendur o.fl.

#### 32. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum eru ekki framseljanleg né má setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

#### 33. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

## 34. gr.

Lög þessi taka eftir því sem við á til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum er óheimil án leyfis iðnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum. Leyfi samkvæmt þessari grein skal veitt að höfðu samráði við umhverfisráðherra. Náttúrufræðistofnun Íslands fer með eftirlit með rannsókn og nýtingu samkvæmt þessari grein.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar í samráði við umhverfisráðherra.

Með örverum er átt við örverufræðilega einingu, myndaða af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis.

## 35. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

## 36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi námulög, nr. 24/1973, og III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum nr. 24/1973 og eru í gildi við gildistöku laga þessara, halda gildi sínu. Samningar um gjaldtöku vegna nýtingar á auðlindum, sem gerðir eru fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu.

Endurskoða skal ákvæði 34. gr. laganna fyrir 1. janúar 2001.

*Gjört í Reykjavík, 10. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Finnur Ingólfsson.*

## LÖG

**um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI  
**Skilgreiningar.**

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

**Eignarland:** Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

**Þjóðlenda:** Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunnir að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

**Afréttur:** Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.

## II. KAFLI Þjóðlendur.

### 2. gr.

Íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.

Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna sem ekki eru lögð til annarra ráðuneyta með lögum.

### 3. gr.

Enginn má hafa afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi, sbr. þó 5. gr., nema að fengnu leyfi skv. 2. eða 3. mgr. og að uppfylltum skilyrðum laga að öðru leyti.

Leyfi forsætisráðherra þarf til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu nema mælt sé fyrir um annað í lögum. Ráðherra er jafnframt heimilt að leyfa nauðsynleg afnot af landi til hagnýtingar á þessum réttindum.

Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr. þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki forsætisráðherra. Rísi ágreiningur um veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein sker forsætisráðherra úr honum.

Forsætisráðherra er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir nýtingu réttinda sem hann heimilar skv. 2. mgr. Með sama hætti er sveitarstjórn heimilt að fengnu samþykki forsætisráðherra að semja um endurgjald vegna afnota sem hún heimilar skv. 3. mgr. Tekjum af leyfum til nýtingar lands skv. 2. mgr. skal varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna, eftir nánari ákvörðun forsætisráðherra. Tekjum af leyfum sem sveitarstjórn veitir skv. 3. mgr. skal varið til hliðstæðra verkefna innan þeirrar þjóðlendu sem leyfið tekur til. Sveitarstjórn skal árlega gera forsætisráðherra grein fyrir ráðstöfun fjárins.

Forsætisráðherra skal árlega gefa Alþingi skýrslu um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi. Ríkisendurskoðun endurskoðar reikninga um innheimtu og ráðstöfun tekna af þjóðlendum.

Heimildir skv. 2. og 3. mgr. taka ekki til réttinda sem eru háð einkaeignarrétti eða fengin öðrum með lögum. Leiði afnot til skerðingar á eignarréttindum sem aðrir eiga í þjóðlendunni getur viðkomandi krafist bóta úr hendi leyfishafa. Náist ekki samkomulag um greiðslu bóta skal skorið úr þeim ágreiningi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Frá og með gildistöku laga þessara er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð.

### 4. gr.

Á vegum forsætisráðherra skal starfa samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna er í eiga sæti fulltrúar forsætisráðherra, félagsmálaráðherra, iðnaðarráðherra, landbúnaðarráðherra, samgönguráðherra og umhverfisráðherra og tveir fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi forsætisráðherra er formaður nefndarinnar. Nefndin skal vera forsætisráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna. Þá skal nefndin árlega gera tillögur til forsætisráðherra um ráðstöfun tekna af réttindum innan þjóðlendna.

Heimilt er forsætisráðherra að setja í reglugerð nánari reglur um meðferð og nýtingu þjóðlendna samkvæmt lögum þessum, þar með talið um skilyrði fyrir leyfum sveitarstjórna til afnota af þjóðlendum.

#### 5. gr.

Þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Sama gildir um önnur réttindi sem maður færir sönnur á að hann eigi.

### III. KAFLI

#### Óbyggðanefnd.

#### 6. gr.

Óbyggðanefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum varamönnum.

Forsætisráðherra skipar nefndarmenn. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna. Nefndarmenn skulu fullnægja skilyrðum til að gegna embætti héraðsdómara.

Forfallist aðalmaður við meðferð máls skal formaður ákveða hver úr hópi varamanna taki sæti hans. Með sama hætti getur formaður ákveðið að varamaður taki sæti aðalmanns við meðferð máls telji hann þörf vegna fjölda eða umfangs mála sem nefndin fjallar um. Sé mál munnlega flutt skal þess jafnan gætt að sami maður taki þátt í meðferð þess frá því að aðilum er gefinn kostur á að tjá sig fyrir nefndinni og þar til hún kveður upp úrskurð í málinu.

Telji formaður þörf sérkunnáttu við úrlausn máls getur hann kvatt til mann eða menn sem hafa slíka sérkunnáttu. Sé ekki talin þörf á fleiri en einum sérfróðum manni skal varamaður taka sæti samkvæmt ákvörðun formanns þannig að nefndin verði skipuð fimm mönnum.

Óbyggðanefnd skal heimilt að ráða starfsfólk sér til aðstoðar að höfðu samráði við forsætisráðherra. Hið sama gildir um skrifstofuaðstöðu fyrir hana.

Kostnaður vegna starfa óbyggðanefndar greiðist úr ríkissjóði.

#### 7. gr.

Hlutverk óbyggðanefndar skal vera:

- a. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

#### 8. gr.

Óbyggðanefnd skal að eigin frumkvæði taka til meðferðar og úrskurða um málefni sem undir hana heyra. Skal hún ákveða og tilkynna fyrir fram hvaða landsvæði ákveðið hefur verið að taka til meðferðar hverju sinni þannig að sá hluti landsins sem starfssvið nefndarinnar tekur til verði tekinn fyrir í áföngum. Stefnt skal að því að nefndin hafi lokið verkinu fyrir árið 2007.

#### 9. gr.

Sá sem telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana skal leggja fram skriflega beiðni þar um. Óbyggðanefnd skal taka beiðnina til meðferðar og tilkynna um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 1. mgr. 10. gr. Nefndinni er heimilt að ákveða að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar fyrir en kemur að viðkomandi landsvæði eftir ákvörðun skv. 8. gr.

## 10. gr.

Þegar nefndin hefur ákveðið að taka afmarkað svæði til meðferðar skal hún birta þá ákvörðun með því að gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á svæðinu að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan þriggja mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í. Óbyggðanefnd getur samþykkt að veita aðila sem þess óskar viðbótarfrest. Jafnframt skal nefndin láta þinglýsa slíkri ákvörðun á þær eignir sem skráðar eru í þinglýsingabók og eru á viðkomandi svæði. Sama máli gegnir ef mál er endurupptekið skv. 19. gr.

Jafnframt skal útdráttur úr efni tilkynningar skv. 1. mgr. birtur með auglýsingu í dagblaði.

Samhliða kröfum sínum skulu aðilar leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á.

Nefndin skal, þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr., hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum. Óbyggðanefnd getur heimilað að fram fari munnleg sönnunarfærsla fyrir nefndinni.

## 11. gr.

Fjármálaráðherra skal fara með fyrirsvar fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendu.

Sé um að ræða sameiginlegt upprekstrarland skal beina tilkynningum vegna þeirra sem þar eiga upprekstrarrétt til viðkomandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna eða upprekstrarfélags sem stofnað hefur verið um þessi mál og skulu þau hafa umboð til að ráðstafa málefni fyrir hönd einstakra rétthafa.

## 12. gr.

Óbyggðanefnd skal eftir að hún hefur gefið út tilkynningu skv. 10. gr. og kannað heimildir um viðkomandi landsvæði gera yfirlit yfir lýstar kröfur og láta færa þær inn á uppdrátt. Skal yfirlit þetta ásamt uppdrætti liggja frammi á skrifstofu sýslumanns eða sýslumanna í því eða þeim umdæmum sem svæðið á undir í að minnsta kosti einn mánuð. Athugasemdir skulu hafa borist óbyggðanefnd innan 30 daga frá þeim degi þegar kynningu lauk.

## 13. gr.

Óbyggðanefnd getur ákveðið að sameina meðferð og afgreiðslu mála varðandi einstök landsvæði í eitt mál eða fleiri og aðskilja mál óháð því hvernig aðilar kunna að hafa lagt mál fyrir nefndina eða hún tekið mál fyrir að eigin frumkvæði í upphafi.

Þrátt fyrir ákvarðanir sem óbyggðanefnd hefur tekið skv. 8. gr. getur hún ákveðið síðar að minnka eða stækka það landsvæði sem hún tekur til meðferðar í einstöku máli.

Komi það fram við meðferð máls að aðili, sem kann að telja til eignarréttinda, hafi ekki lýst kröfum sínum skal nefndin hafa frumkvæði að því að kanna hvort hann falli frá tilkalli, en ella gefa honum kost á að gerast aðili máls.

## 14. gr.

Úrlausnum óbyggðanefndar verður ekki skotið til ráðherra sem æðra stjórnvalds.

Mál sem heyrir undir óbyggðanefnd skv. 7. gr. verður ekki borið undir dómstóla fyrr en eftir að nefndin hefur lokið umfjöllun sinni um það.

## 15. gr.

Óbyggðanefnd leitar sátta með aðilum nema telja verði að sáttatilraun verði árangurslaus.

Telji nefndin að mál, sem borið er upp við hana, falli utan starfssviðs hennar skal hún synja um fyrirtöku málsins með úrskurði, en ávallt skal gefa aðila kost á að tjá sig sérstaklega um þetta atriði áður en úrskurður þar um er kveðinn upp.

Telji aðili að mál, sem óbyggðanefnd hefur til meðferðar, eigi ekki undir hana getur hann krafist þess að því verði vísað frá nefndinni.

## 16. gr.

Um form og efni úrskurða óbyggðanefndar sem fela í sér endanlegar lyktir máls fer eftir reglum stjórnáslulaga um úrskurði í kærumáli.

## 17. gr.

Óbyggðanefnd getur að kröfu aðila úrskurðað gagnaðila í einstöku máli sem rekið er fyrir nefndinni til greiðslu málskostnaðar honum til handa, enda hafi verið færðar fram kröfur, greinargerðir eða sjónarmið fyrir nefndinni, munnlega eða skriflega. Um málskostnað fer að öðru leyti eftir reglum um málskostnað í einkamálum.

Forsætisráðherra er heimilt að veita aðila að máli fyrir óbyggðanefnd gjafsókn í samræmi við reglur XX. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, en þó að teknu tilliti til þess að mál fyrir óbyggðanefnd kemur í stað málshöfðunar eða málsvarnar fyrir héraðsdómi eða æðra dómi. Umsögn óbyggðanefndar um gjafsókn skal koma í stað umsagnar gjafsóknarnefndar. Þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991 er heimilt að veita aðila sem fer með fyrirvar skv. 2. mgr. 11. gr. laganna, lögaðilum og einkaaðilum gjafsókn, enda hafi úrlausn máls

- a. verulega almenna þýðingu eða
- b. varði verulega miklu um hagsmuni umsækjanda og kostnaður af gæslu hagsmuna hans í málinu hefur fyrirsjáanlega mjög veruleg áhrif á efnahag umsækjanda.

Hafi aðila verið veitt gjafsókn skal hann gera kröfu um að óbyggðanefnd úrskurði gagnaðila til greiðslu málskostnaðar skv. 1. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 128. gr. laga nr. 91/1991. Óbyggðanefnd skal í úrskurði sínum í máli þar sem aðili hefur gjafsókn ákveða honumeða umboðsmanni hans þóknun fyrir flutning máls nema slík þóknun hafi verið undanþekin gjafsókn.

## 18. gr.

Fullnægja má ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar um málskostnað með aðför.

Birta skal úrskurði óbyggðanefndar fyrir þeim aðilum sem lýst hafa kröfum og þeim sem úrskurðað er að eigi réttindi á viðkomandi svæði. Útdráttur úr úrskurði skal birtur í Lögbirtingablaði ásamt uppdrætti. Óbyggðanefnd skal annast um að úrskurðir hennar verði gefnir út.

Óbyggðanefnd skal hafa frumkvæði að því að þinglýsa úrskurðum sem fela í sér eignarheimildir. Ekki skal innheimta þinglýsingar- og stimpilgjöld af slíkum skjölum né heldur við þinglýsingar skv. 1. mgr. 10. gr.

## 19. gr.

Sá sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skal höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem útdráttur úr úrskurði er birtur í skv. 2. mgr. 18. gr. Er þá unnt að leggja til úrlausnar dómstóla hverja þá kröfu sem gerð hefur verið fyrir nefndinni.

IV. KAFLI  
**Ýmis ákvæði.**

20. gr.

Hafi mál verið höfðað fyrir dómi þar sem kröfur eru gerðar um efni sem á undir óbyggðanefnd samkvæmt lögum þessum skal þeim málum lokið þar þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 14. gr.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

*Gjört í Reykjavík, 10. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Davíð Oddsson.*

**LÖG**  
**um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar,**  
**með síðari breytingum.**

**HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir I. kafla laganna kemur nýr kafli, I. kafli A, **Tryggðir samkvæmt lögunum**, með fjórum nýjum greinum, 9. gr. a – 9. gr. d, er orðast svo:

a. (9. gr. a.)

Sá sem búsettur er hér á landi telst tryggður, sbr. þó 24. gr., að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna, nema annað leiði af milliríkjasamningum.

Með búsetu skv. 1. mgr. er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga.

Tryggingastofnun ríkisins ákvarðar hvort einstaklingur telst tryggður hér á landi samkvæmt lögunum. Um málskot fer skv. 7. gr.

b. (9. gr. b.)

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur, sem tryggður er samkvæmt lögunum, sé áfram tryggður þótt hann uppfylli ekki skilyrði 9. gr. a, enda starfi viðkomandi erlendis fyrir aðila sem hafi aðsetur og starfsemi á Íslandi og tryggingagjald, sbr. lög um tryggingagjald, sé greitt hér á landi af launum hans. Sama gildir um maka hans og börn undir 18 ára aldri sem dveljast með honum.

Umsókn um tryggingu samkvæmt þessari grein skal berast Tryggingastofnun ríkisins eigi síðar en fjórum vikum fyrir brottför af landinu.

c. (9. gr. c.)

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur, sem tryggður er samkvæmt lögunum, sé áfram tryggður, sbr. þó 24. gr., í allt að eitt ár frá brottför af landinu þótt hann uppfylli ekki skilyrði 9. gr. a eða 9. gr. b, enda leiði milliríkjasamningar ekki til annars. Skilyrði þessa er að viðkomandi hafi haft samfellda fasta búsetu hér á landi eigi skemur en fimm ár fyrir brottför og að það sé ekki tilgangur farar að leita lækni-meðferðar.

Umsókn um tryggingu samkvæmt þessari grein skal berast Tryggingastofnun ríkisins eigi síðar en fjórum vikum fyrir brottför af landinu.

d. (9. gr. d.)

Ráðherra setur reglugerð um einstök atriði er varða framkvæmd þessa kafla, m.a. um skráningu Tryggingastofnunar ríkisins á tryggingaréttindum einstaklinga og hvað telja skuli viðurkennt nám erlendis.

2. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Sá sem átt hefur lögheimili í landinu í sex mánuði í skilningi lögheimilislaga og laga um tilkynningar aðsetursskipta, sbr. og ákvæði I. kafla A laga þessara, telst sjúkratryggður, nema annað leiði af milliríkjasamningum. Heimilt er að greiða nauðsynlega þjónustu í skyndilegum sjúkdómstíffellum þótt biðtíminn sé ekki liðinn.

b. 4. mgr. orðast svo:

Ráðherra getur sett reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd sjúkratrygginga, um starfsemi sjúkratryggingadeildar og um undanþágur frá sex mánaða lögheimilisskiptum og framkvæmd þeirra.

4. gr.

53. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999. Ákvæði b-liðar 3. gr. öðlast þó þegar gildi.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur, sem uppfyllti skilyrði 9. gr. b 1. janúar 1994 eða síðar, teljist tryggður hér á landi.

Umsókn um tryggingu samkvæmt heimild í þessu ákvæði skal berast Tryggingastofnun ríkisins eigi síðar en 1. júlí 2000.

*Gjört í Reykjavík, 12. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Ingibjörg Pálmadóttir.*



# LÖG

## um loftferðir.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

Lög þessi gilda á íslensku yfirráðasvæði og um borð í íslenskum loftförum hvar sem þau eru stödd, nema samningar við önnur ríki eða lög þess ríkis er loftfarið fer um leiði til annars.

Samgönguráðherra ákveður að hve miklu leyti reglur settar samkvæmt heimild í lögum þessum gildi utan íslensks yfirráðasvæðis.

###### 2. gr.

Loftfar samkvæmt lögum þessum telst sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um tæki sem ætluð eru til að hreyfast um loftið en eru eigi loftför.

Ráðherra getur undanþegið ákvæðum laga þessara eða sett sérreglur um loftför sem ekki hafa stjórnanda innan borðs, eru ekki knúin hreyfli eða eru annars sérstakrar tegundar.

###### 3. gr.

Loftfari er aðeins heimil ferð um íslenskt yfirráðasvæði að uppfylltu einhverju af eftirfarandi skilyrðum:

- a. Það hafi íslenskt þjóðerni.
- b. Það hafi þjóðerni ríkis sem hefur með sáttmála verið veittur réttur til loftferða um íslenskt yfirráðasvæði.
- c. Það hafi sérstaka heimild samgönguráðherra til ferðar um íslenskt yfirráðasvæði. Slík leyfi má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg teljast og eru þau afturkallanleg án fyrirvara.

###### 4. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem vegna almannaöryggis eða allsherjarreglu, getur samgönguráðherra takmarkað eða bannað loftferðir almennt eða um hluta af íslensku yfirráðasvæði.

Flugmálastjórn er heimilt að banna flug yfir hljóðhraða innan íslensks yfirráðasvæðis.

#### II. KAFLI

##### Stjórn flugmála.

###### 5. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn flugmála.

## 6. gr.

Flugmálastjórn Íslands er sérstök stofnun undir stjórn flugmálastjóra sem fer með framkvæmdarvald samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum og stjórnvaldsreglum sem settar eru á sviði loftferða.

Samgönguráðherra skipar flugmálastjóra til fimm ára í senn. Ráðherra ræður framkvæmdastjóra einstakra sviða stofnunarinnar að fenginni umsögn flugmálastjóra. Flugmálastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Nánar skal kveðið á um hlutverk Flugmálastjórnar Íslands með reglugerð.

## 7. gr.

Flugmálastjórn skal heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna og eiga aðild að fyrirtækjum sem eru hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfseignarstofnanir með það að markmiði að vinna að rannsókn og þróun á starfssviði stofnunarinnar og hagnýta niðurstöður þess starfs.

Enn fremur er Flugmálastjórn heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna hlutafélag til að markaðsfæra og selja þjónustu stofnunarinnar.

Þá skal Flugmálastjórn heimilt, að fengnu samþykki samgönguráðherra, að eiga aðild að fyrirtækjum sem eru hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfseignarstofnanir og fela þeim að annast framkvæmd og rekstur á einstökum þjónustubáttum á starfssviði stofnunarinnar, enda sé slíku félagi eða fyrirtæki gagngert komið á fót í þessu skyni.

Fjárveitingar samkvæmt þessari grein skulu vera samkvæmt heimild í fjárlögum og flugmálaáætlun.

## 8. gr.

Flugráð er skipað fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Varamenn taka sæti í forföllum aðalmanna.

Alþingi kýs hlutfallskosningu þrjú menn í ráðið og jafnmarga til vara. Samgönguráðherra skipar tvo og jafnmarga til vara með sérþekkingu á flugmálum. Fulltrúar skipaðir af samgönguráðherra skulu vera formaður og varaformaður flugráðs.

Skipunartími flugráðs skal vera fjögur ár, en skipunartími ráðherraskipaðra fulltrúa skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar.

Flugráð skal vera samgönguráðherra og flugmálastjóra til ráðuneytis um flugmál.

Verkefni flugráðs við stjórn flugmála eru eftirfarandi:

- a. Stefnumótun í flugmálum, innan lands og í millilandaflugi.
- b. Framkvæmdaverkefni og gerð flugmálaáætlunar lögum samkvæmt.
- c. Fjárlagatillögur og rekstraráætlanir.
- d. Gjaldskrártillögur.
- e. Reglugerðir um flugmál.
- f. Málefni sem samgönguráðherra eða Alþingi sendir flugráði til umfjöllunar.
- g. Mál sem flugmálastjóri eða einstakir flugráðsmenn óska að fjallað verði um.

Flugmálastjóri situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti ásamt þeim starfsmönnum Flugmálastjórnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir. Nánar skal kveðið á um hlutverk flugráðs með reglugerð.

## III. KAFLI

**Skrá um íslensk loftför.**

## 9. gr.

Flugmálastjórn skal halda skrá um íslensk loftför, loftfaraskrá.

Hafi loftfar verið skráð samkvæmt ákvæðum laga þessara hlýtur það íslenskt þjóðerni og Flugmálastjórn gefur út númerað þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa loftfarinu. Loftfarið hefur íslenskt þjóðerni meðan skírteinið heldur gildi sínu.

Þegar loftfar er skráð skal merkja það íslensku þjóðernismerki og skrásetningarmarki og gefa því skrásetningarnúmer. Þjóðernis- og skráningarmarki skal loftfarið bera meðan skrásetning þess er í gildi. Skrásetningarnúmeri má ekki breyta.

Um skrásetningu réttinda í loftförum gilda sérstök lög. Sýslumaðurinn í Reykjavík annast framkvæmd þeirrar réttindaskrár.

Flugmálastjórn skal tilkynna skrásetjara réttinda í loftförum svo fljótt sem verða má allar breytingar er verða á loftfaraskrá.

#### 10. gr.

Heimilt skal að skrásetja hér á landi loftfar sem er í eigu íslenskra ríkisborgara er eiga lögheimili hérlendis eða íslenskra lögaðila sem eiga heimili hér á landi. Réttur til skrásetningar loftfars er þó háður því að fullnægt sé skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Þó er heimilt að skrá á Íslandi loftfar sem íslenskum flugrekanda er heimilt að nota í rekstri sínum ef það er í eigu einstaklinga eða lögaðila með ríkisfang og heimilisfesti í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Flugmálastjórn getur heimilað skráningu loftfars hér á landi þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr., enda sé loftfarið í umráðum íslensks aðila og sérstakar ástæður mæli með slíku leyfi.

#### 11. gr.

Loftfar, sem skrásett er erlendis, verður eigi skráð hér á landi fyrr en það hefur verið strikað af erlendri skrá.

Ef á loftfari hvíla skráð réttindi sem meta skal gild hér á landi samkvæmt samningi við erlent ríki verður loftfarið eigi tekið á íslenska skrá, nema réttihöfum hafi verið gerð full skil, þeir samþykki flutninginn eða réttindin séu niður fallin við nauðungarsölu.

#### 12. gr.

Loftfar skal eigi skrásetja, nema það hafi tegundarskírteini sem Flugmálastjórn hefur gefið út eða metið gilt eða annars konar vottorð sem Flugmálastjórn metur fullnægjandi.

Heimilt er ráðherra að setja sérreglur um loftför án tegundarskírteina, svo sem heimasmiðuð loftför, og um skráningu slíkra loftfara með reglugerð.

#### 13. gr.

Skrásetja skal loftfar samkvæmt skriflegri umsókn eiganda þess. Umsókn skal geyma skýrslur sem nauðsynlegar eru til skrásetningar og henni skulu fylgja skilríki fyrir því að umsækjandi sé eigandi loftfarsins, hvenær og af hverjum það er smíðað og svo að skilyrðum 10.–12. gr. sé fullnægt. Ef eignarréttur umsækjanda er bundinn skilyrðum eða takmörkunum sem geta leitt til þess að eignarrétturinn flytjist til annars aðila skal geta þess í umsókn.

#### 14. gr.

Ef skilyrði eru til skrásetningar að dómi Flugmálastjórnar skrásetur hún loftfar og lætur því í té skrásetningarmarki og númer.

Á skrá skal setja:

- a. þjóðernismerki, skrásetningarmarki og skrásetningarnúmer loftfars,
- b. nauðsynlega skýrslu um annað það er einkennir loftfar, svo sem tegund og gerð loftfars, verksmiðjunúmer á skrokk og hreyflum og smíðaar,
- c. skýrslu um eiganda, nafn hans, heimili og eignartöku hans á loftfari og, sé því að skipta, skilyrði og hömlur sem greindar eru í 13. gr.,
- d. hver er umráðandi ef hann er annar en eigandi,
- e. dag og ár skrásetningar,
- f. aðrar skýrslur eftir ákvörðun Flugmálastjórnar.

## 15. gr.

Ef eigendaskipti verða á loftfari eftir skrásetningu, að nokkru eða öllu, eigandi þess breytir þjóðerni sínu eða gerð er breyting á loftfarinu sem máli skiptir um kennsl á því skal eigandi tafarlaust tilkynna Flugmálastjórn breytinguna og leggja fram nauðsynlegar skýrslur og skilríki. Á sama hátt skal fara með þegar eigandi fullnægir eigi lengur skilyrðum 10. gr.

Verði eigendaskipti að loftfari að nokkru eða öllu leyti með samningi hvílir tilkynningar-skylda einnig á afsalsgjafa. Fari eigendaskipti á loftfari fram fyrir nauðungarsölu, gjaldþrot eða opinber skipti hvílir slík skylda á þeim sem gefur út afsal og kaupanda.

Flugmálastjórn skal skrá breytingu og gæta ákvæða 13. og 14. gr. eftir því sem þörf er á.

## 16. gr.

Loftfar skal strika af skrá þegar:

- a. skráður eigandi krefst þess,
- b. skilyrðum 10. gr. er eigi lengur fullnægt, enda veiti Flugmálastjórn eigi leyfi til að skráning loftfarsins haldist,
- c. loftfar er rífið eða það hefur eyðilagst,
- d. loftfar er horfið; loftfar telst horfið þegar liðnir eru þrjú mánuðir frá því að síðasta flug hófst og eigi er vitað að það sé enn óskaddað.

Hafi eitthvert þeirra tilvika fyrir borið sem nefnd eru í b–d-liðum 1. mgr. skal eigandi loftfars tafarlaust tilkynna það skráningaryfirvöldum, enda hafi það eigi þegar verið gert skv. 15. gr.

Hafi loftfar eigi haft gilt lofthæfisskírteini í þrjú ár má strika það af skrá, enda afli eigandi eigi slíks skírteinis áður en liðinn er frestur sem skrásetningaryfirvöld setja honum.

Ef skráð eru réttindi í loftfari skal ekki fella það niður af loftfaraskrá, nema réttthafi samþykki það.

## 17. gr.

Ef skráð loftfar er selt gegn afborgun og eignarréttarfyrirvara eða samningur gerður um kaup- eða fjármögnunarleigu skal tilkynna samninginn tafarlaust til Flugmálastjórnar. Tilkynningarskylda hvílir bæði á eiganda og umráðanda.

Flugmálastjórn skal skrá málavexti og fá afrit viðkomandi samninga.

Ef loftfar, sem skráð er hér á landi, er látið í forræði leigutaka, eða annars sem notar það á eigin kostnað, er leigutaka eða þeim sem notar það skylt að afla samþykkis Flugmálastjórnar áður en notkun hefst.

## 18. gr.

Ef loftfar er fellt niður af skrá skal eigandi þess, eða fyrri eigandi sé það komið í eigu erlends aðila, tafarlaust senda Flugmálastjórn þjóðernis- og skrásetningarskírteinið.

Ef færð er í skrána einhver breyting á þeim atriðum sem getur í skírteininu skal eigandinn án tafar senda Flugmálastjórn skírteinið og skráir hún breytingarnar á skírteinið eða gefur út nýtt skírteini í stað hins.

## 19. gr.

Í íslensku loftfari, sem er í flugferðum samkvæmt lögum þessum, skal vera:

- a. staðfesting á þjóðernisskráningu,
- b. gilt lofthæfisskírteini,
- c. gilt leyfisbréf fyrir hvern flugliða sem skylt er að beri skírteini við starf sitt,
- d. loftferðadagbók,
- e. talstöðvarskírteini,
- f. farþegalisti, ef loftfarið flytur farþega í flugi milli landa, og skulu þar greind nöfn þeirra, flugvöllur þar sem þeir eru teknir og flugvöllur sá er þeir ætla til; farþegalisti skal jafnframt liggja frammi í brottfararflughöfn, og gildir það einnig um innanlandsflug,

g. farmskírteini og sundurliðuð skýrsla um farm, ef það flytur farm í flugi milli landa.

Í erlendu loftfari á íslensku yfirráðasvæði skulu vera samsvarandi skilríki frá viðkomandi erlendu ríki eða ríkjum sem rétt hafa til flugferða um íslenskt yfirráðasvæði.

Sá sem hagsmuna hefur að gæta að lögum hefur rétt til að kynna sér efni dagbóka og annarra loftfarsskjala.

Ef ekki er öðruvísi mælt í sérstökum lögum setur Flugmálastjórn reglur um dagbækur og önnur loftfarsskjöl, vist þeirra í loftfari og, ef þurfa þykir, gerð þeirra, ritun og geymslu.

#### IV. KAFLI

##### Lofthæfi.

###### 20. gr.

Loftfar, sem notað er til loftferða eftir lögum þessum, skal vera lofthæft.

Loftfar er einungis lofthæft ef það fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

- a. það er hannað samkvæmt viðeigandi stöðlum og hefur skírteini er vottar slíkt,
- b. það er framleitt af viðurkenndum framleiðanda; heimilt er þó að sérreglur gildi um heimasmiðuð loftför, sbr. 12. gr.,
- c. viðhald þess og reglubundið eftirlit er í samræmi við reglur og fyrirmæli flugmálayfirvalda um stjórnun á viðhaldi þess og notkun viðurkenndra viðhaldsstöðva, grannskoðun, viðgerðir, breytingar og ísetningu búnaðar,
- d. það uppfyllir stjórnvaldskröfur um mengunarvarnir, m.a. vegna hávaða og útblásturs,
- e. loftfarið, áhöfn þess og farþegar eru váttryggð á fullnægjandi hátt svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

###### 21. gr.

Flugmálastjórn hefur eftirlit með því að loftför, sem notuð eru til loftferða eftir lögum þessum, séu lofthæf og framkvæmir úttektir og skoðanir eftir því sem þörf krefur.

Flugmálastjórn er heimilt að láta íslenskan eða erlendan aðila eða erlent stjórnvald, sem hún velur og til þess er hæft, framkvæma skoðun og eftirlit.

###### 22. gr.

Ef sannreynt er með skoðun eða á annan hátt að loftfar sé lofthæft gefur Flugmálastjórn út lofthæfisskírteini handa loftfarinu. Gefa má út skírteini til tiltekins tíma og má takmarka það við loftferðir tiltekinna tegundar eða á tilteknu svæði.

Flugmálastjórn getur kveðið svo á að taka skuli upp í skírteinið eða sérstakt skjal, sem fylgir skírteininu, leiðbeiningar um notkun loftfarsins, enda teljist það þá lofthæft þegar leiðbeiningunum er fylgt.

###### 23. gr.

Íslenskt loftfar, sem notað er til loftferða eftir lögum þessum, skal til sönnunar um lofthæfi sitt hafa lofthæfisskírteini um borð sem er gefið út eða staðfest af Flugmálastjórn.

Erlent loftfar í loftferðum um íslenskt yfirráðasvæði skal annaðhvort hafa slíkt skírteini eða lofthæfisskírteini sem gefið hefur verið út eða staðfest í erlendu ríki sem samið hefur verið við um viðurkenningu þess háttar skírteinis hér á landi.

###### 24. gr.

Lofthæfisskírteini verður ógilt:

- a. þegar ekki er fylgt skyldubundinni viðhaldsstjórnun eða skyldubundið viðhald hefur ekki verið framkvæmt á loftfari,
- b. þegar gerð hefur verið óheimil breyting á loftfari eða búnaði þess,
- c. þegar loftfar eða búnaður þess hefur orðið fyrir spjöllum sem einsýnt er að máli skipta um lofthæfi þess,
- d. þegar lögskyldar váttryggingar falla úr gildi.

Verði skírteini ógilt getur Flugmálastjórn krafist afhendingar þess. Ógildingin helst uns bætt hefur verið úr ágöllum þeim sem um er að ræða.

25. gr.

Ákvæði 22. og 24. gr. um íslenskt lofthæfisskírteini skulu með tilsvarendi hætti eiga við um staðfestingu Flugmálastjórnar á erlendu lofthæfisskírteini og um endurnýjun og ógildingunni slíkrar staðfestingar.

26. gr.

Umráðanda loftfars samkvæmt loftfaraskrá, sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum, ber skylda til að sjá svo um að loftfar í notkun sé lofthæft og ber hann ábyrgð á að því fylgi gilt lofthæfisskírteini.

Ef eitthvað ber við sem máli skiptir um lofthæfi skal skráður umráðandi í loftfaraskrá eða flugstjóri loftfars tilkynna Flugmálastjórn það svo fljótt sem verða má og veita henni alla vitneskju sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits með lofthæfinu.

Flugmálastjórn skal heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum þessa kafla og reglum settum samkvæmt þeim þegar nauðsynlegt þykir að prófa kosti loftfars eða aðrar sérstakar ástæður eru til.

27. gr.

Flugmálastjórn, svo og aðila þeim eða yfirvaldi er getur í 2. mgr. 21. gr. og Flugmálastjórn hefur samþykkt, er heimill aðgangur að hverju því loftfari sem notað er til loftferða eftir lögum þessum. Nefndum aðilum er heimilt að framkvæma hverja þá rannsókn á loftfariinu og búnaði þess sem þeir telja nauðsynlega við skoðun og eftirlit. Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að krefja umráðanda samkvæmt loftfaraskrá, flugstjóra og áhöfn loftfars þeirrar aðstoðar sem þörf er á. Þeim er þannig heimilt að krefjast þess að loftfarið sé haft tiltækt til skoðunar, það affermt og prófflug og önnur próf framkvæmd. Heimild þessi tekur jafnframt til erlendra loftfara sem eiga viðdöl á Íslandi.

Rannsókn samkvæmt þessari grein skal framkvæma með þeirri nærgætni sem kostur er.

28. gr.

Flugmálastjórn getur ákveðið að smíði loftfara, búnaðar, tækja og varahluta þeirra og nánar tiltekin störf við viðhald, viðgerðir og breytingar á loftförum, búnaði, tækjum og varahlutum þeirra skuli einungis falin viðurkenndum viðhaldsaðilum eða framleiðendum.

V. KAFLI

**Flugverjar.**

29. gr.

Hvert það loftfar sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum skal skipað áhöfn í samræmi við fyrirmæli stjórnvalda. Í áhöfn eru starfsmenn sem gegna starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur, enda telst starf þeirra nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna.

Skráður umráðandi samkvæmt loftfaraskrá og flugstjóri loftfars ábyrgjast að það sé réttléga skipað áhöfn.

30. gr.

Umráðandi loftfars er ábyrgur fyrir því að ákvæði um áhöfn séu haldin. Flugmálastjórn hefur eftirlit með því að ákvæði um áhöfn séu haldin. Henni er heimilt að láta íslenskan eða erlendan aðila eða erlent yfirvald, sem til þess er hæft samkvæmt íslenskum lögum, framkvæma eftirlitið.

## 31. gr.

Samgönguráðherra ákveður með reglugerð hvaða skilyrðum flugliðar er í loftfari starfa skuli fullnægja um ríkisfang, aldur, líkamlegt og andlegt hæfi, reglusemi, menntun og þjálfun. Hann ákveður jafnframt með reglugerð hvaða flugverjar skuli bera skírteini því til staðfestu að þeir fullnægi skilyrðunum og nefnast þeir flugliðar.

## 32. gr.

Flugmálastjórn gefur út skírteini flugliða, enda sanni sá er í hlut á að hann fullnægi skilyrðum til að rækja starfann.

Skírteini má binda við loftferðir loftfara tiltekinnar tegundar eða loftferðir á tilteknu svæði.

Skírteini skal gefa út í samræmi við reglugerð sem samgönguráðherra setur, enda fullnægi handhafi þess lögæltum skilyrðum til starfans. Um staðfestingu erlendra skírteina skal fara samkvæmt sömu reglugerð.

Heimilt er Flugmálastjórn að synja þeim manni skírteinis sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun sem veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið, enda hafi brot varðað fangelsi.

## 33. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að synja um viðurkenningu á skírteini sem annað ríki hefur veitt íslenskum ríkisborgara, að því er tekur til loftferða yfir íslensku yfirráðasvæði, ef ekki leiðir annað af milliríkjasamningum.

## 34. gr.

Hafi maður skírteini, sem Flugmálastjórn hefur gefið út eða metið gilt, skal hann svo fljótt sem verða má tilkynna henni atriði sem máli skipta er meta skal hvort hann fullnægir áfram skilyrðum til starfans. Honum er skylt hvenær sem er að gangast undir þá rannsókn og þau próf sem Flugmálastjórn telur nauðsynleg.

Verði lækniur þess vís að flugliði er haldinn slíkri heilsubilun að hætta stafi af starfa hans í loftfari ber læknum að vara hann við og tilkynna Flugmálastjórn vitneskju sína.

Flugmálastjórn getur hvenær sem er fellt skírteini úr gildi ef hún telur að skírteinishafi fullnægi ekki lengur skilyrðum til þess starfs sem skírteinið varðar. Að jafnaði skal skírteinið þá fyrst fellt úr gildi um stundarsakir eða þar til útkljáð er hvort það skuli endanlega fellt úr gildi.

## 35. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að leyfa að loftfar sé notað til loftferða í æfingarskyni eða annars séu sérstakar ástæður til þótt það sé eigi skipað áhöfn samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

## 36. gr.

Flugverji skal hlýða skipunum yfirmanna sinna í starfa sínum, vera umhyggjusamur um loftfar, menn og varning sem í því eru og rækja starfsskyldur sínar af samviskusemi.

## 37. gr.

Enginn flugverji eða annar starfsmaður má hafa með hendi starfa í loftfari, vera við stjórn loftfars, stjórn loftferðum eða veita öryggisþjónustu vegna loftferða sé hann vegna neyslu áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja, vegna sjúkdóms eða þreytu eða annarrar líkrar orsakar óhæfur til að rækja starfann á tryggilegan hátt.

Nú er vínandamagn í blóði yfir 0,2‰ eða áfengi í líkama sem leitt getur til slíks vínandamagns í blóði og telst hlutaðeigandi þá undir áhrifum áfengis og ekki hæfur til þess starfa sem getur í l. mgr. Það leysir ekki undan sök þótt maður haldi vínandamagn í blóði sínu minna.

Enginn þeirra sem hér um ræðir má neyta áfengis síðustu átta klukkustundirnar áður en störf eru hafin né heldur meðan verið er að starfi. Varðar það að jafnaði skírteinismissi, ekki skemur en í þrjá mánuði en fyrir fullt og allt ef sakir eru miklar eða brot ítrekað. Þá mega þeir ekki neyta áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja næstu sex klukkustundir eftir að vinnu lauk, enda hafi þeir ástæðu til að ætla að atferli þeirra við starfann sæti rannsókn. Lögreglumönnum er heimilt þegar rökstudd ástæða er til að flytja aðila til læknis til rannsóknar, þar á meðal til blóð- og þvagrannsóknar, og er honum skylt að hlýta nauðsynlegri meðferð læknis.

Samgönguráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um lágmarkshvildartíma með það að markmiði að tryggja fyllsta flugöryggi.

#### 38. gr.

Ef flugverji veikist eða slasast fjarri heimili sínu og fjarvistin er vegna starfs hans ber vinnuveitanda að greiða allan kostnað við læknishjálp, sjúkrahúsvist og flutning sjúklings til heimilis hans.

#### 39. gr.

Samgönguráðherra kveður á um að hve miklu leyti ákvæði þessa kafla skuli taka til erlends loftfars á íslensku yfirráðasvæði.

#### 40. gr.

Flugstjóri skal vera í hverju því íslensku loftfari sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum.

Flugstjóri hefur æðsta vald í loftfari.

#### 41. gr.

Flugstjóri sér um að loftfar hafi ferðbundið lofthæfi og sé tilhlýðilega búið, skipað áhöfn og fermt, og að flug sé að öðru leyti undirbúið og framkvæmt samkvæmt gildandi reglum.

Flugstjóri skal tilkynna Flugmálastjórn um atriði sem máli skipta um lofthæfi og láta henni í té skýrslur sem nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlits með lofthæfinu. Honum er skylt samkvæmt reglum er Flugmálastjórn setur að gefa Flugmálastjórn skýrslur um atriði sem máli skipta þegar meta skal starfshæfni flugverja.

#### 42. gr.

Flugstjóri hefur undir sinni forsjá loftfar, áhöfn, farþega og farm.

Honum er heimilt, þegar hann telur nauðsyn til, að setja flugverja um stundarsakir til annarrar þjónustu en þeirrar sem þeir eru ráðnir til.

Farþegum er skylt að fara eftir þeim fyrirmælum sem flugstjóri setur um góða hegðun og reglu í loftfari.

Flugstjóra er heimilt, þegar nauðsyn ber til, að synja viðtöku í loftfar eða vísa úr því flugverjum, farþegum eða varningi og farangri.

#### 43. gr.

Flugstjóra er heimilt að þröngva mönnum með valdi til hlýðni við sig, enda sé það nauðsynlegt til að halda uppi góðri hegðun og reglu í loftfari.

Ef loftfar er í hættu statt eða annars konar neyðarástand er fyrir hendi er flugstjóra heimilt að beita hverri þeirri aðferð sem nauðsynleg er til að koma á reglu og hlýðni. Hverjum flugverja er skylt, án þess að á hann sé skorað, að veita flugstjóra aðstoð.

Ef manni, sem neitar að hlýða, er veittur áverki getur hann einungis komið fram ábyrgð af þeim sökum að harðari aðferðum hafi verið beitt en ástæða var til.



## 44. gr.

Ef stórfellt lögbrot er framið í loftfari ber flugstjóra að gera þær ráðstafanir sem hann getur og nauðsynlegar eru til að afla réttar vitneskju um málið og sem eigi má að meinalausu fresta.

Flugstjóri skal, svo sem kostur er, sjá um að hinn grunaði komist eigi undan og er flugstjóra heimilt, ef nauðsyn ber til, að setja hann í gæslu uns hann verður afhentur lögreglu á Íslandi eða yfirvöldum er í hlut eiga erlendis.

Flugstjóra er heimilt að taka í sína umsjá hluti sem ætla má að séu sönnunargögn uns þeir verða afhentir lögreglu eða yfirvöldum.

## 45. gr.

Flugstjóri ber ábyrgð á að lögmæltar dagbækur og önnur flugskjöl séu í loftfari og að skráð sé í bækur þessar og skjöl svo sem lög og stjórnvaldsfyrirmæli segja til um.

## 46. gr.

Lendi loftfar í háska skal flugstjóri gera allt sem honum er unnt til bjargar loftfari, mönnum og varningi sem í því eru. Ef nauðsyn ber til að yfirgefa loftfarið skal hann eftir megni sjá um að flugskjölum sé komið á óhultan stað.

## 47. gr.

Verði flugslys sem af hlýst mannlát, stórfelld meiðsl á mönnum eða stórfelld spjöll á loftfari eða eignum utan þess ber flugstjóra eða öðrum flugverjum tafarlaust að sjá um að rannsóknarnefnd flugslysa sé tilkynnt um slysið og gefa síðan skýrslu um það svo fljótt er verða má. Sama gildir ef alvarleg hættu á slíku slysi hefur vofað yfir eða eitthvað hefur gerst sem bendir til þess að meiri háttar löstur sé á loftfari, flugvelli eða flugleiðsögubúnaði eða rekstri þeirra.

Ef flugstjóra er eigi unnt að gefa hina lögmæltu tilkynningu eða skýrslu hvílir skylda til þess á skráðum umráðanda loftfars í loftfaraskrá.

Samgönguráðherra er heimilt að setja nánari reglur um þessa tilkynningarskyldu, að ákveða að skylda þessi taki til fleiri flugverja en flugstjóra eða að tilkynna skuli fleirum en rannsóknarnefnd flugslysa.

## VI. KAFLI

## Vinnuumhverfi áhafna loftfara.

## 48. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda um alla starfsemi sem áhöfn loftfars vinnur fyrir flugrekanda. Flugrekandi er sá sem fengið hefur leyfi til loftferðastarfsemi í samræmi við ákvæði laga þessara.

Með ákvæðum þessa kafla er leitast við að:

- a. tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi,
- b. tryggja að flugrekendur og áhafnir geti í sameiningu leyst öryggis- og heilbrigðisvandamál um borð í loftförum.

## 49. gr.

Flugrekandi skal stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi um borð í loftförum og að virkt eftirlit sé með því að vinnuumhverfi þar fullnægi settum kröfum.

## 50. gr.

Hjá flugrekanda, þar sem starfa einn til fjórir flugverjar, skulu úrbætur á vinnuumhverfi gerðar í nánú samstarfi flugrekanda og áhafna.

## 51. gr.

Hjá flugrekanda, þar sem starfa fimm flugverjar eða fleiri, skulu starfsmenn tilnefna einn öryggistrúnaðarmann fyrir hverja tegund loftfara eða annað afmarkað vinnusvæði til að vera fulltrúi þeirra í málum sem varða vinnuumhverfi um borð í loftförum.

Atvinnurekandi ber kostnað af starfi öryggistrúnaðarmanns og bætir honum tekjutap sem af því kann að hljótast.

Öryggistrúnaðarmenn njóta þeirrar verndar sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

## 52. gr.

Hjá flugrekanda, þar sem starfa fimm flugverjar eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd.

Í öryggisnefnd skulu eiga sæti tveir fulltrúar flugverja, þar af annar fulltrúi flugliða, og tveir fulltrúar flugrekanda.

Öryggisnefndin skipuleggur aðgerðir varðandi bætt vinnuumhverfi um borð í loftförum og annast fræðslu starfsmanna um þessi efni.

## 53. gr.

Þegar starfsmenn Flugmálastjórnar koma í eftirlitsferðir í fyrirtæki skulu þeir hafa samband við hlutaðeigandi öryggistrúnaðarmann og fulltrúa í öryggisnefnd. Þeim aðilum skal auðvelda, svo sem kostur er, að leggja mál fyrir Flugmálastjórn.

## 54. gr.

Flugmálastjórn setur nánari reglur um skipulag og framkvæmd ráðstafana er miða að auknu öryggi og bættum aðbúnaði og hollustuháttum um borð í loftförum. Þar má nefna reglur um stofnun samstarfshópa og öryggisnefnda, um verkefni þeirra og um daglega stjórn þeirrar starfsemi er lýtur að auknu öryggi og bættu vinnuumhverfi.

## 55. gr.

Flugmálastjórn skipar vinnuverndarráð.

Verkefni ráðsins skal vera:

- a. að vera ráðgefandi fyrir flugmálastjóra í málum varðandi vinnuumhverfi um borð í loftförum,
- b. að gera tillögur og veita umsagnir um nýjar reglur eða breytingu á eldri reglum um vinnuumhverfi um borð í loftförum,
- c. að fjalla um einstök mál sem ráðherra eða flugmálastjóri leggur fyrir það og eiga frumkvæði að málum sem hafa áhrif á vinnuumhverfi áhafna.

Flugmálastjórn skal sjá um að þegar nauðsyn krefur standi ráðinu til boða sérfræðileg aðstoð.

Vinnuverndarráðið er skipað fjórum fulltrúum frá áhöfnum og fjórum fulltrúum frá flugrekendum. Flugmálastjórn skipar formann án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

Flugmálastjóri eða fulltrúi hans situr fundi ráðsins ásamt þeim starfsmönnum Flugmálastjórnar, sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti.

Flugmálastjórn setur nánari reglur um starfsemi ráðsins.

## VII. KAFLI

**Flugvellir og flugleiðsaga.**

## 56. gr.

Flugvellir skulu fullnægja þeim kröfum sem samgönguráðherra setur í reglugerð eða gilda samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, eftir því sem landfræðilegar aðstæður leyfa.

## 57. gr.

Vilji annar aðili en íslenska ríkið útbúa og starfrækja flugvöll til almennra nota þarf leyfi samgönguráðherra. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar þeirrar sveitarstjórnar sem í hlut á.

Leyfið skal vera tímabundið og bundið þeim skilyrðum sem samgönguráðherra telur nauðsynleg.

Leyfið má taka aftur ef leyfishafi brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga eða reglna sem slíkan rekstur varða.

## 58. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að framkvæma eignarnám á hvers kyns fasteignaréttindum vegna gerðar og reksturs flugvallar eða flugleiðsögubúnaðar. Um framkvæmd eignarnámsins fer samkvæmt lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

## 59. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja skipulagsreglur fyrir flugvelli sem ætlaðir eru til almennrar notkunar.

Skipulagsreglur skulu m.a. geyma fyrirmæli um það svæði utan sjálfs flugvallarins þar sem rétt er að setja takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta, t.d. húsa, stanga og trjáa, eða takmörkun á meðferð fasteigna eða hluta, t.d. að því er varðar leiðslur eða atvinnurekstur, enda séu slíkar kvaðir nauðsynlegar í þágu almenns öryggis. Kveða skal glögg á um mörk þess svæðis sem skipulagið tekur yfir.

## 60. gr.

Innan skipulagssvæðis skal greina hinar mismunandi takmarkanir á mannvirkjahæð sem nauðsynlegar eru til öruggrar landingar og öruggs flugtaks.

Skipulagsreglur skulu kveða á um tiltekna geira fyrir aðflug og brottflug.

Setja má reglur um tímabundið skipulag.

Uppkast að fyrirhuguðum skipulagsreglum skal liggja frammi mönnum til sýnis á hentugum stað og skal auglýsa framlagningu í Lögbirtingablaði og skora á fasteignaeigendur og aðra sem í hlut eiga að gera athugasemdir við það áður en liðinn er frestur sem eigi má vera styttri en fjórar vikur.

Flugmálastjórn skal taka til ítarlegrar athugunar þær athugasemdir sem fram kunna að koma og gefa þeim sem í hlut eiga færi á því að kynna sér breytingar áður en gengið er frá skipulagi til fullnaðar. Fullnaðarskipulag skal birta með sama hætti og uppkastið.

Þinglýsa skal kvöð sem lögð er á fasteignir vegna flugvallar, enda skipti kvöð máli.

## 61. gr.

Eigi má víkja frá hæðartakmörkun eða öðrum takmörkunum um forræði eigna, sem í skipulagsreglum segir, án samþykkis Flugmálastjórnar. Fyrir slíku samþykki má setja skilyrði, svo sem um breytingar eða merkingar þeirra bygginga sem máli skipta.

Ef takmörkun er eigi hlítt án þess að fyrir liggja samþykki skal Flugmálastjórn setja þeim er í hlut á frest til að ganga löglega frá málum. Sama gildir ef eigi eru haldin skilyrði fyrir samþykki eftir 1. mgr.

Ef frestur líður án þess að úr sé bætt er Flugmálastjórn heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir með atbeina lögreglu og á kostnað þess sem í hlut á.

## 62. gr.

Ef loftferðatálmi er fyrir hendi sem fer í bága við skipulagið þegar skipulagsreglur taka gildi skal fjarlægja hann, enda samþykki Flugmálastjórn eigi að hann haldist.

## 63. gr.

Ef lögð er kvöð á eign manns eða forræðisskerðing vegna flugvallar á eigandi hennar eða réttindahafi kröfu til skaðabóta úr hendi eiganda flugvallar, enda hafi kvöð eða forræðisskerðing í för með sér að eignin verði eigi hagnýtt til fulls miðað við stærð hennar, legu og allar aðstæður eða eigandi hennar verður fyrir fjárhagstjóni sem hann á að fá bætt eftir meginreglum laga.

Bóta má einnig krefjast úr hendi eiganda flugvallar þegar aðili verður fyrir skaða vegna framkvæmda er getur í 62. gr.

Ríkið ábyrgist að skaðabætur séu af hendi inntar.

## 64. gr.

Skaðabætur skal ákveða eftir reglum laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

Krefjandi skaðabóta getur beiðst mats innan þess frests sem ákveðinn er í skipulagsreglum. Frestur má eigi vera styttri en tvö ár frá birtingu skipulagsreglna. Samgönguráðherra er heimilt að veita framlengingu um sex mánaða tímabil frá lokum frests.

## 65. gr.

Flugmálastjórn skal sjá um að hinni fyrirskipuðu forræðisskerðingu á eignum og mannvirkjum sé hlítt. Ef brugðið er út af þessu ber að tilkynna það Flugmálastjórn tafarlaust.

## 66. gr.

Við breytingu á skipulagsreglum skal beita sömu aðferð og við setningu nýrra. Veita má tilslökun á forræðisskerðingu án þess að uppkast liggi áður frammi til sýnis.

## 67. gr.

Skipulagsreglur skulu halda gildi sínu uns samgönguráðherra fellir þær úr gildi eða gildistími þeirra er úrunninn.

Ef skipulagsreglur eru felldar úr gildi taka ákvæði 3. og 4. mgr. 60. gr. til þess með tilsvarendi hætti.

## 68. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að krefjast þess að tálmar utan svæðis sem skipulag tekur yfir, er vegna hæðar mega teljast hættulegir flugumferð, séu fjarlægðir eða merktir. Beitt skal eignarnámi ef þörf krefur. Kostnaður, þar með taldar skaðabætur handa eiganda eða notanda, greiðist úr ríkissjóði.

## 69. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að kveða svo á að eigi skuli setja upp eða nota, sé því að skipta, að brott skuli nema eða færa í annað horf merki, ljós eða hljóðvirki, tæki er senda frá sér útvarpsbylgjur eða annan tækjabúnað sem telja má að flugumferð stafi hætta af.

Um skaðabætur fer eftir almennum reglum laga.

## 70. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að takmarka aðgang að flugvöllum og flugvallarsvæðum, umferð um þau og dvöl loftfara á þeim, svo og að banna umgengni eða dvöl á slíkum svæðum ef hún telur það nauðsynlegt vegna öryggis.

Flugmálastjórn skal sjá um að framfylgt verði þjóðréttarlegum skuldbindingum ríkisins á sviði flugverndar.

Til að auka flugöryggi er Flugmálastjórn eða þeim sem hún felur framkvæmd þessa heimilt að leita á mönnum og í farangri áður en gengið er um borð í loftfar. Synja skal þeim mönnum um brottför sem neita að undirgangast leit. Leit skal framkvæmd með svo mikilli tillitssemi sem unnt er og hún má aldrei verða víðtækari en nauðsynlegt er. Sá sem sætir leit getur krafist þess að ákveðið vitni sé tilkvatt.

## 71. gr.

Heimta má gjöld til að standa undir kostnaði við rekstur flugvalla eða flugleiðsögutækja í þágu loftferða, sem eru til almennra nota, eftir reglum sem samgönguráðherra setur. Þá er heimilt að heimta gjöld fyrir þá aðstöðu sem starfsemi tengd flugsamgöngum nýtur á flugvöllum. Taka má gjöld fjárnámi.

Enn fremur er heimilt að heimta gjöld til greiðslu á kostnaði við rekstur flugumferðarstjórnar í þágu loftferða eftir reglum sem settar eru af samgönguráðherra. Gjöld þessi eru kræf vegna loftferða yfir íslensk yfirráðasvæði, svo og yfir úthafið og erlend yfirráðasvæði, þegar um það hefur verið samið milli Íslands og viðkomandi ríkis. Taka má gjöld þessi með fjárnámi.

Heimilt er samgönguráðherra að semja við stjórnvöld annarra ríkja um að þau taki að sér innheimtu á þessum gjöldum.

Gjaldskyldan hvílir á skráðum umráðendum í loftfaraskrá að íslenskum loftförum og á eigendum erlendra loftfara vegna ferða um svæðið þar sem þjónusta er veitt eða flugvellir eru. Taka má gjöldin fjárnámi.

## 72. gr.

Flugvelli og önnur mannvirki í þágu loftferða sem eru til almennra nota mega erlend loftför einnig nota með sömu skilyrðum og íslensk loftför í sams konar milliríkjaferðum, enda sé fyrir hendi samningur um þetta við það erlenda ríki sem í hlut á. Við komu til eða brottför frá landinu er þó skylt að nota tollhafnir.

## 73. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að kveða á um hvaða skilyrðum þeir þurfa að fullnægja sem starfa við flugumferðarstjórn, á flugvelli eða við flugleiðsögubúnað eða hafa á hendi annað það starf utan loftfars sem mikilsvert er fyrir öryggi loftferða. Ráðherra getur jafnframt sett reglur um starfsskírteini fyrir slíkum starfa.

## 74. gr.

Ákvæði 34. og 37. gr. taka með viðeigandi hætti til flugumferðarstjóra og einnig þeirra sem hafa eftirlit með loftförum og loftferðum eða hafa á hendi tæknistörf við loftfar eða önnur mikilsverð störf fyrir öryggi loftferða eftir því sem samgönguráðherra kveður á um í reglugerð.

## VIII. KAFLI

**Umferð í lofti og stjórn hennar.**

## 75. gr.

Flugumferðarþjónustu skal veita loftförum til að tryggja flugöryggi. Samgönguráðherra setur reglur um flugumferðarþjónustuna og framkvæmd hennar.

## 76. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að kveða á um að loftferðir á tilteknum leiðum eða yfir tilteknum svæðum skuli háðar sérstöku skipulagi.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um flugleiðir loftfara inn á íslenskt yfirráðasvæði og yfir því og hverja flugvelli megi nota í millilandaflugi.

Samgönguráðherra setur reglur um verndarráðstafanir sem gerðar skulu til að afstýra árekstri loftfara, öðrum flugslysum, hættum og óhagræði af loftferðum.

## 77. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að skipa loftfari að lenda, enda miði sú aðgerð að því að halda uppi allsherjarreglu og öryggi. Lenda skal þá svo skjótt sem kostur er. Ef skipun er ekki ann-

ars efnis skal loftfar lenda á næsta flugvelli hér á landi sem er til almennra flugnota og lenda má á.

Ef loftfar flýgur inn á svæði þar sem loftferðir eru bannaðar skal loftfarið tafarlaust fljúga út fyrir svæðið og tilkynna þetta þeim handhafa stjórnvalds sem í hlut á.

Fari stjórnandi loftfars eigi eftir fyrirmælum þessarar greinar er handhafa stjórnvaldsins heimilt með viðeigandi ráðum að hindra áframhaldandi flug loftfarsins.

#### 78. gr.

Hergögn má eigi flytja í loftförum án leyfis samgönguráðherra. Samgönguráðherra setur í samráði við dómsmálaráðherra fyrirmæli um hvað telst hergögn. Samgönguráðherra er heimilt í samráði við dómsmálaráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

Samgönguráðherra er heimilt að banna eða setja reglur um flutning annars varnings en hergagna til að halda uppi allsherjarreglu og öryggi.

#### 79. gr.

Flugmálastjórn, lögreglu og tollyfirvöldum er heimilt að rannsaka loftfar og sannreyna þau skjöl sem loftfar og flugverjar skulu hafa meðferðis.

### IX. KAFLI

#### Flugrekstrarleyfi.

#### 80. gr.

Leyfi Flugmálastjórnar þarf til loftferða í atvinnuskyni yfir íslensku yfirráðasvæði.

#### 81. gr.

Flugrekstrarleyfi skal veita sé fullnægt skilyrðum laga þessara og reglna sem settar eru samkvæmt þeim.

#### 82. gr.

Skilyrði flugrekstrarleyfis eru:

- a. að umsækjandi uppfylli skilyrði 10. gr. laga þessara um skrásetningu á loftfari,
- b. að umsækjandi uppfylli skilyrði sem samgönguráðherra setur um fjármögnun flugrekstrarins,
- c. að umsækjandi hafi hlotið flugrekandaskírteini frá Flugmálastjórn í samræmi við gildandi reglugerðir.

#### 83. gr.

Veita skal leyfi og binda þau skilyrðum sem nauðsynleg þykja að því marki sem það samrýmist öðrum lögum eða milliríkjasamningum auk skilyrða skv. 82. gr. Flugrekstrarleyfið fellur úr gildi ef einhverju framangreindra skilyrða er ekki lengur fullnægt.

#### 84. gr.

Brjótí leyfishafi í mikilvægum atriðum lagaboð, önnur fyrirmæli um starfsemina, skilyrði leyfis eða hann reynist ófær um að reka starfsemina skal svipta hann leyfi.

#### 85. gr.

Flugmálastjórn getur ákveðið að erlend loftför, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir í atvinnuskyni, skuli lúta lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim er varða íslensk loftför.

Sé skilyrðum 1. mgr. fullnægt telst loftfarið íslenskt í skilningi 2. tölul. 4. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

X. KAFLI  
**Loftflutningar.**

*Gildissvið.*

86. gr.

Ákvæði þessa kafla taka yfir flutninga í loftfari á farþegum, farangri eða varningi, enda sé flutningur innur af hendi í atvinnuskyni sem liður í flugrekstri hlutaðeigandi flytjanda.

Nú framkvæmir flugrekandi flutninga, og gilda þá ákvæði þessa kafla, enda þótt flutningur sé ókeypis.

87. gr.

Ákvæði kafla þessa gilda eigi um póstflutninga.

Ákvæðin um flutningaskjöl í 88.–94. gr. taka eigi til flutninga sem inntir eru af hendi við óvenjulegar aðstæður og falla utan venjulegrar loftferðastarfsemi.

*Flutningaskjöl.*

88. gr.

Þegar farþegar eru fluttir skal flytjandi afhenda farseðil þar sem greina skal:

- a. brottfararstað og ákvörðunarstað,
- b. að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi brottfararstaður og ákvörðunarstaður séu í sama ríki og samið sé um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki,
- c. að flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans eða lögum sem með samsvarandi hætti og sáttmálinn takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á mannskaða og glötun eða tjóni á farangri, með þeim takmörkunum þó sem greinir í lögum þessum.

Nú eru eigi færðar sönnur á annað, og telst farseðill sönnun um gerð flutningssamnings og flutningskjör.

Ef farseðill er eigi gefinn út eða efni hans er eigi það er mælt var eða hann hefur glatast er flutningssamningur engu að síður gildur.

Þegar farþegi er með samþykki flytjanda í loftfari, án þess að farmiði sé afhentur, eða farmiði geymir eigi þá tilvísun sem í c-lið 1. mgr. greinir getur flytjandi eigi borið fyrir sig ákvæði laga þessara um takmörkun ábyrgðar.

89. gr.

Þegar innrituðum farangri er veitt viðtaka til flutnings skal gefa út farangursmiða. Ef farangursmiði er eigi festur við eða felldur inn í farseðil farþega sem fullnægir kröfum 1. mgr. 88. gr. skal á farangursmiða greina:

- a. brottfararstað og ákvörðunarstað,
- b. að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi brottfararstaður og ákvörðunarstaður séu í sama ríki og samið sé um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki,
- c. að flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans eða lögum sem með sama hætti og sáttmálinn takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á glötun eða tjóni á farangri.

Ef eigi eru færðar sönnur á annað telst farangursmiði sönnun um innritun og viðtöku farangurs til flutnings og um flutningskjör.

Nú er farangursmiði eigi gefinn út eða efni hans er eigi það sem mælt var eða hann hefur glatast, og er flutningssamningurinn eigi að síður gildur.

Ef flytjandi hefur tekið við farangri án þess að afhenda farangursmiða eða farangursmiði geymir eigi þá tilvísun sem í c-lið 1. mgr. greinir og hann er eigi heldur festur við eða felldur inn í farmiða sem geymir tilvísun þá sem greinir í c-lið 1. mgr. 88. gr. getur flytjandi eigi borið fyrir sig ákvæði laga þessara um takmörkun ábyrgðar.

## 90. gr.

Þegar varningur er fluttur getur flytjandi krafist þess að sendandi gefi út og afhendi honum skjal sem nefnist flugfarmbréf. Sendandi getur og krafist þess að flytjandi taki við skjali þessu.

Nú er flugfarmbréf eigi gefið út eða það geymir eigi efni það er mælt var eða það hefur glatast, og er flutningssamningurinn eigi að síður gildur.

## 91. gr.

Sendandi skal gefa flugfarmbréf út í þremur eintökum og afhenda þau flytjanda ásamt varningi. Á fyrsta eintakið skal rita „Handa flytjanda“ og skal sendandi undirrita það. Á annað eintakið skal rita „Handa viðtakanda“ og skulu bæði sendandi og flytjandi undirrita það. Skal það fylgja varningnum. Þriðja eintakið skal flytjandi undirrita og skila sendanda því er varningnum hefur verið veitt viðtaka.

Flytjandi skal undirrita flugfarmbréf áður en varningur er færður í loftfar. Undirritun má rita með stimpli. Einnig er heimilt að undirritun sendanda sé prentuð eða letruð með stimpli.

Nú hefur flytjandi gefið út flugfarmbréf eftir beiðni sendanda, og skal talið að hann hafi gert það fyrir hönd sendanda, nema annað sannist.

## 92. gr.

Þegar fleiri en einn hlutur varnings eru fluttir skal sendandi gefa út sérstök flugfarmbréf, enda krefjist flytjandi þess.

## 93. gr.

Í flugfarmbréfi skal greina:

- a. brottfararstað og ákvörðunarstað,
- b. að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi brottfararstaður og ákvörðunarstaður séu í sama ríki og samið sé um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki,
- c. að flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjáráttmálans eða lögum sem með sama hætti og sáttmálinn takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á glötun eða tjóni á varningi.

## 94. gr.

Ef varningur er með samþykki flytjanda færður í loftfar án þess að flugfarmbréf sé gefið út eða flugfarmbréf geymir eigi tilvísun þá sem greinir í c-lið 93. gr. getur flytjandi eigi borið fyrir sig ákvæði laga þessara um takmörkun ábyrgðar.

## 95. gr.

Sendandi er ábyrgur fyrir tjóni sem flytjandi eða einhver sem flytjandi ber ábyrgð gagnvart bíður vegna þess að frásögn sendanda í flugfarmbréfi um varning geymir eigi þau atriði sem mælt var eða er annars röng eða ófullkomin.

## 96. gr.

Flugfarmbréf er gild sönnun fyrir gerð flutningssamnings, viðtöku varnings og flutningsskilmálum, enda séu eigi leiddar sönnur að öðru.

Frásögn flugfarmbréfs um þyngd varnings, umtak, umbúðir og hlutatölu telst rétt, enda séu eigi sönnur leiddar að öðru. Aðrar skýrslur í flugfarmbréfi um magn varnings eða rúmtak eða ástand gilda hins vegar eigi sem sönnun gegn flytjanda, nema hann hafi í viðurvist sendanda kannað réttmæti þeirra og staðfest það með áritun á flugfarmbréfið eða skýrslurnar varða sýnilegt ástand vöru.



*Réttur til að ráðstafa varningi og afhending hans.*

97. gr.

Nú fullnægir sendandi skuldbindingum sínum samkvæmt flutningssamningi, og er honum, flytjanda eða öðrum sendendum heimilt að ráðstafa varningi þann veg að hann endurheimtir hann á brottfarar- eða ákvörðunarflugvelli, stöðvar flutning hans þá er lent er á leiðinni, lætur afhenda hann á ákvörðunarstað eða á leiðinni öðrum aðila en þeim sem tilgreindur er í flugfarmbréfi sem viðtakandi eða krefst þess að hann sé fluttur aftur til brottfararflugvallar. Sendandi skal þó greiða kostnað af þessum ráðstöfunum. Nú er eigi unnt að framkvæma fyrirmæli sendanda, og skal flytjandi tilkynna honum það þegar í stað.

Fari flytjandi eftir fyrirmælum sendanda án þess að lagt sé fram eintak það af farmbréfi sem sendanda var skilað er flytjandi ábyrgur fyrir tjóni sem réttur handhafi flugfarmbréfs bíður við það, en framkröfur á flytjandi þó á hendur sendanda.

Réttur sendanda fellur niður um leið og réttur viðtakanda hefst skv. 98. gr. Nú neitar viðtakandi að taka við flugfarmbréfi eða varningi eða fundi hans verður eigi náð, og öðlast þá sendandi á ný ráðstöfunarrétt á varningnum.

98. gr.

Flytjandi skal, þegar er varningur er kominn á leiðarenda, tilkynna það viðtakanda, enda sé eigi öðruvísi um samið.

Þegar varningurinn er kominn á ákvörðunarstað getur viðtakandi, sé eigi tilvikum 97. gr. til að dreifa, krafist þess að flytjandi láti af hendi við hann flugfarmbréfið og varninginn gegn greiðslu þess sem ógoldið er og gegn efnudum á flutningsskilmálum þeim sem í flugfarmbréfi greinir.

99. gr.

Viðurkenni flytjandi að varningur hafi glatast eða hann er eigi kominn á leiðarenda í síðasta lagi sjö dögum á eftir áætlan er viðkomanda rétt að neyta þess réttar er flutningssamningurinn veitir honum gegn flytjanda.

100. gr.

Samningur, sem geymir frávik frá ákvæðum 97.–99. gr., er ógildur, nema hann sé tilfærður í flugfarmbréfi.

101. gr.

Sendanda er skylt að gefa þær skýrslur og láta fylgja flugfarmbréfi þau skjöl sem nauðsynleg eru til fullnægju toll- og lögregluákvæðum áður en varningur verður afhentur viðtakanda. Sendandi ber ábyrgð gagnvart flytjanda á því tjóni sem hljóttast kann af því að þessar skýrslur eða skjöl vantar eða þau eru ófullkomin eða eigi í samræmi við settar reglur, nema flytjandi eða starfsmenn hans hafi gerst sekir um yfirsjón eða vanrækslu.

Flytjanda er eigi skylt að rannsaka hvort þessar skýrslur og skjöl eru rétt eða fullnægjandi.

*Ábyrgð flytjanda.*

102. gr.

Nú lætur farþegi lífið eða hlýtur líkamsmeiðsl eða heilsutjón af völdum slyss sem verður í loftfari eða þá er farið er upp í loftfar eða úr því, og ber flytjandi ábyrgð á því.

103. gr.

Spillist eða týnist innritaður farangur eða varningur af völdum atburðar sem gerist á þeim tíma er farangurinn eða varningurinn er í vörslum flytjanda, hvort heldur það er á flugvelli, í loftfari eða á hverjum stað öðrum þá er lent er utan flugvallar, ber flytjandi ábyrgð á því.

Nú tekur flutningssamningur einnig til flutninga á láði eða legi utan flugvallar við fermingu, afhendingu eða endurfermingu, og skal hvers konar tjón, sem verður á farangri eða varningi, teljast hafa orðið á þeim tíma er getur í 1. mgr. uns annað sannast.

## 104. gr.

Flytjandi ber ábyrgð á tjóni sem verður af völdum dráttar við loftflutning farþega, innritaðs farangurs eða varnings.

## 105. gr.

Flytjandi skal laus úr ábyrgð ef hann leiðir sönnur að því að hann sjálfur og starfsmenn hans hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að afstýra tjóni eða það hafi eigi verið á þeirra valdi.

Málsvörn samkvæmt ákvæðum 1. mgr. er flugrekanda þó því aðeins heimilt að bera fyrir sig að höfuðstóll bótaskyldrar tjónsfjárhæðar þeirra tjóna sem um getur í 102. gr. fari fram úr jafnvirði 100.000 SDR í íslenskum krónum, nema ákvæði 106. gr. eigi við. Slík málsvörn er þó því aðeins heimil hvað varðar þann hluta sem fram úr þessum fjárhæðarmörkum fer að ákvæði 106. gr. eigi við.

## 106. gr.

Nú sannar flytjandi að sá sem fyrir tjóninu varð hafi sjálfur verið valdur eða samvaldur að því, og má færa skaðabætur niður eða fella þær niður.

## 107. gr.

Þegar farþegar eru fluttir skulu bótafjárhæðir í tjónstilvikum sem valda örorku eða dauða ákvarðaðar samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Flugrekandi skal þó án tafar og ekki síðar en 15 dögum eftir að ljóst er hver hinn slasaði eða látni er inna af hendi fyrirframgreiðslu til að mæta bráðum fjárhagsþörfum og skal greiðslan taka mið af aðstæðum. Greiðsla þessi skal ekki vera lægri en sem nemur jafnvirði 15.000 SDR í íslenskum krónum vegna hvers farþega sé um dauðaslys að ræða. Það að inna fyrirframgreiðslu þessa af hendi jafngildir þó ekki viðurkenningu á ábyrgð og kemur til frádráttar við endanlegt uppgjör bóta vegna slyssins. Hún er þó ekki afturkræf, nema í þeim tilvikum sem greinir í 106. gr., þ.e. að flugrekandi sannar að farþegi hafi verið valdur eða samvaldur að slysinu eða að sá sem greiðsluna fékk hafi ekki átt lögvarið tilkall til hennar.

Nú er innritaður farangur eða varningur fluttur, og skal hámarksábyrgð flytjanda vera jafnvirði 17 SDR í íslenskum krónum á kg. Nú hefur farþegi eða sendandi, þá er farangur eða varningur er afhentur flytjanda, tilgreint sérstaklega þá hagsmuni sem tengdir eru við afhendingu farangurs eða varnings á ákvörðunarstað og greitt það aukafarmgjald sem kveðið kann að vera á um, og gildir þá hin tiltekna fjárhæð sem hámark á ábyrgð flytjanda, nema hann sanni að raunverulegir hagsmunir farþega eða sendanda hafi verið minni. Nú er um að tefla glötun, spjöll eða seinkun á hluta hins innritaða farangurs eða varnings eða einhvers sem í farangri eða varningi kann að felast, og skal einungis leggja heildarþunga þess varnings sem þannig stendur á um til grundvallar við ákvörðun á hámarksábyrgð flytjanda. Ef glötun, spjöll eða seinkun lækkar verðmæti annarra hluta varnings sem sami farangursmiði eða sama flugfarmbréf tekur til skal einnig taka með heildarþunga þessara varningshluta við ákvörðun á hámarksábyrgð.

Hámarksábyrgð flytjanda á varningi, sem farþegar halda í vörslum sínum, skal vera jafnvirði 332 SDR í íslenskum krónum til hvers farþega.

Heimilt er dómara að dæma sækjanda málskostnað án tillits til hámarksábyrgðar samkvæmt grein þessari. Þetta gildir þó eigi ef flytjandi hefur áður en sex mánuðir eru liðnir frá því er atburður sá gerðist er tjónið hlaut af eða áður en mál er höfðað boðið sækjanda skriflega skaðabætur sem eigi eru lægri en dæmd fjárhæð að undanskildum málskostnaði.

Með SDR er vísað til sérstakra dráttarréttinda eins og þau er skilgreind af Alþjóðagjald-eyrissjóðnum og gengisskráningar Seðlabanka Íslands á þeim. Umreikningur í íslenskar krónur skal miðast við skráð gengi á þeim degi sem bótaskyldt tjón varð.

108. gr.

Ógildur er áskilnaður sem miðar að því að leysa flytjanda undan ábyrgð eða kveður á um lægri hámarksábyrgð en í 105. og 107. gr. segir.

Farseðill skal greina skilmála skv. 105. og 107. gr. á einfaldan og skýran hátt.

Þegar varningur er fluttur er flytjanda leyfilegt að gera ábyrgðartakmarkanir varðandi tjón eða spjöll sem leiðir af eðli varnings eða eðlislægum galla á honum.

109. gr.

Ef sannast að flytjandi eða starfsmenn hans hafa við framkvæmd starfa síns valdið tjóninu, annaðhvort af ásetningi eða af stórfelldu gáleysi samfara vitneskju um að tjón mundi sennilega hljótast af, skal eigi beita ákvæðum 107. gr. um hámarksábyrgð.

110. gr.

Nú eru starfsmenn flytjanda sóttir til fébóta fyrir skaða sem þeir hafa við framkvæmd starfa síns valdið af minna gáleysi en því sem í 109. gr. getur, og má heildarfjárhæð þeirra skaðabóta sem þeim og flytjanda er gert að greiða eigi fara fram úr hámarksábyrgð flytjanda.

111. gr.

Þegar tekið er við innrituðum farangri eða varningi án fyrirvara af hálfu viðtakanda skal telja að farangurinn eða varningurinn hafi verið afhentur í góðu lagi og í samræmi við flutningsskírteini, enda sannist eigi annað.

Hafi farangur eða varningur orðið fyrir spjöllum eða eitthvað af honum glatast skal tilkynna það flytjanda jafnskjótt og tjónsins verður vart og í síðasta lagi áður en liðnir eru sjö dagar frá viðtöku að því er varðar farangur en fjórtán dagar að því er til annars varnings tekur. Tilkynningu um seinkun skal gefa áður en liðinn er tuttugu og einn dagur frá þeim degi að telja er farangur eða varningur var boðinn viðtakanda til umráða.

Tilkynningu skal skrá á flutningsskírteini eða senda bréflega áður en frestur er liðinn.

112. gr.

Nú er tjón eigi tilkynnt áður en liðnir eru frestur þeir sem í 111. gr. getur, og fellur þá niður sérhver krafa á hendur flytjanda, nema hann hafi farið svíksamlega að ráði sínu.

113. gr.

Skaðabótamál skal höfða annaðhvort fyrir dómi á þeim stað þar sem flytjandi býr eða hefur aðalskrifstofu sína eða útibú það sem gerði flutningssamninginn eða á ákvörðunarstaðnum.

Nú tekur Varsjáráttmálinn yfir flutninginn, og verður skaðabótamál einungis höfðað fyrir íslenskum dómstól eða dómstól í ríki sem gerst hefur aðili að nefndum sáttmála.

114. gr.

Réttur til skaðabóta eftir ákvæðum þessa kafla fellur niður ef mál er eigi höfðað áður en tvö ár eru liðin frá því er loftfar kom á ákvörðunarstað eða frá þeim degi er loftfar skyldi koma þangað eða frá því er flutningur stöðvaðist.

115. gr.

Eigi fleiri en einn flytjandi, hver á eftir öðrum, að annast flutning sem ber samkvæmt flutningssamningi eða flutningssamningum að telja einn og sama flutning er hver þeirra, þá

er hann tekur við farþegum, innrituðum farangri eða varningi, ábyrgur fyrir þeim hluta flutningsstarfans sem hann á að inna af hendi.

Nú er um að tefla flutning á innrituðum farangri eða varningi, og getur sendandi einnig beint kröfum sínum gegn fyrsta flytjanda og sá sem á rétt til afhendingar gegn síðasta flytjanda þótt tjón eða seinkun hafi orðið meðan varningurinn var í vörslu annars flytjanda.

Ef fleiri flytjendur eru ábyrgir samkvæmt þessu bera þeir óskipta ábyrgð.

*Flutningur sem framkvæmdur er af öðrum en þeim  
er gert hefur flutningssamning.*

116. gr.

Þegar flutningur er framkvæmdur að hluta eða að öllu leyti af öðrum en þeim sem hefur gert flutningssamninginn gilda ákvæði 117.–121. gr., nema það sannist að flutningurinn hafi ekki verið samþykktur af þeim sem gerði flutningssamninginn.

Ákvæði 118., 120. og 121. gr. eiga einungis við um þann hluta loftflutningsins sem ekki er framkvæmdur af þeim sem hefur gert flutningssamninginn.

117. gr.

Bæði sá sem gert hefur flutningssamninginn og flytjandi sem að hluta eða öllu leyti annast flutninginn skulu teljast flytjendur samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Gagnvart þeim er gert hefur flutningssamninginn skal svo gilda allan loftflutninginn en gagnvart þeim sem framkvæmir flutninginn á þetta við þann hluta loftflutningsins er hann annast.

118. gr.

Við mat á bótaskyldu flytjanda skal aðgerð eða aðgerðaleysi annars flutningsaðilans, starfsmanna hans eða umboðsmanna, þegar þeir eru að störfum fyrir hann, jafngilda því að hinn flutningsaðilinn hafi sjálfur átt í hlut. Þetta raskar ekki því sem segir um bótaskyldu í 105. og 107. gr.

Þó að sá sem gerði flutningssamning hafi tekið á sig skyldur umfram það er segir í þessum kafla eða farþegi eða sendandi hafi lýst hærri kröfu skv. 105. og 107. gr. er flytjandi sem framkvæmir flutninginn ekki bundinn af því, nema hann hafi samþykkt það.

119. gr.

Kvörtun eða fyrirmæli samkvæmt þessum kafla sem beint er gagnvart einum flytjanda hefur einnig gildi gagnvart hinum. Fyrirmæli skv. 97. gr. fá hins vegar ekki gildi, nema þeim sé beint gagnvart þeim er gerði flutningssamninginn.

120. gr.

Sá sem gert hefur flutningssamninginn og flytjandi sem að hluta eða öllu leyti annast flutninginn og starfsmenn hans eða umboðsmenn þegar þeir eru að störfum fyrir hann bera ekki meiri ábyrgð en nemur hæstu bótum sem hver flytjandi á að inna af hendi. Hver bótaskyldur svarar aðeins til bóta að því hámarki sem fyrir hann gildir.

121. gr.

Hvort sem bótamál er sótt á hendur öllum flytjendum eða einum má sækja það fyrir dómstól þar sem heimilt er að höfða mál gegn þeim er gerði flutningssamninginn skv. 113. gr. eða á heimilisvarnarþingi þess sem framkvæmdi flutninginn.

*Flutningur með fleiri en eins konar flutningstækjum.*

122. gr.

Nú fer flutningur að nokkru fram með loftfari og að nokkru með öðru flutningstæki og taka ákvæði laga þessara einungis til loftflutningsins.

Taka má upp í loftflutningsskjalið skilmálana fyrir hinum greinum flutningsins.

*Önnur ákvæði.*

123. gr.

Ógildir skulu vera fyrirvarar í flutningssamningi og samningar gerðir áður en tjón verður þar sem aðilar víkja frá ákvæðunum um þau lög sem fara skal eftir eða ákvæðum um varnarþing.

124. gr.

Nú er loftflutningaskjal gert utan Íslands eða það varðar loftflutninga milli ríkja, og er viðvörðun skv. c-lið 1. mgr. 88. gr., c-lið 1. mgr. 89. gr. og c-lið 93. gr. nægilega framkvæmd ef skjalið ber það greinilega með sér að flutningurinn geti hlítt Varsjársáttmálanum og að hann takmarki að jafnaði ábyrgð flytjanda í þeim tilvikum sem viðkomandi ákvæði tekur til.

Nú er um að tefla loftflutning milli ríkja sem Varsjársáttmálinn tekur eigi yfir, og getur flytjandi borið fyrir sig takmörkun ábyrgðar skv. 107. gr., jafnvel þótt flutningsskjalið geymi eigi viðvörðun þá sem í 1. mgr. getur.

125. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að gera undantekningu frá ákvæðum 1. mgr. 88. gr., 1. mgr. 89. gr. og 91. gr. um farseðla, farangursmiða og flugfarmbréf með reglugerð þar sem meðal annars yrði tekið tillit til möguleika á rafrænni skráningu.

126. gr.

Þá er rætt er um Varsjársáttmálann í lögum þessum er átt við sáttmála þann um alþjóðalofthlutninga sem gerður var í Varsjá 12. október 1929 með þeim breytingum sem á honum urðu samkvæmt sáttmálaauka, undirrituðum í Haag 28. september 1955.

Ákvæðum kafla þessa skal eigi beita um milliríkjalofthlutninga sem framkvæmdir eru samkvæmt áskilnaði, gerðum með heimild í viðbótartáknunum við 2. gr. Varsjársáttmálans frá 12. október 1929 eða XXVI. gr. Haag-sáttmálaaukans frá 28. september 1955.

Ákvæði laga þessara hrófla eigi við Varsjársáttmálanum frá 12. október 1929 að svo miklu leyti sem hann heldur gildi sínu í milliríkjaskiptum Íslands og annarra ríkja sem eigi hafa fullgilt sáttmálaaukann sem gerður var í Haag 28. september 1955.

Guadalajara-sáttmálinn merkir í lögum þessum sáttmála þann um alþjóðalofthlutninga framkvæmda af öðrum flytjanda en þeim er undirritar flutningssamning sem gerður var í Guadalajara 18. september 1961.

127. gr.

Gerðardómssamningar, gerðir áður en tjón verður, eru einungis gildir að því er varðar flutning á munum, enda sé gerðardómur háður á einhverjum þeim stað sem er löglegt varnarþing eftir 113. gr. og málið útkljáð samkvæmt ákvæðum Varsjársáttmálans og Guadalajara-sáttmálans að því leyti sem ákvæði þeirra taka til þess.

Greinargóðar upplýsingar um skilmála skv. 105. og 107. gr. laga þessara skulu vera farþegum til reiðu á söluskrifstofum flugrekanda, hjá ferðaskrifstofum og umboðsaðilum hans og við innritunarborð til brottfarar.

Flugrekendur, sem starfa á grundvelli flugrekstrarleyfa, útgefina í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, en flytja farþega til og frá Íslandi, án þess að samningsskilmálar byggist á ákvæðum sem samsvara 105. og 107. gr. laga þessara, skulu skilmerkilega vekja athygli farþeganna á því. Skal það gert þegar farseðlar eru keyptir hjá ferðaskrifstofum og umboðsaðilum og við innritun til brottfarar.

Skýlt er að tilgreina ferðaskilmála skriflega í farseðli. Það að tilgreina í farseðli að flugrekandi beri fyrir sig heimildir til að takmarka ábyrgð sína telst ekki fullnægjandi tilgreining skilmálans.

## XI. KAFLI

**Skaðabætur og váttryggingar.**

128. gr.

Nú hlýst af notkun loftfars skaði á mönnum eða hlutum sem eru utan loftfarsins, og er eigandi þess eða, eftir því sem við á, aðili sá sem ber kostnað af rekstri þess skyldur að bæta skaðann.

Skaðabótaskyldan fellur niður ef sannað er að sá sem fyrir skaða verður hefur valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

129. gr.

Nú er um að tefla tjón sem verður á mönnum eða hlutum innan marka viðurkennds flugvallar, og skal eigi beita ákvæðum 1. mgr. 128. gr.

Verði tjón á loftfari eða farmi við árekstur loftfara skal beita ákvæðum siglingalaga um árekstur skipa.

Nú verður við árekstur tveggja eða fleiri loftfara tjón sem hver þeirra er bera kostnaðinn af rekstri loftfaranna á að greiða samkvæmt ákvæði 1. mgr. 128. gr., og eru þeir allir samábyrgir. Dómstólar skera úr með hliðsjón af aðstæðum hversu mikinn hluta goldinna skaðabóta hver þeirra megi framkrefja úr hendi þess eða þeirra sem samábyrgir eru.

130. gr.

Ákvæði 128. og 129. gr. takmarka að engu þann rétt til skaðabóta sem leiðir af almennum reglum.

131. gr.

Umráðandi loftfars, sem nota skal til loftferða samkvæmt lögum þessum, skal taka og halda við váttryggingu er örugg telst, til greiðslu skaðabóta sem falla kunna á hann eða umráðanda loftfarsins vegna tjóns er verður á mönnum og hlutum utan loftfarsins og stafar af notkun þess. Váttrygging þessi skal meðal annars tryggja greiðslu kostnaðar við hreinsun á slysstað og brottám flaks. Leita skal viðurkenningar Flugmálastjórnar á váttryggingafélagi og váttryggingarskilmálum.

Nú fellur váttrygging úr gildi, og ber váttryggingafélag gagnvart þriðja aðila ábyrgð á tjóni samkvæmt hljóðan váttryggingarskírteinis í tvo mánuði frá því er það tilkynnti Flugmálastjórn að váttryggingin væri niður fallin, enda hafi loftfarið eigi á þeim tíma verið strikað af skrá eða flugleyfi skv. c-lið 3. gr. afturkallað.

Flugrekendur skulu taka váttryggingu gegn tjóni á mönnum eða hlutum í loftfari eða við för eða flutning þeirra í loftfar eða úr því og svo gegn tjóni á innrituðum farangri og varningi meðan flytjandi ber ábyrgð á honum skv. X. kafla.

Váttryggingarfjárhæðir skulu tryggja bætur samkvæmt ákvæðum 105. og 107. gr. laga þessara, en jafnframt skal váttryggt gegn þeirri áhættu sem fjárhæðamörk íslenskra skaðabótalaga geta leitt til varðandi lífs- og líkamstjón.

Eigendum kennslu- og einkaflugvéla skal skylt að taka og viðhalda slysatryggingu fyrir þá sem ferðast með slíkum vélum. Skulu váttryggingarfjárhæðir vegna dauða og 100% varanlegrar örorku að lágmarki miðast við jafnvirði 100.000 SDR í íslenskum krónum.

Samgönguráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari reglur um váttryggingarskyldu þá sem hér er mælt fyrir um, þar á meðal um váttryggingarfjárhæðir og afleiðingar þess að váttryggingu eða tryggingu er eigi haldið í gildi.

## XII. KAFLI

**Aðstoð og björgun.**

132. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um leit og björgun er viðhafa skal þegar loftfars er saknað eða því hefur hlekkst á eða það hefur farist, þar á meðal um aðstoð þá sem

einstaklingum og fyrirtækjum er skylt að veita við leit og björgunarstörf og um þóknun fyrir slíka aðstoð.

Flugmálastjórn stjórnar leitarstarfi fram til þess að slysstaður finnst, en þá tekur lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi við ábyrgð á vettvangsstjórn. Rannsóknarnefnd flugslysa fer með yfirstjórn vettvangsrannsókna og skal lögreglustjóri aðstoða hana í hvívetna.

Kostnað, sem ríkissjóður hefur af leit að loftfari sem er saknað, skal Flugmálastjórn heimilt að leggja að nokkru eða öllu leyti á skráðan umráðanda loftfarsins í loftfaraskrá eða eiganda ef hann er erlendur, enda hnigi rök til þess og það brjóti eigi í bága við milliríkjasamninga. Sama gildir um kostnað af björgunarstarfi að því leyti sem ekki greiðist með björgunarlaunum.

Heimilt er að skylda skráðan eiganda loftfars til að hlutast til um brottflutning flaks og hreinsun á slysstað.

#### 133. gr.

Ef maður bjargar eða stuðlar að björgun á loftfari, sem hlekkst hefur á eða er stött í háaska, farangri eða vöru sem í því er eða nokkru því sem telst til slíks loftfars, farangurs eða vöru á hann, hvort heldur bjargað er í lofti, á láði eða legi, rétt til björgunarlauna samkvæmt gildandi reglum um björgun skipa og varnings sem til þeirra telst. Ef maður bjargar eða stuðlar að björgun á mannlífum úr þeim háska sem varð tilefni til björgunar á hann kröfu til hlutdeildar í björgunarlaunum.

Hafi maður stofnað til óvenjulegra útgjalda sem nauðsynleg voru til varðveislu á loftfari eða varningi úr því á hann rétt til að honum sé endurgreitt, enda hafi hann eigi breytt gegn beinu og réttmætu banni flugstjóra þess sem í hlut á.

Krafa um björgunarlaun eða endurgjald fyrir óvenjuleg útgjöld má eigi fara fram úr verðmæti því sem bjargað var, svo sem loftfari, ásamt flutningsgjaldi fyrir farangur, varning og farþega.

#### 134. gr.

Eigandi bjargaðs varnings ábyrgist einungis björgunarlaun með verðmæti þess sem bjargað var. Krafa um björgunarlaun er tryggt með veði í loftfari, farangri og varningi og gengur það fyrir öllum öðrum veðböndum. Veðkrafa sem stafar af síðari atburði gengur fyrir veðkröfu sem stafar af fyrri atburði.

Ef farangur eða varningur er látinn af hendi fellur veðrétturinn niður. Veðréttur í loftfari fellur niður eftir þrjá mánuði ef hann er eigi þinglesinn og fjárhæð hans samþykkt eða mál höfðað til staðfestu veðrétti. Mál má höfða þar sem björgunarstarfi lauk eða þar sem loftfar og varningur er.

### XIII. KAFLI Ýmis ákvæði.

#### 135. gr.

Ef ástæða er til að ætla að loftfar, sem á að hefja á loft, sé ekki lofthæft eða ekki tilhlýðilega skipað áhöfn eða það muni verða notað andstætt ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim er Flugmálastjórn heimilt að leggja bann við för loftfarsins og, beri nauðsyn til, að aftra því að það sé hafið upp af flugvelli uns úr er bætt. Flugmálastjórn getur kallað eftir aðstoð lögregluþyrvalda til að halda uppi slíku banni og ber að veita hana.

#### 136. gr.

Flugmálastjórn er heimilt að aftra för loftfars af flugvelli uns gjöld eru greidd eða trygging sett fyrir greiðslu vegna þess loftfars sem í hlut á eða annarrar starfsemi flugrekandans.

Vanræki handhafar leyfa eða skírteina útgefina samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skyldur þær sem leiðir af lögum þessum eða reglum settum sam-

kvæmt þeim getur Flugmálastjórn, að viðlagðri dagsekt eða vikusekt, boðið að skylda sú sem um ræðir skuli af hendi innt. Bera má lögmati slíkrar ákvörðunar undir dómstóla, enda sé það gert innan 15 daga frá birtingu hennar. Heimta má dagsektir eða vikusektir með fjárnámi samkvæmt ákvæðum aðfararlaga.

## 137. gr.

Til aukins öryggis við loftferðir er samgönguráðherra heimilt að setja reglur um meðferð, geymslu og afhendingu eldsneytis og annars sem til búnaðar loftfara þarf og um eftirlit með því að reglurnar séu haldnar.

## 138. gr.

Skráður umráðandi loftfars í loftfaraskrá, flugrekstraraðili, þar með talinn erlendur aðili, og réttur umráðandi viðurkennds flugvallar eða annars loftferðamannvirkis eru skyldir til að láta í té þær upplýsingar sem Flugmálastjórn krefst. Sömu skyldu hefur fyrirvarmaður viðurkenndrar starfsemi skv. 28. gr. eða annarrar starfsemi sem rekin er samkvæmt viðurkenningu eftir lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Flugmálastjórn er óheimilt að skýra þriðja aðila frá vitneskju sem hún hefur fengið með framangreindum hætti eða skv. 27. gr., nema að því leyti sem það er nauðsynlegt í samstarfi við önnur yfirvöld, þar með talin erlend.

## 139. gr.

Samgönguráðherra kveður á um gjöld sem inna ber af hendi fyrir starfsemi sem Flugmálastjórn annast samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim með setningu sérstakrar gjaldskrár.

Samgönguráðherra er heimilt að ákveða að við gjaldtöku sé mætt þeim kostnaði sem rekstur þessarar starfsemi hefur í för með sér.

Gjöld samkvæmt þessari grein má heimta með fjárnámi.

## 140. gr.

Flugmálastjórn skal gefa út upplýsingabréf um flugmál og flugmálahandbók. Skulu allir handhafar flugrekstrarleyfa og flugkennsluleyfa, útgefinna af Flugmálastjórn, vera áskrifendur að útgáfum þessum. Í flugmálahandbók skulu birtar þær ákvarðanir Flugmálastjórnar sem teknar eru á grundvelli laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim og hafa almennt gildi en birtast ekki í Stjórnartíðindum. Skulu þær vera á íslensku eða ensku eftir því sem við á. Samgönguráðherra er heimilt að höfðu samráði við Íslenska málnefnd að kveða nánar á um útgáfu þeirra með reglugerð.

## 141. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að fimm árum. Beita skal ákvæðum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild.

## 142. gr.

Svipta skal skírteinishafa rétti til starfa þess sem skírteinið veitir ef hann hefur gerst sekur um vítavert brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, eða ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem skírteinishafa varhugavert að hann neyti réttinda samkvæmt skírteininu.

Svipting starfsréttinda skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en þrjá mánuði, eða ævilangt ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.



## 143. gr.

Nú telur Flugmálastjórn skilyrði til sviptingar starfsréttinda vera fyrir hendi og skal hún þá svipta hlutaðeigandi starfsskírteini til bráðbirgða svo skjótt sem unnt er. Bera má ákvörðun Flugmálastjórnar undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og skal Flugmálastjórn leiðbeina hlutaðeigandi um þann rétt. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar.

Sviptingartími skv. 1. mgr. skal dragast frá endanlegum sviptingartíma.

## 144. gr.

Áfrýjun dóms þar sem kveðið er á um sviptingu réttar frestar ekki verkun hans að því leyti. Þó getur dómari ákveðið með úrskurði að áfrýjun fresti framkvæmd sviptingar er sérstaklega stendur á.

## 145. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir til framkvæmda og skýringar á lögum þessum.

## 146. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 34 frá 21. maí 1964, um loftferðir, lög nr. 32 frá 14. júní 1929, um loftferðir, og lög nr. 119 frá 28. desember 1950, um stjórn flugmála.

**Ákvæði til bráðabirgða.****I.**

Við gildistöku laga þessara fellur skipun núverandi flugráðs úr gildi og skal nýtt flugráð skipað samkvæmt ákvæðum laga þessara.

**II.**

Reglugerðir og auglýsingar, sem gefnar hafa verið út samkvæmt heimildum í lögum nr. 34/1964 og í gildi eru við gildistöku laga þessara, skulu halda gildi sínu þar til þær verða sérstaklega felldar úr gildi með reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum sem leysa þær eldri af hólmi.

**III.**

Vátryggingar þær, sem lögboðnar eru í XI. kafla laga þessara, skulu komnar í gildi innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna.

**IV.**

Að því marki sem frávik eru frá ákvæðum laga nr. 41/1949, sbr. lög nr. 46/1956, í ákvæðum X. kafla laga þessara, skulu ákvæði kaflans ganga fram.

*Gjört í Reykjavík, 10. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Halldór Blöndal.*

# LÖG

## um dánarvottorð, krufningar o.fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

### *Ritun dánarvottorðs.*

1. gr.

Læknir skal rita dánarvottorð fyrir hvern mann er deyr hér á landi. Vottorðið skal ritað á eyðublað sem landlæknir lætur útbúa.

### *Líkskoðun.*

2. gr.

Læknir skoðar lík og athugar hvernig andlát hefur borið að, dauðaskilmerki og líklega dánarorsök.

Andist maður á heilbrigðisstofnun ber læknir sá sem annaðist hinn látna á stofnuninni eða yfirlæknir viðkomandi deildar ábyrgð á að líkið verði skoðað.

Andist maður utan heilbrigðisstofnunar skal læknir sá sem stundaði hinn látna í banaleggunni skoða líkið.

Við óvænt dauðsföll eða ef ekki tekst að ná til læknis sem stundaði hinn látna í banaleggunni skal tilkynna andlátið til viðkomandi héraðslæknis. Héraðslæknir ber þá ábyrgð á að líkið verði skoðað.

### *Tilkynning til lögreglu.*

3. gr.

Læknir sem kvaddur er til vegna líkskoðunar skal gera lögreglu viðvart ef:

1. ætla má að andlát tengist refsiverðu athæfi, sjálfsvígi eða andláti af völdum slyss,
2. maður hefur fundist látinn,
3. dauðsfall er óvænt,
4. maður andast í fangelsi eða á öðrum áþekktum stað eða
5. ætla má að dauðsfall megi rekja til mistaka, vanrækslu eða óhappatilviks við læknismeðferð.

### *Réttarlæknisfræðileg líkskoðun.*

4. gr.

Þegar lögreglu er gert viðvart um andlát ákveður hún hvort lík skuli skoða réttarlæknisfræðilega. Slík skoðun skal að jafnaði gerð nema:

1. andlát beri að svo löngu eftir slyss að lögregla telji slíka skoðun óþarfa í ljósi fyrirliggjandi upplýsinga eða
  2. lögregla og læknir eru sammála um að dauðdaginn hafi verið eðlilegur.
- Réttarlæknisfræðileg líkskoðun er gerð af lögreglu og lækni í sameiningu.

*Krufning.*

## 5. gr.

Að lokinni líkskoðun má kryfja lík í læknisfræðilegum tilgangi og fjarlægja líkamsvef og annað líffræðilegt efni, sbr. þó lög um brottám líffæra:

1. hafi hinn látni eftir að hann varð sjálfráða samþykkt krufningu skriflega eða
2. nánasti venslamaður hins látna hafi samþykkt krufningu, enda þyki sannað að hún sé ekki í andstöðu við vilja hins látna.

Purfi að afla samþykkis nánasta venslamanns fyrir krufningu skal læknir veita uppýsingar um tilgang og markmið krufningarinnar.

Maka, börnum, ef hinn látni átti ekki maka, foreldrum, ef hinn látni var barnlaus, eða systkinum, ef foreldrar hins látna eru einnig láttnir, er heimilt að krefjast krufningar ef í ljós kemur að ekki er af hálfu læknis hins látna fyrirhugað að óska eftir krufningu.

Ef gera á réttarlæknisfræðilega líkskoðun eða réttarkrufningu er óheimilt að kryfja lík í læknisfræðilegum tilgangi eingöngu.

*Réttarkrufning.*

## 6. gr.

Réttarkrufning skal gerð:

1. þegar dauðsfall verður rakið til refsiverðrar háttsemi eða ef ekki reynist unnt að útiloka slíkt með fullnægjandi hætti, eða þegar slík krufning er talin nauðsynleg til að koma í veg fyrir að síðar vakni grunsemdir um að dauðsfallið megi rekja til refsiverðs verknaðar eða
2. þegar dánarorsök verður ekki með viðunandi hætti ákvörðuð með réttarlæknisfræðilegri líkskoðun.

Í öðrum tilvikum tekur lögregla ákvörðun um nauðsyn réttarkrufningar.

*Dómsúrskurður um réttarkrufningu.*

## 7. gr.

Lögregla skal kynna nánasta venslamanni nauðsyn réttarkrufningar og leita samþykkis hans.

Samþykki nánasti venslamaður ekki réttarkrufningu skal lögregla leita úrskurðar dómara um hana.

*Útgáfa dánarvottorðs.*

## 8. gr.

Dánarvottorð ritar sá læknir sem skoðar líkið eða sá sem ber ábyrgð á að það sé gert.

Hafi andlát verið tilkynnt lögreglu má ekki rita dánarvottorð fyrr en hún hefur ákveðið að ekki sé ástæða til réttarlæknisfræðilegrar líkskoðunar eða réttarkrufningar.

Ef réttarlæknisfræðileg líkskoðun er gerð skal dánarvottorð ritað af lækninum sem tók þátt í skoðuninni. Læknir sem framkvæmir réttarkrufningu ritar dánarvottorð.

*Umönnun líks.*

## 9. gr.

Lík skal geyma á stað við hæfi. Ef ekki er unnt að staðfesta andlát skal fylgjast með viðkomandi og ekki flytja í líkhús fyrr en læknir hefur staðfest dauðaskilmerki.

*Meðferð dánarvottorðs og heimild til útfarar.*

10. gr.

Dánarvottorð skal afhent venslamanni hins látna.

Venslamaður afhendir dánarvottorðið sýslumanni í því umdæmi þar sem hinn látni átti lögheimili á dánardægi eða ætla má að dánarbúi verði skipt samkvæmt ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Nú á ákvæði 2. mgr. ekki við, t.d. vegna búsetu hins látna erlendis, og skal þá afhenda dánarvottorðið sýslumanni í því umdæmi þar sem útför hins látna verður gerð.

Sýslumaður afhendir venslamanni staðfestingu þess að andlát hafi verið tilkynnt og má ekki gera útför nema sá sem hana annast hafi fengið slíka staðfestingu.

Sýslumaður sendir dánarvottorð svo fljótt sem kostur er til Hagstofu Íslands.

Hagstofan semur upp úr dánarvottorðum skýrslur um dánarorsakir hér á landi.

*Tilkynningar vegna andvana fæddra barna.*

11. gr.

Fæðist barn andvana skal ekki ritað dánarvottorð, en um það skal tilkynnt til Hagstofu Íslands.

*Flutningur líka úr landi.*

12. gr.

Nú er lík flutt úr landi og ber sá sem það flytur ábyrgð á að dánarvottorð sé afhent sýslumanni í því umdæmi þar sem maðurinn lést. Sýslumaður afhendir flutningsaðila staðfest afrit dánarvottorðs og skal það fylgja líkinu til viðtakanda erlendis. Ekki má flytja lík úr landi nema ákvæðum þessum sé fylgt.

*Refsingar.*

13. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru eftir þeim varða sektum nema þyngri hegning sé við lögð í öðrum lögum.

*Reglugerðarheimild.*

14. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Ráðherra skal setja í reglugerð ákvæði um:

1. Ritun dánarvottorða, að fengnum tillögum landlæknis.
2. Framkvæmd réttarlæknisfræðilegrar líkskoðunar, þar á meðal um lágmarkskunnáttu lækna sem gera réttarlæknisfræðilega líkskoðun.
3. Réttarkrufningu.
4. Hvernig Hagstofu Íslands verði tilkynnt um andvana fædd börn.

*Gildistaka.*

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Brottfall laga.*

16. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi tilskipun frá 4. ágúst 1819 um skyldu manna að bjarga mönnum, sem sýnast dauðir, lög um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, nr. 42 10. nóvember 1913, og lög um dánarvottorð, nr. 64 25. apríl 1962.

*Breyting annarra lagaákvæða.*

17. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993:*  
Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
  - a. 1. mgr. orðast svo:  
Óheimilt er að greftra lík eða brenna nema staðfesting sýslumanns um að andlát hafi verið tilkynnt liggja fyrir.
  - b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Óheimilt er að setja lík andvana fædds barns eða látins ungbarns í kistu með öðru líki nema hlutaðeigandi prestur eða safnaðarstjóri hafi áður verið tilkynnt það. Útfararstjóri ber ábyrgð á því að þessu ákvæði sé fylgt.
2. *Lög um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991:*  
2. mgr. 70. gr. laganna orðast svo:  
Réttarlæknisfræðileg líkskoðun skal fara fram þegar rannsóknari telur það nauðsynlegt. Einnig skal framkvæma réttarkrufningu, ef nauðsyn þykir, og skal leita úrskurðar dómara um krufningu nema nánasti venslamaður eða nánustu venslamenn hins látna leyfi.
3. *Lög um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54 27. apríl 1962:*
  - a. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:  
3. Skýrslur héraðsdómara til Hagstofunnar um úrskurði þar sem heimilað er að fara með bú horfinna manna sem látinna og dóma um að horfnir menn skuli taldir látnir.
  - b. Í stað orðsins „sóknarpresta“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: sýslumanna.
  - c. 2. másl. 1. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.
4. *Lög um brottám líffæra og krufningar, nr. 16 6. mars 1991:*
  - a. II. kafli laganna fellur brott.
  - b. Heiti laganna verður: **Lög um brottám líffæra.**

*Gjört í Reykjavík, 12. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Ingibjörg Pálmadóttir.*

# LÖG

## um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

1. gr. laganna, sbr. lög nr. 49/1982, orðast svo:

Barn öðlast íslenskt ríkisfang við fæðingu:

1. ef móðir þess er íslenskur ríkisborgari,
2. ef faðir þess er íslenskur ríkisborgari og kvæntur móðurinni. Þetta gildir þó ekki ef hjónin voru skilin að borði og sæng á getnaðartíma barnsins.

Barn, sem fundist hefur hér á landi, telst, þar til annað reynist sannara, vera íslenskur ríkisborgari.

#### 2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Eignist ógift kona, sem er erlendur ríkisborgari, barn hér á landi öðlast það íslenskan ríkisborgararétt ef karlmaður, sem er íslenskur ríkisborgari, er faðir þess samkvæmt barnalögum.

Eignist ógift kona, sem er erlendur ríkisborgari, barn erlendis með karlmanni sem er íslenskur ríkisborgari getur faðirinn, áður en barnið nær 18 ára aldri, óskað þess við dómsmálaráðuneytið að það öðlist íslenskan ríkisborgararétt, og skal hann hafa samráð við barnið hafi það náð 12 ára aldri. Leggi hann fram fullnægjandi gögn, að mati ráðuneytisins, um barnið og faðerni þess öðlast barnið íslenskan ríkisborgararétt við staðfestingu ráðuneytisins.

#### 3. gr.

2. gr. a laganna, sbr. lög nr. 49/1982, orðast svo:

Erlent barn, sem ættleitt er af íslenskum ríkisborgara, með leyfi íslenskra stjórnvalda, öðlast íslenskt ríkisfang við ættleiðinguna ef það er yngra en 12 ára.

Erlent barn, yngra en 12 ára, sem ættleitt er af íslenskum ríkisborgara með erlendri ákvörðun, sem íslensk stjórnvöld viðurkenna, öðlast íslenskt ríkisfang við staðfestingu dómsmálaráðuneytisins að ósk ættleiðanda.

#### 4. gr.

2. málsl. 4. gr. laganna fellur brott.

#### 5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Fái einhver ríkisfang skv. 3. og 4. gr. öðlast jafnframt ógift börn hans undir 18 ára aldri ríkisfangið, hafi hann forsjá þeirra og þau eigi lögheimili hér á landi.

## 6. gr.

Við lögin bætist ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra er heimilt, að fenginni umsögn lögreglustjóra á dvalarstað umsækjanda og útlendingaeftirlits, að veita íslenskan ríkisborgararétt samkvæmt umsókn sem borin er fram af umsækjanda sjálfum, eða forsjármönnum hans hafi hann ekki náð 18 ára aldri, enda fullnægi hann eftirgreindum skilyrðum um búsetu, hegðun og framfærslu:

## A. Búsetuskilyrði.

1. Umsækjandi hafi átt hér lögheimili í sjö ár; ríkisborgari í einhverju hinna Norðurlandanna þó einungis í fjögur ár.
2. Umsækjandi, sem er í hjúskap eða staðfestri samvist með íslenskum ríkisborgara, hafi átt hér lögheimili í þrjú ár frá giftingu/stofnun staðfestrar samvistar, enda hafi hinn íslenski maki haft íslenskan ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
3. Umsækjandi, sem býr í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og bæði eru ógift, hafi átt hér lögheimili í fimm ár frá skráningu sambúðarinnar, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
4. Umsækjandi, sem á íslenskan ríkisborgara að öðru foreldri, hafi átt hér lögheimili í tvö ár, enda hafi hið íslenska foreldri haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
5. Umsækjandi, sem verið hefur íslenskur ríkisborgari, en hefur gerst erlendur ríkisborgari, hafi átt hér lögheimili í eitt ár.
6. Flóttamaður, sem fullnægir skilgreiningu í alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna sem gerður var 28. júlí 1951, hafi átt hér lögheimili sem slíkur í fimm ár.
7. Reglur þessar miðast við lögheimili og samfellda dvöl hér á landi. Heimilt er að víkja frá því skilyrði þótt dvöl umsækjanda hér hafi verið rofin allt að einu ári vegna tíma-bundinnar atvinnu eða af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem vegna veikinda nákomins ættingja, en þó allt að þremur árum vegna náms erlendis. Sá tími, sem umsækjandi hefur átt hér lögheimili og dvöl, verður þó að vera að minnsta kosti jafnlangur þeim tíma sem hann verður samkvæmt áðurgreindum reglum að uppfylla.

## B. Önnur skilyrði.

1. Umsækjandi sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur þar sem hann hefur dvalist.
2. Umsækjandi geti framfleytt sér hérlendis með hliðsjón af þeim upplýsingum sem koma fram í umsókn og hafi ekki þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi síðastliðin tvö ár.
3. Umsækjandi hafi ekki sætt varðhalds- eða fangelsisrefsingu eða eigi ólokið máli í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi.

Dómsmálaráðherra er einnig heimilt að veita íslenskan ríkisborgararétt barni sem fætt er hér á landi og sannanlega hefur ekki öðlast annan ríkisborgararétt við fæðingu og hefur ekki öðlast hann, eða átt rétt til að öðlast hann, þegar umsókn um ríkisborgararétt er borin fram. Barnið skal hafa átt lögheimili og samfellda dvöl hér á landi frá fæðingu í að minnsta kosti þrjú ár.

Um börn þeirra sem fá ríkisborgararétt samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 5. gr., nema öðruvísi sé ákveðið.

## 7. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Alþingi veitir ríkisborgararétt með lögum.

Áður en umsókn um ríkisborgararétt er lögð fyrir Alþingi skal dómsmálaráðuneytið fá um hana umsögn lögreglustjóra á dvalarstað umsækjanda og útlendingaeftirlits.

Eigi sá börn sem ríkisborgararétt fær með lögum fer um þau eftir ákvæðum 5. gr., nema lögin láti öðruvísi um mælt.

## 8. gr.

Í stað orðsins „fórráð“ hvarvetna í 3. tölul. 7. gr. laganna kemur: forsjá.

## 9. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Hann missir þó ekki íslensks ríkisfangs verði hann við það ríkisfangslaus.

## 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Yfirlýsingu skv. 3. gr., 4. gr., 4. mgr. 9. gr. a og B- og C-lið 9. gr. b um að maður óski að verða íslenskur ríkisborgari getur aðeins sá aðili sjálfur gefið en ekki forsjármaður.

b. Í stað orðsins „fórráðum“ í 4. mgr. kemur: forsjá.

## 11. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Barn sem fætt er eftir 1. júlí 1964 en fyrir 1. júlí 1982 og hefði öðlast íslenskt ríkisfang ef ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt, sbr. lög nr. 49/1982, hefðu verið í gildi við fæðingu þess fær íslenskt ríkisfang er móðir þess gefur um það skriflega yfirlýsingu til dómsmálaráðuneytisins, enda hafi hún forsjá barnsins, sé íslenskur ríkisborgari og barnið innan 18 ára aldurs. Barn þarf að lýsa samþykki sínu svo að yfirlýsing sé gild.

Hafi barnið náð 18 ára aldri getur það gefið yfirlýsingu um að það óski eftir að framangreint ákvæði taki til sín, enda hafi móðir þess haft íslenskt ríkisfang frá fæðingu þess til 1. júlí 1982 og barnið fullnægir skilyrðum 8. gr. til að vera íslenskur ríkisborgari.

## 12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1998.

Ákvæði til bráðabirgða öðlast þó þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 2. mgr. 10. gr. laga nr. 49 11. maí 1982.

*Gjört í Reykjavík, 12. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Þorsteinn Pálsson.*



## LÖG

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940,  
með síðari breytingum (fyrning sakar).

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 81. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo:

Á 15 árum, þegar þyngsta refsing við broti er meira en 10 ára tímabundið fangelsi.

b. 2. mgr. orðast svo:

Fyrningarfrestur vegna brota, sem fólgin eru í því að komast undan greiðslu á tollum, sköttum eða öðrum gjöldum til hins opinbera, er aldrei skemmri en 5 ár.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 82. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981 og 43. gr. laga nr. 90/1996:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. telst þó eigi fyrr en frá þeim degi er brotþoli nær 14 ára aldri.

b. Í stað orðsins „refsilögsögu“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: forráðasvæðis.

c. 4. mgr. orðast svo:

Fyrningarfrestur rofnar þegar rannsókn opinbers máls hefst fyrir rannsóknara gegn manni sem sakborningi. Í málum, sem lögreglan má samkvæmt lögum ljúka með sátt, rofnar fyrningarfrestur þegar lögreglan sakar mann um brot og kynnir honum sáttaboð. Þegar lög heimila stjórnvaldi endranær að kveða á um refsingu fyrir brot rofnar fresturinn þegar stjórnvaldið sakar mann um slíkt brot.

d. 5. mgr. orðast svo:

Rannsókn skv. 4. mgr. rýfur ekki fyrningarfrest ef rannsóknari hættir rannsókninni, ákærandi ákveður að höfða ekki opinbert mál gegn sakborningi eða ákærandi afturkallar ákæru. Stöðvist rannsókn máls um óákveðinn tíma rýfur rannsóknin heldur ekki fyrningarfrest. Stöðvist rannsókn máls af því að sakborningur hefur komið sér undan rannsókn rýfur rannsóknin fyrningarfrest, en sá tími sem rannsóknin stóð yfir telst ekki til fyrningartímans. Ef máli er vísað frá héraðsdómi og ekki er hafist handa við að bæta úr ágöllum á málatilbúnaði innan 6 mánaða frá þeim degi, er málinu var vísað frá, rýfur undangengin rannsókn ekki fyrningarfrest.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. a laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 20/1981 og 8. gr. laga nr. 42/1985:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fésekt, sem ákveðin er með dómi, úrskurði eða sátt, fyrnist þegar liðin eru 3 ár frá því að unnt var að fullnægja dómi, úrskurði eða sátt. Þegar fjárhæð fésektar er 60.000 krónur eða hærri er fyrningarfresturinn þó 5 ár.

b. 2. mgr. orðast svo:

Hafi greiðsla fésektar verið tryggð með fjárnámi eða öðrum sambærilegum hætti innan fyrningarfresta skv. 1. mgr. lengjast þeir frestir um 2 ár.

c. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 1. og 2. mgr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Þorsteinn Pálsson.*

Nr. 64

12. júní 1998

## ÍPRÓTTALÖG.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í lögum þessum merkja íþróttir hvers konar líkamlega þjálfun er stefnir að því að auka líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti.

Lögin taka ekki til íþróttaiðkunar er fram fer sem liður í starfsemi heilbrigðisstofnana eða heilsuræktarstöðva.

2. gr.

Meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála skal vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði. Samstarf ríkis og sveitarfélaga við hina frjálstu íþróttahreyfingu skal taka mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvarnastarf.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirumsjón íþróttamála að því leyti er ríkið lætur þau til sín taka. Í því skyni aflar ráðuneytið upplýsinga um iðkun íþróttanna í landinu og aðstöðu til íþróttastarfs og stuðlar að rannsóknum á sviði íþróttamála.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar íþróttanefnd, en í henni eiga fimm menn sæti. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn fulltrúa samkvæmt tillögu stjórnar Íþrótt- og Ólympíu-sambands Íslands, einn samkvæmt tillögu stjórnar Ungmennafélags Íslands, einn samkvæmt tillögu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn samkvæmt tillögu íþróttakennaraskorar Kennaraháskóla Íslands. Á sama hátt skal skipa varamenn. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Hlutverk íþróttanefndar er að veita menntamálaráðuneytinu ráðgjöf í íþróttamálum.

Nefndin gerir tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög til íþróttamála í fjárlögum og um úthlutun fjár úr Íþróttasjóði, sbr. 8. gr.

## 5. gr.

Íþróttastarfsemi utan skóla byggist á frjálsum framtaki landsmanna.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar. Ungmennafélag Íslands eru sjálfstæð félagsamtök á sviði íþróttar.

## 6. gr.

Landið skiptist í íþróttahéruð. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og Ungmennafélag Íslands annast skiptingu og breytingu á íþróttahéruðum.

## 7. gr.

Bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota er í verkahring sveitarfélaga nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.

Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélags.

## 8. gr.

Alþingi veitir árlega fé í Íþróttasjóð til eflingar íþróttum í landinu. Íþróttanefnd hefur umsjón með Íþróttasjóði og gerir tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun fjár úr sjóðnum, sbr. 4. gr.

Framlög úr Íþróttasjóði má veita til:

1. sérstakra verkefna á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar,
2. útbreiðslu- og fræðsluverkefna,
3. íþróttarannsóknna,
4. verkefna skv. 13. gr. laga þessara.

Óheimilt er að skuldbinda Íþróttasjóð til framlaga umfram það sem árlegt ráðstöfunarfé hans leyfir.

Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum íþróttanefndar, má kveða á um skilyrði fyrir styrkveitingum úr Íþróttasjóði og hvernig umsóknum og úthlutun skuli hagað.

## 9. gr.

Um styrki úr ríkissjóði til starfsemi landssamtaka íþróttafólks fer eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum.

## 10. gr.

Um tekjuöflun íþróttasamtaka með getraunastarfsemi er mælt í sérstökum lögum um þau efni.

## 11. gr.

Í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins skulu íþróttir kenndar og iðkaðar svo sem nánar er kveðið á um í lögum, reglugerðum og námskrám sem um þá skóla gilda.

Öll börn á landinu skulu læra sund nema þau séu talin ófær til þess að mati læknis.

## 12. gr.

Ríkið starfrækir menntastofnun sem annast menntun íþróttakennara samkvæmt lagaákvæðum um þá starfsemi.

## 13. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að eiga aðild að samningum um stofnun og starfsemi íþróttamiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög og íþróttasamtök, enda miðist þjónusta stöðvanna við landið allt. Fjárhagsleg aðild ríkisins að slíku samstarfi er háð fjárveitingum í fjárlögum.

## 14. gr.

Menntamálaráðherra hefur forgöngu um setningu reglna um öryggisráðstafanir í íþróttamannvirkjum, þar á meðal um eftirlit og að því er varðar íþróttáhöld og annan búnað.

## 15. gr.

Menntamálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

## 16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru numin úr gildi íþróttalög, nr. 49/1956, með síðari breytingum.

*Gjört í Reykjavík, 12. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Björn Bjarnason.*

Nr. 65

## LÖG

12. júní 1998

### um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Á eftir 1. másl. 2. mgr. 6. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan minningarreit í kirkjugarði vegna horfins manns sem úrskurður hefur verið látinn og nýtur sá reitur sömu friðhelgi og grafreitir.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Forsteinn Pálsson.*

## LÖG

### um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

Lög þessi taka til hvers þess dýralæknis sem er skipaður, settur eða ráðinn til starfa í þágu ríkisins og þeirra dýralækna sem starfa samkvæmt leyfi þar að lútandi sem veitt er eftir lögum þessum.

###### 2. gr.

Dýralæknar skulu standa vörð um heilsu dýra í landinu, stuðla að bættu heilsufari þeirra, aukinni arðsemi búfjár og góðum aðbúnaði og meðferð dýra. Þeir skulu vera á verði gagnvart því að einstaklingar eða samfélagið í heild bíði tjón af völdum dýrasjúkdóma. Með starfi sínu skulu þeir leitast við að girða fyrir hættur sem stafað geta af sjúkum dýrum og neyslu spilltra búfjárafurða, af innflutningi lifandi dýra og búfjárafurða, efna, áhalda eða hluta sem borið geta með sér smitefni.

#### II. KAFLI

##### Yfirstjórn.

###### 3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með mál sem þessi lög varða.

###### 4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar dýralæknaráð sem skipað er fjórum dýralæknum til fimm ára í senn og er yfirdýralækni til ráðuneytis. Skal einn tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, annar af stjórn Dýralæknafélags Íslands, þriðji af stjórn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og fjórði án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður ráðsins. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Ráðið skal ávallt fjalla um innflutning búfjár og erfðæfnis þess sé hans óskað. Einnig skal ráðið fjalla um innflutning annarra dýra, búfjárafurða og aðra þætti er snerta heilbrigðismál dýra og dýraafurða þegar þess er óskað af ráðherra eða yfirdýralækni. Ráðinu er heimilt, ef aðstæður krefja, að kalla sérfræðinga til ráðuneytis.

Sömu aðilar og taldir eru í 2. mgr. geta vísað ágreiningsmálum varðandi dýralækniþjónustu til ráðsins. Við úrlausn þeirra ágreiningsmála skal ráðherra kalla til starfa með ráðinu lögfræðing sem fullnægir skilyrðum um skipan til starfa héraðsdómara.

Ráðið skal halda gerðabók um störf sín.

## 5. gr.

Yfirdýralæknir er ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um allt er varðar heilbrigðismál dýra og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða. Aðstoðaryfirdýralæknir, sem valinn er úr hópi sérgreinadýralækna, skal vera yfirdýralækni til aðstoðar og staðgengill hans.

Yfirdýralæknir hefur með höndum:

- a. yfirstjórn og eftirlit með störfum héraðsdýralækna, sérgreinadýralækna og annarra dýralækna sem leyfi hafa til að stunda dýralækningar,
- b. yfirumsjón með öllu er varðar heilbrigðismál dýra; hann skal einnig afla upplýsinga um heilbrigðisástand dýra og hollustu dýraafurða í öðrum löndum eftir því sem nauðsyn krefur,
- c. yfirumsjón með sjúkdómavörnum dýra, forvörnum, fræðslustarfi varðandi búfjársjúkdóma, innflutningi og útflutningi lifandi dýra, erfðaefnis og búfjárafurða og fylgist með hollustu dýrafóðurs í samvinnu við Aðfangaeftirlit ríkisins,
- d. yfirumsjón með heilbrigði sláturdýra, heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum og framleiðslu mjólkur, auk yfirumsjónar með heilbrigði annars búfjár og afurða þess,
- e. skipulagningu, gagnaöflun og skýrslugerð varðandi dýrasjúkdóma, heilbrigðisskoðun sláturafurða og heilbrigðiseftirlit með framleiðslu mjólkur; hann sér um árlega útgáfu heilbrigðisskýrsla.

## III. KAFLI

**Réttindi og skyldur.**

## 6. gr.

Þeir einir eru samkvæmt lögum þessum taldir dýralæknar er lokið hafa prófi frá dýralæknaháskóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum.

Þeir einir mega stunda dýralækningar hér á landi sem hlotið hafa leyfi landbúnaðarráðherra samkvæmt ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð að fenginni umsögn yfirdýralæknis.

Landbúnaðarráðherra gefur út leyfisbréf handa dýralækni til að stunda dýralækningar og dýralæknir undirritar eiðstaf þar að lútandi. Yfirdýralæknir heldur skrá yfir dýralækna sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar.

Dýralækni er skylt að tilkynna yfirdýralækni:

1. þegar hann hyggst hefja dýralæknisstörf og aðsetur starfsemi sinnar,
2. flutning aðseturs,
3. starfslok sem dýralæknir.

Dýralæknum, sem hefja störf á Íslandi, ber að kynna sér íslensk lög og reglur um dýralækningar og þeir sem starfa í opinberri þjónustu skulu hafa vald á íslenskri tungu.

Heimilt er að fela dýralæknanemum á síðari hluta námsferils að gegna tímabundið ákveðnum dýralæknisstörfum undir stjórn dýralæknis ef yfirdýralæknir mælir með því.

## 7. gr.

Eingöngu þeir dýralæknar sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar mega framkvæma lækniáðgerðir á dýrum. Undanþegnar eru þó minni háttar áðgerðir og lyfjameðferð í samráði við dýralækni.

## 8. gr.

Dýralækni er einungis heimilt að afhenda eða ávísa lyfseðilsskyldum lyfjum handa dýri þegar hann hefur greint sjúkdóminn.

## 9. gr.

Dýralækni ber að sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku og halda við þekkingu sinni. Dýralæknir ber ábyrgð á greiningu sjúkdóms og meðferð sjúklinga sinna.

Dýralækni ber sem kostur er að upplýsa eiganda eða umráðamann dýrs sem hann fær til meðferðar um ástand, meðferð, horfur og væntanlegan kostnað af meðhöndlun og lyfjameðferð sé þess óskað. Einnig skal hann upplýsa eiganda eða umráðamann um þær hættur sem geta fylgt viðkomandi aðgerð, algengar aukaverkanir lyfja sem notuð eru og lyfjamengun afurða.

Dýralækni ber, sé til hans leitað eða hann nærstaddur og náist ekki í vakthafandi dýralækni, að veita fyrstu nauðsynlega læknishjálp í skyndilegum sjúkdóms- eða slysatilfellum, nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.

Dýralæknar, sem stunda almennar dýralækningar, eiga rétt á og þeim ber skylda til að taka þátt í vaktafyrirkomulagi sem skipulagt er á viðkomandi vaktsvæði, sbr. 12. gr., nema þeir séu sjálfir sjúkir eða hindraðir af öðrum meira aðkallandi embættisstörfum. Dýralækni er heimilt að semja við annan dýralækni um að taka við vaktskyldunni.

Verði dýralæknir var við eða hafi hann grun um að upp sé kominn alvarlegur smitsjúkdómur í dýrum á starfssvæði hans skal hann gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að staðfesta gruninn, hefta útbreiðslu sjúkdómsins og koma í veg fyrir tjón sem af honum getur leitt. Hann skal tafarlaust tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn og gera þeir í samráði þær ráðstafanir sem þurfa þykir.

Dýralækni ber að gera árlega skýrslu um læknisstörf sín og senda yfirdýralækni. Yfirdýralæknir setur reglur um hvaða upplýsingar skýrslurnar skuli geyma.

Dýralækni ber að sýna nákvæmni í útgáfu vottorða og lækniyfirlýsinga. Hann er bundinn þagnarskyldu um þá vitneskju sem hann öðlast í starfi sínu og honum er trúnað fyrir og varðar ekki almannaheill.

Dýralækni er einungis heimilt að auglýsa læknisstarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum.

## 10. gr.

Dýralæknir hefur leyfi til að kalla sig sérfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hafi hann fengið til þess leyfi landbúnaðarráðherra eða fengið viðurkenningu á að starfa sem sérfræðingur í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Umsóknir um sérfræðileyfi skulu lagðar fyrir dýralæknaáráð til umsagnar þegar menntunar er aflað utan Evrópska efnahagssvæðisins. Við afgreiðslu einstakra umsókna er heimilt að kveðja til sérfróðan dýralækni úr þeirri sérgrein sem sótt er um viðurkenningu á.

## IV. KAFLI

**Skipan héraðsdýralæknisumdæma.**

## 11. gr.

Umdæmi héraðsdýralækna eru sem hér greinir:

1. *Gullbringu- og Kjósarumdæmi*: Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. *Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi*: Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Akranes, Borgarbyggð.
3. *Snæfellsnesumdæmi*: Stykkishólmur, Snæfellsbær, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Hnappadalssýsla, Flatey og býli í gamla Flateyjarhreppi, Skógarstrandarhreppur.
4. *Dalaumdæmi*: Dalabyggð, Saurbæjarhreppur, Austur-Barðastrandarsýsla, að undanskilinni Flatey og býlum í Flateyjarhreppi hinum gamla.

5. *Vestfjarðaumdæmi*: Vestur-Barðastrandarsýsla, Ísafjörður, Bolungarvík, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla að Bæjarhreppi.
6. *Vestur-Húnaþingsumdæmi*: Vestur-Húnavatnssýsla, Bæjarhreppur í Strandasýslu.
7. *Austur-Húnaþingsumdæmi*: Blönduós, Austur-Húnavatnssýsla.
8. *Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi*: Akureyri, Ólafsfjörður, Dalvík, Siglufjörður, Sauðárkrúkur, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslur, Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka- og Hálshreppar í Suður-Þingeyjarsýslu.
9. *Þingeyjarumdæmi*: Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla, að undanskildum Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka- og Hálshreppum, Norður-Þingeyjarsýsla.
10. *Austurlandsumdæmi nyrðra*: Egilsstaðir og nágrenni, Eskifjörður, Mjólfjörður, Neskaupstaður, Reyðarfjörður, Seyðisfjörður, Norður-Múlasýsla.
11. *Austurlandsumdæmi syðra*: Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur.
12. *Austur-Skaftafellsumdæmi*: Hornafjarðarbær, Austur-Skaftafellssýsla.
13. *Vestur-Skaftafellsumdæmi*: Vestur-Skaftafellssýsla, að undanskildum Mýrdalshreppi.
14. *Suðurlandsumdæmi*: Árnes- og Rangárvallasýslur, Mýrdalshreppur.

Skipa skal einn héraðsdýralækni í hvert umdæmi, að undanskildu Vestfjarðaumdæmi, Þingeyjarumdæmi og Austurlandsumdæmi nyrðra, en í hvert þeirra skal skipa tvo héraðsdýralækna.

Héraðsdýralækna skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðvum, eftirlit með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu og hafa með höndum framkvæmd sóttvarnaaðgerða. Einnig ber þeim að hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða. Ávallt skal aðskilja sem kostur er eftirlitsstörf dýralækna og almenna dýralækniþjónustu.

Héraðsdýralækna í Gullbringu- og Kjósar-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Suðurlandsumdæmum sinna eingöngu eftirlitsstörfum, en héraðsdýralækna í öðrum dýralækni-umdæmum annast jafnframt eftirlitsstörfum almenna dýralækniþjónustu í umdæminu, þar með er talin vaktþjónusta.

Heimilt er að ráða dýralækna til aðstoðar ef þess er þörf vegna eftirlits og sjúkdómavarna í einstökum umdæmum.

Yfirdýralækni setur héraðsdýralæknum erindisbréf sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þar skal kveðið á um embættisfærslu, skyldur, eftirlitsstörf og heimild til annarra dýralækni-istarfa.

Gjald, sem nemur kostnaði, skal innheimta fyrir eftirlit og skoðanir samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengum tillögum yfirdýralæknis.

Landbúnaðarráðuneytið skal sjá héraðsdýralæknum fyrir skrifstofuaðstöðu í samræmi við umfang starfseminnar.

## 12. gr.

Vaktsvæði dýralækna eru sem hér greinir:

1. Gullbringu- og Kjósarumdæmi.
2. Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi.
3. Snæfellsnesumdæmi.
4. Dalaumdæmi.
5. Vestfjarðaumdæmi.
6. Austur- og Vestur-Húnaþingsumdæmi.
7. Skagafjörður og Siglufjörður.
8. Eyjafjörður, Dalvík og Ólafsfjörður.



9. Þingeyjarumdæmi.
10. Austurlandsumdæmi nyrðra.
11. Austurlandsumdæmi syðra.
12. Austur-Skaftafellsumdæmi.
13. Vestur-Skaftafellsumdæmi.
14. Rangárvallasýsla og Mýrdalshreppur.
15. Árnassýsla.

Héraðsdýralæknar skulu skipuleggja vaktir í samráði við starfandi dýralækna innan sinna vaktsvæða þannig að dýralæknir sé þar jafnan á vakt og auðvelt sé að afla vitneskju um hvaða dýralæknir er á vakt hverju sinni. Heimilt er að skipta vakt innan sama vaktsvæðis milli fleiri dýralækna samtímis.

Við skipulagningu vakta er ætlast til að tekið sé mið af vegalengdum og umfangi þjónustu innan viðkomandi vaktsvæða.

Komi upp ágreiningur um skiptingu vakta innan vaktsvæða skal leita úrskurðar yfirdýralæknis.

Fyrir vaktþjónustu greiðist samkvæmt samningi Dýralæknafélags Íslands við landbúnaðar- og fjármálaráðuneyti.

### 13. gr.

Í því skyni að tryggja byggðum fjarri aðsetri dýralæknis reglubundna þjónustu og bráðaþjónustu skal landbúnaðarráðherra setja reglur um greiðslu hluta ferðakostnaðar dýralæknis í samráði við yfirdýralækni, Dýralæknafélag Íslands og Bændasamtök Íslands.

## V. KAFLI

### Sérgreinadýralæknar.

### 14. gr.

Ráða skal sérmenntaða dýralækna, einn á hverju eftirtalinna sérsviða: Sviði alifuglasjúkdóma, fisksjúkdóma, hrossasjúkdóma, nautgripa- og sauðfjársjúkdóma, jógursjúkdóma, loðdýrasjúkdóma og svínasjúkdóma. Auk þess skal ráða dýralækni með sérþekkingu í heilbrigðiseftirliti sláturdýra og sláturafurða og dýralækni sem hafi eftirlit með inn- og útflutningi búfjárafurða. Sérgreinadýralæknar starfa undir stjórn yfirdýralæknis sem setur þeim erindisbréf.

Sérgreinadýralæknar skulu vinna að bættu heilbrigði búfjár og sjúkdómavörnum, hver á sínu sviði, í samráði við héraðsdýralækna, með sértækum aðgerðum, almennri fræðslu, leiðbeiningar- og forvarnastarfi. Sérgreinadýralæknum má fela önnur verkefni, enda komi slíkt fram í erindisbréfi. Sérgreinadýralækni er óheimilt að stunda almennar dýralækningar á sínu sérsviði.

Sérgreinadýralæknar skulu hafa frumkvæði að framkvæmd nauðsynlegra rannsókna og sýnatöku í samvinnu við héraðsdýralækna, rannsóknastofnanir og afurðastöðvar og hafa eftirlit með framkvæmd sóttvarnaaðgerða.

### 15. gr.

Yfirdýralæknir skal hafa aðgang að viðunandi aðstöðu, búnaði og sérþekkingu til greiningar dýrasjúkdóma vegna sjúkdómsvarna og forvarnastarfa.

### 16. gr.

Ráðherra skipar yfirdýralækni, aðstoðaryfirdýralækni og héraðsdýralækna til fimm ára í senn og setur þeim erindisbréf. Laun og önnur starfskjör þeirra ákveðast af kjaranefnd. Sér-

greinadýralæknar skulu ráðnir samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

## VI. KAFLI

### Viðurlög, gildistaka o.fl.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

18. gr.

Verði yfirdýralæknir þess var að dýralæknir, sem hefur læknisleyfi, vanræki skyldur sínar og störf, fari út fyrir verksvið sitt eða brjóti alvarlega í bága við fyrirmæli sem dýralæknum er skylt að starfa eftir ber yfirdýralækni að áminna hann um að bæta ráð sitt.

Nú kemur ítrekuð áminning ekki að haldi eða sé um óhæfu í læknisstörfum að ræða og ber þá yfirdýralækni að kæra málið til ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að viðkomandi skuli sviptur lækningaleyfi að fullu eða um tiltekinn tíma.

Uppfylli dýralæknir, sem hefur læknisleyfi, ekki lengur þær kröfur sem gerðar voru er læknisleyfi var veitt, svo sem vegna bilunar á andlegri eða líkamlegri heilsu eða misnotkunar vímuefna, ber yfirdýralækni að greina ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra skal leita álits dýralæknaráðs um slík mál. Svipta má viðkomandi dýralækni lækningaleyfi ef dýralæknaráð leggur það til.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar. Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, ásamt síðari breytingum.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I.

Meðan ekki hafa tekist samningar milli Dýralæknafélags Íslands og fjármálaráðuneytisins um endurmenntun gildir eftirfarandi ákvæði: Fyrir hver tíu ár, sem héraðsdýralæknir hefur gegnt þjónustu, á hann rétt á að hljóta sex mánaða frí frá störfum með fullum launum til framhaldsnáms í samráði við yfirdýralækni. Greiðir ríkissjóður fargjaldskostnað til þess lands þar sem hann hyggst dveljast og heim til Íslands að dvöl lokinni.

#### II.

Sé starf lagt niður á dýralæknir sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara rétt til biðlauna í samræmi við ákvæði í 34. gr. laga nr. 70/1996.

*Gjört í Reykjavík, 15. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

---

*Guðmundur Bjarnason.*

## LÖG

## um breyting á lögum nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Tollgæslufáni er tjúgufáni með silfurlitu upphafstéi (T) í efra stangarreit miðjum.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Fáni forseta Íslands er hinn íslenski tjúgufáni, en í honum, þar sem armar krossmarksins mætast, skjaldarmerki Íslands og skjaldberar í hvítum, ferhyrndum reit.

3. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Tjúgufánann má aðeins nota á skipum sem eru í eign ríkis eða ríkisstofnana og notuð í þeirra þarfir. Ef ríkið tekur skip á leigu til embættisþarfa (strandgæslu, tollgæslu, póstflutnings, vitaeftirlits, hafnsögu o.s.frv.) má það nota tjúgufánann af þeirri gerð sem við á skv. 2. og 3. gr.

4. gr.

Í stað orðsins „forsetaúrskurði“ í 7. gr. laganna kemur: reglugerð.

5. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðfánans og fer þá um rannsókn málsins að hætti opinberra mála, en forsætisráðuneytið sker úr um ágreininginn.

6. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 9. gr. laganna kemur: forsætisráðuneytið.

7. gr.

Á eftir orðunum „í samræmi við“ í 10. gr. laganna kemur: ákvæði laga þessara, þar á meðal.

8. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Lög þessi ná jafnframt, eftir því sem við á, til hvers konar skírskotana til eða eftirlíkinga af þjóðfánanum, svo sem áprentana og myndvarpana.

## 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. 3. mgr. fellur brott.
- b. 4. mgr. orðast svo:

Heimilt er með leyfi forsætisráðuneytisins að nota fánann í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu, enda sé starfsemi sú sem í hlut á að gæðum samkvæmt því sem ráðuneytið mælir fyrir með reglugerð og fánanum ekki óvirðing gerð. Óheimilt er að nota fánann í firmamerki.

- c. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 5. mgr. kemur: forsætisráðuneytisins.
- d. 6. mgr. orðast svo:

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum.

## 10. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Skjaldarmerki Íslands er auðkenni stjórnvalda ríkisins. Notkun ríkisskjaldarmerkisins er þeim einum heimil.

## 11. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Forsætisráðuneytið setur með reglugerð sérstök ákvæði til skýringar ákvæðum laga þessara.

## 12. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

## 13. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið.**

## 14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á 29. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993:

- a. Í stað orðanna „í heimildarleysi íslenska ríkisskjaldarmerkið“ í 2. mgr. kemur: íslenska ríkisskjaldarmerkið, þá er óheimilt að nota í heimildarleysi.
- b. 3. mgr. fellur brott.

Við gildistöku laga þessara bætist nýr töluliður við 1. mgr. 32. gr. laga um vörumerki, nr. 45/1997, er orðast svo: samkvæmt kröfu forsætisráðuneytis, ef skrásett hefur verið af misgáningi vörumerki þar sem notaður er þjóðfáninn án heimildar þess.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þegar reglugerð skv. 7. og 13. gr. laganna hefur verið sett falla úr gildi forsetaúrskurður nr. 5/1991, um fánadaga og fánatíma, og auglýsing nr. 4/1991, um liti íslenska fánans.

*Gjört í Reykjavík, 12. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Davíð Oddsson.*

# LÖG

## um breytingu á lækna­lögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsetisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2., 3. og 5. mgr. 18. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein sem verður 18. gr. a, svohljóðandi:

Hafi meðferð heilbrigðisstarfsmanns óvæntan skaða í för með sér skal mál rannsakað til að finna á því skýringar og tryggja eftir því sem kostur er að atvik eigi sér ekki aftur stað. Óvæntur skaði er þegar árangur og afleiðingar meðferðar verða önnur en gert var ráð fyrir í upphafi. Upplýsa skal sjúkling strax um hinn óvænta skaða sé þess kostur. Jafnframt skal gefa sjúklingi kost á að fylgjast með rannsókn máls.

Yfirlæknir og hjúkrunardeildarstjóri á heilbrigðisstofnun bera ábyrgð á að óvæntur skaði, sbr. 1. mgr., sé tilkynntur án tafar faglegum yfirstjórnendum stofnunarinnar sem tilkynna málið strax forstöðumanni hennar. Forstöðumaður ákveður hverju sinni, í samráði við faglega yfirstjórnendur, hvort málið skuli jafnframt strax tilkynnt embætti landlæknis. Forstöðumaður ber ábyrgð á að sérhver óvæntur skaði verði rannsakaður, afgreiddur og tilkynntur í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Nú verður óvænt dauðsfall á heilbrigðisstofnun sem ætla má að rekja megi til mistaka, vanrækslu eða óhappatilviks við meðferð eða forvarnir vegna sjúkdóms og ber yfirlæknir stofnunarinnar þá ábyrgð á að málið sé tilkynnt lögreglu í samræmi við ákvæði laga um dánarvottorð.

Heilbrigðisstofnanir skulu tvisvar á ári senda landlækni skýrslur um alla óvænta skaða af meðferð ásamt niðurstöðu rannsókna mála. Landlæknir skal árlega senda ráðherra samantekt um óvæntan skaða í heilbrigðisþjónustu og afdrif mála.

Sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn tilkynna óvæntan skaða til embættis landlæknis. Landlæknir tekur ákvörðun um hvernig staðið verður að rannsókn málsins.

Ráðherra skal setja reglugerð um viðbrögð og rannsókn mála skv. 1. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Gjört í Reykjavík, 12. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Ingibjörg Pálmadóttir.*

# LÖG

## um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Verðlagsnefnd búvara, skipuð sex mönnum, ákveður afurðaverð til búvöruframleiðenda og verð búvara í heildsölu.

Samtök launþega tilnefna tvo fulltrúa í nefndina. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og hinn af stjórn Alþýðusambands Íslands. Noti annar aðilinn ekki tilnefningarrétt sinn færast réttur hans til hins.

Stjórn Bændasamtaka Íslands og stjórnir búgreinasamtaka, sem hlotið hafa viðurkenningu skv. 4. gr. og starfa fyrir búgreinafélög þeirra afurða sem verðlagðar eru hverju sinni, tilnefna tvo fulltrúa í nefndina sameiginlega. Skal annar þeirra tilnefndur til að fjalla eingöngu um verðmyndun til framleiðenda. Skal hann víkja úr nefndinni fyrir fulltrúa samtaka afurðastöðva í nefndinni þegar fjallað er um verðmyndun hjá afurðastöðvum.

Samtök afurðastöðva fyrir búvörur tilnefna tvo fulltrúa í nefndina. Skulu þeir tilnefndir þannig að í nefndinni starfi hverju sinni fulltrúar frá þeirri vinnslugrein sem um er rætt hverju sinni. Annar þessara fulltrúa skal tilnefndur til að starfa aðeins í nefndinni þegar nefndin fjallar um verðmyndun hjá afurðastöðvum og kemur í stað fulltrúa framleiðenda sem víkur sæti.

Landbúnaðarráðherra tilnefnir einn fulltrúa í nefndina og er hann formaður hennar.

Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og aðalmenn. Ákvarðanir í nefndinni skulu teknar með einföldum meiri hluta atkvæða. Komi upp jöfn staða atkvæða sker atkvæði formanns úr um niðurstöðu.

Tilnefningu fulltrúa í verðlagsnefnd skal lokið 15. júní ár hvert. Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar og skal landbúnaðarráðherra þá tilnefna mann í nefndina í stað samtaka framleiðenda og samtaka afurðastöðva en félagsmálaráðherra á sama hátt í stað samtaka launþega. Nefndin skal fullskipuð 1. júlí ár hvert.

Hagstofustjóri og forstöðumaður Hagþjónustu landbúnaðarins skulu vera verðlagsnefnd til aðstoðar.

#### 2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Verðlagsnefnd ákveður við upphaf hvers verðlagsárs, í fyrsta sinn 1. september 1998, lágmarksverð fyrir mjólk til framleiðenda sem miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi. Hverri afurðastöð er heimilt að greiða framleiðendum hærra verð en lágmarksverð. Verðlagsnefnd ákveður leyfileg afföll af verði mjólkur sem ekki stenst kröfur sem 1. flokks mjólk. Ákvörðun um lágmarksverð mjólkur skal byggjast á gerð verðlagsgrundvallar fyrir bú af hagkvæmri stærð, með framleiðsluáðstöðu þar sem tekið er mið af opinberum heilbrigðis- og aðbúnaðarkröfum og hagkvæmum framleiðsluháttum. Áætlað vinnuframlag

skili endurgjaldi hliðstæðu og gerist hjá starfsstéttum sem bera sambærilega ábyrgð á rekstri og mæta hliðstæðum kröfum um viðveru og færni. Ákvörðun verðlagsnefndar um lágmarksverð skal tekin til endurskoðunar innan verðlagsársins komi fram um það ósk í nefndinni. Framleiðslukostnaður á nautgripakjöti til framleiðenda skal metinn og skráður af verðlagsnefnd samhliða ákvörðun á lágmarksverði mjólkur. Heimilt er verðlagsnefnd að ákveða að skráning á verði nautgripakjöts falli niður. Landssambandi kúabænda er þá heimilt að gefa út viðmiðunarverð til framleiðenda fyrir einstaka flokka nautgripakjöts.

Verðlagsnefnd metur við upphaf hvers verðlagsárs framleiðslukostnað sauðfjárafurða fyrir meðalbúi, í fyrsta sinn 1. september 1998. Miða skal við kostnaðarútreikninga er sýni áætlaða vinnuþörf, fjármagnskostnað, rekstrargjöld, launakostnað og afurðir meðalbús sem er rekið við eðlilegar framleiðsluáðstæður. Tilgreina skal ársvinnu á sauðfjárþúni af stærð sem miðað er við og virða endurgjald fyrir vinnuframlag til samræmis við kjör þeirra sem vinna sambærileg störf og hafa svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð í starfi á almennum vinnumarkaði. Mat verðlagsnefndar skal taka til endurskoðunar innan verðlagsársins komi fram um það ósk í nefndinni. Landssamtökum sauðfjárþúna er heimilt að gefa út viðmiðunarverð til framleiðenda fyrir einstaka flokka sauðfjárafurða.

Til ákvörðunar á framleiðendaverði annarra búvara en afurða sauðfjár og nautgripa skal verðlagsnefnd semja um verðlagsgrundvöll er sýni áætlaða vinnuþörf, fjármagnskostnað, rekstrargjöld, launakostnað og afurðir bús sem næst meðalbúi að stærð, sem er rekið við eðlilegar framleiðsluáðstæður, komi fram um það óskir frá Bændasamtökum Íslands og viðurkenndum samtökum búvöruframleiðenda í viðkomandi grein skv. 2. mgr. 4. gr. Tilgreina skal ársvinnu á búinu og virða endurgjald fyrir vinnuframlag til samræmis við kjör þeirra sem vinna sambærileg störf og hafa svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð í starfi á almennum vinnumarkaði. Verðlagsgrundvöllurinn gildir fyrir tvö ár í senn frá byrjun verðlagsárs og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert nema annað sé ákveðið með samkomulagi í verðlagsnefnd. Nefndinni er hvenær sem er heimilt að taka mið af verðlagsbreytingum vegna fjármagns- og rekstrarkostnaðar, svo og launabreytingum á tímabilinu, komi fram um það óskir í nefndinni. Verðlagsgrundvöllur hvers tímabils framlengist sjálfkrafa um tvö ár í senn ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum samningsaðila með minnst þriggja mánaða fyrirvara. Nefndin getur þó komið sér saman um annan frest.

Við kostnaðarútreikninga skulu beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda teljast til tekna og koma til lækkunar á verði þeirra afurða sem beinar greiðslur taka til.

### 3. gr.

#### 11. gr. laganna orðast svo:

Hagstofa Íslands skal afla fullnægjandi gagna fyrir verðlagsnefnd um framleiðslukostnað búvara, tekjur annarra stétta og verð og verðbreytingar á einstökum kostnaðarliðum verðlagsgrundvallar. Verðlagsnefnd skal í samráði við Hagstofu Íslands setja reglur um öflun gagna.

Hagþjónusta landbúnaðarins skal árlega afla rekstrarreikninga frá bændum, nægilega margra að dómi Hagstofu Íslands, er sýni raunverulegan framleiðslukostnað hinna ýmsu búvara. Skulu þeir vera tilbúnir og uppgerðir fyrir 15. júní ár hvert fyrir næsta ár á undan. Reikningar þessir skulu vera til afnota fyrir Hagstofu Íslands og verðlagsnefnd. Stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins, ásamt Hagstofu Íslands, skipuleggur þetta starf hennar í samráði við verðlagsnefnd.

Verðlagsnefnd getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar um þau atriði er máli skipta fyrir verðlagningu búvara. Skylt er að stofna til slíkra rannsókna ef þrír nefndarmenn eða fleiri krefjast þess. Skal nefndin í því efni leita samstarfs

við Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins og aðrar opinberar stofnanir, svo og Framleiðsluráð landbúnaðarins, að því leyti sem rannsóknirnar snerta starfssvið viðkomandi stofnana. Telji umræddar stofnanir sig ekki geta látið í té starfslið til þess að gera þær rannsóknir er verðlagsnefnd hefur ákveðið að fram skuli fara er nefndinni heimilt að ráða til þess nauðsynlegt starfslið, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta þeim er rannsóknir gera í té nauðsynlegar upplýsingar að viðlögðum dagsektum sé upplýsingaskyldu ekki sinnt.

#### 4. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Verðlagsnefnd ákveður heildsöluverð búvara sem verðlagðar eru skv. 8. gr., að teknu tilliti til afurðaverðs til framleiðenda og rökstuddra upplýsinga um kostnað við vinnslu og dreifingu búvara, nema annað sé tekið fram í samningi sem gerður er á grundvelli a-liðar 30. gr. laganna. Nefndin getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar um þau atriði er máli skipta fyrir ákvörðun heildsöluverðs á búvörum með hliðstæðum hætti og segir í 11. gr.

Verðlagsnefnd er, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., heimilt í samkomulagi um heildsöluverð að gera tiltekna fyrir fram ákveðnar framleiðnikröfur til afurðastöðva, enda sé það samhljóða ákvörðun nefndarinnar.

Verðlagsnefnd getur, að fengnum tillögum afurðastöðva eða samtaka þeirra, heimilað afurðastöðvum að gera samninga sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða. Samningar þessir skulu hljóta staðfestingu verðlagsnefndar.

#### 5. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er verðlagsnefnd að breyta heildsöluverði á búvörum hafi orðið breytingar á afurðaverði til framleiðenda, sbr. 8. gr., eða rekstrarkostnaði og vinnulaunum við vinnslu búvara, komi fram um það ósk innan nefndarinnar.

#### 6. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Verðlagsnefnd getur, að fenginni umsögn Framleiðsluráðs, ákveðið að undanskilja einstakar vörutegundir verðlagningarákvæðum skv. 13. gr. þegar samkeppni er að mati nefndarinnar næg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag.

#### 7. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal hjá afurðastöð 1,8% verðskerðingargjald af úrvinnslu- og heildsöluverði kindakjöts, sem ætlað er til sölu á innlendum markaði, í sama skyni og 20. gr. kveður á um. Ráðherra ákveður viðmiðunarkostnað að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

#### 8. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Frá og með 1. september 1998 skal innheimta verðtilfærslugjald hjá afurðastöðvum af hverjum innvegnum mjólkurlíttra í afurðastöð innan greiðslumarks. Gjald þetta telst til heildsölu- og dreifingarkostnaðar sé hann ákveðinn af verðlagsnefnd. Verðtilfærslugjaldið skal vera 2,65 kr. á hvern lítra mjólkur. Gjald þetta greiðist út á tiltekna mjólkurafurðir við sölu innan lands eftir ákvörðun verðlagsnefndar.



## 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

## a. 3. mgr. orðast svo:

Við kaup á kindakjöti frá framleiðendum eða samkomulag um að annast sölu þess skal tilgreina hvort kjötið sé til sölu innan lands eða til útflutnings, en greiðslur fyrir kindakjöt skulu vera óháðar greiðslumarki lögbýlisins.

## b. Í stað orðanna „kjöt af dilkum“ í 6. mgr. kemur: kjöt af sauðfé.

## 10. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Um framleiðslu og greiðslumark mjólkur 1998–2005.**

## 11. gr.

## 44. gr. laganna orðast svo:

Markmið með ákvæðum þessa kafla um framleiðslu mjólkur eru:

- a. að skapa rekstrarumhverfi fyrir framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða sem leiði af sér aukna hagkvæmni,
- b. að bæta afkomumöguleika í mjólkurframleiðslu svo að nauðsynleg nýliðun og eðlileg endurnýjun fjárfestinga geti orðið,
- c. að nýta á sem bestan hátt skilyrði til framleiðslu mjólkur fyrir markað innan lands og aðra þá markaði sem teljast hagkvæmir og viðhalda þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.

## 12. gr.

## 45. gr. laganna orðast svo:

Heildargreiðslumark mjólkur er tiltekið magn mjólkur, mælt í lítrum, sem beingreiðslur ríkissjóðs miðast við. Heildargreiðslumark mjólkur skal ákveðið þremur mánuðum fyrir upphaf hvers verðlagsárs. Við ákvörðun þess skal byggt á neyslu innlendra mjólkurvara sem farið hafa um afurðastöðvar undanfarið tólf mánaða tímabil og áætlun Framleiðsluráðs landbúnaðarins fyrir komandi verðlagsár, að teknu tilliti til birgða. Við mat á neyslu og birgðum skal miða við gildandi stuðla um samsetningu mjólkurafurða samkvæmt ákvörðun Framkvæmdanefndar búvörusamninga. Verði sala mjólkurafurða undir heildargreiðslumarki ársins þannig að birgðir aukist kemur mismunur til lækkunar á heildargreiðslumarki næsta árs. Á sama hátt hækkar heildargreiðslumark ef sala eykst. Birgðir sem verða til vegna framleiðslu einstakra mjólkurframleiðenda umfram heildargreiðslumark, sbr. 3. mgr., teljast ekki til birgða við ákvörðun heildargreiðslumarks.

Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, ákveða heildargreiðslumark mjólkur fyrir hvert verðlagsár og setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptingu þess í greiðslumark lögbýla.

Framleiðsla mjólkur umfram greiðslumark skal fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar. Framkvæmdanefnd búvörusamninga getur þó heimilað sölu þessara vara innan lands ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefa tilefni til.

## 13. gr.

## 46. gr. laganna orðast svo:

Greiðslumark skal bundið við lögbýli. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslu samkvæmt því. Á hverju lögbýli

skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða aðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega.

Greiðslumark hvers lögbýlis verður við upphaf verðlagsárs 1998–1999 jafnt greiðslumarki þess eins og það verður skráð við lok verðlagsársins 1997–1998, að teknu tilliti til breytinga sem verða á heildargreiðslumarki vegna verðlagsársins 1998–1999, skv. 1. mgr. 45. gr. laganna og að teknu tilliti til aðilaskipta fyrir 20. ágúst 1998. Að þeim tíma liðnum breytist greiðslumark hvers lögbýlis í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki, við aðilaskipti með greiðslumark eða vegna tilfærslna á greiðslumarki milli lögbýla samkvæmt reglum sem landbúnaðarráðherra setur.

Sé greiðslumark ekki nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö ár fellur það niður, enda hafi Framleiðsluráð landbúnaðarins tilkynnt eiganda lögbýlis um rétt til sölu eða geymslu greiðslumarksins. Framkvæmdanefnd búvörusamninga er heimilt að ráðstafa þessu greiðslumarki til frumbýlinga, en að öðru leyti bætist það við greiðslumark annarra lögbýla í hlutfalli við skráð greiðslumark þeirra. Óski framleiðandi eftir að halda greiðslumarki á lögbýlinu án þess að nýta það til framleiðslu getur hann lagt það inn til geymslu hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins, lengst til 1. september 2005. Greiðslumark sem þannig er geymt tekur ekki breytingum á geymslutímanum.

#### 14. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Heimil eru aðilaskipti greiðslumarks á milli lögbýla, enda séu uppfyllt skilyrði þau sem ráðherra setur í reglugerð.

Aðilaskipti með greiðslumark taka ekki gildi fyrir en staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir flutningi greiðslumarks frá lögbýli, sbr. þó ákvæði 3. mgr.

Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýli og skal það sérstaklega skráð á nafn hans. Leiguliða er heimilt að selja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda. Þó skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt við ábúðarlok leiguliða á því markaðsverði sem síðast liggur fyrir skv. 1. mgr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um markaðsfyrirkomulag og aðilaskipti með greiðslumark og skráningu þess.

#### 15. gr.

48. gr. laganna orðast svo:

Beingreiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðenda mjólkur og skal svara til 47,1% af verði mjólkur eins og það er ákveðið skv. 8. gr. laganna. Greiðslu til hvers lögbýlis samkvæmt greiðslumarki þess er heimilt að skipta á þann veg að hluti greiðslunnar verði óháður framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlis sé ekki minni en tilskilið lágmark sem hlutfall eða heild af greiðslumarki, hluti greiðist eftir framleiðslu og hluti greiðist þannig að það stuðli að sem jafnastri dreifingu innleggs eftir mánuðum. Beingreiðsla skal greiðast mánadjarlega og skal framkvæmdanefnd búvörusamninga ákveða nánar greiðslutilhögun og fráviksmörk beingreiðslu fyrir upphaf hvers verðlagsárs, að fengnum tillögum Landssambands kúabænda.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga, nánari reglur um beingreiðslur, m.a. um framkvæmd þeirra, greiðslutilhögun, fráviksmörk og ráðstöfun beingreiðslna vegna ónýtt greiðslumarks.

## 16. gr.

Í stað orðsins „fimmannanefnd“ í 1. mgr. 19. gr., 1. mgr. 26. gr. og 2. mgr. 64. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: verðlagsnefnd búvöru. Orðin „og fimmannanefnd“ í 2. másl. 66. gr. laganna falla brott.

## 17. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist nýr stafliður, K, svohljóðandi: Heimilt er landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum verðlagsnefndar búvara, að verja til eftirfarandi verkefna eftirstöðvum af verðmiðlunargjöldum sem ekki hefur verið ráðstafað:

1. Rannsóknar- og þróunarverkefna í framleiðslu og vinnslu mjólkur.
2. Endurmenntunar leiði til meiri gæða og hagræðingar í framleiðslu mjólkur.
3. Hagranssóknna vegna verðlagningar og úttekta á stöðu framleiðslu og/eða vinnslu mjólkur.
4. Lækkunar á tilteknum mjólkurafurðum.

## 18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar 9.–10., 12., 14., 17., 18. og 56.–58. gr., 2.–4. másl. 59. gr., 60. og 61. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Fram til 1. september 1998 skulu verðákvæðanir fyrir búvörur fara eftir þeim ákvæðum sem í gildi eru fyrir gildistöku þessara laga.

*Gjört í Reykjavík, 15. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Guðmundur Bjarnason.*

**BÚNAÐARLÖG.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

**I. KAFLI****Almenn ákvæði.**

## 1. gr.

*Skilgreiningar.*

1. *Jarðabætur* eru hvers konar framkvæmdir og umbætur á jörð sem stuðla að framförum í búrekstri, þar með talin ræktun og aðrar landbætur, endurheimt landgæða og gerð rekstrarbygginga og endurbætur á þeim.
2. *Búfjárrækt* er starfsemi sem með skipulegu kynbótastarfi og bættri fóðrun stuðlar að framförum í búfjárframleiðslu.

3. *Búfé* er hross, nautgripir, sauðfé, geitur, svín, loðdýr, kanínur og alifuglar, auk þess eldisfiskar og önnur dýr sem haldin eru til nytja. Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtakið búfé sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.
4. *Leiðbeiningarmiðstöð* er miðstöð á vegum eins búnaðarsambands eða fleiri þar sem starfa sérfróðir menn á ýmsum sviðum landbúnaðar við leiðbeiningar og önnur verkefni tengd framkvæmd laga þessara.
5. *Búnaðarfélag* er félag bænda á ákveðnu svæði, óháð þeim búrekstri sem þeir stunda.
6. *Búgreinafélag* er félag bænda á ákveðnu svæði sem stunda sömu búgrein.
7. *Búnaðarsamband* er svæðisbundið samband búnaðarféлага, búgreinaféлага og/eða einstakra bænda.
8. *Búgreinasamband* er landssamband búgreinaféлага eða einstakra bænda sem stunda sömu búgrein.
9. *Ræktunarstöð* er sæðingarstöð, uppeldisstöð fyrir kynbótagripi af innlendum eða erlendum stofni eða stofnverndarþú til ræktunar búfjárstofna vegna sameiginlegs ræktunarstarfs búgreinar.
10. *Fagrád* er nefnd sem mótar stefnu í kynbótum, rannsóknum, fræðslumálum og þróunarstarfi búgreinar. Fagrád getur starfað á fagsviði, t.d. hagfræði.
11. *Landráðunautur* er ráðunautur sem hefur allt landið sem starfssvæði og hefur yfirumsjón með leiðbeiningum á sínu sviði.
12. *Héradráðunautur* er ráðunautur sem starfar í tilteknum landshluta á vegum búnaðarsambands eða leiðbeiningarmiðstöðvar.

## 2. gr.

### *Markmið laganna.*

Markmið laganna er að stuðla að framförum í íslenski búvöruframleiðslu og auka samkeppnishæfni landbúnaðar. Fjárframlög ríkisins samkvæmt lögum þessum stuðli að þróun nýrra framleiðsluhátta og nýrra greina innan landbúnaðarins og í tengslum við hann og miðist við að bændur hér á landi hafi ekki lakari starfsskilyrði en almennt gerist í nágrannalöndunum.

## 3. gr.

### *Yfirstjórn og fjárframlög ríkisins.*

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Hann skal gera samning við Bændasamtök Íslands til fimm ára í senn um verkefni samkvæmt lögum þessum og framlög til þeirra þar sem m.a. skal kveðið á um framlög til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins vegna atvinnuuppbyggingar í sveitum og verkefna sem stuðla að aukinni framleiðni í íslenskum landbúnaði. Samningurinn skal endurskoðaður og framlengdur annað hvert ár. Búnaðarþing skal fjalla um samning landbúnaðarráðherra og Bændasamtaka Íslands um verkefni og fjármögnun þeirra.

Ríkissjóður veitir árlega framlög til verkefna á sviði jarðabóta, búfjárræktar og leiðbeiningarstarfsemi samkvæmt lögum þessum, þar á meðal til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins skv. 1. mgr.

Bændasamtök Íslands hafa á hendi faglega og fjárhagslega umsjón þeirra verkefna sem svo er samið um skv. 1. mgr. og fjárveiting heimilar og annast framkvæmd þeirra nema öðruvísi sé um samið eða ákveðið með lögum, enda sé skipulag þeirra og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Bændasamtök Íslands og önnur samtök sem fara með verkefni samkvæmt lögum þessum geta tekið gjald fyrir þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

## 4. gr.

*Fagráð.*

Fagráð skulu starfa fyrir hverja búgrein og á einstökum fagsviðum. Fagráð móta stefnu í kynbótum og þróunarstarfi viðkomandi búgreinar, skilgreina ræktunarmarkmið og setja reglur um framkvæmd meginþátta ræktunarstarfsins. Enn fremur móta þau tillögur um stefnu í fræðslumálum og rannsóknum búgreinarinnar og fjalla um önnur mál sem vísað er þangað til umsagnar og afgreiðslu. Í fagráðum skulu sitja menn úr hópi starfandi bænda og einn ráðunautur í hlutaðeigandi búgrein eða fagsviði. Jafnframt skulu sitja í fagráðum eða starfa með þeim sérfróðir aðilar. Fagráð skulu hljóta staðfestingu landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

## 5. gr.

*Um félagsaðild bænda.*

Hver sá sem stundar búrekstur í atvinnuskyni á rétt á aðild að búnaðarsambandi síns hér- aðs gegnum búnaðarfélag, búgreinafélag eða með beinni aðild eftir samþykktum viðkomandi búnaðarsambands. Sama búnaðarsamband getur náð yfir fleiri héruð og sýslur.

## II. KAFLI

**Jarðabætur.**

## 6. gr.

*Markmið.*

Jarðabætur sem hér um ræðir skulu miða að því að bæta aðstöðu til búskapar á viðkomandi býlum og stuðla með því að framförum í landbúnaði og auka samkeppnishæfni hans. Þær skulu auk þess stuðla að sjálfbærri landnýtingu og verndun vistkerfa, taka mið af skuld- bindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, markmiðum þjóðarinnar um verndun umhverfis og sjálfbæra þróun og stuðla að framþróun vistrænna og lífrænna búskap- arháttanna.

## 7. gr.

*Framkvæmd.*

Skilyrði þess að jarðabætur njóti framlags samkvæmt lögum þessum eru að um þær hafi verið samið eins og lýst er í 3. gr. laga þessara, að um það hafi verið sótt og með því mælt af viðkomandi búnaðarsambandi eða leiðbeiningarmiðstöð. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilyrði fyrir framlögum til jarðabóta, fresti til umsókna og til- högun greiðslna.

Framlög til jarðabóta geta náð til allra jarðeigna þar sem landbúnaður er stundaður, að undanskildum þeim jörðum og jarðarhlutum sem liggja á svæðum sem tekin hafa verið úr landbúnaðarnotum eða hafa verið skipulögð til annars en landbúnaðar.

## 8. gr.

*Eftirlit.*

Búnaðarsambönd eða leiðbeiningarmiðstöðvar annast eftirlit með að jarðabætur séu unn- ar í samræmi við fyrirliggjandi áætlun og aðrar reglur sem gilda um slíkar framkvæmdir og annast úttekt þegar framkvæmd er lokið.

### III. KAFLI Búfjárrækt.

9. gr.

#### *Markmið.*

Markmið búfjárræktar er að tryggja framfarir í ræktun búfjár í þeim tilgangi að auka samkeppnishæfni íslensks búfjár og búfjárafurða. Búfjárræktin skal taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni.

10. gr.

#### *Skýrsluhald.*

Bændasamtök Íslands skulu sjá um kynbótaskýrsluhald fyrir hverja búgrein og móta um það reglur ásamt fagráðum og bera ábyrgð á kynbótamati á grundvelli þess.

11. gr.

#### *Ræktunarstöðvar.*

Hlutverk ræktunarstöðva fyrir búfé er að rækta með úrvali eða innflutningi erfðaefnis þá eiginleika sem taldir eru eftirsóknarverðir. Ríkissjóður tekur þátt í stofnun og rekstri ræktunarstöðva samkvæmt samningi við Bændasamtök Íslands, sbr. 3. gr. laga þessara.

12. gr.

#### *Búfjársæðingar.*

Búnaðarsamböndum eða öðrum félagasamtökum bænda sem viðurkennd eru af Bændasamtökum Íslands er heimilt að innheimta hjá mjólkurframleiðendum gjald af allri innveginni mjólk í afurðastöð vegna sæðinga mjólkurkúa. Gjaldið skal nema 1,7% af afurðastöðvarverði mjólkur eins og það er á hverjum tíma. Afurðastöðvum er skylt að halda gjaldi þessu eftir af mjólkurverðinu og standa búnaðarsamböndunum skil á því mánaðarlega.

13. gr.

#### *Búfjársýningar og búfjármat.*

Fagráð hverrar búgreinar skal meta þörf fyrir kynbótadóma og sýningar búfjár í viðkomandi búgrein og gera tillögur til Bændasamtaka Íslands og viðkomandi aðildarféлага um dómstörf og sýningarhald.

Sláturleyfishöfum er skylt að láta í té aðstöðu til þess að framkvæma nauðsynlegar athuganir á afurðum, enda sé þeim gert viðvart um þær við gerð áætlana um slátrun í viðkomandi húsi.

14. gr.

#### *Útflutningur búfjár.*

Útflutningur búfjár er heimill án sérstakra leyfa nema þegar um er að ræða úrvalskynbótagripi. Landbúnaðarráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur þar um að fenginni umsögn viðkomandi fagráðs, m.a. um forkaupsrétt innlendra aðila. Þá getur hann sett skilyrði um ástand og meðferð búfjárins.

15. gr.

#### *Stofnverndarsjóður.*

Starfrækja skal sérstakan sjóð, stofnverndarsjóð, til þess að veita lán eða styrki til kaupa á sérstökum úrvalskynbótagripi sem annars kynnu að verða fluttir úr landi. Jafnframt má veita úr sjóðnum fé til þróunarverkefna í viðkomandi búgreinum. Sjóðnum skal skipt í deildir eftir búfjártegundum og fer fagráð með stjórn hlutaðeigandi deildar.

## 16. gr.

*Erfðanefnd búfjár.*

Landbúnaðarráðherra skipar fimm menn og jafnmarga til vara í erfðanefnd búfjár að fengnum tilnefningum Bændasamtaka Íslands, búvísindadeildar Bændaskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Veiðimálastofnunar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Helstu verkefni nefndarinnar skulu vera:

- a. að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í helstu búfjárstofnum og ferskvatnsfiskum,
- b. að gera tillögur til landbúnaðarráðherra um sérstakar ráðstafanir til verndunar þeirra tegunda, stofna og eiginleika sem eru í útrýmingarhættu að mati nefndarinnar.

Landbúnaðarráðherra er heimilt með reglugerð að grípa til sérstakra ráðstafana sem nauðsynlegar eru við framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.

## IV. KAFLI

**Um leiðbeiningarstarfsemi.**

## 17. gr.

*Markmið.*

Markmið leiðbeiningarþjónustu samkvæmt lögum þessum er að miðla upplýsingum til bænda og stuðla með því að bættum búskaparháttum og framförum í búskap, til hagsbóta og bættra lífskjara fyrir bændur og neytendur búvara. Hún skal á hverjum tíma afla og miðla bestu þekkingu og reynslu um alla þætti búrekstrar sem bændur leggja stund á, eftir því sem við verður komið.

Hlutverk leiðbeiningarþjónustunnar er að:

1. miðla líffræðilegri, tæknilegri og hagfræðilegri þekkingu til allra búgreina,
2. þróa hagfræðileg og búfræðileg hjálpartæki fyrir leiðbeiningarstarfsemi og fyrir einstaka bændur, svo sem með gerð hentugra tölvuforríta,
3. kynna fyrir þeim sem starfa að landbúnaði stefnumörkun stjórnvalda í málefnum landbúnaðarins og á öðrum sviðum er hann snerta, svo sem í landverndar- og umhverfismálum,
4. vera stjórnvöldum til aðstoðar við framkvæmd löggjafar eftir því sem við getur átt og um semst milli aðila,
5. stuðla bæði faglega og félagslega að þróun nýrra búgreina og fylgjast með árangri frumherja á því sviði,
6. stuðla að sjálfbærri þróun við nýtingu auðlinda,
7. vinna að eflingu búrekstrar í sveitum.

Leiðbeiningarþjónustan skal stuðla að því, eftir því sem hún hefur tök á, að búskapur þróist í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er með samningum samtaka bænda við ríkisvaldið.

## 18. gr.

*Leiðbeiningar — héraðsráðunautar.*

Hjá búnaðarsamböndum og leiðbeiningarmiðstöðvum skulu starfa héraðsráðunautar sem sinna faglegum leiðbeiningum fyrir bændur á ákveðnum svæðum eða landinu öllu undir faglegri umsjón Bændasamtaka Íslands. Þeir annast eftirlit með jarðabótum, búfjárrækt og kynbótum, hver á sínu starfssvæði, í þeim greinum sem lög þessi taka til og annast úttekt jarðabóta. Þeir skulu árlega skila skýrslu um störf sín til þeirra búnaðarsambanda eða leiðbeiningarmiðstöðva er þeir starfa fyrir.

Héraðsráðunautar skulu hafa lokið kandídatprófi (BS-prófi) í búvísindum eða öðrum fræðigreinum eftir því sem við getur átt.

Landsráðunautar skulu starfa í einstökum búgreinum eða fagsviðum eftir því sem um er samið skv. 1. mgr. 3. gr. og fjárveiting heimilar. Landsráðunautar hafa yfirumsjón með leiðbeiningum, kynbótum og ræktun í viðkomandi búgrein. Landsráðunautar sitja í fagráðum og eru þeim til ráðuneytis við mótun ræktunarstefnu. Landsráðunautar skulu hafa lokið kandídatsprófi í búfræðum og hafa lokið sérnámi á starfssviði sínu eða hafa menntun og starfsreynslu sem stjórn Bændasamtaka Íslands metur jafngilda.

V. KAFLI  
Ýmis ákvæði.

19. gr.

*Reglur um framkvæmd laganna.*

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari fyrir mæli um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi taka þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 84/1989, um búfjárrækt, ásamt síðari breytingum, og jarðræktarlög, nr. 56/1987, ásamt síðari breytingum, svo og búfjárræktarlög, nr. 31/1973.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Landbúnaðarráðherra er heimilt að leita eftir samningum við bændur um greiðslur á sérstökum framlögum vegna framkvæmda á lögbýlum sem teknar voru út og samþykktar af héraðsráðunautum á árunum 1992–97, en ákvæði laga þessara gilda um framkvæmdir sem hafa verið teknar út og samþykktar á árinu 1998. Um samninga við bændur verði eftirfarandi reglum fylgt:

- a. Semja skal um greiðslu ákveðins hlutfalls af reiknuðu framlagi samkvæmt reglugerð nr. 417/1991. Heimilt er að greiða mishátt hlutfall eftir eðli framkvæmda, samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.
- b. Skýrt verði kveðið á um í samningum þessum að um sé að ræða fullnaðaruppgjör vegna framkvæmda sem gátu notið framlags samkvæmt lögum nr. 56/1987, með síðari breytingum, sbr. einnig reglugerð nr. 417/1991.

Ríkissjóður mun verja 50 millj. kr. hvert ár á fjárlögum árunna 1998, 1999 og 2000 til efnda á samningum landbúnaðarráðherra og 35 millj. kr. á árunum 2001 og 2002 hvort ár.

*Gjört í Reykjavík, 15. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

---

*Guðmundur Bjarnason.*



## LÖG

## um breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 61/1995.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Inngangsmálsliður greinarinnar orðast svo: Þeir einir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum mega aka fólksbifreið í leiguakstri.
- b. 2. tölul. orðast svo: hafa ekki verið dæmdir til óskilorðsbundinnar fangelsisvistar eða varðhalds; ef meira en fimm ár eru liðin frá uppkvaðningu dómsins og dómurinn hefur ekki kveðið á um lengra en fjögurra mánaða fangelsi eða varðhaldsvist telst brotið fyrnt í skilningi laganna nema um sé að ræða kynferðisbrot eða að viðkomandi hafi verið dæmdur fyrir kynferðislegt ofbeldi; brotið telst þó ætíð fyrnt ef viðkomandi hefur fengið uppreist æru.
- c. 3. tölul. orðast svo: hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu sem felst í því að vera fjár síns ráðandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. júní 1998.*

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.  
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

*Halldór Blöndal.*

15. júní 1998

Nr. 72

## LÖG

## um breytingu á lögum nr. 142/1996, um pósthjónustu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Íslenska ríkið hefur einkarétt á póstmeðferð eftirfarandi póstsendinga:

1. Bréfa í umslögum eða sambærilegum umbúðum með sýnilegri áritun, allt að 250 g að þyngd án tillits til innihalds. Einkarétturinn fellur þó niður sé burðargjald slíkra send-

inga meira en fimmfalt burðargjald fyrir bréf sem falla undir lægsta gjaldflokk samkvæmt gjaldskrá.

2. Annarra ritaðra orðsendinga eða prentaðra tilkynninga með utanáskrift og sérstöku innihaldi sem eru innan þeirra marka um þyngd og burðargjald er greinir í 1. tölul., þar með talinna póstkorta.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 12. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Póst- og fjarskiptastofnun getur heimilað íþróttafélögum, skátafélögum, hjálparsveitum eða öðrum sambærilegum aðilum, öðrum en einkaréttarhafa, póstméðferð á póstsendingum skv. 1. mgr. 6. gr., enda sé slík starfsemi ekki í atvinnuskyni. Samgönguráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Halldór Blöndal.*

## LÖG

### um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 117/1994.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað 9.–17. gr. laganna (III. kafli, **Almennar ferðaskrifstofur**) koma 15 nýjar greinar, 9.–23. gr., sem orðast svo, og breytast greinatölur og tilvísanir samkvæmt því:

a. (9. gr.)

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

- a. Hvers konar umboðssölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum og upplýsingar um slíkar ferðir.
- b. Útvegun gistihúsnæðis.
- c. Skipulagningu og sölu hópferða, innan lands eða erlendis, starfrækslu sætaferða og mót-töku erlendra ferðamanna.
- d. Starfrækslu bóknarþjónustu fyrir ferðir og gistingu, sbr. a-, b- og c-liði, og afþreyingu, þar með talinnar tölvubóknarþjónustu.

Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um með hvaða hætti skuli hafa eftirlit með þjónustu ferðaskrifstofa.

Samgönguráðuneytið sker úr ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir a–c-lið hér að framan, svo og um það hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.

b. (10. gr.)

Hver sá sem vill reka ferðaskrifstofu skal hafa til þess leyfi samgönguráðuneytis. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skal veita í fyrsta sinn til tveggja ára en síðan til fimm ára í senn.

Erlend ferðaskrifstofa, semhyggst opna starfsstöð á Íslandi, skal sækja um leyfi og leggja fram tryggingu fyrir starfsemi sinni svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skiptast í tvo flokka eftir umfangi:

1. *Ferðaskrifstofa*: Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki, félag eða einstakling sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni alla almenna þjónustu við ferðamenn, þar með talin skipulagning og miðlun ferða, þar með talin alferð, gisting og frístundaiðja, og selur almenna farseðla.
2. *Ferðaskipuleggjandi*: Ferðaskipuleggjandi merkir í lögum þessum fyrirtæki, félag eða einstakling sem skipuleggur ferðir hópa eða einstaklinga innan lands, einnig fyrirtæki sem annast móttöku hópa eða einstaklinga og skipuleggur fyrir þá dvöl og frístundaiðju eða fundi og ráðstefnur og þjónustu tengda þeim innan lands. Ferðaskipuleggjandi annast enga almenna farseðlaútgáfu til útlanda, hvorki með leiguflugi né áætlunarflugi.

Óheimilt er að stunda þau störf sem greind eru í þessum lögum, svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða ferðaskipuleggjandi eða hliðstæð erlend orð nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

Ferðaskrifstofa skal hafa leyfi sitt til ferðaskrifstofureksturs sýnilegt á starfsstöð sinni.

Ráðuneytið ákveður einnig hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara að því er lýtur að ferðum innan lands.

c. (11. gr.)

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Alferð*, sbr. lög um alferðir, nr. 80/1994, er fyrir fram ákveðin samsetning ekki færri en tveggja eftirfarandi atriða, þegar ferð er seld eða boðin til sölu á heildarverði og þegar þjónustan tekur til lengri tíma en 24 klst. eða í henni felst gisting:
  - a. flutnings,
  - b. gistingar,
  - c. annarrar þjónustu við ferðamenn sem tekur til verulegs hluta ferðarinnar.

Það telst alferð þótt reikningar sé gerðir sérstaklega fyrir hvert atriði.
2. *Leiguflug* er annað flug en reglubundið áætlunarflug til flutnings á farþegum með loftförum til og frá Íslandi þegar aðili, þar með talin ferðaskrifstofa, hefur tekið farrými loftfars að hluta eða öllu leyti á leigu hjá flugrekanda.
3. *Tryggingarskyld starfsemi* er sala alferða innan lands og utan og leiguflugs til útlanda.
4. *Viðskiptavinur* er sá sem kaupir alferð eða leiguflug hjá ferðaskrifstofu. Framselji viðskiptavinur alferð eða leiguflug til þriðja manns fær sá kröfu á ferðaskrifstofu stöðvist rekstur hennar eða verði hún gjaldþrota. Kaup á alferð eða sæti með leiguflugi til endursölu fellur ekki undir þessa skilgreiningu.

Í lögum þessum er orðið ferðaskrifstofa bæði notað um ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu nema annað sé tekið fram.

## d. (12. gr.)

Sækja skal um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu a.m.k. tveimur mánuðum áður en fyrirhug-  
að starfsemi skal hefjast. Leita skal umsagnar ferðamálastjóra um allar slíkar umsóknir.

Til að öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu þarf umsækjandi að uppfylla eftirtalin skil-  
yrði:

- a. eiga lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. eitt ár; ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eru undanskildir skilyrði um ríkisfang samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,
- b. vera fjárráða og hafa forræði á búi sínu.

Enn fremur skal einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofunnar á hverjum tíma hafa  
að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

Leyfi má veita félagi eða öðrum lögaðila sem á heimili hér á landi, enda sé forsvarsmáður  
slíks lögaðila fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Sé um erlendan aðila að ræða eða íslenskan  
lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfisveiting þó háð því að fullnægt sé skilyrðum laga  
um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Hafi umsækjandi um ferðaskrifstofuleyfi haft leyfi til slíkrar starfsemi á síðustu fimm ár-  
um og hafi sú ferðaskrifstofa orðið gjaldþrota eða rekstur hennar stöðvast með þeim afleið-  
ingum að nauðsynlegt hafi verið að grípa til tryggingar skal umsókn um leyfi til ferðaskrif-  
stofureksturs hafnað.

## e. (13. gr.)

Áður en leyfi til ferðaskrifstofureksturs er veitt skal ferðaskrifstofa eða samtök slíkra  
fyrirtækja leggja fram sönnun þess að hún hafi nægilega tryggingu til heimflutnings farþega  
erlendis frá auk þess sem skylt er að gera farþega kleift að ljúka alferð, hvort sem um er að  
ræða alferð innan lands eða utan, í samræmi við upphaflega áætlun hennar. Enn fremur skal  
tryggja endurgreiðslu þess fjár er viðskiptavinur hefur þegar greitt vegna alferðar sem enn  
er ófarin komi til rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofu.

## f. (14. gr.)

Þeim viðskiptavinum viðkomandi ferðaskrifstofu sem þegar eru í alferð, hvort sem um er  
að ræða alferð innan lands eða utan, skal gert kleift að ljúka ferð sinni. Í því felst að allt það  
sem viðskiptavinur hefur þegar greitt og er í samræmi við fyrir fram ákveðna alferð, hvort  
sem um flutning, gistingu eða aðra fyrirframgreidda hluta ferðar er að ræða, skal greiða af  
tryggingarfé svo að honum sé gert kleift að ljúka ferð sinni. Hins vegar er ekki skylt að  
greiða það sem viðskiptavinur kaupir aukalega, þ.e. hluta ferðar sem ekki teljast til fyrir  
fram ákveðinnar alferðar.

Hafi viðskiptavinur gengið til samnings við ferðaskrifstofu um að hefja alferð og greitt  
innborgun inn á ferð í því skyni en endanlegur samningur ekki komist á skal engu að síður  
greiða það fé sem viðskiptavinurinn hefur þegar reitt af hendi, enda leggi hann til fullnæg-  
andi sönnunargögn þar að lútandi.

Þeir sem hafa greitt alferð að hluta eða öllu leyti en ekki hafið ferð skulu fá endurgreitt  
það fé sem þeir hafa reitt af hendi.

Hafi verið gripið til tryggingar og viðskiptavini verið gert kleift að ljúka alferð í samræmi  
við upphaflegan samning eru frekari kröfur ekki teknar til greina.

Þegar um heimflutning farþega er að ræða fyrir milligöngu ráðuneytis vegna rekstrar-  
stöðvunar ferðaskrifstofu áður en alferð er lokið skal aðeins greiddur sá hluti alferðarinnar  
er viðskiptavini tókst ekki að ljúka.

Hafi viðskiptavinur aðeins keypt sér far með leiguflugi er heimflutningur hans tryggður af tryggingarfé ferðaskrifstofu.

Einungis beint fjárhagslegt tjón af alferð skal greitt af tryggingarfé ferðaskrifstofa en ekkert tjón sem rekja má til hugsanlegra óþæginda eða miska.

g. (15. gr.)

Ef til rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu eða ferðaskipuleggjanda kemur skulu viðskiptavinir leggja fram skriflega kröfu innan 60 daga frá birtingu áskorunar um kröfulýsingu. Meðfylgjandi skulu vera nauðsynleg sönnunargögn um kröfuna, svo sem farseðlar og kvittanir. Ef samgönguráðuneytið telur að frekari gögn séu nauðsynleg til sönnunar kröfunni er því heimilt að óska eftir þeim. Ef vafi leikur á um hvort gögn til stuðnings kröfu séu fullnægjandi skal samgönguráðuneytið skera úr.

h. (16. gr.)

Ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjandi skulu leggja fram tryggingu skv. 19. gr. sem nemur 70% af veltu tveggja söluhæstu mánaðanna í röð, 40% af veltu fjögurra söluhæstu mánaðanna í röð eða 20% af heildarveltu á ári vegna tryggingarskyldrar starfsemi og skal sú niðurstaða sem gefur hæstu tryggingu gilda. Trygging skal þó aldrei vera lægri en 1 millj. kr. vegna ferðaskrifstofu eða ferðaskipuleggjanda.

Samgönguráðherra skal setja reglur um bókhald og reikningsskil ferðaskrifstofa til að skilja tryggingarskylda starfsemi frá annarri starfsemi og til að nauðsynlegar upplýsingar við mat á tryggingarfjárhæð liggi fyrir.

Samgönguráðherra er heimilt að krefjast hærri tryggingar í þeim tilfellum þegar um sérstaklega áhættusaman rekstur er að ræða eða að öðru leyti er ljóst að trygging samkvæmt lögum þessum mun ekki nægja komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu.

i. (17. gr.)

Til að meta upphæð tryggingar hjá umsækjanda sem er að sækja um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu í fyrsta sinn skal umsækjandi leggja fram ítarlega áætlun um rekstur, greiðslustreymi og efnahag fyrir yfirstandandi og næsta ár. Áætlunin skal vera brotin niður á mánuði og áætlun tryggingarskyld velta sérgreind. Áætluninni skal fylgja staðfesting endurskoðanda á að áætlunin sé rétt miðað við gefnar forsendur. Samgönguráðuneytið leggur mat á forsendur áætlunarinnar og er því heimilt að óska eftir samningum og öðrum gögnum er það telur nauðsynleg við mat á áætluninni.

Leyfishafar með tryggingu skv. 19. gr. skulu fyrir 31. mars ár hvert senda samgönguráðuneytinu endurskoðaðan ársreikning og önnur gögn sem áskilin eru í reglum, sbr. 2. mgr. 16. gr., auk áætlunar um fyrirhuguð umsvif á starfsárinu. Ráðuneytið tekur ákvörðun á grundvelli þeirra upplýsinga um hvort tryggingarfjárhæð skuli breytt að fenginni umsögn löggiltis endurskoðanda.

Ef endurskoðað ársuppgjör hefur ekki borist 30. apríl er ráðuneytinu heimilt að fella leyfi til reksturs ferðaskrifstofu úr gildi.

Ef leyfishafi hefur ekki sinnt ákvörðun ráðuneytis um hækkun tryggingarfjárhæðar innan mánaðar frá því að honum var tilkynnt ákvörðun um hækkun hennar fellur leyfi til reksturs ferðaskrifstofu úr gildi.

Telji samgönguráðuneytið að rekstur ferðaskrifstofu gangi erfiðlega er því heimilt að kveðja til löggiltan endurskoðanda til að leggja mat á fjárhagsstöðu hennar. Tilkvöddum endurskoðanda er í þessu skyni heimill aðgangur að starfsstöð ferðaskrifstofunnar til að gera þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum hennar sem hann telur nauðsynlegar.

Telji samgönguráðuneytið nauðsynlegt að fella leyfi til reksturs ferðaskrifstofu úr gildi vegna brota á þessari grein skal ráðuneytið tilkynna viðkomandi ferðaskrifstofu um það skriflega. Skal ferðaskrifstofan hafa 14 daga frest til að bæta úr þeim atriðum er ráðuneytið telur ábótavant.

j. (18. gr.)

Trygging gildir jafnlengi og leyfi til ferðaskrifstofureksturs. Ef trygging verður ófullnægjandi á leyfistímanum skal afturkalla leyfi til ferðaskrifstofureksturs þar til bót hefur orðið á. Trygging skal vera tiltæk í allt að sex mánuði eftir niðurfellingu leyfis nema um uppsögn tryggingar sé að ræða. Ef fullnægjandi sönnur eru færðar á að allar kröfur vegna rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu hafi verið greiddar er samgönguráðuneytinu heimilt að fella þann hluta tryggingar sem eftir stendur úr gildi áður en lögbundnir sex mánuðir eru liðnir.

Samgönguráðuneytið ákvarðar hvort greiða skal af tryggingarfé skv. 13. gr. Eigi er heimilt að fella tryggingu úr gildi eða skerða tryggingarfé nema leyfi ráðuneytisins komi til. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður ef grípa þarf til tryggingarfjár vegna rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofunnar.

k. (19. gr.)

Trygging, sbr. 13. gr., getur verið:

- a. Fé í vörslu samgönguráðuneytis, sbr. 1. mgr. 16. gr.
- b. Fé sem lagt er inn í viðurkennda banka- eða peningastofnun í nafni samgönguráðuneytis, sbr. 1. mgr. 16. gr.
- c. Ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs eða váttrygging hjá váttryggingafélagi. Skulu þessir aðilar hafa starfsleyfi hér á landi. Þeir skulu og gefa yfirlýsingu um að gildissvið og fjárhæð tryggingarinnar séu í samræmi við lög þessi.

l. (20. gr.)

Samgönguráðherra er heimilt að tilnefna tilsjónarmann til að sjá um uppgjör tryggingarfjár. Hann skal þá hafa með höndum umsýslu vegna heimflutnings farþega og endurgreiðslu af tryggingarfé ferðaskrifstofu. Kostnaður við störf tilsjónarmanns skal greiddur af tryggingarfé.

m. (21. gr.)

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

- a. ef leyfishafi verður gjaldþrota eða sviptur fjárræði,
- b. ef trygging sú, sem sett er skv. 13. gr., fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum sem ráðuneytið setur,
- c. ef leyfishafi hættir að hafa búsetu á Íslandi.

Ef félag er leyfishafi eða annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu fellur leyfið niður ef einhverra þeirra skilyrða er misst sem uppfylla ber samkvæmt lögum þessum eða er forstöðumaður andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður sem uppfyllir skilyrði laga þessara innan þess frests sem ráðuneytið setur.

n. (22. gr.)

Nú andast leyfishafi og er þá eftirlifandi maka hans, ef hann situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í fimm ár, enda sé fullnægt almennum skilyrðum um ábyrgð og ekki ástæða til afturköllunar leyfis skv. 21. gr.

o. (23. gr.)

Fyrir útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum greiðist gjald til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Samgönguráðherra er heimilt að taka gjöld af ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum sem renna til samgönguráðuneytis til að standa straum af eftirliti samkvæmt lögum þessum. Fjárhæð gjaldanna skal koma fram í reglum sem ráðherra setur skv. 2. mgr. 16. gr. Gjöldin skulu standa undir kostnaði af bókhaldsrannsóknum og öðrum þeim þáttum sem nauðsynlegir eru til að sannreyna fjárhæð tryggingar og með öðrum hætti hafa eftirlit með rekstri ferðaskrifstofa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þó eru starfandi ferðaskrifstofur undanþegnar ákvæðum h-liðar 1. gr. (16. gr.) laga þessara fram til 1. ágúst 1998.

*Gjört í Reykjavík, 15. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Halldór Blöndal.*

15. júní 1998

Nr. 74

## LÖG

**um breytingu á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993,  
með síðari breytingum, og siglingalögum,  
nr. 34/1985, með síðari breytingum.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

### I. KAFLI

*Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35 30. apríl 1993,  
með síðari breytingum.*

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Lögin gilda þó um öll skip sem flytja farþega í atvinnuskyni á sjó, ám eða vötnum án tillits til stærðar.
- b. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Farþegaflutningar í atvinnuskyni, þar með taldar skoðunar- og veiðiferðir ferðamanna, með skipum sem lög þessi gilda um eru háðir leyfi Siglingastofnunar Íslands. Skali slíkt leyfi gefið út þegar leitt er í ljós að fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo og ákvæðum annarra laga og reglugerða sem gilda um skip í farþegaflutningum. Fyrir slík skip skal fjöldi í hverri áhöfn ákveðinn af Siglingastofnun Íslands með hliðsjón af gerð skips, fyrirkomulagi þess og búnaði, svo

og farsviði þess og útivist, þannig að fjöldi í áhöfn og skipting starfa fullnægi skilyrðum um að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi farþega, skipverja og skips. Skipstjóri skal varðveita um borð í skipi skjal er sannar gildi leyfisins. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um útgáfu og skilyrði leyfis samkvæmt þessari málsgrein, svo og um gjald fyrir útgáfu leyfisins.

## II. KAFLI

*Breyting á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.*

### 2. gr.

Við 145. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Farsala sem sjálfur annast flutninginn er skylt að kaupa váttryggingu hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi gegn tjóni sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Nú annast farsali ekki flutninginn og er þeim sem flutninginn annast þá skylt að kaupa váttryggingu hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi gegn tjóni sem verða kann og hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Váttryggingarfjárhæðir skulu nægja til greiðslu bóta eftir ákvæðum laga þessara um takmörkun ábyrgðar. Skipstjóri skal varðveita um borð í skipi skjal er sannar gildi váttryggingarinnar og framvísa því þegar löggæslumaður eða starfsmaður Siglingastofnunar Íslands krefst þess.

## III. KAFLI

*Gildistaka.*

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Hafi Siglingastofnun Íslands fyrir gildistöku laga þessara áritað á haffærisskírteini skips að heimilt sé að stunda farþegaflutninga með skipinu skal slíkt leyfi, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., halda gildi sínu til þess tíma er gildistími haffærisskírteinisins rennur út. Eftir þann tíma eru farþegaflutningar með skipinu háðir leyfi skv. 1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er þeim sem skylt er að kaupa váttryggingu samkvæmt þeirri grein veittur frestur til þess að kaupa trygginguna til 1. ágúst 1998.

*Gjört í Reykjavík, 15. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

---

*Halldór Blöndal.*



# ÁFENGISLÖG.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Tilgangur laga þessara er að vinna gegn misnotkun áfengis.

##### 2. gr.

Samkvæmt lögum þessum telst áfengi hver sá neysluhæfur vökvi sem í er að rúmmáli meira en 2,25% af hreinum vínanda. Efni þau sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika skal fara með sem áfengan drykk.

Vínandastyrkur sem hlutfall af rúmmáli áfengis skal mældur við 20°C.

##### 3. gr.

Til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, smásölu, veitingar eða framleiðslu áfengis þarf leyfi samkvæmt lögum þessum. Einnig þarf leyfi til að veita áfengi í samkvæmum öðrum en einkasamkvæmum.

Veita má einstaklingi eða lögaðila leyfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu eða framleiðslu áfengis, enda uppfylli hann þau almennu skilyrði fyrir leyfisveitingu sem lögin áskilja. Leyfisveitanda er heimilt að binda leyfi skv. 1. mgr. sérstökum skilyrðum sem talin eru nauðsynleg til að tryggja öryggi og eftirlit með atvinnustarfseminni.

Leyfi sem gefin eru út samkvæmt lögum þessum eru bundin við nafn og kennitölu leyfis-hafa. Taki nýr aðili við rekstri skal hann sækja um nýtt leyfi. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að það varði ríkissjóð ekki skaðabótaskyldu þótt gildistími leyfis verði stytur eða skilyrðum leyfis á annan hátt breytt meðan það er í gildi.

##### 4. gr.

Innflutningur, heildsala, smásala, veitingar og framleiðsla áfengis sem fram fer í atvinnuskyni án leyfis samkvæmt lögum þessum varðar refsingu skv. 27. gr.

Það varðar einnig refsingu skv. 27. gr., þótt ekki sé í atvinnuskyni:

- a. að framleiða áfengi til einkaneyslu eða sölu,
- b. að selja áfengi,
- c. að veita áfengi með öðrum hætti en heimilt er samkvæmt lögum þessum.

Ólöglegur innflutningur áfengis varðar refsingu samkvæmt ákvæðum tollalaga.

Lögregla, tollgæsla og skattfyrirvöld annast eftirlit með þeim sem hafa leyfi til atvinnustarfsemi samkvæmt lögum þessum. Um greiðslu löggæslukostnaðar vegna skemmtana sem fram fara á veitingastöðum sem leyfi hafa til áfengisveitinga fer samkvæmt lögreglulögum.

## 5. gr.

Leyfi til innflutnings, heilðsölu, smásölu eða framleiðslu skal einungis veitt þeim sem tilkynnt hefur Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og verið færður á fyrirtækjaskrá samkvæmt lögum um fyrirtækjaskrá og sem tilkynnt hefur skattstjóra um starfsemi sína samkvæmt lögum um virðisaukaskatt.

Til að fá útgefið leyfi skv. 1. mgr. 3. gr., annað en leyfi til smásölu, skal umsækjandi vera orðinn 20 ára. Ef umsækjandi er félag með ótakmarkaðri ábyrgð skulu eigendur og framkvæmdastjóri þess vera orðnir 20 ára. Ef um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð skulu allir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri fullnægja aldursskilyrðinu.

Fyrir útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Framleiðslu-, innflutnings-, heilðsölu- eða smásöluleyfishafa er skylt að halda, eftir því sem við á, framleiðslu-, birgða- og sölubókhald. Ráðherra setur nánari reglur um færslu bókhalds samkvæmt þessari málsgrein.

## II. KAFLI

**Framleiðsla áfengis.**

## 6. gr.

Sækja skal um leyfi til framleiðslu áfengis til ríkislögreglustjóra.

Með framleiðslu áfengis er átt við hvers konar bruggun, gerjun eða eimingu áfengra drykkja, sem og blöndun eða átöppun eins eða fleiri áfengra drykkja. Til framleiðslu í þessum skilningi telst þó ekki blöndun áfengra drykkja sem á sér stað samtímis og sem hluti af veitingu áfengis.

Handhafa framleiðsluleyfis er jafnframt heimilt að selja áfengi í heilðsölu.

Framleiðsluleyfi sem gefið er út til umsækjanda í fyrsta sinn gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

## 7. gr.

Bannað er að eiga, flytja inn, útbúa eða smíða sérhæfð áhöld til að eima áfengi eða til að gera drykkjarhæft áfengi sem var ódrykkjarhæft, nema hafa til þess sérstakt leyfi. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag leyfisveitinganna í reglugerð.

## III. KAFLI

**Innflutningur áfengis.**

## 8. gr.

Sækja skal um leyfi til innflutnings áfengis í atvinnuskyni til ríkislögreglustjóra.

Innflutningsleyfi veitir leyfishafa jafnframt heimild til að selja eða afhenda innflutt áfengi til þeirra sem hafa leyfi til að framleiða, selja eða veita áfengi í atvinnuskyni. Handhafa innflutningsleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda innflutt áfengi úr landi til þeirra sem njóta úrlendisréttar eða í tollfrjálsar forðageymslur eða verslanir. Innflutningsleyfi veitir leyfishafa ekki heimild til að selja áfengi í smásölu.

Innflutningsleyfi sem í fyrsta sinn er gefið út til umsækjanda gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

## IV. KAFLI

**Sala áfengis.**

## 9. gr.

Sækja skal um leyfi til að selja áfengi í heilðsölu til ríkislögreglustjóra.

Handhafa heilðsöluleyfis er heimilt að selja eða afhenda áfengi til þeirra sem hafa leyfi

til að framleiða, selja eða veita áfengi í atvinnuskyni. Handhafa heildsöluleyfis er jafnframt heimilt að selja eða afhenda innflutt áfengi úr landi til þeirra sem njóta úrlendisréttar og í tollfrjálsar forðageymslur eða verslanir. Heildsöluleyfi veitir leyfishafa ekki heimild til að selja áfengi í smásölu.

Heildsöluleyfi sem í fyrsta sinn er gefið út til umsækjanda gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

#### 10. gr.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur einkaleyfi til smásölu áfengis.

Sækja skal um leyfi til rekstrar áfengisútsölu til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi.

Smásöluleyfi sem gefið er út vegna áfengisútsölu í fyrsta sinn gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

#### 11. gr.

Áður en sveitarstjórn veitir leyfi til rekstrar áfengisútsölu skal hún leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefndar. Sveitarstjórn skal rökstyðja niðurstöðu sína og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem henni réðu.

Sveitarstjórn er heimilt að binda veitingu leyfis til rekstrar útsölastaðar áfengis skilyrðum um staðsetningu verslunar, afgreiðslutíma og önnur málefnaleg atriði.

Sveitarstjórn skal tilkynna viðkomandi lögreglustjóra um leyfi sem hún veitir til rekstrar áfengisútsölu og um þau skilyrði sem leyfið er bundið.

#### 12. gr.

Smásöluleyfishafi skal ábyrgjast fullnægjandi öryggis- og eftirlitsbúnað húsnæðis þess sem hýsa á útsölastaðinn, afmörkun og aðgreiningu húsnæðis og rekstrar frá öðrum verslunarrekstri, sem og hámarksafgreiðslutíma. Ráðherra kveður nánar á um hámarksafgreiðslutíma og sérstök skilyrði varðandi smásöluleyfi í reglugerð.

Áfengisútsölastaðir skulu vera lokaðir á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

### V. KAFLI

#### Veitingar áfengis.

#### 13. gr.

Sækja skal um leyfi til áfengisveitinga á veitingastað til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi.

Leyfi til áfengisveitinga verður einungis veitt þeim sem hefur gilt veitingaleyfi samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði.

Áfengisveitingaleyfi sem gefið er út í fyrsta sinn gildir í eitt ár. Sé leyfi endurnýjað má haga gildistíma þess með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af veitingarekstrinum, þó ekki lengur en til fjögurra ára í senn.

Taki nýr aðili við rekstri veitingastaðarins eða ef breytt er um heiti eða kennitölu leyfishafa skal sótt um nýtt leyfi. Meðan sú umsókn er til meðferðar má sveitarstjórn gefa út leyfi til bráðabirgða með sömu skilmálum og fyrra leyfi.

Leyfishafi skal tilnefna stjórnanda sem annast daglegan rekstur og ber ábyrgð á honum ásamt leyfishafa. Ef leyfishafi rekur fleiri en einn áfengisveitingastað skal slíkur stjórnandi tilnefndur fyrir hvern þeirra. Stjórnandi skal uppfylla skilyrði laga til að fá útgefið veitingaleyfi og vera orðinn 20 ára að aldri. Taki nýr stjórnandi við rekstri staðarins skal það tilkynnt lögreglustjóra og sveitarstjórn.

## 14. gr.

Áður en sveitarstjórn veitir leyfi til áfengisveitinga á veitingastað skal hún afla umsagnar viðkomandi lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar sem metur innréttingu og annað svipmót veitingarekstrar. Einnig skal sveitarstjórn leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefnda. Sveitarstjórn skal rökstyðja niðurstöðu sína og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem henni réðu. Skal sveitarstjórn ákveða heimilan veitingatíma áfengis á hlutaðeigandi veitingastað, gildistíma og skilyrði leyfis.

Áður en leyfi er gefið út skal umsækjandi setja tryggingu fyrir greiðslu krafna á hendur honum ef til gjaldþrotaskipta eða rekstrarstöðvunar kemur. Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð upphæð og skilmála tryggingarinnar. Skal miðað við að upphæð tryggingar sé í samræmi við umfang þess reksturs sem tryggingin nær til.

Heimilt er að synja útgáfu leyfis til áfengisveitinga þegar hlutaðeigandi skuldar skatta, opinber gjöld eða iðgjöld í lífeyrissjóð og samanlögð fjárhæð þessara skulda nemur hærri fjárhæð en 500.000 kr., eða ef hlutaðeigandi hefur á undanförunum fimm árum verið dæmdur til refsivistar vegna brots á almennum hegningarlögum, lögum þessum, lögum um ávana- og fíkniefni eða lögum um tekjuskatt og eignarskatt, um virðisaukaskatt, um staðgreiðslu opinberra gjalda, um gjald af áfengi eða um tryggingagjald, og ástæðurnar eiga við:

- a. umsækjanda sem er lögaðili með ótakmarkaðri ábyrgð eða einhvern eiganda hans,
- b. umsækjanda sem er lögaðili með takmarkaðri ábyrgð, meiri hluta eigenda hans, stjórnarmann eða framkvæmdastjóra,
- c. umsækjanda sem er einstaklingur.

Sveitarstjórn skal tilkynna viðkomandi lögreglustjóra um þau leyfi sem hún veitir til áfengisveitinga á veitingastað og þau skilyrði sem leyfið er bundið.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari reglur um áfengisveitingar, þar á meðal um veitingatíma, útgáfu leyfa, flokkun veitingastaða, húsnæði og búnað og eftirlit með starfsemi leyfishafa. Áður en slík reglugerð er sett skal leita umsagnar áfengis- og vímuvarnaráðs, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkislögreglustjóra.

## 15. gr.

Sækja skal um leyfi til áfengisveitinga um borð í skráningarskyldu skipi til sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem heimahöfn skipsins er samkvæmt lögum um skráningu skipa.

Leyfi til áfengisveitinga verður einungis veitt þeim sem uppfyllir skilyrði laga um veitinga- og gististaði til að fá útgefið veitingaleyfi.

## 16. gr.

Áður en veitt er leyfi til áfengisveitinga um borð í skipi skal leitað umsagnar Siglingastofnunar Íslands.

Sé leyfi veitt nær það einungis til áfengisveitinga um borð í skipulögðum hópferðum innan landhelgi.

Að öðru leyti gilda ákvæði 13. gr. um umsókn um leyfi og gildistíma þess.

Heimilt er að veita leyfi til áfengisveitinga um borð í skipi í hópferð sem farin er af sérstöku tilefni. Ákvæði 1. og 2. mgr. og 1. mgr. 15. gr. gilda um slík leyfi.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um leyfi til áfengisveitinga um borð í skipum.

## 17. gr.

Heimilt er, þegar sérstaklega stendur á, að veita ábyrgðarmanni húsnæðis leyfi til áfengisveitinga af sérstöku tilefni, enda uppfylli hann eftirfarandi skilyrði:

- a. hafi veitingaleyfi samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði,
- b. annist á eigin ábyrgð alla sölu og veitingar áfengis hverju sinni,
- c. annist sjálfur og greiði fyrir áfengi, aðrar veitingar og þjónustu sem gestum er látið í té.

Við útgáfu leyfa samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 3. og 4. mgr. 14. gr. eftir því sem við á.

Dómsmálaráðherra er heimilt í reglugerð að takmarka útgáfu leyfa ábyrgðarmanns hús-næðis við tiltekinn fjölda tilvika á hverju ári.

## VI. KAFLI

### Meðferð og neysla áfengis.

18. gr.

Óheimilt er að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 20 ára. Ávallt þegar ástæða er til að ætla að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri skal sá sem selur, veitir eða afhendir það láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

Á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára óheimil dvöl eftir kl. 20 á kvöldin og fram til lokunar staðarins, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 20 að kvöldi án samfylgdar foreldra sinna eða maka sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

19. gr.

Heimilt er að neita að veita eða afhenda manni áfengi ef viðkomandi er áberandi ölvaður.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum, húsnaði félagasamtaka eða öðrum þeim stöðum þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 13., 15. og 17. gr.

Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastaði, annað en það sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað.

Öðrum en þeim sem hafa til þess leyfi skv. 3. gr. er óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra gegn gjaldi eða öðru verðmæti.

Það varðar mann refsingu samkvæmt lögum þessum láti hann viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu. Sama gildir ef skip hans, bátur eða annað flutningstæki er með vitund og vilja hans notað til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis. Með sama hætti skal refsa þeim sem hefur áfengi í vörslu sinni sem látið hefur verið af hendi andstætt ákvæðum laga þessara.

20. gr.

Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar.

Bannið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja, enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu.

Undanþegið banni við áfengisauklýsingum er:

1. Auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prenitum sem flutt eru til landsins, nema megintilgangur ritsins eða innflutningsins sé að auglýsa áfengi.
2. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á venjulegum búnaði til áfengisveitinga á veitingastað þar sem áfengisveitingar eru heimilaðar.
3. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á flutningatækjum áfengisframleiðanda, vöruumbúðum, bréfsefni eða öðru sem beinlínis tengist starfsemi hans.

21. gr.

Hver sá sem sökum ölvunar veldur óspektum, hættu eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum, í bifreiðum eða öðrum farartækjum eða skipum skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

Ef flugmenn, bifreiðarstjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátsformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar varðar það missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir eða fyrir fullt og allt ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

Sama gildir þótt annar hafi haft með höndum starf framangreindra manna ef þeir áttu sjálfir að annast starfið en vanræktu það sökum ölvunar og verulegt slys hlaut af því.

Það varðar refsingu að veita mönnum þeim sem tilgreindir eru í 1. mgr. áfengi þegar þeir eru að störfum.

23. gr.

Leiki vafi á hvort sakborningur skv. 21. og 22. gr. sé undir áhrifum áfengis skal bæði lögreglu og sakborningi heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn eða öndunarprófi sem læknir eða annar kunnátumaður framkvæmir.

## VII. KAFLI

### Leyfissviptingar, refsingar o.fl.

24. gr.

Leyfisveitandi skal afturkalla leyfi sem gefið er út samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum þeirra til að fá útgefið slíkt leyfi.

25. gr.

Verði handhafi leyfis sem gefið er út samkvæmt lögum þessum uppvís að vanrækslu á skyldum sem á honum hvíla eða hann uppfyllir ekki skilyrði sem um reksturinn gilda skal veita honum skriflega áminningu. Áminningu vegna leyfa sem gefin eru út af sveitarstjórn veitir viðkomandi sveitarstjórn eða lögreglustjóri, en ríkislögreglustjóri veitir áminningar vegna leyfa er hann hefur gefið út. Áminning hefur gildi í tvö ár frá því að hún hefur verið birt leyfishafa.

Verði leyfishafi uppvís að frekari vanrækslu meðan áminning er enn í gildi skal það varða sviptingu leyfis um ákveðinn tíma. Sveitarstjórn ber að svipta leyfi telji lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi að skilyrði 1. málsl. 2. mgr. séu uppfyllt. Ef vanræksla er stórfelld eða ítrekuð skal lengd sviptingar ákveðin með hliðsjón af því.

26. gr.

Misbeiti veitingamaður sem leyfi hefur til áfengisveitinga leyfi sínu með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar áfengistegundir, svo

og með því að selja eða afhenda áfengi án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrir mæli sem um áfengisveitingar gilda varðar það refsingu samkvæmt lögum þessum.

Brot þjónustumanna og stjórnenda varða einnig refsingu samkvæmt lögum þessum.

#### 27. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að sex árum. Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af lögbundnu áfengisgjaldi.

Innflutningur eða framleiðsla áfengis án leyfis varðar fangelsi auk sektar ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

Sama gildir ef maður gerir sér að atvinnu ólöglega áfengissölu eða veitingar eða slíkt brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

#### 28. gr.

Gera skal upptæk til ríkissjóðs öll áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögmætum hætti skal og gert upptækt ásamt ílátum.

Tæki sem talin eru í 7. gr., sem finnast hjá öðrum en þeim sem hafa til þess leyfi, skulu gerð upptæk án tillits til þess hvort þau hafi verið notuð til áfengisgerðar eða ekki.

Einnig skal gera upptækt:

- a. áfengi sem ólöglega er flutt til landsins,
- b. áfengi sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum,
- c. áfengi sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum,
- d. áfengi í vörslu þeirra sem brotlegir gerast skv. 21. gr.

### VIII. KAFLI

#### Úrskurðarnefnd um áfengismál.

##### 29. gr.

Heimilt er að bera ákvarðanir sveitarstjórnar samkvæmt lögum þessum undir úrskurðarnefnd um áfengismál sem úrskurðar um ágreininginn.

Nefndin er sjálfstæð í störfum og verður úrskurðum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

##### 30. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þrjá menn í úrskurðarnefnd um áfengismál til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af ríkislögreglustjóra og einn af félagsmálaráðherra sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

##### 31. gr.

Mál skv. 1. mgr. 29. gr. skal borið skriflega undir úrskurðarnefnd um áfengismál.

Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Um meðferð mála hjá úrskurðarnefndinni fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

## IX. KAFLI Gildistaka.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998 að undanskildu ákvæði til bráðabirgða III er öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 82/1969, áfengislög, auk 3.–5. mgr. 2. gr. laga nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I.

Leyfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heilidsölu, framleiðslu eða veitingar áfengis sem veitt voru í gildistíð eldri laga halda gildi sínu. Um eftirlit, áminningar og leyfissviptingar fer eftir þessum lögum.

Sækja skal um smásöluleyfi fyrir þær áfengisútsölur sem starfræktar eru við gildistöku laganna til viðkomandi sveitarfélags innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna.

#### II.

Starf áfengisvarnaráðunautar verður lagt niður eigi síðar en 1. janúar 1999. Um réttindi hans fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Skrifstofa áfengisvarnaráðs verður lögð niður eigi síðar en 1. janúar 1999. Um réttindi starfsmanna áfengisvarnaráðs fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

#### III.

Fara skal með nýjar umsóknir um áfengisveitingaleyfi samkvæmt ákvæðum þessara laga.

#### IV.

Dómsmálaráðherra skal þegar í stað skipa sex manna nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvort æskilegt sé að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi. Nefndin skal gera grein fyrir viðfangsefni sínu með hlutlausum hætti og kanna m.a. eftirfarandi þætti:

1. Skilgreindir verði kostir og gallar breytinga á áfengiskaupaaldri.
2. Könnuð verði reynsla annarra þjóða sem breytt hafa áfengiskaupaaldri.
3. Kannað verði hvernig efla þyrfti forvarna- og eftirlitsstarf til að stuðla að jákvæðum áhrifum slíkra breytinga og hvernig standa þyrfti að undirbúningi.
4. Metin verði áhrif þess til lengri og skemmri tíma að færa áfengiskaupaaldur niður í 18 ár.
5. Metið verði hvort rétt væri að færa áfengiskaupaaldurinn tímabundið niður í 18 ár til að kanna reynslu slíkra breytinga eða hvort eingöngu verði miðað við að færa aldurinn úr 20 í 18 ár að því er varðar létt vín og bjór.
6. Meta hvort rétt væri að skoða samhliða slíkri breytingu að færa aldurinn til ökuleyfis úr 17 í 18 ár og að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði 17–20 ára við akstur í 0%.

Nefndin verði skipuð eftirtöldum aðilum: einum fulltrúa tilnefndum af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, einum tilnefndum af áfengiseftirlitsdeild ríkislögreglustjóra, einum tilnefndum af landlæknisembættinu, einum tilnefndum af landssamtökunum Heimili og skóli og einum tilnefndum af Félagi framhaldsskólanema. Dómsmálaráðherra skipar nefndinni for-



mann án tilnefningar. Nefndin skal vinna í samráði við allsherjarnefnd og skal hún reglulega gera allsherjarnefnd grein fyrir störfum sínum.

Niðurstaða og skýrsla um starf nefndarinnar skal lögð fyrir Alþingi í upphafi næsta þings. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

*Gjört í Reykjavík, 15. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Þorsteinn Pálsson.*

15. júní 1998

Nr. 76

## LÖG um áfengis- og vímuvarnaráð.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

### *Áfengis- og vímuvarnaráð.*

1. gr.

Stofna skal áfengis- og vímuvarnaráð sem heyrir undir ráðherra heilbrigðismála.

Tilgangurinn með stofnun áfengis- og vímuvarnaráðs er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og ungmenna, og sporna við afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Markmiðið með starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs er að uppræta fíkniefnaneyslu og draga stórlega úr áfengisneyslu. Ráðið skal stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, svo sem heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana, félagsmálayfirvalda sveitarfélaga, löggæslu, menntakerfis, refsivörslukerfis og félagasamtaka.

### *Skipan áfengis- og vímuvarnaráðs.*

2. gr.

Heilbrigðisráðherra skipar átta menn í áfengis- og vímuvarnaráð og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Til setu í áfengis- og vímuvarnaráði skal að jafnaði velja einstaklinga sem eru sérfróðir um áfengis- og vímuvarnir. Forsætisráðherra, dómsmálaráðherra, félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra, menntamálaráðherra, utanríkisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna hver sinn fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

Heilbrigðisráðherra skipar formann og varaformann úr ráðinu.

### *Verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs.*

3. gr.

Verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs eru:

1. Að hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt, sem og stefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma.

2. Að vera ríkisstjórn og öðrum stjórnvöldum, þar á meðal staðbundnum nefndum sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, til ráðuneytis um áfengis- og vímuvarnir, m.a. um þörf á meðferðarúrræðum, og gera tillögur um stefnu stjórnvalda á þessu sviði, með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna.
3. Að gera tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr Forvarnasjóði til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna.
4. Að beita sér fyrir samhæfingu starfa þeirra sem vinna að áfengis- og vímuvörnum, sbr. 3. mgr. 1. gr., m.a. með því að halda reglulega samráðsfundi með fulltrúum þessara aðila.
5. Að stuðla að rannsóknum á sviði áfengis- og vímuvarna, m.a. árlegum könnunum á áfengis- og vímuefnaneyslu barna og ungmenna, og fylgjast með tengslum áfengis- og fíkniefnanotkunar og afbrota.
6. Að fylgjast með stöðu áfengis- og vímuvarna í grannríkjum og annast samskipti við hliðstæðar stofnanir í nágrannalöndunum.
7. Að stuðla að útgáfu fræðslugagna um áfengis- og vímuvarnir og annast gagnasöfnun í vímuefnamálum þannig að hjá ráðinu séu nýjustu og haldbærustu upplýsingar um stöðu mála. Ráðið skal gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og stöðu áfengis- og vímuvarna.
8. Að annast önnur verkefni sem ráðherra eða ríkisstjórn felur ráðinu.

*Dagleg starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs.*

4. gr.

Heilbrigðisráðherra ræður framkvæmdastjóra að fenginni umsögn áfengis- og vímuvarnaráðs. Framkvæmdastjóri stýrir daglegri starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs og ræður annað starfsfólk ráðsins.

*Árlegt ráðstöfunarfé áfengis- og vímuvarnaráðs.*

5. gr.

Áfengis- og vímuvarnaráð hefur árlega eftirgreinda fjármuni til ráðstöfunar til að sinna hlutverki sínu:

1. Forvarnasjóð skv. 8. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi.
2. Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
3. Framlög sem fyrirtæki eða aðrir kunna að leggja af mörkum til starfsemi á vegum ráðsins.

*Reglugerðarheimild.*

6. gr.

Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m.a. um ráðstöfun fjár úr Forvarnasjóði.

*Gildistökuákvæði.*

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

*Gjört í Reykjavík, 15. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Guðmundur Bjarnason.*

# LÖG

## um lögmennt.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárrinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

Með lögmanni er í lögum þessum átt við þann sem hefur leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður eða héraðsdómslögmaður.

Lögmennt eru opinberir sýslunarmenn. Njóta þeir réttinda og bera skyldur samkvæmt því.

###### 2. gr.

Ef aðili fer ekki sjálfur með mál sitt fyrir dómi eða sá sem að lögum getur verið fyrirsvarsmaður hans í dómsmáli verður ekki öðrum en lögmanni falið að gæta þar hagsmuna hans, sbr. þó 3. mgr.

Ákvæði 1. mgr. gilda um opinber mál með þeim takmörkunum sem kann að leiða af heimildum í lögum til að fela öðrum en lögmanni að koma þar fram sem verjandi, réttargæslumaður eða talsmaður sakbornings eða ákærða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur málsaðili falið þeim sem starfar sem lögmaður í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og hefur heimild til að fara þar með mál annarra fyrir dómstóli að gæta hagsmuna sinna í máli fyrir samsvarandi dómstóli hér á landi, enda njóti hann í þinghöldum aðstoðar lögmanns sem starfar hér á landi. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglu um slík störf erlendra lögmannta hér á landi.

#### II. KAFLI

##### Lögmannafélag Íslands og úrskurðarnefnd lögmannta.

###### 3. gr.

Lögmennt skulu hafa með sér félag sem nefnist Lögmannafélag Íslands. Er þeim öllum skylt að vera þar félagsmennt.

Lögmannafélag Íslands setur sér samþykktir. Það skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem sérstaklega er mælt fyrir um í lögum, sbr. þó 5. mgr.

Í tengslum við Lögmannafélag Íslands skal starfa úrskurðarnefnd lögmannta sem leysir úr málum eftir ákvæðum þessara laga. Skal hún skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Skal hver nefndarmaður eiga þar sæti í fimm ár í senn, en þó þannig að sæti eins nefndarmanns losni árlega. Tveir nefndarmenn skulu kosnir af Lögmannafélagi Íslands samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum þess, einn skal tilnefndur af Dómarafélagi Íslands, einn af dómsmálaráðherra og einn af Hæstarétti Íslands, en hann skal vera úr röðum lögmannta sem fullnægja skilyrðum til að gegna embætti hæstaréttardómara. Nefndin kys sér sjálf formann til eins árs í senn.

Lögmannafélag Íslands ber kostnað af þeim störfum sem því og úrskurðarnefnd lögmannta eru falin með lögum. Getur félagið lagt á félagsmennt árgjald til að standa straum af þeim kostnaði.

Lögmannafélagi Íslands er heimilt að starfrækja í öðru skyni en að framan greinir sérstaka félagsdeild, eina eða fleiri, sem lögmonnum er frjálst að ákveða hvort þeir eiga aðild að. Skal fjárhagur slíkra félagsdeilda aðgreindur frá fjárhag félagsins.

#### 4. gr.

Meðferð mála fyrir úrskurðarnefnd lögmanna fer eftir stjórnarsýslulögum nema annað leiði af ákvæðum V. kafla. Nefndin setur sér innan þess ramma nánari reglur um meðferð einstakra málaflokka.

Ákvarðanir úrskurðarnefndar lögmanna sæta hvorki stjórnarsýslukæru né málskoti innan Lögmannafélags Íslands.

#### 5. gr.

Lögmannafélag Íslands kemur fram fyrir hönd lögmanna gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða.

Lögmannafélag Íslands setur siðareglur fyrir lögmenn.

Lögmannafélag Íslands skal stuðla að því að sérhver sem þarfnast aðstoðar lögmanns fái notið hennar, enda hlíti hann þá ráðum lögmannsins og tryggi greiðslu hæfilegs endurgjalds fyrir aðstoðina.

### III. KAFLI

#### Lögmansréttindi.

#### 6. gr.

Réttindi til að vera héraðsdómslögmaður má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:

1. er lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að gegna störfum lögmanns,
2. hefur aldrei orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta,
3. hefur óflekkað mannorð, svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis,
4. hefur lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands,
5. stenst prófraun skv. 7. gr.

Víkja má frá skilyrði 2. tölul. 1. mgr. að fengnum meðmælum Lögmannafélags Íslands ef umsækjandi hefur haft forræði á fé sínu að minnsta kosti þrjú undanfarin ár.

Leggja má að jöfnu við próf það, sem um getur í 4. tölul. 1. mgr., sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef prófnefnd skv. 1. mgr. 7. gr. telur sýnt að umsækjandi hafi næga þekkingu á íslenskum lögum. Til að staðreyna þetta er nefndinni heimilt að leggja fyrir umsækjanda að gangast undir sérstakt próf á sínum vegum í einni eða fleiri lögfræðigreinum.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð fyrir mæli um undanþágu frá skilyrðum 5. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki.

#### 7. gr.

Umsækjandi um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður verður að standast prófraun sem þriggja manna prófnefnd annast. Dómsmálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn nefndarmann eftir tilnefningu Lögmannafélags Íslands, annan samkvæmt tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands, en þann þriðja án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi lögmaður. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar nefndinni formann, svo og varaformann úr röðum varamanna.

Prófraunin skal bæði vera bókleg og verkleg og ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða rækslu lögmannsstarfa, þar á meðal siðareglna lögmanna. Prófnefnd skipuleggur námskeið til undirbúnings prófraun. Henni er heimilt að láta Háskóla Ís-

lands og Lögmannafélag Íslands annast einstaka þætti námskeiðs og prófraunar. Í reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum prófnefndar, skal meðal annars kveðið nánar á um námsgreinar, námskeiðahald, framkvæmd prófraunar og lágmarksárangur til að standast hana.

Efnt skal til námskeiðs og prófraunar ekki sjaldnar en annað hvert ár.

Að fenginni tillögu prófnefndar ákveður dómsmálaráðherra gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta prófraun. Skal fjárhæð þess taka mið af kostnaði af námskeiðum og annarri framkvæmd prófraunarinnar.

#### 8. gr.

Umsókn um leyfi til að vera héraðsdómslögmaður skal beint til dómsmálaráðherra. Eftir því sem þörf er á skal umsækjandi leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum skv. 6. gr. Hann skal að auki vinna að því skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem lögmanni.

Dómsmálaráðherra gefur út leyfisbréf handa héraðsdómslögmanni.

Héraðsdómslögmaður má gæta hagsmuna aðila í máli fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli.

#### 9. gr.

Réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:

1. hefur haft réttindi til að vera héraðsdómslögmaður í fimm ár,
2. fullnægir þeim kröfum sem er getið í 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr.,
3. hefur flutt ekki færri en þrjátíu mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli,
4. sýnir fram á það með prófraun, sem felst í flutningi tveggja mála fyrir Hæstarétti, að hann sé hæfur til að öðlast réttindin.

Sá sem þreyta vill prófraun skv. 4. tölul. 1. mgr. skal beina til sérstakrar prófnefndar umsókn um það ásamt staðfestingu dómsmálaráðherra á að hann fullnægi öðrum skilyrðum 1. mgr. Í prófnefndinni sitja þrír menn sem dómsmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skulu tveir nefndarmenn tilnefndir af Hæstarétti, en einn af Lögmannafélagi Íslands. Jafn margir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin kýs sér sjálf formann til eins árs í senn. Hún skal setja almennar reglur um framkvæmd prófraunar. Dómendur Hæstaréttar sem skipa dóm í viðkomandi máli meta hvort umsækjandi standist prófraun.

Að fenginni umsögn Hæstaréttar getur ráðherra vikið frá skilyrðum 1., 3. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur gegnt dómaraembætti í að minnsta kosti tíu ár. Með sama hætti getur ráðherra vikið frá 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur um jafnlangan tíma gegnt embætti eða starfi sem fylgir lögum samkvæmt heimild til að flytja opinber mál fyrir Hæstarétti.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð fyrir mæli um undanþágu frá skilyrðum 1. og 3. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem eru gerðar í 1.–4. tölul. 1. mgr. 6. gr., sbr. 2. og 3. mgr. sömu greinar.

#### 10. gr.

Umsókn um leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður skal beint til dómsmálaráðherra. Skulu fylgja henni eftir þörfum gögn til staðfestingar því að umsækjandi fullnægi skilyrðum 9. gr. til að öðlast réttindin.

Dómsmálaráðherra gefur út leyfisbréf handa hæstaréttarlögmanni.

Hæstaréttarlögmaður má gæta hagsmuna aðila í málum fyrir öllum dómstólum landsins.

## 11. gr.

Lögmaður getur ráðið til starfa hjá sér fulltrúa sem fullnægir skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr., sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. Leita skal staðfestingar Lögmannafélags Íslands á því að skilyrðum þessum sé fullnægt og leggja fyrir það gögn því til stuðnings.

Að fenginni staðfestingu skv. 1. mgr. skal lögmaður tilkynna dómstólum um ráðningu fulltrúa. Getur lögmannsfulltrúi upp frá því sótt þing fyrir öðrum dómstólum en Hæstarétti í umboði og á ábyrgð vinnuveitanda síns og gætt þar hagsmuna umbjóðanda vinnuveitandans, en þó ekki við munnlega sönnunarfærslu eða aðalmeðferð máls. Lögmanni ber að tilkynna dómstólum og Lögmannafélagi Íslands ef fulltrúi hans lætur af störfum.

Lögmaður getur ráðið annan lögmann til starfa hjá sér. Ber lögmaður ábyrgð á fjárvörslu slíks starfsmanns síns, svo og fébótaábyrgð á störfum hans að öðru leyti.

## 12. gr.

Lögmanni er skylt að hafa skrifstofu opna almenningi, varðveita fjármuni annarra á vörslufjárreikningum og afla sér starfsábyrgðartryggingar, allt samkvæmt því sem nánar segir í 19., 23. og 25. gr.

Lögmaður getur sótt um undanþágu til Lögmannafélags Íslands frá þeim skyldum sem um ræðir í 1. mgr. á meðan hann:

1. gegnir föstu starfi hjá opinberri stofnun eða einkaaðila, enda veiti hann engum öðrum þjónustu sem lögmaður,
2. starfar hjá öðrum lögmanni, sbr. 3. mgr. 11. gr., eða
3. gegnir föstu starfi hjá félagasamtökum, enda veiti hann engum öðrum en þeim samtökum eða félagsmönnum þeirra þjónustu og skal þjónustan falla innan starfssviðs samtakanna.

Lögmaður sem leitar undanþágu skv. 2. mgr. skal leggja fram samþykki vinnuveitanda síns fyrir henni. Ef undanþágu er leitað skv. 1. eða 3. tölul. 2. mgr. skal lögmaður láta fylgja yfirlýsingu sína um að hann muni ekki hagnýta sér réttindi sín í ríkara mæli en þar greinir. Ef undanþágu er leitað skv. 2. tölul. 2. mgr. skal fylgja staðfesting um þá ábyrgð vinnuveitanda sem um ræðir í 3. mgr. 11. gr. Er vinnuveitanda jafnt sem lögmanni skylt að tilkynna Lögmannafélagi Íslands ef vinnusambandi þeirra er slitið.

Ef lögmaður fullnægir annars ekki þeim skyldum sem um getur í 1. mgr. ber honum að skila leyfisbréfi sínu og skulu réttindi hans felld niður.

## 13. gr.

Lögmannafélag Íslands hefur eftirlit með því að lögmaður uppfylli ávallt skilyrði fyrir lögmannsréttindum skv. 6., 9. og 12. gr.

Lögmanni er skylt að veita Lögmannafélagi Íslands eða löggiltum endurskoðanda, sem félagið tilnefnir í því skyni, allar nauðsynlegar upplýsingar til að metið verði hvort hann fullnægi þeim skyldum sem mælt er fyrir um í 12. gr. Ber sá sem gegnir eftirliti þagnarskyldu um það sem hann kemst að raun um, að því leyti sem það varðar ekki tilgang eftirlitsins.

Komi fram við eftirlit skv. 1. mgr. að lögmaður fullnægi ekki þeim skilyrðum sem þar greinir ber Lögmannafélagi Íslands að leggja til við dómsmálaráðherra að réttindi hans verði felld úr gildi. Skal ráðherra taka rökstudda afstöðu til slíkrar tillögu innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.

Ef réttindi lögmanns eru felld niður með þeim hætti sem í 3. mgr. segir er honum heimilt að höfða einkamál eftir almennum reglum gegn ríkinu til ógildingar á ákvörðun ráðherra.

## 14. gr.

Nú berst úrskurðarnefnd lögmanna kvörtun á hendur lögmanni og telur sýnt að hann hafi í störfum sínum brotið svo mjög eða ítrekað gegn lögum eða þeim reglum sem um getur í 2. mgr. 5. gr. að ekki verði við unað að hann hafi áfram réttindi til að vera lögmaður. Getur þá nefndin í rökstuddu álitu lagt til við dómsmálaráðherra að réttindi lögmannsins verði felld niður um tiltekinn tíma eða ótímabundið ef sakir eru miklar.

Ráðherra ber að taka afstöðu til tillögu skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því hún berst honum.

Felli ráðherra niður réttindi lögmanns samkvæmt framansögðu getur lögmaðurinn höfðað mál um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 4. mgr. 13. gr.

## 15. gr.

Taki lögmaður við opinberu starfi sem dómsmálaráðherra telur ósamrýmanlegt handhöfn lögmannsréttinda skulu réttindin felld niður. Lögmanninum er heimilt að höfða mál um þá ákvörðun, svo sem um ræðir í 4. mgr. 13. gr.

Lögmanni er alltaf frjálst að afsala sér réttindum sínum.

## 16. gr.

Hafi réttindi lögmanns verið felld niður samkvæmt einhverju því sem í 12.–15. gr. segir eða hann hefur afsalað sér þeim skulu þau veitt honum á ný eftir umsókn hans án endurgjalds eða prófraunar ef hann fullnægir orðið öllum öðrum skilyrðum til að njóta þeirra.

Hafi réttindi lögmanns verið felld niður ótímabundið samkvæmt því sem í 14. gr. segir getur hann að fimm árum liðnum sótt um heimild til að gangast undir prófraun skv. 7. gr. og sækja í kjölfarið á ný um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður. Slíka heimild veitir dómsmálaráðherra að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands.

## 17. gr.

Dómsmálaráðherra skal auglýsa í Lögbirtingablaði veitingu réttinda, svo og ef þau falla niður.

Í dómsmálaráðuneytinu skal halda skrá um þá sem hafa lögmannsréttindi. Skal þar gerð um það sérstök athugasemd ef lögmaður hefur hlotið undanþágu með þeim hætti sem greinir í 1. tölul. 2. mgr. 12. gr. Skrá þessi skal vera opin almenningi.

#### IV. KAFLI

##### Störf lögmanna.

## 18. gr.

Lögmönnum ber í hvívetna að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna.

## 19. gr.

Lögmanni ber sjálfum að starfa á skrifstofu sinni. Reki hann útibú frá skrifstofunni má hann þó fela öðrum lögmanni í þjónustu sinni að veita því forstöðu.

Telji lögmaður sér ekki fært vegna aldurs eða heilsufars síns að hafa opna skrifstofu má hann leita undanþágu Lögmannafélags Íslands frá skyldu til þess.

Lögmönnum er heimilt að stofna félag um rekstur sinn í því formi sem þeir sjálfir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð. Slík takmörkun breytir ekki því að lögmaður ber alltaf óskerta ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmaður hans bakar öðrum með störfum sínum.

Öðrum en lögmönnum er óheimilt að reka félag um skrifstofu lögmanns eða eiga hlut í

því. Við andlát lögmanns getur þó Lögmannafélag Íslands veitt dánarbúi hans eða erfingjum tímabundna heimild til að eiga og reka slíkt félag. Sams konar heimild má veita þrotabúi ef bú lögmanns er tekið til gjaldþrotaskipta.

Ráðherra getur heimilað, að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands, að aðrir en þeir sem nefndir eru í 4. mgr. geti átt eða rekið félag um skrifstofu lögmanns svo fremi að sérstakrar ástæður mæli með því.

#### 20. gr.

Lögmanni er skylt að taka við skipun sem verjandi eða réttargæslumaður í opinberu máli, enda fullnægi hann til þess hæfisskilyrðum og hafi ekki ósamrýmanlegra hagsmuna að gæta vegna sjálfs sín, venslamanna sinna eða annars umbjóðanda síns.

Að öðru leyti en leiðir af 1. mgr. er lögmanni aldrei skylt að taka að sér verk sem leitað er til hans um.

#### 21. gr.

Nú sækir lögmaður eða fulltrúi hans dómþing fyrir aðila, og skal hann þá talinn hafa umboð til að gæta þar hagsmuna aðilans nema það gagnstæða sé sannað.

Sé ekki sýnt fram á annað felur umboð aðila til lögmanns í sér heimild til að gera hvaða eina sem venjulegt má telja til að gæta hagsmuna fyrir dómi. Innan þeirra marka er umbjóðandi bundinn af ráðstöfun lögmanns þótt hann fari út fyrir þá heimild sem umbjóðandi hefur veitt honum.

Lögmaður getur ekki tekið við greiðslu svo bindandi sé gagnvart umbjóðanda nema hann hafi til þess sannanlegt umboð.

Lögmanni er skylt að inna sjálfur af hendi þau störf fyrir dómi sem honum eru falin nema umbjóðandi hans samþykki annað. Lögmaður getur þó falið fulltrúa sínum eða öðrum lögmanni að sækja fyrir sig dómþing, enda sé það ekki háð til aðalmeðferðar máls eða munnlegrar sönnunarfærslu.

Umbjóðanda er ætíð heimilt að kalla aftur umboð sitt til lögmanns. Ákvæði um annað í umboði eru ekki skuldbindandi.

Lögmaður getur á öllum stigum sagt sig frá verki sem honum hefur verið falið, en gæta verður hann þess að umbjóðandi hans verði ekki af þeim sökum fyrir réttarspjöllum.

#### 22. gr.

Lögmaður ber þagnarskyldu um hvaðeina sem honum er trúað fyrir í starfi sínu. Starfsmaður lögmanns er einnig bundinn þagnarskyldu um slík trúnaðarmál sem hann kann að komast að vegna starfa sinna.

Áður en lögmaður tekur að sér verk ber honum að vekja athygli þess sem til hans leitar ef hann telur einhverja hættu á að hagsmunirnir sem í húfi eru kunni að rekast á hagsmuni hans sjálfs, venslamanna sinna eða annars umbjóðanda, eða að samsvarandi torkerki geti risið við rækslu starfans.

#### 23. gr.

Lögmanni er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé. Skulu slíkir fjármunir varðveittir á sérstökum vörslufjárreikningi.

Dómsmálaráðherra skal setja nánari reglur um vörslufjárreikninga að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands.



## 24. gr.

Lögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín og skal umbjóðanda hans eftir því sem unnt er gert ljóst hvert það gæti orðið í heild sinni. Þar á meðal getur lögmaður áskilið sér hluta af þeirri fjárhæð sem umbjóðandi fær greitt í máli, svo og herra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

Loforð um ósanngjarnt endurgjald fyrir starf lögmanns bindur ekki umbjóðanda hans.

Dómsmálaráðherra getur að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefið út leiðbeiningar handa lögmonnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óheimilt er lögmonnum að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi.

## 25. gr.

Lögmaður ber bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanna sinna eftir almennum reglum.

Lögmonnum er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands getur dómsmálaráðherra ákveðið með reglugerð að önnur jafngild trygging geti komið í stað ábyrgðartryggingar.

Dómsmálaráðherra skal að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands og umsögn Fjármálaeftirlitsins ákveða lágmark fjárhæðar ábyrgðartryggingar skv. 2. mgr. og hámark eigin áhættu váttryggingartaka. Skal þá höfð hliðsjón af góðum venjum á sviði váttrygginga og hagsmunum viðskiptamanna lögmannna. Sjálfsáhætta váttryggingartaka samkvæmt tryggingarskilmálum hefur engin áhrif á stöðu þriðja manns.

Lögmanni er heimilt með samningi um ákveðið verk að takmarka hámark bótaskyldu sinnar vegna rækslu þess við tiltekna fjárhæð sem nemi að minnsta kosti lágmarki ábyrgðartryggingar skv. 3. mgr. Slík takmörkun bindur aðeins viðsejanda lögmanns og getur ekki náð til annars tjóns en þess sem stafar af einföldu gáleysi.

## V. KAFLI

**Ágreiningur um störf lögmannna.**

## 26. gr.

Ef lögmann greinir á við umbjóðanda sinn um rétt til endurgjalds fyrir störf sín eða fjárhæð þess getur annar þeirra eða þeir báðir lagt málið fyrir úrskurðarnefnd lögmannna.

Hafi dómssmál ekki verið höfðað um ágreiningsefni skv. 1. mgr. áður en það er lagt fyrir úrskurðarnefndina verður það ekki borið undir dómstóla á meðan málið er þar rekið.

Ef lagt er fyrir úrskurðarnefndina ágreiningsefni sem dómssmál er rekið um getur hún að ósk annars eða beggja aðila látið í té álitsgerð til afnota þar. Hafi dómssmáli verið lokið um ágreiningsefnið vísar nefndin því frá sér.

## 27. gr.

Nú telur einhver að lögmaður hafi í starfi sínu gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða reglum skv. 2. mgr. 5. gr. og getur hann þá lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmannna kvörtun á hendur lögmanninum. Nefndin vísar kvörtun frá sér ef lengri tími en eitt ár er liðið frá því að kostur var á að koma henni á framfæri.

Í máli skv. 1. mgr. getur úrskurðarnefndin fundið að vinnubrögðum eða háttsemi lögmanns eða veitt honum viðvörðun eða áminningu. Ef sakir eru miklar eða lögmaður hefur ítrekað sætt áminningu getur nefndin brugðist svo við sem um ræðir í 1. mgr. 14. gr.

28. gr.

Mál skal lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmanna með skriflegu erindi og skulu því fylgja nauðsynleg gögn. Fyrningu kröfu er slitið þegar nefndinni berst erindi um hana.

Úrskurðarnefndinni er heimilt ef sérstaklega stendur á að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna rekstrar máls fyrir henni.

Þegar máli skv. 26. eða 27. gr. er lokið fyrir úrskurðarnefndinni er aðila að því heimilt að leita fyrir dómi ógildingar á úrskurði hennar eða sátt sem er gerð fyrir henni eða leita þannig breytingar á niðurstöðu sem þar hefur fengist.

Úrskurði nefndarinnar eða sátt sem kemst á fyrir henni má fullnægja með aðför eins og dómsúrskurði eða dómsátt.

## VI. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

29. gr.

Það varðar sektum að taka að sér starfa sem lögmenn mega einir gegna skv. 2. gr. ef sá sem það gerir hefur hvorki réttindi sem lögmaður né starfar sem lögmannsfulltrúi. Einnig varðar sektum að bjóða öðrum þjónustu sem lögmaður ef þann sem það gerir skortir til þess réttindi.

Þeim einum er heimilt að nota starfsheitið lögmaður, héraðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður sem hefur fullgild starfsréttindi samkvæmt lögum þessum. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum.

Brot gegn 1. mgr. 22. gr., 1. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 25. gr. varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

## VII. KAFLI

### Gildistaka o.fl.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Falla þá úr gildi lög um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, með áorðnum breytingum.

31. gr.

Með lögum þessum raskast ekki réttindi héraðsdómslögmanna og hæstaréttarlögmanna sem hafa verið veitt fyrir gildistöku þeirra, þar á meðal réttindi skv. 2. mgr. 9. gr. eldri laga.

Hafi maður fyrir gildistöku laga þessara byrjað að þreyta prófraun til að afla sér réttinda sem héraðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður en ekki lokið henni skal hann eiga kost á að ljúka henni eftir eldri reglum fyrir 1. júlí 2000. Fer þá um skilyrði til að veita réttindin eftir ákvæðum 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 14. gr. eldri laga.

Hafi lögmaður verið sviptur réttindum eða lagt þau inn fyrir 1. janúar 1999 eða svo hefur annars orðið ástatt fyrir honum að hann hafi fyrirgert réttindum sínum um sinn gilda ákvæði þessara laga um hvort, hvernig og hvenær hann geti öðlast réttindin á ný.

Lögmenn, sem telja sig við gildistöku laga þessara fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. til að njóta þargreindrar undanþágu, hafa frest til 1. apríl 1999 til að leita eftir henni.

Þeim sem við gildistöku laga þessara fullnægja skilyrðum 14. gr. laga um málflytjendur til að öðlast leyfi til málflyttings fyrir héraðsdómi án þess að þreyta prófraun, sbr. 3. mgr. þeirrar greinar, öðrum en skilyrði um 30 ára aldur, má veita slík málflyttingsréttindi þegar í stað, enda sé sótt um þau fyrir 1. apríl 1999.

Nú er svo ástatt um einhvern sem greinir í 5. mgr., og hann fullnægir heldur ekki kröfu um starfsreynslu en hefur þó í sex mánuði að lágmarki verið alþingismaður, gegnt málflyt-

ingsstörfum að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi í þágu ríkis eða sveitarfélaga, og má þá veita honum slík réttindi þegar skilyrði eldri laga um starfsreynslu er fullnægt, enda sé sótt um þau innan þriggja mánaða frá því tímamarki og aldrei síðar en 1. apríl 2002.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar skipað er í fyrsta sinn í úrskurðarnefnd lögmannna skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kolla þannig að fimmti aðalmaður ásamt varamanni verði skipaður til fimm ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ákveðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

*Gjört í Reykjavík, 15. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

---

*Þorsteinn Pálsson.*

## LÖG

um breytingu á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996  
(eftirlit með meðferð áfengis).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að starfrækja áfengis-  
eftirlitsdeild sem annist eftirlit með meðferð áfengis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

*Gjört í Reykjavík, 15. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

---

*Þorsteinn Pálsson.*

## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 16. júní 1998.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Kristján Andri Stefánsson.*

Nr. 80

16. júní 1998

## LÖG

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt,  
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Aðgangur að vegamann-virkjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*

Nr. 81

16. júní 1998

## LÖG

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987,  
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á orðskilgreiningum 1. mgr. 1. gr. laganna:
- Í stað orðanna „sbr. viðauka II við lög þessi“ í skilgreiningu orðsins *Tollabinding* kemur: sbr. viðauka IIA og IIB við lög þessi. Einnig hámark tolla samkvæmt ráðherraýfirlýsingu

um viðskipti með vörur á sviði upplýsingatækni, sem undirrituð var í Singapore 13. desember 1996, sbr. viðauka IIC við lög þessi.

- b. Orðin „Póst- og símamálastofnunarinnar eða annað sambærilegt gagnaflutningsnet“ í skilgreiningu orðsins *Gagnaflutningsnet* falla brott.

2. gr.

Í stað orðanna „IIA og IIB“ í 1. másl. 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: IIA, IIB og IIC.

3. gr.

Í stað orðsins „sölugengi“ hvarvetna í 4. másl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: viðmið-unargengi.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. 4. másl. 1. mgr. orðast svo: Ábyrgð umboðsaðila eða rekstraraðila frísvæðis eða toll-vörugeymslu fellur þó niður hafi aðflutningsgjöld verið skuldfærð á innflytjanda eða við-takanda vöru hjá tollstjóra, nema umboðs- eða rekstraraðili hafi ekki haft heimild frá inn-flytjanda eða viðtakanda til skuldfærslunnar eða ef umboðs- eða rekstraraðili vissi eða mátti vita að upplýsingar sem veittar voru í tengslum við tollafgreiðslu væru rangar eða ófullnægjandi.
- b. Í stað tilvísunarinnar „17. gr.“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: 16. gr.
- c. Orðin „enda ábyrgist umboðsaðilar og innflytjendur eða viðtakendur vara *in solidum* greiðslu aðflutningsgjalda“ í 3. másl. 3. mgr. falla brott.
- d. 6. mgr. orðast svo:  
 Þeir sem koma fram gagnvart tollyfirvöldum vegna SMT-tollafgreiðslu skulu varðveita öll tölvutæk gögn er varða tollafgreiðsluna. Þeir skulu halda fullkomna skrá eða gagna-dagbók í réttri tímaröð og geyma óbreytt öll rammakeyti sem þeir senda tollstjórum eða móttaka frá þeim. Þegar gagnadagbók er haldin á tölvutæku formi skal á auðveldan hátt vera unnt að nálgast rammakeyti og endurmynda þau á læsilegan hátt og prenta þau ef þess er óskað.
- e. 7. mgr. orðast svo:  
 Ef innflytjandi eða viðtakandi vöru er bókhaldsskyldur skal hann varðveita skrifleg gögn er varða innflutning og tollafgreiðslu í samræmi við ákvæði laga um bókhald, nr. 145/1994, og fyrirmæli sett samkvæmt þeim lögum. Ef innflytjandi eða viðtakandi vöru er ekki bókhaldsskyldur skulu tollstjóra afhent öll skrifleg gögn er snerta tollmeðferð vöru.
- f. Í stað orðsins „póststofnunar“ í 9. mgr. kemur: póstpjónustuaðila.

5. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er tollyfirvaldi heimilt að taka við pro forma reikningum eða viðskiptareikningum í stað frumrits eða samrits þegar verðmæti vöru er óverulegt eða hún augljóslega ekki ætluð til sölu hér á landi, til dæmis þegar um persónulega muni er að ræða.

6. gr.

2. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar aðaldeildarstjóra og deildarstjóra til fimm ára í senn. Ríkistollstjóri skipar aðra tollverði og ræður aðra starfsmenn við embætti sitt, sbr. 39. gr. Að tillögu ríkistoll-

stjóra getur ráðherra ákveðið að einn þeirra skuli vera staðgengill ríkistollstjóra. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyriræli um starfsheiti tollvarða.

7. gr.

2. málsl. 2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo: Ríkistollstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun innan 30 daga frá lokum þess frests sem hann veitti aðila til að tjá sig um fyrirhugaða breytingu.

8. gr.

4. mgr. 36. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar aðaldeildarstjóra og deildarstjóra til fimm ára í senn. Tollstjóri skipar aðra tollverði og ræður aðra starfsmenn við embætti sitt, sbr. 39. gr. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyriræli um starfsheiti tollvarða.

9. gr.

Við 38. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Um kærur til ríkistollanefndar og störf hennar fer eftir ákvæðum 101. og 102. gr.

10. gr.

39. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

*Skipun tollvarða og ráðning tollstarfsmanna.*

Tollstjórar og ríkistollstjóri skipa tollverði til fimm ára í senn og ráða aðra tollstarfsmenn og skipta með þeim störfum. Hver sá sem skipaður er til starfa sem tollvörður skal hafa lokið prófi frá tollskóla eða hlotið sambærilega menntun. Tollverðir og aðrir tollstarfsmenn starfa í umboði og á ábyrgð viðkomandi tollyfirvalds.

Tollstjórum og ríkistollstjóra er heimilt að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa tollvarða. Jafnframt er tollstjóra og ríkistollstjóra heimilt að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð meðan tekin er ákvörðun um hvort rétt sé að skipa tollvörð að fullu skv. 1. mgr. eða meðan hann stundar nám við tollskólann.

11. gr.

Orðin „sem ákveður um framhald málsins“ í 3. málsl. 1. mgr. 50. gr. laganna falla brott.

12. gr.

Í stað orðsins „Póststjórnin“ í 68. gr. laganna kemur: Póstþjónustuaðili.

13. gr.

1. málsl. 4. mgr. 99. gr. laganna orðast svo: Tollstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun innan 30 daga frá lokum þess frests sem hann veitti aðila til að tjá sig um fyrirhugaða breytingu.

14. gr.

Orðin „eða innan 60 daga frá póstagningardegi tilkynningar um endurákvörðun tollstjóra á aðflutningsgjöldum skv. 99. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 100. gr. laganna falla brott.

## 15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „Innflytjandi getur skotið endurákvörðun ríkistollstjóra skv. 35. gr.“ í 1. mgr. kemur: úrskurði tollstjóra um endurákvörðun skv. 99. gr.
- b. 2. mgr. orðast svo:  
Ríkistollstjóri getur kært úrskurð tollstjóra um endurákvörðun skv. 99. gr., úrskurð tollstjóra skv. 100. gr. og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan sama frests og greindur er í 1. mgr.
- c. Við 5. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig að aðilar megi sjá á hvaða kærutriðum og heimildum tollflokkun, tollverð eða álagning séu byggð.
- d. 11. mgr. fellur brott.

## 16. gr.

Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnun“ og „hún“ í 1. mgr. 107. gr. laganna kemur: Póstþjónustuaðili, og: hann.

## 17. gr.

1. og 2. mgr. 111. gr. laganna orðast svo:

Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir á innflytjanda eða viðtakanda vöru.

Nú kemur annar en innflytjandi eða viðtakandi vöru fram gagnvart tollyfirvöldum vegna tollmeðferðar vöru og ber hann þá ásamt innflytjanda *in solidum* ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda. Ábyrgð umboðsmanns fellur brott hafi aðflutningsgjöld verið skuldfærð á innflytjanda eða viðtakanda, sbr. þó 4. málsl. 1. mgr. 14. gr.

## 18. gr.

Í stað orðanna „afhent farmflytjanda eða öðrum vörsluaðila til útflutnings“ í 1. mgr. 121. gr. laganna kemur: flutt úr landi.

## 19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

- a. 5. málsl. 2. mgr. fellur brott.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:  
Sé útflytjandi framleiðsluvara annar en framleiðandi þeirra skal auk upprunavottorðs útflytjanda liggja fyrir yfirlýsing framleiðanda sem staðfesti að framleiðsluvörurnar uppfylli skilyrði um fríðindameðferð samkvæmt fríverslunar- eða milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

## 20. gr.

Tollskrárnúmerið 8507.8010 í viðauka I með lögunum orðast svo:

	A	E
	%	%
8507.8010 — — Rafgeymar sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum .....	0	

## 21. gr.

Við viðauka II með lögunum bætist nýr kafli, Viðauki IIC, Tollabindingar, er orðast svo:

## Viðauki IIC

Listi sem tilgreinir tollabindingar samkvæmt ráðherraýfirlýsingu um viðskipti með vörur á sviði upplýsingatækni, sem gerð var í Singapore 13. desember 1996.

Tollskrárnúmer	Vörulýsing	Hámarkstollur %
3818 3818.0000	<b>Kemísk frumefni efnabætt til nota í rafeindatækni, sem diskar, þynnur eða í áþekku formi; kemísk sambönd efnabætt til nota í rafeindatækni .....</b>	0
6815	<b>Vörur úr steini eða öðrum jarðefnum (þar með taldar kolefnistrefjar, vörur úr kolefnistrefjum og vörur úr mó), ót.a.:</b> – Aðrar vörur: -- Annars: ---- Aðrar:	
úr 6815.9909	---- Kvarts hvarfarör og höldur, hannað til innsetningar í samruna- og oxunarfna til framleiðslu á hálfleiðaraþynnum .....	0
7017	<b>Glervörur fyrir rannsóknarstofur og til hjúkrunar og lækninga, einnig með rúmmálsmerkingum eða rúmtaksréttingum:</b>	
7017.1000	– Úr glæddu kvartsi eða öðrum glæddum kísil .....	0
7020	<b>Aðrar vörur úr gleri:</b> – Annars:	
úr 7020.0009	-- Kvarts hvarfarör og höldur, hannað til innsetningar í samruna- og oxunarfna til framleiðslu á hálfleiðaraþynnum .....	0
8208	<b>Hnífar og skurðarblöð í vélar eða vélræn tæki:</b> – Annað:	
úr 8208.9000	-- Í vélar til að saga einkristals hálfleiðarasúlur í sneiðar eða hálfleiðaraþynnur í flögur .....	0
úr 8208.9000	-- Í vélar til að strika eða marka í hálfleiðaraþynnur .....	0
8419	<b>Vélbúnaður, vélakostur eða búnaður fyrir rannsóknarstofur, einnig rafmagnshitauður, til vinnslu á efnum með aðferðum sem fela í sér hitabreytingu, svo sem með hitun, suðu, stiknun, eimingu, hreinsun, dauðhreinsun, gerilsneyðingu, eimvætingu, þurrkun, uppgufun, gufugerð, þéttingu eða kælingu, þó ekki vélbúnaður eða vélakostur til heimilisnota; hrað- eða geymavatnshitara, ekki fyrir rafmagn:</b> – Annar vélbúnaður, vélakostur og tæki: -- Annars: ---- Annað:	
úr 8419.8909	---- Tæki til að skilja efnagufur í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr 8419.8909	---- Tæki til efnisútellingar í hálfleiðaraframleiðslu ..	0
úr 8419.8909	---- Tæki til snögghitunar hálfleiðaraþynna .....	0
	– Hlutar:	
úr 8419.9000	-- Til tækja til að skilja efnagufur í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr 8419.9000	-- Til tækja til efnisútellingar í hálfleiðaraframleiðslu ..	0
úr 8419.9000	-- Til tækja til snögghitunar hálfleiðaraþynna .....	0



Tollskrárnúmer	Vörulýsing	Hámarkstollur
<b>8421</b>	<b>Miðflóttaaflsvindur, þar með taldir miðflóttaaflsþurrkarar; vél- og tækjabúnaður til síunar eða hreinsunar á vökva og lofttegundum:</b> – Hlutar: -- Til miðflóttaaflsvindna, þar með talið miðflóttaaflsþurrkara:	
úr 8421.9100	--- Hlutar í miðflóttaaflsþurrkara til nota við aðvinnslu hálfleiðarapynna.....	0
úr 8421.9100	--- Hlutar í vindur til nota við húðun ljósnæmra lausna á hálfleiðarapynnur .....	0
	-- Aðrir:	
úr 8421.9900	--- Í vindur til nota við húðun ljósnæmra lausna á hálfleiðarapynnur .....	0
<b>8424</b>	<b>Vélræn tæki (einnig fyrir handafl) til sprautunar, dreifingar eða úðunar á vökvum eða dufti; slökkvitæki, einnig hlaðin; úðabyssur og áþekkt tæki; gufu- eða sandblástursvélar og áþekktar blástursvélar:</b> – Gufu- eða sandblástursvélar og áþekktar blástursvélar : -- Til hreinsunar á hálfleiðarapynnnum..... – Önnur tæki: -- Annars:	
úr 8424.3000	--- Til hreinsunar á hálfleiðarapynnnum.....	0
úr 8424.8900	--- “Deflash” vélar til að hreinsa og fjarlægja óhreinindi af málmleiðslum í hálfleiðarapökkum fyrir rafhúðunar meðferð .....	0
úr 8424.8900	--- Úðunartæki til ætingar eða hreinsunar á hálfleiðarapynnnum.....	0
úr 8424.8900	--- Vindur til nota við húðun ljósnæmra lausna á hálfleiðarapynnur .....	0
	– Hlutar:	
úr 8424.9000	--- Hlutar í vélar og tæki til hreinsunar á hálfleiðarapynnnum	0
úr 8424.9000	--- Hlutar í úðunartæki til ætingar eða hreinsunar á hálfleiðarapynnnum .....	0
úr 8424.9000	--- Hlutar í vindur til nota við húðun ljósnæmra lausna á hálfleiðarapynnur .....	0
<b>8428</b>	<b>Annar vélbúnaður til lyftingar, meðhöndlunar, hleðslu eða losunar (t.d. lyftur, rennistigar, færribönd, togbrautir):</b> – Aðrar sívinnslulyftur og -færribönd, fyrir vörur eða efni: -- Annars:	
úr 8428.3900	--- Sjálfvirkur búnaður til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðarapynnnum, þynnusældum og hylkjum o.fl.....	0
	– Annar vélbúnaður:	
	-- Annar:	
úr 8428.9009	--- Sjálfvirkur búnaður til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðarapynnnum, þynnusældum og hylkjum o.fl.....	0
<b>8431</b>	<b>Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til vélbúnaðar í nr. 8425-8430:</b> – Til vélbúnaðar í nr. 8428: -- Aðrir:	
úr 8431.3900	--- Hlutar í sjálfvirkan búnað til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðarapynnnum, þynnusældum og hylkjum o.fl.....	0
úr 8431.3900	--- Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0

Tollskrárnúmer	Vörulýsing	Hámarkstollur
	– Til vélbúnaðar í nr. 8426, 8429 eða 8430: -- Aðrir:	
úr 8431.4900	---- Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
<b>8456</b>	<b>Vélar til smíða úr hvers konar efni með efnistöku, með leysi- eða öðrum ljós- eða ljóseindageisla, hátíðni-, raffhleðslu-, rafkemiskri-, rafeindageisla-, jóngeisla- eða plasmabogaaðferð:</b> – Sem vinna með leysi- eða öðrum ljós- eða ljóseindageislaaðferðum: -- Vélar til að bora eða skera málma og önnur hörð efni með leysi- eða öðrum ljós- eða ljóseindageislaaðferðum:	
úr 8456.1001	---- Við framleiðslu á hálfleiðarapynnnum .....	0
	--- Aðrar:	
úr 8456.1009	---- Við framleiðslu á hálfleiðarapynnnum .....	0
	– Aðrar:	
	8456.9100 -- Til þurrætingar mynsturs á hálfleiðaraefni .....	0
	--- Annars:	
	---- Smíðavélar sem vinna með rafgreiningaraðferð:	
úr 8456.9901	----- Tæki til hreinsunar á hálfleiðarapynnnum.....	0
	---- Aðrar:	
úr 8456.9909	----- Skerpustilltir jóngeislafræsarar til framleiðslu eða viðgerðar á möskum eða þráðum á mynstri á hálfleiðarabúnaði .....	0
úr 8456.9909	----- Tæki til hreinsunar á hálfleiðarapynnnum.....	0
úr 8456.9909	----- Leysigeisla skurðtæki til að skera tengiraufar í hálfleiðaraefni .....	0
<b>8466</b>	<b>Hlutar og fylgihlutir sem eingöngu eða aðallega má nota við vélar í nr. 8456-8465, þar með taldar efnis- eða verkfærafestingar, sjálfopnandi skurðarhausar, deilihausar og annar sérhæfður aukabúnaður fyrir smíðavélar; verkfærafestingar fyrir hvers konar handverkfæri:</b> – Annað: -- Til véla í nr. 8456-8461:	
úr 8466.9300	---- Hlutar í skerpustillta jóngeislafræsara til framleiðslu eða viðgerðar á möskum eða þráðum á mynstri á hálfleiðarabúnaði .....	0
úr 8466.9300	---- Hlutar í tæki sem vinna með leysi- eða öðrum ljós- eða ljóseindageislaaðferðum við framleiðslu á hálfleiðarapynnnum.....	0
úr 8466.9300	---- Hlutar í tæki til þurrætingar mynsturs á hálfleiðaraefni	0
úr 8466.9300	---- Hlutar í tæki til hreinsunar á hálfleiðarapynnnum....	0
<b>8469</b>	<b>Ritvélar, þó ekki prentarar í nr. 8471; ritvinnsluvélar:</b> – Sjálfvirkar ritvélar og ritvinnsluvélar: -- Ritvinnsluvélar .....	0
<b>8470</b>	<b>Reiknivélar og vélar í vasastærð til skráningar, endurskila og sýningar gagna, með reikniverki; bókhaldsvélar, frimerkjavélar, aðgöngumiðavélar og áþekkar vélar, með reikniútbúnaði; stimpilpeningakassar: .....</b>	0
<b>8471</b>	<b>Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar til þeirra; lesarar fyrir segulletur eða ritletur, vélar til að umskrá gögn á gagnamiðla á táknmáli og vélar til að vinna úr slíkum gögnum, ót.a.: .....</b>	0

Tollskrárnúmer	Vörulýsing	Hámarkstollur
8472	Aðrar skrifstofuvélar (t.d. fjölritarar eða stensilvélar, áritunarvélar, sjálfvirkir peningaseðlaskammtarar, myntflokkunar-, mynttalinngar- eða myntpökkunarvélar, blýantsyddarar, götunar- eða heftivélar): – Annars:	
úr 8472.9000	-- Sjálfvirkar talningsvélar .....	0
8473	Hlutar og fylgihlutir (þó ekki hlífar, handtöskur og þess háttar), sem eingöngu eða aðallega má nota til véla í nr. 8469-8472: .....	0
8479	Vélar og vélræn tæki til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:	
8479.5000	– Vélmanni til iðnaðar, ót.a. .... – Aðrar vélar og vélræn tæki: -- Annars: ---- Annað:	0
úr 8479.8909	---- Tæki til að vekja eða draga í einkristals hálfleiðara súlur (boules).....	0
úr 8479.8909	---- Tæki til útfellinga kristalla í hálfleiðaraþynnur ....	0
úr 8479.8909	---- Tæki til votætingar, framköllunar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum og flötum skjáborðum (panel displays) .....	0
úr 8479.8909	---- Búnaðar til samsetningar á hálfleiðurum í hylki ...	0
úr 8479.8909	---- Vélar til að beygja, brjóta saman og rétta hálfleiðaraþynnur .....	0
úr 8479.8909	---- Tæki til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu ..	0
úr 8479.8909	---- Tæki til að skilja efnagufur í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr 8479.8909	---- Sjálfvirkar vélar til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðaraþynnum, þynnusældum, kössum og öðrum efnum til hálfleiðarabúnaðar ...	0
úr 8479.8909	---- Mótafestibúnaður fyrir votætingu, sjálfvirka límbindingu og vírbindingu vegna samsetningar á hálfleiðurum .....	0
úr 8479.8909	---- Mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum .....	0
úr 8479.8909	---- Tæki til rannsókna á hálfleiðaraþynnum .....	0
úr 8479.9000	-- Hlutar: -- Hlutar í tæki til að vekja eða draga í einkristals hálfleiðara súlur (boules) .....	0
úr 8479.9000	-- Hlutar í tæki til útfellinga kristalla í hálfleiðaraþynnur	0
úr 8479.9000	-- Hlutar í tæki til votætingar, framköllunar eða hreinsunar á hálfleiðaraþynnum og flötum skjáborðum (panel displays)	0
úr 8479.9000	-- Hlutar til búnaðar til samsetningar á hálfleiðurum í hylki	0
úr 8479.9000	-- Hlutar í vélar til að beygja, brjóta saman og rétta hálfleiðaraþynnur .....	0
úr 8479.9000	-- Hlutar í tæki til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr 8479.9000	-- Hlutar í tæki til að skilja efnagufur í hálfleiðaraframleiðslu.....	0
úr 8479.9000	-- Hlutar í sjálfvirkar vélar til flutnings, meðhöndlunar og geymslu á hálfleiðaraþynnum, þynnusældum, kössum og öðrum efnum til hálfleiðarabúnaðar .....	0
úr 8479.9000	-- Hlutar í mótafestibúnað fyrir votætingu, sjálfvirka límbindingu og vírbindingu vegna samsetningar á hálfleiðurum.....	0

Tollskrárnúmer	Vörulýsing	Hámarkstollur
úr 8479.9000	-- Hlutar í mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælnum efnum	0
úr 8479.9000	-- Hlutar í tæki til rannsókna á hálfleiðarapynnum .....	0
<b>8504</b>	<b>Rafmagnsspennar, stöðustraumbreytar (t.d. afriðlar) og spankefli:</b>	
8504.4000	-- Stöðustraumbreytar .....	0
úr 8504.4000	-- Fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og hluta til þeirra og fjarskiptatækja.....	0
8504.5000	-- Önnur spankefli .....	0
úr 8504.5000	-- Til afgjafa fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og hluta til þeirra og fjarskiptatækja .....	0
	-- Hlutar:	
úr 8504.9000	-- Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
<b>8517</b>	<b>Raftækjabúnaður fyrir talsíma eða ritsíma, á línu, þar með talið línusímtæki með þráðlausu handtöli og fjarskiptatækjabúnaður við burðarbylgjusímakerfi á línu eða við stafræn línukerfi; myndsímar: .....</b>	0
<b>8518</b>	<b>Hljóðnemar og standar fyrir þá; hátalarar, einnig í hátalaraboxi; heyrnartól, eyrnatól og sambyggð hljóðnema/hátalarasett; rafmagnsheyrnartíðnimagnarar; rafmagnshljóðmagnarasett:</b>	
	-- Hljóðnemar og standar fyrir þá:	
úr 8518.1000	-- Hljóðnemar með tíðni á sviðinu 300 Hz til 3,4 KHz, að þvermáli ekki meira en 10 mm og hæð ekki meira en 3 mm, til nota við fjarskipti .....	0
	-- Hátalarar, einnig í hátalaraboxi:	
	-- Einfaldir hátalarar, í boxi:	
	---- Aðrir:	
úr 8518.2109	---- Margmiðlunarviðbætur fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeirra, í smásöluumbúðum, sem samanstanda af a.m.k. hátalara og/eða hljóðnema auk samsettrar prentrásar sem gerir vélinni og einingum hennar kleift að meðhöndla hljóðmerki (hljóðkort).....	0
	-- Margfaldir hátalarar, uppsettir í einu boxi:	
	---- Aðrir:	
úr 8518.2209	---- Margmiðlunarviðbætur fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeirra, í smásöluumbúðum, sem samanstanda af a.m.k. hátalara og/eða hljóðnema auk samsettrar prentrásar sem gerir vélinni og einingum hennar kleift að meðhöndla hljóðmerki (hljóðkort).....	0
	-- Aðrir:	
úr 8518.2900	---- Hátalarar, ekki uppsettir í boxi, með tíðni á sviðinu 300 Hz til 3,4 KHz, að þvermáli ekki meira en 50 mm, til nota við fjarskipti .....	0
úr 8518.2900	---- Margmiðlunarviðbætur fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeirra, í smásöluumbúðum, sem samanstanda af a.m.k. hátalara og/eða hljóðnema auk samsettrar prentrásar sem gerir vélinni og einingum hennar kleift að meðhöndla hljóðmerki (hljóðkort) .....	0
	-- Heyrnartól, eyrnatól og sambyggð hljóðnema/hátalarasett:	
úr 8518.3000	-- Handtöl fyrir línusímtæki .....	0

Tollskrárnúmer	Vörulýsing	Hámarkstollur
	– Hlutar:	
úr 8518.9000	--- Til margmiðlunarviðbæta fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeirra, í smásöluumbúðum, sem samanstanda af a.m.k. hátalara og/eða hljóðnema auk samsettrar prentrásar sem gerir vélinni og einingum hennar kleift að meðhöndla hljóðmerki (hljóðkort)....	0
úr 8518.9000	--- Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
<b>8520</b>	<b>Segulbandsupptökutæki og önnur hljóðupptökutæki, einnig með búnaði til endurskila á hljóði:</b>	
8520.2000	– Símsvarar .....	0
<b>8521</b>	<b>Myndupptökutæki eða myndflutningstæki (video), einnig með innbyggðum myndmóttakara (video tuner):</b>	
	– Önnur:	
	--- Annað:	
	---- Annars:	
úr 8521.9029	----- Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins.....	0
<b>8522</b>	<b>Hlutar og fylgihlutar sem eingöngu eða aðallega eru nothæfir til tækjabúnaðar í nr. 8519-8521:</b>	
	– Annað:	
úr 8522.9000	--- Annað, eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	0
<b>8523</b>	<b>Fullgerðir óáteknið miðlar til hljóðupptöku eða áþekkrar upptöku á öðrum merkjum, þó ekki vörur í 37. kafla:</b>	
	– Segulbönd:	
	--- Ekki yfir 4 mm að breidd:	
8523.1101	---- Fyrir vélar í nr. 8471 .....	0
	---- Myndbönd:	
úr 8523.1102	----- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
	---- Önnur:	
úr 8523.1109	----- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
	--- Meira en 4 mm til og með 6,5 mm að breidd:	
8523.1201	---- Fyrir vélar í nr. 8471 .....	0
	---- Myndbönd:	
úr 8523.1202	----- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
	---- Önnur:	
úr 8523.1209	----- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
	--- Meira en 6,5 mm að breidd:	
8523.1301	---- Fyrir vélar í nr. 8471 .....	0
	---- Myndbönd:	
úr 8523.1302	----- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
	---- Önnur:	
úr 8523.1309	----- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
	– Seguldiskar:	
8523.2001	--- Fyrir vélar í nr. 8471 .....	0
	--- Aðrir:	
úr 8523.2009	---- Sérhannaðar geymslueiningar, þar með taldir miðlar til þeirra, fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar, einnig með lausum miðli .....	0
	– Aðrir:	
úr 8523.9000	--- Sérhannaðar geymslueiningar, þar með taldir miðlar til þeirra, fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar, einnig með lausum miðli .....	0

Tollskrárnúmer	Vörulýsing	Hámarkstollur
8524	<b>Hljómplötur, bönd og aðrir áteknir miðlar fyrir hljóð eða önnur merki upptekin á áþekkan hátt, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á upptökum, þó ekki vörur í 37. kafla:</b> – Diskar fyrir leysileskerfi: --- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði eða mynd:	
úr 8524.3101	---- Fyrir vélar í nr. 8471 .....	0
úr 8524.3109	---- Aðrir: ----- Sérhannaðar geymslueiningar, þar með taldir miðlar til þeirra, fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar, einnig með lausum miðli .....	0
úr 8524.3911	----- Með tónlist: ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél .....	0
úr 8524.3912	----- Með leikjum: ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél .....	0
úr 8524.3913	----- Með kennslufni: ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél .....	0
úr 8524.3919	----- Aðrir: ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél .....	0
úr 8524.3921	---- Með erlendu efni: ----- Með tónlist: ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél .....	0
úr 8524.3922	----- Með leikjum: ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél .....	0
úr 8524.3923	----- Með kennslufni: ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél .....	0

Tollskrárnúmer	Vörulýsing	Hámarkstollur
úr 8524.3929	----- Aðrir: ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél .....	0
	----- Segulbönd til endurskila á öðrum merkjum en hljóði eða mynd: 8524.4001 -- Fyrir vélar í nr. 8471 .....	0
úr 8524.4009	----- Aðrir: ---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins .... -- Annað: -- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði eða mynd:	0
8524.9101	---- Fyrir vélar í nr. 8471 .....	0
úr 8524.9109	----- Aðrir: ----- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins... -- Annars: ---- Með íslensku efni: ----- Með tónlist:	0
úr 8524.9911	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél .....	0
úr 8524.9912	----- Með leikjum: ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél .....	0
úr 8524.9913	----- Með kennsluefni: ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél .....	0
úr 8524.9919	----- Aðrir: ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél .....	0
	---- Með erlendu efni: ----- Með tónlist:	
úr 8524.9921	----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél .....	0
úr 8524.9922	----- Með leikjum: ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél .....	0

Tollskrárnúmer	Vörulýsing	Hámarkstollur
úr 8524.9923	Með kennslufni: ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél.....	0
úr 8524.9929	----- Aðrir: ----- Til endurskila á framsetningu leiðbeininga, upplýsinga, hljóði og mynd, tekið upp á vélrænu tvíundaformi, sem býður upp á víxlverkun eða notandi getur hagrætt í gegnum sjálfvirka gagnavinnsluvél.....	0
<b>8525</b>	<b>Senditæki fyrir firðtal, loftsketasendingar, útvarpsendingar eða sjónvarp, einnig með móttökubúnaði eða hljóðupptöku- eða hljóðflutningsbúnaði; sjónvarpsmyndavélar; myndbandsmyndavélar fyrir kyrrmyndir og aðrar myndbandstökuvélar:</b> -- Senditæki: 8525.1001 -- Til neyðarsendinga, viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins .....	0
úr 8525.1009	-- Önnur: ---- Senditæki önnur en fyrir útvarps- eða sjónvarpsendingar .....	0
8525.2001	-- Senditæki búin móttökubúnaði: -- Til neyðarsendinga og móttöku, viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins .....	0
8525.2009	-- Önnur .....	0
úr 8525.4000	-- Myndbandsmyndavélar fyrir kyrrmyndir og aðrar myndbandstökuvélar: -- Stafrænar myndbandsmyndavélar fyrir kyrrmyndir ..	0
<b>8527</b>	<b>Móttökutæki fyrir firðtal, loftsketasendingar eða útvarpsendingar, einnig sambyggt, í sama hylki, með hljóðupptöku- eða hljóðflutningsbúnaði eða klukku:</b> -- Útvarpsviðtæki sem geta gengið án ytri orkugjafa, þar með talin tæki sem einnig geta tekið á móti firðtali og loftsketasendingum: -- Önnur:	
úr 8527.1900	--- Boðtæki.....	0
	-- Önnur tæki: -- Sérhönnuð viðtæki fyrir neyðarmerki frá skipum og flugvélum:	
úr 8527.9001	--- Ferðamóttökutæki til hringinga, viðvörunar eða boðunar .....	0
úr 8527.9002	-- Fyrir firðtal eða loftsketasendingar: --- Ferðamóttökutæki til hringinga, viðvörunar eða boðunar.....	0
úr 8527.9009	-- Annað: --- Ferðamóttökutæki til hringinga, viðvörunar eða boðunar.....	0
<b>8528</b>	<b>Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð- eða myndbandsupptökubúnaði eða - flutningsbúnaði; myndskjáiir (video monitors) og myndvörpur (video projectors):</b> -- Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð- eða myndbandsupptökubúnaði eða -flutningsbúnaði:	



Tollskrárnúmer	Vörulýsing	Hámarkstollur
	-- Fyrir lit:	
	---- Fyrir sjónvarpsstarfsemi, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins:	
úr 8528.1201	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
	---- Sjónvarpsviðtæki, með sambyggðum myndbands-upptökubúnaði:	
úr 8528.1202	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
	---- Önnur:	
úr 8528.1209	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
	-- Fyrir svart og hvítt eða einlit:	
	---- Fyrir sjónarpsstarfsemi, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins:	
úr 8528.1301	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
	---- Sjónvarpsviðtæki, með sambyggðum myndbands-upptökubúnaði:	
úr 8528.1302	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
	---- Önnur:	
úr 8528.1309	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins...	0
	– Myndskjái:	
	-- Fyrir lit:	
8528.2101	---- Skjái (videomonitors) gerðir fyrir 15 Mhz bandvídd eða meira, án viðtækja (tuners) fyrir útvarpstíðni, en sem tengjanlegir eru við gagnavinnsluvélar .....	0
	-- Fyrir svart og hvítt eða einlit:	
8528.2201	---- Skjái (videomonitors) gerðir fyrir 15 Mhz bandvídd eða meira, án viðtækja (tuners) fyrir útvarpstíðni, en sem tengjanlegir eru við gagnavinnsluvélar .....	0
	– Myndvörpur:	
	-- Fyrir 15 Mhz bandvídd eða meira, án viðtækja (tuners) fyrir útvarpstíðni, en sem tengjanlegar eru við gagnavinnsluvélar:	
8528.3001	---- Til nota með sjálfvirkum gagnavinnsluvélum og sem geta sýnt stafrænar upplýsingar frá miðstöðinni ....	0
<b>8529</b>	<b>Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til tækja í nr. 8525-8528:</b>	
	– Loftnet og loftnetsdiskar hvers konar; hlutar nothæfir til þeirra:	
8529.1001	-- Til tækja í nr. 8525, 8526, 8527.9001, 8527.9002, 8528.1201 og 8528.1301 .....	0
	-- Annars:	
úr 8529.1009	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins ....	0
	– Aðrir:	
8529.9001	-- Til tækja í nr. 8525, 8526, 8527.9001, 8527.9002, 8528.1201, 8528.1301, 8528.2101, 8528.2201 og 8528.3001 .....	0
	-- Annars:	
úr 8529.9009	---- Eftir nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins ....	0
<b>8531</b>	<b>Rafmagnshljóðtæki eða rafmagnsljósmerkjatæki (t.d. bjöllur, sírenur, merkjatöflur, innbrota- eða brunavíðvörunkerfi), þó ekki vörur í nr. 8512 eða 8530:</b>	
8531.2000	– Merkjatöflur búnar vökvakristalsbúnaði (LCD) eða ljósdíóðum (LED) .....	0
	– Hlutar:	
úr 8531.9000	-- Til tækja í nr. 8531.2000 .....	0

Tollskrárnúmer	Vörulýsing	Hámarkstollur
<b>8536</b>	<b>Raftækjabúnaður til að tengja, rjúfa eða vernda rafrásir, eða til tengingar við eða í rafrásum (t.d. rofar, raflíðar, vör, yfirspennuafrásir, klær, tenglar, lampafalir, greinikassar), fyrir 1000 volta spennu eða minni:</b> – Aðrir rofar:	
úr 8536.5000	-- Rafeinda riðstraumsrofar samsettir úr optískum inn- og úttaksrásum (Insulated thyristor AC switches).....	0
úr 8536.5000	-- Rafeindarofar, þ.m.t. hitavarðir rafeindarofar, samsettir úr smára og rökrás (chip-on-chip technology) .....	0
úr 8536.5000	-- Rafvélrænir smellurofar fyrir straum til og með 11 amperum..... – Lampafalir, klær og tenglar: -- Annað:	0
úr 8536.6900	-- Klær og tenglar fyrir samása kapla og prentrásir .....	0
úr 8536.9000	-- Annar búnaður: -- Til tækja til að mæla og prófa hálfleiðarapynnubúnað	0
<b>8538</b>	<b>Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til tækja í nr. 8535, 8536 eða 8537:</b> – Aðrir:	
úr 8538.9000	-- Til tækja til að mæla eða greina hálfleiðarapynnur eða búnað .....	0
úr 8538.9000	-- Eftir nánari skilgreiningu ljármálaráðuneytisins .....	0
<b>8540</b>	<b>Varmaskauts-, kaldskauts- eða ljósskautsrafeinda-lokar og -lampar (t.d. lofttæmdir eða gufu- eða gas-fylltir lokar og lampar, kvikasilfursafriðilslokar og -lampar, sjárör, sjónvarpsmyndavélalampar):</b> – Sjárör fyrir sjónvarpsmynd, þar með talið sjárör fyrir myndbands skjái: -- Fyrir lit:	
úr 8540.1100	---- Í útstöðvar fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar .....	0
úr 8540.1200	---- Fyrir svart og hvítt eða einlit: ---- Í útstöðvar fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar .....	0
úr 8540.2000	-- Sjónvarpsmyndavélalampar; myndbreytar og myndskerpar; aðrir myndlampar: -- Fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar .....	0
8540.4000	-- Gagna-/grafasjárör, fyrir lit, með fosfórpunktaskjábili minna en 0,4 mm .....	0
8540.5000	-- Gagna-/grafasjárör, fyrir svart og hvítt eða einlit .....	0
úr 8540.6000	-- Önnur sjárör: -- Fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar .....	0
<b>8543</b>	<b>Rafmagnsvélar og -tækjabúnaður, til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:</b> – Rafeindahraðlar (particle accelerators):	
8543.1100	-- Jónvísar (ion implanters) til íblöndunar í hálfleiðara-efni – Vélar og tækjabúnaður til rafhúðunar, rafsunrunar eða rafdráttar:	0
úr 8543.3000	-- Tæki til votættingar, framköllunar eða hreinsunar á hálfleiðarapynnnum og flötum skjáborðum (panel displays) – Aðrar vélar og tækjabúnaður:	0
8543.8100	-- Nándarkort og -spjöld (proximity cards and tags) .....	0
úr 8543.8901	-- Annað: ---- Heimilistæki: ---- Rafmagnstæki með þýðingar- eða orðabókarvirkni	0
úr 8543.8909	---- Annars : ---- Rafmagnstæki með þýðingar- eða orðabókarvirkni	0

Tollskrárnúmer	Vörulýsing	Hámarkstollur
	– Hlutar:	
	--- Aðrir:	
úr 8543.9009	---- Hlutar í jónvísa (ion implanters) til íblöndunar í hálfleiðaraefni .....	0
úr 8543.9009	---- Hlutar til tækja til votætingar, framköllunar eða hreinsunar á hálfleiðarapynnnum og flötum skjáborðum (panel displays) .....	0
úr 8543.9009	---- Hlutar í tæki til efnisútfellingar í hálfleiðaraframleiðslu	0
úr 8543.9009	---- Hlutar í tæki til að skyndihita þynnur .....	0
úr 8543.9009	---- Hlutar í mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælum efnunum .....	0
<b>8544</b>	<b>Einangraður (þar með talinn gljábrenndur eða skauthúðaður) vír, kaplar (þar með taldir samása kaplar) og aðrir einangraðir rafleiðarar, einnig með tengihlutum; ljósleiðarar úr sérslíðruðum trefjum, einnig búnir rafleiðurun eða með tengihlutum:</b>	
	– Aðrir rafmagnsleiðarar fyrir 80 V spennu eða minni:	
	--- Með tengihlutum:	
	---- Annars:	
úr 8544.4109	----- Til nota með samskiptabúnaði .....	0
	--- Annars:	
	---- Annars:	
úr 8544.4909	----- Til nota með samskiptabúnaði .....	0
	– Aðrir rafmagnsleiðarar fyrir meira en 80 V spennu til og með 1000 V:	
	--- Með tengihlutum:	
	---- Annars:	
úr 8544.5109	----- Til nota með samskiptabúnaði .....	0
8544.7000	– Ljósleiðarar .....	0
<b>9006</b>	<b>Ljósmyndavélar (þó ekki fyrir kvikmyndir); leiftur-tæki til ljósmyndunar og leifturlampar, þó ekki úr-hleðslulampar í nr. 8539:</b>	
9006.1000	– Myndavélar til að búa til prentplötur eða prentvalsa ....	0
	– Hlutar og fylgihlutir:	
	--- Aðrir:	
úr 9006.9900	---- Hlutar í mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfælum efnunum .....	0
<b>9009</b>	<b>Ljósritunarvélar með innbyggðu optísku kerfi eða fyrir snertiaðferð og varmaafritunarvélar:</b>	
	– Rafstöðuljósritunarvélar:	
9009.1100	--- Sem gera eftirmynd frumritsins beint (beinn ferill) ...	0
	– Aðrar ljósritunarvélar:	
9009.2100	--- Með innbyggðu optísku kerfi .....	0
9009.9000	– Hlutar og fylgihlutir .....	0
<b>9010</b>	<b>Tæki og búnaður til nota í ljósmyndavinnustofur (einnig kvikmyndavinnustofur) (einnig tæki til að mynda eða teikna prentrásir á ljósnæm hálfleiðaraefni), ót.a. í þessum kafla; negatívusjár; sýningartjöld:</b>	
	– Tæki til að mynda eða teikna prentrásir á ljósnæm hálfleiðaraefni:	
9010.4100	--- Tæki til beinritunar á þynnur .....	0
9010.4200	--- Endurtökuraðarar (step and repeat aligners) .....	0
9010.4900	--- Önnur .....	0

Tollskrárnúmer	Vörulýsing	Hámarkstollur
úr 9010.9000	– Hlutar og fylgihlutir: -- Til tækja í nr. 9010.4100 til 9010.4900 .....	0
<b>9011</b>	<b>Sambyggðar optískar smásjár, einnig til örmyndatöku, örkvikmyndatöku eða örmyndvörpunar:</b>	
úr 9011.1000	– Þrívíddarsmásjár: -- Með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum.....	0
úr 9011.2000	– Aðrar smásjár til örmyndatöku, örkvikmyndatöku eða örmyndvörpunar: -- Smásjár til örmyndatöku með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum.....	0
úr 9011.9000	– Hlutar og fylgihlutir: -- Til þrívíddarsmásjára með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum.....	0
úr 9011.9000	-- Til smásjára til örmyndatöku með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum.....	0
<b>9012</b>	<b>Smásjár, þó ekki optískar smásjár; ljósbylgjutæki:</b>	
úr 9012.1000	– Smásjár, þó ekki optískar smásjár, og ljósbylgjutæki: -- Rafeindageislasmásjár með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum.....	0
úr 9012.9000	– Hlutar og fylgihlutir: -- Til rafeindageislasmásjára með áföstum tækjabúnaði sérhönnuðum til meðhöndlunar eða flutnings á hálfleiðaraþynnum eða þráðum.....	0
<b>9013</b>	<b>Vökvakristalsbúnaður annar en sá sem nánar er gerð grein fyrir í öðrum vörulíðum; leysitæki, þó ekki leysidíóður; önnur optísk tæki og áhöld, ót.a. í þessum kafla:</b>	
9013.2000	– Leysitæki, þó ekki leysidíóður .....	0
9013.8000	– Annar búnaður, tæki og áhöld .....	0
9013.9000	– Hlutar og fylgihlutir .....	0
<b>9017</b>	<b>Áhöld til teikunar, afmörkunar eða útreiknings (t.d. teiknivélar, uppdráttaafritarar (pantographs), gráðubogar, teikniáhalddasamstæður, reiknistokkar, reiknis kifur); handáhöld til lengdarmælinga (t.d. málstokkar og málbönd, örkvarðar, rennimál), ót.a. í þessum kafla:</b>	
úr 9017.1000	– Teikniborð og teiknivélar, einnig sjálfvirkt: -- “Plotterar” .....	0
úr 9017.2000	– Önnur áhöld til teikunar, afmörkunar eða útreiknings: -- Mynsturgerðartæki til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfélum efnun .....	0
úr 9017.9000	– Hlutar og fylgihlutir: -- Til mynsturgerðartækja til framleiðslu á möskum eða þráðum úr undirlagsefnum húðuðum ljósfélum efnun	0
<b>9026</b>	<b>Áhöld og tækjabúnaður til að mæla eða prófa flæði, hæð, þrýsting eða aðrar breytur í vökvum eða gasi (t.d. rennislismælar, vökvahæðarmælar, þrýstimælar, varmanotkunarmælar), þó ekki áhöld og tækjabúnaður í nr. 9014, 9015, 9028 eða 9032:.....</b>	0

Tollskrárnúmer	Vörulýsing	Hámarkstollur
<b>9030</b>	<b>Sveiflusjár, litrófsgreiningartæki og önnur áhöld og tækjabúnaður til að mæla eða prófa rafmagnsstærðir, þó ekki mælur í nr. 9028; áhöld og tækjabúnaður til að mæla eða greina alfa-, beta-, gamma-, röntgen-, geim- eða aðra jónandi geislun:</b>	
9030.4000	– Önnur áhöld og tækjabúnaður, sérstaklega hannað fyrir fjarskipti (t.d. milliheyrslumælur, mögnunarmælur, bjögunarmælur, sófómælur) .....	0
9030.8200	– Önnur áhöld og tækjabúnaður: -- Til að mæla eða greina hálfleiðarapynnur eða -búnað – Hlutar og fylgihlutir:	0
úr 9030.9000	-- Hlutar og fylgihlutir til áhalda og tækjabúnaðar í nr. 9030.8200 .....	0
<b>9031</b>	<b>Áhöld, tækjabúnaður og vélar til mælinga eða prófana, ót.a. í þessum kafla; sniðmyndavörpur:</b>	
9031.4100	– Önnur optísk áhöld og tækjabúnaður: -- Til skoðunar á hálfleiðarapynnnum eða -búnaði eða til skoðunar á myndmóskum eða þráðum til framleiðslu á hálfleiðarabúnaði .....	0
úr 9031.4900	--- Annars: ---- Til mælinga á yfirborðsagnamengun hálfleiðarapynna – Hlutar og fylgihlutar:	0
úr 9031.9000	-- Hlutar og fylgihlutir til áhalda og tækjabúnaðar í nr. 9031.4100 .....	0
úr 9031.9000	-- Hlutar og fylgihlutir til áhalda og tækjabúnaðar til mælinga á yfirborðsagnamengun hálfleiðarapynna....	0

## 22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

Geir H. Haarde.

# LÖG

## um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar).

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

### Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

#### 1. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: refsingu.

#### 2. gr.

Í stað orðsins „varðhald“ í 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

#### 3. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Hegningar samkvæmt lögum þessum eru fangelsi og fésektir.

Fangelsi skal tiltaka í dögum, mánuðum eða árum. Merkir dagur 24 klukkustundir, mánuður 30 dagar og ár 360 dagar.

#### 4. gr.

32. gr. laganna fellur brott.

#### 5. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 2. másl. 1. mgr. 41. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 16/1976, kemur: fangelsisrefsing.

#### 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976 og 5. gr. laga nr. 42/1985:

- a. Í stað orðanna „refsivist, sem ólokið er“ í 1. mgr. kemur: fangelsi, sem óafplánað er.
- b. Í stað orðanna „refsivist eftir“ í 1. mgr. kemur: fangelsi samkvæmt.
- c. Í stað orðanna „taki út refsivist“ í 3. mgr. kemur: afpláni fangelsisrefsingu.
- d. Í stað orðsins „refsivistar“ í 5. mgr. kemur: fangelsisrefsingar.

#### 7. gr.

44. gr. laganna fellur brott.

#### 8. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 49. gr. laganna kemur: fangelsi.

#### 9. gr.

Orðin „varðhald eða“ í 53. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976, falla brott.

## 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 57/1997:

- a. Í stað 1. og 2. mgr. kemur svohljóðandi málsgrein:  
Þegar sekt er tiltekin ákveður dómstóll í dómi, úrskurði eða sátt tímalengd vararefsingar, sem ekki skal vera styttri en 2 dagar og ekki lengri en 1 ár.
- b. 4. mgr. fellur brott.
- c. 1. másl. 5. mgr. orðast svo: Sekt allt að 100.000 krónum, sem ekki er ákveðin af dómstólum og sem sakborningur hefur skriflega gengist undir hjá lögreglustjóra, afplánast með fangelsi eftir meðfylgjandi töflu.
- d. Í stað orðsins „varðhaldsins“ í 6. mgr. kemur: fangelsisins.

## 11. gr.

55. gr. laganna, sbr. 2. tölul. 195. gr. laga nr. 19/1991, orðast svo:

Sektir og aðrar skyldugreiðslur, sem afplána á að lögum og ákveðnar eru á annan hátt en í 54. gr. getur, afplánast í fangelsi.

Dagsektir skal afplána í fangelsi og ákveður sýslumaður tímalengd vistunar. Um heimild til að bera þá ákvörðun undir dómstóla fer eftir reglum aðfararlaga um heimildir til að bera ákvarðanir þær, sem sýslumaður tekur við framkvæmd aðfarar, undir héraðsdóm.

Afplánun sekta og greiðslna samkvæmt þessari grein skal ákvarðaður tími sem ekki er styttri en 2 dagar og ekki lengri en 1 ár. Hafi hluti skuldar verið greiddur skal stytta afplánunartíma að sama skapi, en þó þannig að hann verði ekki styttri en 2 dagar. Skuld, sem samsvavar hluta úr degi, afplánast með heilum degi.

## 12. gr.

1. mgr. 57. gr. a laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, orðast svo:

Í dómi er heimilt að ákveða að allt að 3 mánuðir fangelsisrefsingar verði óskilorðsbundnir, en aðrir hlutar skilorðsbundnir.

## 13. gr.

Í stað orðanna „þyngri refsingu en varðhald“ í 1. másl. 67. gr. laganna kemur: fangelsi.

## 14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „varðhald“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: fangelsi.
- b. 3. og 4. másl. 1. mgr. falla brott.

## 15. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. 75. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

## 16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 77. gr. laganna:

- a. 3. mgr. fellur brott.
- b. Í stað orðsins „refsivist“ hvarvetna í 4. mgr. kemur: fangelsi.

## 17. gr.

2. másl. 78. gr. laganna orðast svo: Má þá dæma í fangelsi í skemmri tíma en 30 daga.

## 18. gr.

79. gr. laganna orðast svo:

Nú heimila lög aukna refsingu við broti og skulu þá takmörk þau, sem sett eru í 34. gr., ekki vera því til fyrirstöðu að dæma megi í fangelsi allt að 20 árum.

## 19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 20/1981:

- a. Í stað orðsins „Refsivist“ í 1. mgr. kemur: Fangelsi.
- b. Orðin „varðhald eða“ í 1. tölul. 1. mgr. falla brott.
- c. Í stað orðsins „refsivist“ í 3. mgr. kemur: fangelsi.
- d. Í stað orðsins „refsivistar“ í 1. másl. 5. mgr. kemur: fangelsis.
- e. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. másl. 5. mgr. kemur: fangelsi.

## 20. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 84. gr. laganna kemur: fangelsi.

## 21. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. másl. 88. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 47/1941, falla brott.

## 22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 90. gr. laganna:

- a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

## 23. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 4. mgr. 91. gr. laganna falla brott.

## 24. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 92. gr. laganna falla brott.

## 25. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 93. gr. laganna falla brott.

## 26. gr.

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, ef miklar sakir eru“ í 1. mgr. 95. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 101/1976, kemur: eða fangelsi allt að 2 árum. Nú eru sakir miklar og varðar brot þá fangelsi allt að 6 árum.

## 27. gr.

96. gr. laganna fellur brott.

## 28. gr.

2. másl. 1. mgr. 101. gr. laganna fellur brott.

## 29. gr.

Í stað orðanna „Varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum“ í 2. mgr. 102. gr. laganna kemur: Sömu refsingu.

## 30. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 103. gr. laganna falla brott.



## 31. gr.

104. gr. laganna fellur brott.

## 32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 106. gr. laganna:

- a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. másl. 1. mgr. falla brott.
- b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

## 33. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 109. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

## 34. gr.

Í stað orðsins „refsivist“ í 110. gr. laganna kemur: fangelsi.

## 35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 111. gr. laganna:

- a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

## 36. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 112. gr. og 1. og 2. mgr. 113. gr. laganna fellur brott.

## 37. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 114. gr. laganna falla brott.

## 38. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 115. gr. laganna fellur brott.

## 39. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 116. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

## 40. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. 118. gr. laganna falla brott.

## 41. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 119. gr. laganna kemur: fangelsi.

## 42. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 120. gr. laganna kemur: fangelsi.

## 43. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 120. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1973 og 2. gr. laga nr. 16/1990, fellur brott.

## 44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:

- a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
- b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

## 45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.
- b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

## 46. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 123. gr. laganna fellur brott.

## 47. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 124. gr. laganna fellur brott.

## 48. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. 125. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 3 mánuðum.

## 49. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. másl. 126. gr. laganna falla brott.

## 50. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 127. gr. laganna kemur: fangelsi.

## 51. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 128. gr. laganna falla brott.

## 52. gr.

3. másl. 129. gr. laganna fellur brott.

## 53. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 131. gr. laganna fellur brott.

## 54. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 132. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

## 55. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 133. gr. laganna falla brott.

## 56. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 134. gr. laganna falla brott.

## 57. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. másl. 1. mgr. 136. gr. laganna falla brott.

## 58. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 137. gr. laganna falla brott.

## 59. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 139. gr. laganna fellur brott.

60. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 140. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

61. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 141. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

62. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 142. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 101/1976, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

63. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 144. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

64. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 145. gr. laganna, sbr. 14. gr. laga nr. 101/1976, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

65. gr.

Orðin „eða varðhaldi allt að 6 mánuðum“ í 1. mgr. 146. gr. laganna falla brott.

66. gr.

Orðin „eða varðhaldi allt að 6 mánuðum“ í 147. gr. laganna falla brott.

67. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. másl. 1. mgr. 148. gr. laganna falla brott.

68. gr.

Í stað orðanna „varðhaldi, eða fangelsi allt að einu ári, ef miklar sakir eru“ í 149. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

69. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. másl. 151. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

70. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. másl. 152. gr. laganna falla brott.

71. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. 154. gr. laganna kemur: fangelsi.

72. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 155. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

73. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. 157. gr. laganna falla brott.

74. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 158. gr. laganna falla brott.

## 75. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. og 3. mgr. 159. gr. laganna fellur brott.

## 76. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 160. gr. laganna falla brott.

## 77. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 162. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „varðhaldi eða sektum, ef málsbætur eru, enda varði brot ekki þyngri refsingu að lögum“ í 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ef málsbætur eru og brot varðar ekki þyngri refsingu að lögum má beita sektum eða fangelsi allt að 1 ári.
- b. Orðin „eða varðhaldi“ í 2. mgr. falla brott.

## 78. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 163. gr. laganna falla brott.

## 79. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 167. gr. laganna fellur brott.

## 80. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 168. gr. laganna:

- a. Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

## 81. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 169. gr. laganna fellur brott.

## 82. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. 170. gr. laganna fellur brott.

## 83. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 4. mgr. 171. gr. laganna fellur brott.

## 84. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 172. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „varðhaldi eða sektum“ í 1. mgr. kemur: sektum eða fangelsi allt að 1 ári.
- b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

## 85. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 173. gr. laganna:

- a. Orðin „eða varðhaldi“ í 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

## 86. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 174. gr. laganna falla brott.

## 87. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 175. gr. laganna:

- a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. másl. 1. mgr. og 2. mgr. falla brott.
- b. Orðið „varðhaldi“ í 3. mgr. fellur brott.

## 88. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 176. gr. laganna:

- a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

## 89. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 177. gr. laganna falla brott.

## 90. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 178. gr. laganna fellur brott.

## 91. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 180. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 135/1996, fellur brott.

## 92. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 183. gr. laganna fellur brott.

## 93. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 184. gr. laganna fellur brott.

## 94. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 185. gr. laganna fellur brott.

## 95. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 186. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. kemur: fangelsi.
- b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

## 96. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 187. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

## 97. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 188. gr. laganna:

- a. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. mgr. falla brott.
- b. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. másl. 3. mgr. falla brott.
- c. Orðin „eða varðhald“ í 2. másl. 3. mgr. falla brott.

## 98. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 189. gr. laganna falla brott.

## 99. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 191. gr. laganna:

- a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðsins „Varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: Fangelsi allt að 1 ári.

## 100. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 192. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

## 101. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 193. gr. laganna fellur brott.

## 102. gr.

Í stað orðanna „úr lægsta stigi refsivistar“ í 204. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 40/1992, kemur: fyrir lágmark fangelsis.

## 103. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 5. mgr. 206. gr. laganna, sbr. 13. gr. laga nr. 40/1992, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

## 104. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 209. gr. laganna, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992, kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

## 105. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 210. gr. laganna fellur brott.

## 106. gr.

Orðin „eða varðhaldi ekki skemur en 60 daga“ í 213. gr. laganna falla brott.

## 107. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. 214. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

## 108. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 215. gr. laganna fellur brott.

## 109. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. másl. 1. mgr. 216. gr. laganna falla brott.

## 110. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 217. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.

## 111. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 218. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, falla brott.

## 112. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 219. gr. laganna fellur brott.

## 113. gr.

Í stað orðanna „Varðhaldi eða fangelsi“ í 4. mgr. 220. gr. laganna kemur: Fangelsi.

## 114. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. 221. gr. laganna falla brott.

115. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 222. gr. laganna kemur: fangelsi.

116. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 223. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

117. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 225. gr. laganna fellur brott.

118. gr.

Orðin „eða varðhaldi, ef málsbætur eru“ í 1. mgr. 226. gr. laganna falla brott.

119. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 227. gr. laganna fellur brott.

120. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 228. gr. laganna:

- a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. fellur brott.
- b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. kemur: fangelsi.

121. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 229. gr. laganna kemur: fangelsi.

122. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. 230. gr. laganna kemur: fangelsi allt 1 ári.

123. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 231. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. kemur: fangelsi.
- b. Orðin „varðhaldi á hærra stigi eða“ í 2. másl. falla brott.

124. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 232. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 16/1976:

- a. Orðið „varðhaldi“ í 1. másl. 1. mgr. fellur brott.
- b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. kemur: fangelsi.

125. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 233. gr. laganna fellur brott.

126. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 233. gr. a laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 96/1973, fellur brott.

127. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 234. gr. laganna kemur: fangelsi.

128. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 235. gr. laganna kemur: fangelsi.

129. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 236. gr. laganna:

- a. Orðin „varðhaldi eða“ í 1. mgr. falla brott.
- b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

130. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 240. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

131. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 246. gr. laganna fellur brott.

132. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 253. gr. laganna falla brott.

133. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 254. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „varðhald“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.
- b. Orðið „varðhaldi“ í 2. mgr. fellur brott.

134. gr.

Orðin „varðhald eða“ í 1. mgr. 256. gr. laganna falla brott.

135. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 257. gr. laganna:

- a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. fellur brott.
- b. Orðin „eða varðhaldi“ í 3. mgr. falla brott.

136. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 258. gr. laganna fellur brott.

137. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 259. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956:

- a. Orðið „varðhaldi“ í 1. og 3. mgr. fellur brott.
- b. Orðin „eða varðhaldi“ í 2. mgr. falla brott.

138. gr.

Orðið „varðhaldi“ í 261. gr. laganna fellur brott.

139. gr.

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. másl. 1. mgr. 262. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, falla brott.

140. gr.

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. 263. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 3 mánuðum.



## 141. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 264. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 10/1997:

- a. Orðið „varðhaldi“ í 1. másl. 1. mgr. fellur brott.
- b. Orðin „varðhald eða“ í 3. másl. 1. mgr. falla brott.
- c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. 4. mgr. kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.
- d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. másl. 4. mgr. kemur: fangelsi allt að 1 ári.

## 142. gr.

267. gr. laganna fellur brott.

## 143. gr.

XXIX. kafli laganna, 268.–271. gr., fellur brott.

## II. KAFLI

**Breytingar á öðrum lögum.**

## 144. gr.

*Lög um verkfall opinberra starfsmanna, nr. 33 3. nóvember 1915.*

- a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 10/1983, kemur: fangelsi allt að 2 árum.
- b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 10/1983, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

## 145. gr.

*Vatnalög, nr. 15 20. júní 1923.*

- a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í a-lið 153. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 116/1990, kemur: fangelsi allt að 2 árum.
- b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í b-lið 153. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 116/1990, kemur: fangelsi.

## 146. gr.

*Lög um friðun Þingvalla, nr. 59 7. maí 1928.*

Í stað orðanna „varðhaldi, eða fangelsi ef sakir eru miklar“ í 8. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1982, kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

## 147. gr.

*Lög um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56 23. júní 1932.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 6. gr. laganna, sbr. 38. gr. laga nr. 75/1982, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

## 148. gr.

*Lög um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar, nr. 83 23. júní 1936.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 44. gr. laga nr. 10/1983, kemur: fangelsi allt að 1 ári.

## 149. gr.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa, nr. 9 12. febrúar 1940.*

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 23. gr. laga nr. 116/1990, fellur brott.

150. gr.

*Lög um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar  
og óheimila dvöl þar, nr. 60 29. apríl 1943.*

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

151. gr.

*Lög um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952.*

Í stað orðanna „til refsivistar“ í 4. tölul. B-liðar 9. gr. b laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 49/1982, kemur: í fangelsi.

152. gr.

*Lög um íslensk vegabréf, nr. 18 11. febrúar 1953.*

- a. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: fangelsi.
- b. Í stað orðanna „til refsivistar sem ekki hefur verið afplánuð“ í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: í fangelsi sem ekki hefur verið afplánað.
- c. Orðið „varðhaldi“ í 3. tölul. 3. gr. laganna fellur brott.
- d. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. másl. 1. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

153. gr.

*Lög um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956.*

- a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
- b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
- c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 4. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
- d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 12. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
- e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 23. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
- f. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

154. gr.

*Lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands,  
Noregs og Svíþjóðar, nr. 7. 14. mars 1962.*

- a. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsisrefsing.
- b. 1. másl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Nú er óskað framsals á manni sem vegna annars brots en í framsalsbeiðni greinir hefur verið dæmdur í fangelsi hér á landi, eða vistun hans á hæli hefur verið ákveðin í dómi eða samkvæmt heimild í dómi, og verður hann þá ekki framseldur fyrr en afplánun er lokið eða hann útskrifaður af hælínu.
- c. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. másl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fangelsi.

155. gr.

*Lög um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 31. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 85/1985, kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

156. gr.

*Lög um landsdóm, nr. 3 19. febrúar 1963.*

Í stað orðsins „varðhald“ í 35. gr. laganna kemur: fangelsi.

157. gr.

*Lög um ráðherraábyrgð, nr. 4 19. febrúar 1963.*

- a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.
- b. Í stað orðsins „varðhald“ í 12. gr. laganna kemur: fangelsi.

158. gr.

*Lyfsölulög, nr. 30 29. apríl 1963.*

Orðin „varðhald eða“ í 2. másl. 1. mgr. 68. gr. laganna falla brott.

159. gr.

*Lög um fullnustu refsídóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69 12. desember 1963.*

- a. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
- b. 4. gr. laganna orðast svo:  
Fullnusta skal refsingu skv. 3. gr. í fangelsi að íslenskum lögum um jafnlangan tíma.
- c. Orðin „eða varðhalds“ í 1. másl. 1. mgr. 5. gr. laganna falla brott.
- d. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
- e. Í stað orðsins „refsivist“ í 6. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
- f. Fyrirsögn II. kafla laganna orðast svo: **Fullnusta fangelsisdóma o.fl.**
- g. Í stað orðanna „tegund og lengd refsivistar“ í 2. másl. 8. gr. laganna kemur: refsingu.
- h. Í stað orðsins „refsivist“ í 13. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
- i. Í stað orðanna „tegund og lengd refsivistar“ í 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: refsingu.
- j. Í stað orðsins „refsivist“ í 18. gr. laganna kemur: fangelsi.
- k. Fyrirsögn IV. kafla laganna orðast svo: **Umsjón með mönnum sem fengið hafa reynslulausn.**
- l. Í stað orðsins „refsivist“ í 19. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.
- m. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. másl. 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.

160. gr.

*Lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965.*

- a. Í stað orðsins „refsivist“ í 5. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi.
- b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 17. gr. laganna fellur brott.

161. gr.

*Lög um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970.*

- a. Í stað orðanna „og varðhaldi“ í inngangsmálslið 1. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 63/1994, kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.
- b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 63/1994, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

162. gr.

*Höfundalög, nr. 73 29. maí 1972.*

Orðið „varðhaldi“ í 1. másl. 2. mgr. 54. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 78/1984, fellur brott.

163. gr.

*Lög um Hæddrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 6. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

164. gr.

*Námulög, nr. 24 17. apríl 1973.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. máls. 15. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

165. gr.

*Lög um verndun Mývatns og Laxár í  
Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36 2. maí 1974.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. máls. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

166. gr.

*Lög um ávana- og fíkniefni, nr. 65 21. maí 1974.*

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1985, fellur brott.

167. gr.

*Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar  
og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25 22. maí 1975.*

Orðin „varðhaldi eða“ í 1. máls. 1. tölul. 31. gr. laganna falla brott.

168. gr.

*Lög um sálfræðinga, nr. 40 23. maí 1976.*

Orðið „varðhaldi“ í 8. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1988, fellur brott.

169. gr.

*Lög um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, nr. 35 29. maí 1979.*

Orðið „varðhaldi“ í 10. gr. laganna fellur brott.

170. gr.

*Lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 6. mgr. 107. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1995, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

171. gr.

*Lög um þjóðsöng Íslendinga, nr. 7 8. mars 1983.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. máls. 6. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

172. gr.

*Lög um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum,  
nr. 13 17. apríl 1984.*

- a. Í stað orðanna „styttri refsivist“ í 2. máls. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsi um styttri tíma.
- b. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. tölul. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: fangelsi.
- c. 1. máls. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Þegar sá sem óskast framseldur hefur verið dæmdur í fangelsi eða samkvæmt dómi eða með heimild í dómi skal eða er vistaður á stofnun fyrir annan verknað en framsalsbeiðni fjallar um er ekki heimilt að framselja hann fyrir en afplánun er lokið eða hann útskrifaður af stofnuninni.
- d. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. máls. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi.

173. gr.

*Lög um tóbaksvarnir, nr. 74 28. maí 1984.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í grein 19.1 í lögnum kemur: fangelsi allt að 2 árum.

174. gr.

*Lög um erfðafjárskatt, nr. 83 25. maí 1984.*

Orðioð „varðhaldi“ í 24. gr. laganna fellur brott.

175. gr.

*Siglingalög, nr. 34 19. júní 1985.*

- a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 234. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
- b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 236. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
- c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 237. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
- d. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 238. gr. laganna kemur: fangelsi allt að fjórum árum.
- e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 238. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
- f. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 239. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
- g. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 241. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

176. gr.

*Sjómannaölög, nr. 35 19. júní 1985.*

- a. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru“ í 76. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum eða fangelsi allt að fjórum árum ef miklar sakir eru.
- b. Orðin „varðhald eða“ í 2. mgr. 80. gr. laganna falla brott.
- c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. 82. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
- d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. 83. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
- e. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 85. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að fjórum árum.
- f. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 86. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
- g. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 87. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

177. gr.

*Lög um tannlækningar, nr. 38 12. júní 1985.*

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

178. gr.

*Útvarpslög, nr. 68 27. júní 1985.*

- a. Í stað orðsins „varðhaldsrefsingu“ í 2. másl. 1. mgr. 37. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
- b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. 3. mgr. 37. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 98/1995, kemur: fangelsi.

179. gr.

*Lög um skráningu skipa, nr. 115 31. desember 1985.*

- a. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 21. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 3 árum.
- b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 22. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
- c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

180. gr.

*Lög um geislavarnir, nr. 117 31. desember 1985.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 23. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

181. gr.

*Lög um varnir gegn megnun sjávar, nr. 32 5. maí 1986.*

- a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 27. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
- b. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 27. gr. laganna kemur: fangelsi.

182. gr.

*Lög um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50 6. maí 1986.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

183. gr.

*Lög um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3 23. september 1987.*

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 3. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna, sbr. 15. gr. laga nr. 68/1996, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

184. gr.

*Vaxtalög, nr. 25 27. mars 1987.*

- a. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, fellur brott.
- b. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, falla brott.
- c. Orðið „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, fellur brott.
- d. Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 67/1989 og 1. gr. laga nr. 13/1995, falla brott.

185. gr.

*Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45 30. mars 1987.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 4. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

186. gr.

*Umferðarlög, nr. 50 30. mars 1987.*

Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 100. gr. laganna fellur brott.

187. gr.

*Tollalög, nr. 55 30. mars 1987.*

- a. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 124. gr. laganna fellur brott.
- b. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 2. mgr. 126. gr. laganna, sbr. 38. gr. laga nr. 69/1996, kemur: fangelsi allt að sex árum.
- c. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 4. mgr. 126. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
- d. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 127. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
- e. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 128. gr. laganna fellur brott.
- f. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. málsl. 1. mgr. 129. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að tveimur árum.

- g. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 130. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
- h. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. málsl. 1. mgr. 133. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að sex árum.
- i. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 135. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

188. gr.

*Lög um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987.*

Orðin „varðhaldi eða“ í inngangsmálslið 136. gr. laganna falla brott.

189. gr.

*Lög um útflutningsleyfi o.fl., nr. 4 11. janúar 1988.*

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

190. gr.

*Lög um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988.*

- a. Orðið „varðhald“ í 3. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.
- b. Í stað orðanna „óskilorðsbundna refsivist“ í 1. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: óskilorðsbundið fangelsi.
- c. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
- d. Í stað orðsins „refsivistar“ í 3. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
- e. Í stað orðsins „heildarrefsivist“ í 3. mgr. 22. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: heildarrefsing.
- f. Í stað orðsins „refsivistar“ í 1. tölul. 1. mgr. 23. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
- g. Í stað orðsins „refsivist“ hvarvetna í 1. málsl. 3. mgr. 23. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur í viðeigandi falli: fangelsisrefsing.
- h. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. málsl. 3. mgr. 23. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
- i. Í stað orðsins „refsivistardómur“ í 1. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisdómur.
- j. Í stað orðsins „refsivistar“ í 3. mgr. 24. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
- k. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 3. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
- l. Í stað orðanna „refsivist“ í 1., 3. og 4. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsing.
- m. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
- n. Orðið „refsivistar“ í 2. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, fellur brott.
- o. Í stað orðsins „refsivistina“ í 2. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingu.
- p. Í stað orðsins „refsivistar“ í 5. mgr. 26. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur: fangelsisrefsingar.
- q. Orðin „varðhalds- og“ í 1. mgr. 35. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 123/1997, falla brott.

191. gr.

*Lög um virðisaukaskatt, nr. 50 24. maí 1988.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 3. mgr. 40. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

192. gr.

*Lög um eiturfni og hættuleg efni, nr. 52 18. maí 1988.*

Orðin „varðhald eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna falla brott.

193. gr.

*Læknalög, nr. 53 19. maí 1988.*

- a. Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.
- b. Í stað orðsins „fangelsi“ í 1. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.
- c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 1 ári.

194. gr.

*Lög um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31 23. apríl 1990.*

Í stað orðsins „varðhald“ í 1. málsl. 2. mgr. 32. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

195. gr.

*Lög um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990.*

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna, sbr. 27. gr. laga nr. 57/1996, falla brott.

196. gr.

*Lög um innflutning dýra, nr. 54 16. maí 1990.*

Í stað orðsins „fangelsi“ í 2. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

197. gr.

*Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73 18. maí 1990.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 6. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

198. gr.

*Lög um einkaleyfi, nr. 17 20. mars 1991.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: fangelsi.

199. gr.

*Lög um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.*

- a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
- b. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 2. mgr. 97. gr. laganna kemur: fangelsi.
- c. Í stað orðsins „refsivist“ í b-lið 98. gr. laganna kemur: fangelsi.
- d. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. mgr. 99. gr. laganna kemur: fangelsi.
- e. Í stað orðsins „refsivist“ í 102. gr. laganna kemur: til afplánunar fangelsisrefsingar.
- f. Í stað orðsins „refsivist“ í inngangsmáslíð 176. gr. laganna kemur: fangelsi.
- g. Í stað orðsins „refsivist“ í 1. málsl. 181. gr. laganna kemur: fangelsi.



## 200. gr.

*Lög um samvinnufélög, nr. 22 27. mars 1991.*

- a. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 78. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, fellur brott.
- b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 79. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, fellur brott.
- c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 79. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, kemur: fangelsi allt að einu ári.
- d. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 80. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, fellur brott.
- e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 81. gr. laganna, sbr. 85. gr. laga nr. 144/1994, kemur: fangelsi allt að einu ári.

## 201. gr.

*Lög um brunavarnir og brunamál, nr. 41 27. maí 1992.*

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 31. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

## 202. gr.

*Lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58 2. júní 1992.*

- a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 59. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
- b. Orðið „varðhaldi“ í 60. gr. laganna fellur brott.
- c. Orðið „varðhaldi“ í 61. gr. laganna fellur brott.
- d. Orðið „varðhaldi“ í 62. gr. laganna fellur brott.
- e. Orðin „varðhaldi eða“ í c-lið 63. gr. laganna falla brott.
- f. Orðið „varðhaldi“ í 64. gr. laganna fellur brott.
- g. Orðið „varðhaldi“ í 65. gr. laganna fellur brott.
- h. Orðið „varðhaldi“ í 66. gr. laganna fellur brott.

## 203. gr.

*Lög um gjaldeyrismál, nr. 87 17. nóvember 1992.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. 13. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

## 204. gr.

*Lög um vog, mál og faggildingu, nr. 100 16. desember 1992.*

- a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.
- b. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. másl. 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: fangelsi.

## 205. gr.

*Samkeppnislög, nr. 8 25. febrúar 1993.*

- a. Í stað orðanna „varðhaldi eða“ í 1. másl. 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að tveimur árum en.
- b. Í stað orðsins „refsivist“ í 2. másl. 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: fangelsi.

## 206. gr.

*Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25 7. apríl 1993.*

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar“ í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

207. gr.

*Lög um eftirlit með skipum, nr. 35 30. apríl 1993.*

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru“ í 29. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

208. gr.

*Lög um hönnunarvernd, nr. 48 21. maí 1993.*

Orðin „varðhald eða“ í 2. másl. 1. mgr. 36. gr. laganna falla brott.

209. gr.

*Lög um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993.*

Í stað orðanna „gæslu- eða refsivist“ í 3. mgr. 14. gr. laganna kemur: gæsluvist eða afplánar fangelsi.

210. gr.

*Lög um félagslega aðstoð, nr. 118 23. desember 1993.*

Í stað orðanna „gæslu- eða refsivist“ í 2. másl. 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: gæsluvist eða afplánar fangelsi.

211. gr.

*Lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 123 27. desember 1993.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 24. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 20/1996, kemur: fangelsi allt að 2 árum.

212. gr.

*Lög um dýravernd, nr. 15 16. mars 1994.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.

213. gr.

*Lög um váttryggingastarfsemi, nr. 60 11. maí 1994.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 99. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

214. gr.

*Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64 19. maí 1994.*

Í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ í 1. másl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

215. gr.

*Lyfjalög, nr. 93 20. maí 1994.*

Orðin „varðhald eða“ í 2. másl. 2. mgr. 43. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1995, falla brott.

216. gr.

*Lög um einkahlutafélög, nr. 138 28. desember 1994.*

- a. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 127. gr. laganna fellur brott.
- b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 128. gr. laganna fellur brott.
- c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 128. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
- d. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 129. gr. laganna fellur brott.
- e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 130. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.

217. gr.

*Lög um ársreikninga, nr. 144 29. desember 1994.*

Orðin „varðhaldi eða“ í 82. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 37/1995, falla brott.

218. gr.

*Lög um bókhald, nr. 145 29. desember 1994.*

Orðin „varðhaldi eða“ í 36. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1995, falla brott.

219. gr.

*Lög um hlutafélög, nr. 2 30. janúar 1995.*

- a. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 153. gr. laganna fellur brott.
- b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 154. gr. laganna fellur brott.
- c. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 154. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.
- d. Orðið „varðhaldi“ í inngangsmálslið 155. gr. laganna fellur brott.
- e. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 156. gr. laganna kemur: fangelsi allt að einu ári.

220. gr.

*Lög um vörugjald af olíu, nr. 34 7. mars 1995.*

Orðin „varðhaldi eða“ í 4. mgr. 17. gr. laganna falla brott.

221. gr.

*Lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum,  
nr. 47 7. mars 1995.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: fangelsi.

222. gr.

*Lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54 8. mars 1995.*

Í stað orðanna „og varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: eða fangelsi allt að 2 árum.

223. gr.

*Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til polenda afbrota,  
nr. 69 10. mars 1995.*

Í stað orðanna „refsivist í fangelsi“ í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: fangelsisrefsingu.

224. gr.

*Lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu,  
nr. 134 22. desember 1995.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 28. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

225. gr.

*Lög um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57 3. júní 1996.*

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. 23. gr. laganna falla brott.

226. gr.

*Lög um náttúruvernd, nr. 93 14. júní 1996.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. málsl. 1. mgr. 39. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

227. gr.

*Lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94 14. júní 1996.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 4. mgr. 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

228. gr.

*Lög um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113 12. júlí 1996.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 101. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

229. gr.

*Lög um pósthjónustu, nr. 142 27. desember 1996.*

a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. 1. mgr. 45. gr. laganna kemur: fangelsi.

b. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. 2. mgr. 45. gr. laganna kemur: fangelsi.

230. gr.

*Lög um fjarskipti, nr. 143 27. desember 1996.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. 1. mgr. 38. gr. laganna kemur: fangelsi.

231. gr.

*Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151 27. desember 1996.*

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. másl. 1. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

232. gr.

*Lög um endurskoðendur, nr. 18 17. apríl 1997.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 20. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

233. gr.

*Lög um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnaðis, nr. 23 29. apríl 1997.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 10. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

234. gr.

*Lög um vörumerki, nr. 45 22. maí 1997.*

Orðin „varðhald eða“ í 2. másl. 2. mgr. 42. gr. laganna falla brott.

235. gr.

*Lög um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, nr. 54 22. maí 1997.*

Í stað orðanna „til refsivistar“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: í fangelsi.

236. gr.

*Lög um öryggishjónustu, nr. 58 22. maí 1997.*

Í stað orðanna „til refsivistar“ í d-lið 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: í fangelsi.

237. gr.

*Lög um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61 26. maí 1997.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 19. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

238. gr.

*Skipulags- og byggingarlög, nr. 73 28. maí 1997.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. mgr. 60. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

239. gr.

*Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79 26. maí 1997.*

Orðin „varðhaldi eða“ í 2. másl. 1. mgr. 15. gr. laganna falla brott.

240. gr.

*Lög um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96 27. maí 1997.*

Í stað orðsins „fangelsi“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 2 árum.

241. gr.

*Lög um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5 6. mars 1998.*

Orðin „varðhaldi eða“ í inngangsmálgrein 104. gr. laganna falla brott.

242. gr.

*Vopnalög, nr. 16 25. mars 1998.*

- a. Í stað orðsins „varðhaldi“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: fangelsi allt að 6 mánuðum.  
 b. Orðið „varðhaldi“ í 1. mgr. 36. gr. laganna fellur brott.

243. gr.

*Lög um verslunaravinnu, nr. 28 8. apríl 1998.*

Í stað orðsins „varðhaldi“ í 1. másl. 2. mgr. 24. gr. kemur: fangelsi allt að 2 árum.

## III. KAFLI

**Gildistaka.**

244. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1998.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þegar refsing er dæmd vegna brots sem framið er fyrir gildistöku laga þessara, og hæfileg refsing hefði verið varðhald samkvæmt eldri lögum, skal refsing ákveðin í fangelsi um jafnlangan tíma. Er þá heimilt að dæma í fangelsi í skemmri tíma en 30 daga.

Nú hefur maður verið dæmdur í varðhald en ekki afplánað dóm að einhverju leyti eða öllu og skal þá refsing, eða eftirstöðvar hennar, afplánað sem fangelsi um jafnlangan tíma. Sama gildir ef refsing er ákvörðuð á ný vegna rofa á skilorði varðhaldsrefsingar og ef vararefsing hefur verið ákveðin í varðhaldi.

Varðhaldsrefsing fellur niður ef fullnusta dóms er eigi byrjuð innan fimm ára. Um fyrningu fer að öðru leyti eftir 2.–5. mgr. 83. gr.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Þorsteinn Pálsson.*

## LÖG

um brottfall laga um vörugjald af olíu og breytingu  
á lagaákvæðum um gjöld af bifreiðum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

**Brottfall laga nr. 34/1995, um vörugjald af olíu,  
sbr. lög nr. 120/1995 og lög nr. 90/1997.**

## 1. gr.

Lög nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, sbr. lög nr. 120/1995 og lög nr. 90/1997, eru felld úr gildi.

## II. KAFLI

**Breyting á lögum um fjáröflun til vegagerðar,  
nr. 3/1987, með síðari breytingum.**

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 4. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Af bifreiðum, tengi- og festivögnum, sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira, skal auk gjalds vegna ekinna kílómetra greitt fast árgjald þungaskatts að fjárhæð 100.000 kr.

- b. 2. mgr. orðast svo:

Kílómetragjald skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	6,74	18.000–18.999	12,95
5.000–5.999	7,16	19.000–19.999	13,94
6.000–6.999	7,74	20.000–20.999	14,69
7.000–7.999	8,13	21.000–21.999	15,53
8.000–8.999	8,48	22.000–22.999	16,51
9.000–9.999	8,86	23.000–23.999	17,30
10.000–10.999	9,41	24.000–24.999	18,08
11.000–11.999	9,76	25.000–25.999	18,96
12.000–12.999	10,99	26.000–26.999	19,80
13.000–13.999	12,02	27.000–27.999	20,69
14.000–14.999	9,80	28.000–28.999	21,57
15.000–15.999	10,55	29.000–29.999	22,44
16.000–16.999	11,39	30.000–30.999	23,32
17.000–17.999	12,22	31.000 og yfir	24,21

- c. Lokamálsliður 3. mgr. orðast svo: Enn fremur skal endurgreiða 70% þungaskatts sem greiddur hefur verið af akstri ökutækja í eigu sérleyfishafa á leiðum sem sérleyfi þeirra nær til, svo og 70% fasts árgjalds skv. 1. mgr. þessa stafliðar, þó einungis að því marki sem ökutækin hafa verið nýtt til sérleyfisaksturs.

- d. 4. mgr. fellur brott.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 7. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skattskylda fasts árgjalds af ökutækjum sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira telst frá afhendingu skráningarmerkis ef um nýskráð ökutæki er að ræða, ella frá upphafi gjaldárs, þ.e. 11. október ár hvert.
- b. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:
 

2. Í stað orðanna „Seðlabanka Íslands“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
3. Í stað orðsins „bankaefirlitinu“ í 4. másl. 1. mgr. kemur: Fjármálaefirlitinu.
4. Í stað orðsins „bankaefirlitið“ í 5. másl. 1. mgr. og 2. mgr. kemur: Fjármálaefirlitið.

*Gildistaka.*

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Finnur Ingólfsson.*

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingu.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 22. gr. laganna:

## a. 1. mgr. orðast svo:

Skylt er að bjóða út á Evrópska efnahagssvæðinu verk sem áætlað er að nemi a.m.k. því verðmæti án virðisaukaskatts sem getið er um í 1. og 2. tölul. þessarar málsgreinar.

1. 5.150.548 evrópskra mynteininga (ECU), enda er ekki um að ræða verk sem falla undir 2. tölul.

2. 5.000.000 ECU þegar um verk er að ræða sem falla undir viðauka við lög þessi og þau eru boðin út af aðila sem fellur undir 2. másl. 1. mgr. 21. gr. Sama gildir þegar þessir aðilar bjóða út verk sem tengjast byggingarframkvæmdum fyrir sjúkrahús, mannvirkjum til íþróttar- og tómstundaiðkunar, byggingarframkvæmdum við skóla og háskóla og byggingarframkvæmdum fyrir stjórnsýslu.

## b. 2. mgr. orðast svo:

Við mat á verðmæti innkaupa skal miða við það gengi sem auglýst hefur verið af Eftirlitsstofnun EFTA og í gildi var þann dag sem auglýsing skv. 24. gr. var send til birtingar.

## c. Við bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Fjárhæð viðmiðunarmarka í ECU skv. 1. tölul. 1. mgr. breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á gengi ECU gagnvart SDR, í fyrsta skipti 1. janúar 2000.

## 2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 23. gr. laganna:

## a. 2. másl. orðast svo: Nái áætlað heildarverðmæti verksins þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 22. gr. er skylt að bjóða út einstaka verkáfangi á Evrópska efnahagssvæðinu.

## b. Við bætist nýr máslíður sem orðast svo: Ekki þarf þó að bjóða út einstaka áfanga sem að verðmæti nema allt að 1 milljón ECU án virðisaukaskatts, enda nái verðmæti þessara áfanga ekki 20% af áætluðu heildarverðmæti verksins.

## 3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 24. gr. laganna:

## a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Aðili skv. 1. gr. skal tilkynna með auglýsingu þá ákvörðun sína að gera sérleyfissamning um verkframkvæmdir þegar slíkir samningar ná þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. Sama skylda hvílir á sérleyfishafa samkvæmt slíkum samningum þótt hann falli hvorki undir ákvæði 1. gr. né 2. eða 3. másl. 1. mgr. 21. gr.

## b. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 2. mgr. kemur: 1. og 2. mgr.

## 4. gr.

35. gr. laganna fellur brott og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

## 5. gr.

Við lögin bætist viðauki sem orðast svo:

Í þessum viðauka eru tilgreindar þær tegundir verka sem vísað er til í 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga þessara. Viðaukinn er byggður á XI. viðauka, flokki 50, hópi 502, við tilskipun ráðsins nr. 93/37/EBE frá 14. júní 1993.

*Tegundir verka:*

Almenn mannvirkjagerð.

Jarðvegsvinna.

Smíði brúa, ganga og stokka; borun.

Vatnsvirkjun (ár, skurðir, hafnir, stíflur, flóðgáttir og -garðar).

Vegagerð (þar með talin sérhæfð lagning flugvalla og flugbrauta).

Sérhæfð byggingarvinna við vatnsmannvirki (þ.e. við áveitur, framræslu, vatnsveitu, hreinsun og losun fráveituvatns o.s.frv.).

Sérhæfð starfsemi á öðrum sviðum mannvirkjagerðar.

## II. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.**

## 6. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Á vegum ríkisins skal rekin innkaupastofnun (Ríkiskaup) sem starfar samkvæmt ákvæðum 1. gr.

## 7. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Ríkiskaup annast innkaup á vörum og þjónustu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, rannsaka sameiginlegar þarfir á vörum og þjónustu og beita sér fyrir samræmdum innkaupum á vörum til þarfa ríkisins.

## 8. gr.

Í stað orðanna „Innkaupastofnunin skal viðhafa“ í 1. málsl. 6. gr. laganna kemur: Ríkiskaup skulu viðhafa.

## 9. gr.

Í stað orðanna „Innkaupastofnunin selur eða útvegar“ í fyrri málslíð 7. gr. laganna kemur: Ríkiskaup selja eða útvega.

## 10. gr.

Eftirtaldir breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „vörum“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og þjónustu.
- b. Á eftir orðinu „innkaupum“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: á vörum.
- c. Í stað upphæðarinnar „200.000“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 206.020.
- d. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: 133.914 ECU vegna innkaupa á vegum Ríkiskaupa eða annarra stofnana í eigu ríkisins sem fengið hafa heimild skv. 3. gr. til að bjóða út enda sé ekki um að ræða stofnanir eða fyrirtæki sem falla undir 3. og 4. tölul. eða kaup á þjónustu sem fellur undir viðauka I við lög þessi.
- e. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: 600.000 ECU ef innkaupin eru gerð af fyrirtækjum eða stofnunum sem reka fjarskiptakerfi eða veita almenna fjarskiptaþjónustu.
- f. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:  
Fjárhæð viðmiðunarmarka í ECU skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á gengi ECU gagnvart SDR, í fyrsta skipti 1. janúar 2000.



g. 3. mgr., er verður 4. mgr., orðast svo:

Við mat á verðmæti innkaupa skal miða við það gengi sem auglýst hefur verið af Eftirlitsstofnun EFTA og í gildi er þann dag sem auglýsing skv. 12. gr. er send til birtingar.

11. gr.

Í stað orðanna „Innkaupastofnunar ríkisins“ í 14. gr. laganna kemur: Ríkiskaupa.

12. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um framkvæmd laga þessara, svo sem umefni auglýsinga, útboðsgögn, útboðsaðferðir, tilboðsfresti, hæfi bjóðenda, val á tilboðum og starfsemi Ríkiskaupa.

13. gr.

17. gr. laganna fellur brott.

14. gr.

Viðauki I við lögina orðast svo:

Í þessum viðauka eru tilgreindar þær tegundir þjónustu sem vísað er til í 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga þessara. Viðaukinn er byggður á viðauka IB og flokkum 5 og 8 í viðauka IA við tilskipun ráðsins nr. 92/50/EBE frá 18. júní 1992.

<i>Tegund þjónustu</i>	<i>CPC-flokkunarnúmer</i>
Hótel- og veitingaþjónusta	64
Járnbrautarflutningar	711
Flutningar á sjó- eða vatnaleiðum	72
Auka- eða viðbótarflutningaþjónusta	74
Lögfræðiþjónusta	861
Ráðningarþjónusta	872
Öryggis- og eftirlitsþjónusta, að undanskildum flutningum með brynvörðum bifreiðum	873 (þó ekki 87304)
Kennsla og starfsmenntunarþjónusta	92
Heilbrigðis- og félagsmálaþjónusta	93
Tómstunda-, menningar- og íþróttarþjónusta	96
Viðhalds- og viðgerðarþjónusta	6612, 6122, 633, 886
Þjónusta við rannsóknir og þróun	85
Þjónusta vegna dagskrárútsendinga	7524
Samtengingarþjónusta	7525
Samþætt fjarskiptaþjónusta	7526

### III. KAFLI

#### Gildistaka.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

# LÖG

## um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólustjóra.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### A. Grunnskólakennarar og stjórnendur grunnskóla.

#### I. KAFLI

#### Starfsheiti.

##### 1. gr.

Rétt til að nota starfsheitið grunnskólakennari og til að starfa sem slíkur hér á landi við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla, sbr. lög nr. 66/1995, um grunnskóla, hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

##### 2. gr.

Leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. prófi frá Kennaraskóla Íslands;
2. B.Ed.-prófi eða hærri prófgráðu frá Kennaraháskóla Íslands eða Háskólanum á Akureyri;
3. BA-prófi, BS-prófi eða hærri prófgráðu frá Háskóla Íslands eða Háskólanum á Akureyri í kennslugrein sinni/kennslugreinum sínum ásamt fullgildu námi í kennslu- og uppeldisfræði til kennsluréttinda;
4. prófi frá tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík;
5. prófi frá teiknikennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands;
6. prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands;
7. prófi frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands;
8. öðru jafngildu námi sem hefur að markmiði að veita undirbúning til kennslu á grunnskólastigi.

Heimilt er að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til kennsluréttinda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

##### 3. gr.

Menntamálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í ríki innan svæðisins í samræmi við skilyrði tilskipunar 89/48/EBE, sbr. lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

##### 4. gr.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr. fullnægi skilyrðum 2. gr. skal leita umsagnar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Nám kennara skal metið í námseiningum og skal hver eining jafngilda námsvinnu einnar viku.

Nánar skal kveðið á um starfshætti nefndarinnar í reglugerð.

## II. KAFLI Starfsréttindi og ráðningarreglur.

### 5. gr.

Til þess að verða ráðinn eða skipaður kennari við grunnskóla skal umsækjandi hafa lokið námi skv. 2. gr. og öðlast leyfi menntamálaráðherra til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr.

Kennari, sem hefur sérhæft sig til kennslu í tiltekinni grein, skal hafa forgang til kennslu í sinni grein/sínum greinum í 8.–10. þékk. Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar málsgreinar.

### 6. gr.

Sveitarstjórn ræður og skipar kennara, aðstoðarskólustjóra og skólustjóra við grunnskóla. Heimilt er að skipa kennara sem starfað hefur í a.m.k. eitt ár við grunnskóla með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólustjóra og skólanefndar.

Grunnskólakennari á rétt á fastráðningu með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti eftir tveggja ára starf nema verklok séu fyrir fram ákveðin. Heimilt er þó að ráða grunnskólakennara ótímabundið með þriggja mánaða uppsagnarfresti frá fyrsta degi ráðningar. Skólustjórar ráða stundakennara, sbr. 9. gr., með samþykki skólanefnda.

### 7. gr.

Til þess að verða ráðinn skólustjóri eða aðstoðarskólustjóri við grunnskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi og kennslureynslu á grunnskólastigi.

Heimilt er að skipa skólustjórnanda sem starfað hefur í a.m.k. tvö ár við grunnskóla, þar af eitt ár sem skólustjórnandi, með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólanefndar og sveitarstjórnar.

Við ráðningu skólustjóra og aðstoðarskólustjóra skal tekið tillit til menntunar, kennsluferils, stjórnunarreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjanda.

### 8. gr.

Um ráðningu og skipun kennara og skólustjórnenda grunnskóla fer eftir ákvæðum laga þessara og laga nr. 66/1995, um grunnskóla, sbr. 2. gr. laga nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólustjórnenda grunnskóla.

Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf. Í auglýsingum skal m.a. tilgreina sérsvið, þ.e. aðalkennslugreinar, og aldursstig nemenda. Nú er heimilt að ráða stundakennara skv. 9. gr. og getur skólustjóri þá ráðið grunnskólakennara án undangenginnar auglýsingar. Stefnt skal að því að ráðningar í stöður kennara og skólustjórnenda fari fram eigi síðar en 1. maí ár hvert.

Sæki fleiri en einn kennari um sama starf og uppfylli allir umsækjendur þær kröfur sem gerðar eru skal við veitingu starfsins m.a. taka tillit til menntunar, kennsluferils, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjanda.

Samband íslenskra sveitarfélaga skal setja leiðbeinandi reglur um umsóknareyðublöð og meðferð umsókna um kennslu- og stjórnunarstörf.

## 9. gr.

Kennsla skal falin kennurum sem ráðnir eru eða skipaðir eftir því sem við verður komið. Stundakennara má þó ráða:

1. ef um er að ræða minna en hálfra stöðu;
2. til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga;
3. þann sem gegnir öðru launuðu aðalstarfi.

Stundakennara skv. 1. og 3. tölul. skal ráða með ráðningarsamningi eigi lengur en til eins árs í senn með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

## 10. gr.

Óheimilt er að ráða eða skipa aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara til kennslu við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla, sbr. lög nr. 66/1995, um grunnskóla.

Nú sækir enginn grunnskólakennari samkvæmt lögum þessum um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og getur skólastjóri þá sótt um heimild til undanþágunefndar grunnskóla við menntamálaráðuneytið um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd metur umsóknir og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausán umsækjanda til kennslustarfa.

Málsaðili getur skotið ákvörðun undanþágunefndar til menntamálaráðherra. Málskot til menntamálaráðherra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar undanþágunefndar.

Ef hvorki skólastjóri né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með ráðningu grunnskólakennara í kennslustarf getur skólastjóri þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. leitað til undanþágunefndar grunnskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann skv. 2. eða 4. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið grunnskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd grunnskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

**B. Framhaldsskólakennarar og stjórnendur framhaldsskóla.****III. KAFLI****Starfsheiti.**

## 11. gr.

Rétt til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari og til að starfa sem slíkur hér á landi við framhaldsskóla, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra. Í leyfisbréfi skal tilgreina kennslugrein eða sérsvið viðkomandi framhaldsskólakennara samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

## 12. gr.

Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 11. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur:

1. námi á háskólastigi sem veitir undirbúning til kennslu í faggrein eða á fagsviði framhaldsskóla og jafngildir a.m.k. 90 námseiningum ásamt fullgildum lokaprófum; þar af skulu eigi færri en 60 einingar vera í aðalgrein og 30 einingar í aukagrein; til viðbótar þessu námi komi 30 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda;
2. námi á háskólastigi sem veitir undirbúning til kennslu í faggrein eða á fagsviði framhaldsskóla og jafngildir a.m.k. 120 námseiningum ásamt fullgildum lokaprófum; þar af skulu 60–90 einingar vera í aðalgrein og 30–60 einingar í aukagrein; til viðbótar þessu námi komi 15 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda;
3. námi í tæknifræði eða meistaranámi í iðngrein; til viðbótar þessu námi komi 15 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda, enda hafi viðkomandi starfsreynslu og hafi haft nema í samningsbundnu námi, annars komi 30 eininga nám í kennslufræði;
4. öðru fagnámi sem menntamálaráðuneytið viðurkennir og miðast við kennslu í framhaldsskóla ásamt 30 eininga námi í kennslufræði til kennsluréttinda;
5. öðru jafngildu námi sem hefur að markmiði að veita undirbúning til kennslu á framhaldsskólastigi.

Þeir sem lokið hafa námi frá Kennaraskóla Íslands fullnægja kröfum um nám í kennslufræði til kennsluréttinda.

Heimilt er að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til kennsluréttinda. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

### 13. gr.

Menntamálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í ríki innan svæðisins í samræmi við skilyrði tilskipunar 89/48/EBE, sbr. lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

### 14. gr.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 11. gr. fullnægi skilyrðum 12. gr. skal leita umsagnar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Nám kennara skal metið í námseiningum og skal hver eining jafngilda námsvinnu einnar viku.

Nánar skal kveðið á um starfshætti nefndarinnar í reglugerð.

## IV. KAFLI

### Starfsréttindi og ráðningarreglur.

#### 15. gr.

Til þess að verða ráðinn til kennslu í framhaldsskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Miða skal við að framhaldsskólakennari kenni þær greinar eða á því sviði sem hann er menntaður á, sbr. ákvæði 11. og 12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skólameistara heimilt að ráða sérfræðing tímabundið til að kenna sína sérgrein enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur sex kennslustundum eða minna á viku.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þar með talið um mat á menntun til kennslu í sérgreinum framhaldsskóla.

## 16. gr.

Framhaldsskólakennarar skulu ráðnir til starfa ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Skal sá frestur vera þrjú mánuðir að loknum reynslutíma, nema um annað sé samið í kjarasamningi.

Heimilt er þó að ráða framhaldsskólakennara til starfa tímabundið og er unnt að taka fram í ráðningarsamningi að segja megi slíkum samningi upp af hálfu annars hvors aðila áður en ráðning fellur sjálfkrafa úr gildi við lok samningstíma. Tímabundin ráðning skal þó aldrei vara samfelld lengur en tvö ár.

## 17. gr.

Við ráðningu í stjórnunarstörf við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi. Tekið skal tillit til menntunar, kennsluferils, stjórnunarreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjanda.

## 18. gr.

Um ráðningu skólastjórna og framhaldsskólakennara fer eftir ákvæðum laga þessara, laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf. Í auglýsingum skal tilgreina í hvaða kennslugrein/kennslugreinum eða á hvaða sérviði eru lausar stöður eða störf. Heimilt er þó að ráða framhaldsskólakennara til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga og aðra sérfræðinga, sbr. 2. mgr. 15. gr., án undangenginnar auglýsingar.

Stefnt skal að því að ráðningar í stöður kennara og skólastjórna fari fram eigi síðar en 1. maí ár hvert.

Sæki fleiri en einn kennari um sama starf og uppfylli allir umsækjendur þær kröfur sem gerðar eru skal við veitingu starfsins m.a. taka tillit til menntunar, kennsluferils, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjanda.

## 19. gr.

Kennsla skal falin kennurum sem ráðnir hafa verið, sbr. 16. gr., eftir því sem við verður komið. Stundakennara má þó ráða:

1. ef um er að ræða minna en  $\frac{1}{3}$  hluta starfs;
2. til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga skemur en eina önn;
3. þann sem gegnir öðru aðalstarfi.

Stundakennara skv. 1. og 3. tölul. skal ráða með ráðningarsamningi eigi lengur en til eins árs í senn með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

## 20. gr.

Óheimilt er að ráða til kennslu við framhaldsskóla, sbr. 11. gr., aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara.

Nú sækir enginn sem fullnægir ákvæðum þessara laga um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og getur skólameistari þá sótt um heimild til undanþágunefndar framhaldsskóla við menntamálaráðuneytið um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd metur umsóknir og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausán umsækjanda til kennslustarfa. Skólameistara er ekki skylt að leita til undanþágunefndar í slíkum tilvikum sé um að ræða kennslu sem nemur sex kennslustundum á viku eða minna, sbr. 15. gr.

Málsaðili getur skotið ákvörðun undanþágunefndar til menntamálaráðherra. Málskot til menntamálaráðherra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar undanþágunefndar.

Ef hvorki skólameistari né að minnsta kosti tveir skólanevndarmenn mæla með ráðningu framhaldsskólakennara í kennslustarf getur skólameistari þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. leitað til undanþágunefndar framhaldsskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann sem hefur sérmenntun í auglýstri kennslugrein.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann skv. 2. eða 4. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið framhaldsskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

21. gr.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum laga þessara þegar um er að ræða kennslustörf í sérskólum í listum og í sérstökum listnámsdeildum framhaldsskólanna.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48/1986.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Björn Bjarnason.*

## LÖG

### um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Markmið og gildissvið.

1. gr.

#### *Markmið og skilgreiningar.*

Markmið laga þessara er að stuðla að því að fjármálastarfsemi sem lög þessi taka til sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemina.

Með fjármálastarfsemi er í lögum þessum átt við hvers konar starfsemi fyrirtækja, stofnana og annarra aðila sem tilgreindir eru í 2. gr.

Með eftirlitsskyldum aðilum er í lögum þessum átt við aðila sem eftirlit Fjármálaeftirlits tekur til skv. 2. gr.

## 2. gr.

*Eftirlitsskyld starfsemi.*

Eftirlit samkvæmt þessum lögum tekur til starfsemi eftirtalinna aðila:

1. viðskiptabanka og sparisjóða,
2. lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða,
3. váttryggingafélaga,
4. féлага og einstaklinga sem stunda váttryggingamiðlun,
5. fyrirtækja í verðbréfaþjónustu,
6. verðbréfasjóða og rekstrarfélaga verðbréfasjóða,
7. kauphalla og annarra skipulegra tilboðsmarkaða,
8. verðbréfamíðstöðva,
9. lífeyrissjóða,
10. aðila, annarra en greinir í 1. tölul., sem heimild hafa lögum samkvæmt til þess að taka við innlánum.

Lögin taka einnig til eftirlits með annarri starfsemi en greinir í 1. mgr. sem Fjármálaeftirlitinu er falið samkvæmt sérstökum lögum.

Um eftirlit með starfsemi innlendra aðila erlendis og erlendra aðila hér á landi fer samkvæmt ákvæðum sérlaga og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Þegar vafi leikur á um hvort starfsemi fellur undir þessa grein sker stjórn Fjármálaeftirlitsins úr.

## II. KAFLI

**Stjórnsýsla.**

## 3. gr.

*Stofnun.*

Með eftirlit samkvæmt lögum þessum fer sérstök stofnun er nefnist Fjármálaeftirlitið. Fjármálaeftirlitið er ríkisstofnun og lýtur sérstakri stjórn. Stofnunin heyrir undir viðskiptaráðherra.

## 4. gr.

*Stjórn.*

Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn sem viðskiptaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal skipaður eftir tilnefningu frá Seðlabanka Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna.

Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiri háttar ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar.

## 5. gr.

*Forstjóri. Starfsmenn.*

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins er ráðinn af stjórn stofnunarinnar. Forstjóri annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar ákveður starfskjör forstjóra.

Forstjóri ræður starfsmenn til stofnunarinnar.



6. gr.  
*Hæfi.*

Stjórnarmenn skulu búa yfir þekkingu á fjármagnsmarkaði og hafa haldgóða menntun sem nýtist á þessu sviði. Gæta skal þess við skipun stjórnar að starfsreynsla og menntun stjórnarmanna sé sem fjölbreyttust.

Forstjóri skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði.

Stjórnarmenn og forstjóri skulu vera lögráða og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð og mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða þeim sérlögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila.

Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn mega ekki vera stjórnendur, starfsmenn, endurskoðendur, lögmennt eða tryggingastærðfræðingar eftirlitsskyldra aðila.

Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í og snerta hina eftirlitsskyldu aðila. Sama gildir um þátttöku í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

Ráðherra setur reglur um viðskipti stjórnarmanna, forstjóra og starfsmanna við eftirlitsskylda aðila. Þar skal meðal annars kveðið á um takmarkanir á heimildum til að vera í fjárhagslegum skuldbindingum gagnvart eftirlitsskyldum aðilum eða eiga hlut í þeim.

7. gr.

*Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila.*

Sérstök samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum eftirlitsskyldra aðila skal starfa í tengslum við stofnunina.

Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins skulu eiga reglulega fundi með samráðsnefndinni. Samráðsnefndin hefur ekki ákvörðunarvald í málefnum Fjármálaeftirlitsins.

Nánar skal kveðið á um samráðsnefndina í reglugerð, meðal annars um skipan hennar.

III. KAFLI

**Starfsemi.**

8. gr.

*Eftirlit.*

Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Um starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins fer að öðru leyti eftir ákvæðum sérlaga.

9. gr.

*Athugun og aðgangur.*

Fjármálaeftirlitið skal athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir. Þeim er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina og Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegan.

Vegna starfsemi sinnar getur Fjármálaeftirlitið gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt og svo oft sem hún telur þörf á.

## 10. gr.

*Athugasemdir og úrbætur.*

Komi í ljós við athuganir Fjármálaeftirlitsins að eftirlitsskyldir aðilar fylgja ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi þeirra skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan ákveðins frests.

Fjármálaeftirlitið skal gera athugasemdir ef það telur hag eða rekstur eftirlitsskylds aðila að öðru leyti óheilbrigðan og brjóta í bága við eðlilega viðskiptahætti enda þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við.

Hafi stjórn eftirlitsskylds aðila vanrækt skyldu sem á henni hvílir samkvæmt lögum, reglugerðum, reglum eða samþykktum getur Fjármálaeftirlitið boðað til fundar í stjórn aðilans um leiðir til úrbóta. Fulltrúi Fjármálaeftirlitsins stýrir fundinum og hefur málfrelsi og tillögurétt.

## 11. gr.

*Fullnustuúrræði. Tilkynningarskylda.*

Sé kröfum eða athugasemdum Fjármálaeftirlitsins um úrbætur ekki sinnt getur það gripið til viðurlaga í formi dagsekta. Innheimta viðurlaga samkvæmt þessari málsgrein skal ákveðin af stjórn Fjármálaeftirlitsins og renna innheimt viðurlög að  $\frac{3}{4}$  hlutum til ríkissjóðs. Nánar skal kveðið á um ákvörðun viðurlaganna og innheimtu í reglugerð.

Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að skipa fulltrúa sinn eftirlitsmann með viðkomandi eftirlitsskyldum aðila. Er eftirlitsskyldum aðila skylt að veita eftirlitsmanni aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum sem hann hefur í sinni vörslu og veita að öðru leyti þær upplýsingar sem eftirlitsmaður óskar eftir. Eftirlitsmaðurinn hefur rétt til að sitja fundi í stjórn eftirlitsskylds aðila með málfrelsi og tillögurétti. Kostnaður við störf eftirlitsmanns greiðist af hinum eftirlitsskylda aðila.

Ef brot eru alvarleg og hinn eftirlitsskyldi aðili hefur með refsiverðum hætti gerst brotlegur við lög að mati Fjármálaeftirlitsins ber því að greina ríkislögreglustjóra frá því.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein skulu þegar í stað tilkynntar viðskiptaráðherra, þeim ráðherra sem annars fer með yfirstjórn viðkomandi málefna og stjórn hins eftirlitsskylda aðila eða viðkomandi aðila ef stjórn er ekki til að dreifa.

## IV. KAFLI

**Þagnarskylda. Samskipti við eftirlitsstjórnvöld og Seðlabanka Íslands.**

## 12. gr.

*Þagnarskylda.*

Stjórn, forstjóri og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Sama gildir um lögmennt, endurskoðendur, tryggingastærðfræðinga og sérfræðinga sem starfa fyrir eða á vegum Fjármálaeftirlitsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi og er óheimilt að nýta í atvinnuskyni upplýsingar sem bundnar eru þagnarskyldu.

Upplýsingar skv. 1. mgr. má þó veita í samandregnu formi þannig að einstakir eftirlitsskyldir aðilar séu ekki auðkenndir.

## 13. gr.

*Samskipti við eftirlitsstjórnvöld.*

Fjármálaeftirlitið má veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu skv. 12. gr., sé það liður í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi eftirlitskyldra aðila og slík upplýsingagjöf er gagnleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um skipti á upplýsingum við eftirlitsstjórnvöld hér á landi.

Ákvæði 1. mgr. gilda um skipti á upplýsingum við stjórnvöld hér á landi eða erlendis sem fjalla um gjaldþrot og slit eftirlitsskyldra aðila, eftirlit með þeim sem framkvæma endurskoðun hjá þeim eða tryggingafræðilegar úttektir. Sama gildir um þá sem eftirlit hafa með þessum aðilum. Upplýsingaskipti eru einnig heimil við eftirlitsstjórnvöld á sviði félagaréttar.

Upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fær samkvæmt þessari grein eru háðar þagnarskyldu skv. 12. gr. Fjármálaeftirlitinu er því aðeins heimilt að veita upplýsingar samkvæmt þessari grein að sá sem óskar upplýsinga sé háður samsvarandi þagnarskyldu.

## 14. gr.

*Samskipti við Seðlabanka Íslands.*

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins skal eiga reglulega samráðsfundi með fulltrúum Seðlabankans. Þar skal hann veita upplýsingar um starfsemi Fjármálaeftirlitsins sem nauðsynlegar eru starfsemi Seðlabankans.

Fjármálaeftirlitið skal veita Seðlabankanum allar upplýsingar sem stofnunin býr yfir og nýttast í starfsemi bankans. Komi í ljós grunsemdir um bresti í fjárhagslegri stöðu eftirlitsskyldra aðila, sem eru í viðskiptum við Seðlabankann, skal Fjármálaeftirlitið tafarlaust gera bankastjórn Seðlabankans viðvart.

Upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessari grein eru háðar þagnarskyldu samkvæmt þessum lögum og lögum um Seðlabanka Íslands.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins og bankastjórn Seðlabankans skulu gera sérstakan samstarfs-samning þar sem kveðið er nánar á um framkvæmd þessarar greinar.

## V. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 15. gr.

*Skýrslugjöf.*

Fjármálaeftirlitið skal á hálfis árs fresti gefa viðskiptaráðherra skýrslu um starfsemi sína.

## 16. gr.

*Greiðsla eftirlitskostnaðar.*

Eftirlitsskyldir aðilar skulu standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins.

Eftirlitsgjald skal greitt ársfjórðungslega fyrir fram. Fyrir 1. september ár hvert skal Fjármálaeftirlitið áætla kostnað við starfsemi sína næsta almanaksár og skal álagning miðuð við þá áætlun. Miða skal við að eftirlitsskyldir aðilar greiði eftirlitsgjald í hlutfalli við þann tíma sem ætla má að fari í eftirlit með viðkomandi flokki þeirra. Leita skal álits samráðsnefndar á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs. Stjórn stofnunarinnar skal senda viðskiptaráðherra áætlunina til samþykktar og skal álit samráðsnefndar fylgja áætluninni.

Eftirlitsgjald skal ákvarðað þannig og skal að hámarki nema eftirfarandi hundradshlutum:

1. Vegna starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða og lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða 0,021% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.

2. Vegna starfsemi váttryggingafélaga 0,33% af bókfærðum frumtryggingariðgjöldum og 0,04% af bókfærðum fengnum endurtryggingariðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr. Heimilt er að leggja mishátt eftirlitsgjald á mismunandi váttryggingagreinar.
3. Vegna starfsemi félaga og einstaklinga sem stunda váttryggingamiðlun 0,053% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
4. Vegna starfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og verðbréfasjóða og rekstrarfélaga verðbréfasjóða 0,1015% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
5. Vegna starfsemi kauphalla og annarra skipulegra tilboðsmarkaða 2% af rekstrartekjum.
6. Vegna starfsemi lífeyrissjóða 0,0098% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem fastagjald að fjárhæð 150.000 kr. vegna lífeyrissjóða er hafa hreina eign til greiðslu lífeyris undir 1 milljarði kr., 300.000 kr. vegna lífeyrissjóða er hafa hreina eign til greiðslu lífeyris frá 1 til 10 milljarða kr. og 600.000 kr. vegna lífeyrissjóða er hafa hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. þessa töluliðar greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga í viðkomandi lífeyrissjóði.
7. Vegna starfsemi verðbréfamiðstöðva 2% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.

Falli starfsemi hins eftirlitsskylda aðila að fleiri en einu sviði skv. 2. gr. skal áætla eftirlitsgjald í hlutfalli við starfsemi á hverju sviði fyrir sig.

Vegna eftirlits með annarri starfsemi en upp er talin í 1.–7. tölul. 3. mgr. greiðist samkvæmt reikningi.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitskostnað samkvæmt þessari grein.

Verði rekstrarafgangur af starfsemi Fjármálaeftirlitsins skal hann ganga upp í eftirlitsgjald næsta árs í hlutfalli við álagt eftirlitsgjald skv. 3. mgr. Verði rekstrartap skal taka tillit til þess við álagningu eftirlitsgjalds á næsta ári.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um greiðslu eftirlitskostnaðar. Þar er heimilt að kveða á um að sértækt eftirlit eða viðamiklar kannanir sem stofnunin framkvæmir umfram reglubundið eftirlit verði greitt samkvæmt reikningi.

#### 17. gr.

##### *Kærunefnd.*

Ákvörðunum Fjármálaeftirlits má skjóta til sérstakrar kærunefndar.

Kærunefndin er skipuð af viðskiptaráðherra til þriggja ára í senn. Nefndarmenn skulu vera þrír. Hæstiréttur tilnefnir nefndarmenn og formann nefndarinnar. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt.

Nefndinni er heimilt að kveða sér til ráðuneytis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála.

Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði.

Kærandi skal greiða 120.000 kr. gjald vegna kæru um leið og kært er. Nefndinni er heimilt að ákveða endurgreiðslu kærugjalds. Að öðru leyti greiðist kostnaður við störf nefndarinnar úr ríkissjóði. Þóknun til nefndarmanna er ákveðin af viðskiptaráðherra.

Úrskurðum kærunefndar verður ekki skotið til viðskiptaráðherra.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf og starfshætti kærunefndar. Í slíkri reglugerð má jafnframt kveða nánar á um valdsvið kærunefndar, hvaða mál-efnum megi skjóta til hennar og kærufresti.

Um þagnarskyldu kærunefndar fer skv. 12. gr.

## 18. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra setur nánari ákvæði um starfsemi Fjármálaeftirlitsins í reglugerð. Þar skal m.a. kveðið á um ákvörðun og innheimtu dagsekta.

## 19. gr.

*Viðurlög.*

Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða fangelsi allt að einu ári liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

## 20. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Á sama tíma leggst starfsemi Vátryggingaeftirlitsins og bankaeftirlits Seðlabanka Íslands niður.

Starfsmenn Vátryggingaeftirlitsins og bankaeftirlits Seðlabanka Íslands sem eru í starfi við gildistöku laganna skulu eiga rétt á starfi hjá Fjármálaeftirlitinu og halda óbreyttum launakjörum sínum og aðild að stéttarfélagi.

Ráðherra skal gangast fyrir endurskoðun á ákvæðum 16. gr. fyrir 1. janúar árið 2002.

Fjármálaeftirlitið fer með þau verkefni sem Vátryggingaeftirlitinu og bankaeftirliti Seðlabanka Íslands eru falin samkvæmt öðrum lögum.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Finnur Ingólfsson.*

## LÖG

**um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands,  
nr. 36/1986, með síðari breytingum.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. F-liður orðast svo: að vera banki innlánsstofnana og stuðla að traustum og heilbrigðum viðskiptum á fjármagnsmarkaði.
- b. Á eftir f-lið kemur nýr liður, g-liður, svohljóðandi, og breytist röð annarra liða samkvæmt því: að stuðla að greiðri, hagkvæmri og öruggri greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Seðlabankinn tekur við innlánnum frá innlánsstofnunum en til þeirra teljast viðskiptabankar, sparisjóðir, útibú erlendra innlánsstofnana og aðrar stofnanir og félög sem

heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

b. 2. mgr. orðast svo:

Seðlabankinn má ákveða að taka við innlánum frá öðrum lánastofnunum en bönkum og sparisjóðum og frá fyrirtækjum í verðbréfabjónustu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Seðlabankinn getur veitt þeim aðilum sem fjallað er um í 6. gr. og eiga innlánsviðskipti við bankann lán með kaupum verðbréfa eða á annan hátt gegn tryggingum sem bankinn metur gildar. Lánsviðskipti þessi geta verið í innlendri eða erlendri mynt.

b. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Seðlabankanum er heimilt með samþykki ráðherra að ákveða að lánastofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum sem nemi tilteknu hlutfalli af ráðstöfunarfé eða innlánsfé þeirra. Þá er bankanum heimilt að ákveða að tiltekinn hluti aukningar innlána eða ráðstöfunarfjár við hverja stofnun skuli bundinn á reikningi í bankanum, enda fari heildarinnlánsfé eða ráðstöfunarfé sem viðkomandi stofnun er skylt að eiga í Seðlabankanum ekki fram úr því hámarki sem sett er skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar. Enn fremur er bankanum heimilt að ákveða að verðbréfasjóðir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum.

Seðlabankinn setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar skv. 1. mgr. að fengnu samþykki ráðherra, þar á meðal til hvaða lánastofnana og verðbréfasjóða hún tekur. Í þeim reglum má ákveða að bindihlutfall sé mismunandi eftir eðli lánastofnana og verðbréfasjóða og flokkum innlána og annarra skuldbindinga sem bindingin nær til.

Seðlabankanum er heimilt að setja reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða. Í þeim má ákveða að mismunandi ákvæði gildi um einstaka flokka lánastofnana. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum lánastofnunum, ríkisvixla og aðrar sambærilegar nettóeignir með skemmri binditíma en 90 daga.

Seðlabankanum er heimilt að setja lánastofnunum reglur um gjaldeyrisjöfnuð. Í slíkum jöfnuði skal auk gengisbundinna eigna og skulda telja skuldbindingar og kröfur sem tengdar eru erlendum gjaldmiðlum utan efnahags, svo sem framvirka samninga og valréttarsamninga.

Seðlabankinn getur beitt lánastofnanir og verðbréfasjóði viðurlögum samkvæmt ákvæðum 37. gr. sé ákvörðunum bankans varðandi bindiskyldu, laust fé og gjaldeyrisjöfnuð ekki hlítt.

5. gr.

2., 3. og 4. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Í því skyni að vinna að markmiðum sínum í peningamálum er Seðlabankanum heimilt að kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur trygg verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði eða í beinum viðskiptum við lánastofnanir.

b. 2. mgr. orðast svo:

Seðlabankanum er heimilt að gefa út verðbréf í innlendri eða erlendri mynt til að selja lánastofnunum sem geta átt viðskipti við hann. Óheimilt er að framselja slík verðbréf til annarra en lánastofnana sem geta átt innlánsviðskipti við bankann.

7. gr.

Í stað 13.–17. gr. laganna (IV. kafli, **Bankaeftirlit**) kemur nýr kafli, IV. kafli, **Öflun upplýsinga**, með tveimur nýjum greinum, 13.–14. gr., sem orðast svo, og breytast greinatölur samkvæmt því:

a. (13. gr.)

Seðlabankinn getur milliliðalaust aflað upplýsinga frá innlánsstofnunum, öðrum lána- stofnunum en bönkum og sparisjóðum og fyrirtækjum í verðbréfabjónustu sem eru í viðskipt- um við bankann skv. 6. gr., sbr. 7. gr., auk fyrirtækja í greiðslumiðlun, til þess að auðvelda honum að sinna hlutverki sínu skv. 3. gr.

Á grundvelli ákvæða 1. mgr. getur Seðlabankinn krafist þess að þargreindar stofnanir og félög veiti upplýsingar um efnahag, rekstur og önnur atriði sem bankinn metur nauðsynlegar. Upplýsingarnar skulu veittar á þann hátt sem óskað er. Þess skal gætt sem frekast er kostur að samnýta upplýsingar sem aflað er samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármála- starfsemi, sbr. 34. gr. laga þessara.

b. (14. gr.)

Nú er kröfum Seðlabankans um upplýsingar skv. 13. gr. ekki sinnt og getur bankinn þá gripið til viðurlaga gagnvart hlutaðeigandi aðila, sbr. ákvæði 37. gr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

- a. Orðin „evrópsku mynteiningunni (ECU) og“ í 2. másl. 1. mgr. falla brott.  
b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur Seðlabankinn ákveðið að skrá gengi krónunnar eins og þar segir þótt bankastofnanir séu almennt lokaðar til viðskipta.

9. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Seðlabankinn hefur heimild til að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og versla með erlendan gjaldeyri. Um heimildir annarra aðila til að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og versla með erlendan gjaldeyri fer eftir ákvæðum laga um gjaldeyrisráð á hverjum tíma.

10. gr.

22. gr. laganna fellur brott og breytast greinatölur samkvæmt því.

11. gr.

Orðin „og 2. mgr. 9. gr.“ í niðurlagi fyrri málsliðar 1. mgr. 31. gr. laganna falla brott.

12. gr.

2. másl. 2. mgr. 37. gr. laganna orðast svo: Arðsjóður skal ávaxtaður í tryggum og auð- seljanlegum verðbréfum eða innlánnum en helmingur árlegra tekna hans skal renna í Vísinda- sjóð, sbr. lög um Rannsóknarráð Íslands.

## 13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

## a. 3. mgr. orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Seðlabankanum heimilt að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við opinbera aðila erlendis um atriði er lög þessi taka til að því tilskildu að sá sem óskar upplýsinga sé háður samsvarandi þagnarskyldu.

## b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Seðlabanki Íslands skal veita Fjármálaeftirlitinu allar upplýsingar sem bankinn býr yfir og nýtast kunna í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt þessari grein, eru háðar þagnarskyldu samkvæmt lögum þessum og lögum um Fjármálaeftirlitið. Bankastjórn Seðlabankans og stjórn Fjármálaeftirlitsins skulu gera með sér sérstakan samstarfssamning þar sem kveðið er nánar á um framkvæmd þessarar málsgreinar.

## 14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. laganna:

## a. Í stað orðanna „26. gr.“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: 22. gr.

## b. Í stað orðanna „28. gr.“ í 2. og 3. másl. 2. mgr. kemur: 24. gr.

## 15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði a-liðar 1. gr., 7. gr., a-liðar 8. gr. og b-liðar 13. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Finnur Ingólfsson.*

**LÖG**

**um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

## a. Við greinina bætast tveir nýir málslíðir sem orðast svo: Skattstjórar annast álagningu vörugjalds vegna innlendrar framleiðslu og innflutnings aðila sem skráðir eru skv. 5. gr. Fjármálaráðherra getur ákveðið að fela einstökum skattstjórum að annast eftirlit, framkvæmd og álagningu vörugjalds í öðrum skattumdæmum.

## b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Skattstjóri og framleiðendur vöru geta óskað eftir ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru samkvæmt ákvæðum 142. gr. tollalaga. Skattstjóri og framleiðandi geta skotið ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr. tollalaga. Ákvörðun tollfyrivalda um tollflokkun vöru er bindandi fyrir framleiðanda og skattyfyrvöld.



## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

## a. 1. mgr. orðast svo:

Hvert uppgjörstímabil aðila sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr. er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjaldalagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess.

## b. Á eftir orðunum „skv. 5. gr.“ í 2. másl. 3. mgr., 2. másl. 4. mgr. og 2. másl. 5. mgr. kemur: eða til framleiðenda samkvæmt heimild í 10. gr.

## c. Við 5. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

## 3. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Skattstjóri skal veita framleiðendum vöru, sem nota í framleiðslu sína hráefni eða efnivöru sem ber vörugjald, heimild til að kaupa af innflytjendum, innlendum framleiðendum og aðilum sem skráðir eru skv. 5. gr. hráefni eða efnivöru án vörugjalds. Slík heimild veitir framleiðanda jafnframt heimild til endurgreiðslu á vörugjaldi af hráefni og efnivöru sem hann hefur sjálfur flutt til landsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. Í umsókn til skattstjóra skal m.a. tilgreina um hvers kyns framleiðslu er að ræða og til hvaða hráefna eða efnivöru óskað er að heimildin nái.

Innflytjandi getur á gjalddaga hvers uppgjörstímabils fengið endurgreitt vörugjald af vörum sem hann hefur flutt til landsins en hafa á uppgjörstímabili annaðhvort verið seldar án vörugjalds til framleiðanda eða verið nýttar í framleiðslu innflytjanda sjálfs samkvæmt heimild í 1. mgr. Innflytjandi skal tilgreina í sérstakri skýrslu til skattstjóra um slíka sölu eða nýtingu, þar með talið til hvaða aðila vara er seld, magn vöru og tegund, svo og fjárhæð vörugjalds. Skýrslu skal skilað eigi síðar en 15 dögum fyrir gjalddaga. Endurgreiðsla skal fara fram á gjalddaga, enda hafi vörugjald vegna viðkomandi tímabils verið greitt.

Heimild samkvæmt þessari grein nær einungis til hráefnis eða efnivöru sem verður hluti af hinnu endanlegu framleiðsluvöru. Heimildin nær hvorki til kaupa eða innflutnings á efnivörum til byggingar eða viðhalds á fasteignum né til nýsmíði eða viðgerða á ökutækjum.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

## a. Á eftir orðinu „tollalaga“ kemur: um innfluttar vörur.

## b. Á eftir orðinu „virðisaukaskatt“ kemur: um innlendar framleiðsluvörur.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við lögin:

## a. Eftirfarandi tollskrárnúmer fellur brott úr A-lið viðaukans: 2106.9024.

## b. Eftirfarandi tollskrárnúmer falla brott úr B-lið viðaukans: 2202.1002 og 2202.9002.

## c. Eftirfarandi tollskrárnúmer fellur brott úr C-lið viðaukans: 8507.8000.

## d. Eftirfarandi tollskrárnúmer bætast við C-lið viðaukans: 8507.8091 og 8507.8099.

## e. Eftirfarandi tollskrárnúmer falla brott úr E-lið viðaukans: 8517.1901, 9303.2000, 9303.3000, 9305.2100, 9306.2100, 9306.2900, 9306.3009.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði laga þessara skulu taka til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku þeirra, þó ekki vara sem hafa verið afhentar með bráðabirgðatollafgreiðslu, svo og til allra innlendra framleiðsluvara sem ekki hafa verið seldar eða afhentar þann dag.

Þrátt fyrir ákvæði laganna skal júnímaður 1998 vera eitt uppgjörstímabil. Gjaldtagi vegna þess uppgjörstímabils skal vera 15. september 1998. Um álagningu og aðra framkvæmd vörugjalds vegna þess uppgjörstímabils skal fara eftir ákvæðum laganna eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*

**LÖG****um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „og lífeyrissjóðir, sbr. lög nr. 55/1980“ í niðurlagi 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: líftryggingafélög, sbr. 23. gr. laga nr. 60/1994, og lífeyrissjóðir, sbr. lög um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. gr.

5. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr málslíður er verður 3. málsl. og orðast svo: Ef tilgreint er á kvittun til rétthafa vaxtanna að um sé að ræða upplýsingar sem færa beri á skattframtal og heildarfjárhæð skattskyldra vaxta er undir 10.000 kr. þarf þó ekki að láta yfirlit þetta í té að tekjuári liðnu, nema rétthafi óski sérstaklega eftir því.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda um afdrátt staðgreiðslu frá og með árinu 1998.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*

# LÖG

## um bindandi álit í skattamálum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Ríkisskattstjóri skal láta uppi bindandi álit í skattamálum eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, enda geti mál varðað verulega hagsmuni þess sem eftir slíku álitu leitar. Beiðni um bindandi álit getur tekið til álitamála sem snerta álagningu skatta og gjalda sem eru á valdsviði skattstjóra eða ríkisskattstjóra og falla undir úrskurðarvald yfirskattanefndar.

Ekki er heimilt að óska eftir bindandi álitu um skattaleg áhrif ráðstafana sem þegar hafa verið gerðar.

### 2. gr.

Senda skal skriflega beiðni um bindandi álit til ríkisskattstjóra í tæka tíð til að unnt sé að gefa álit áður en ráðstöfun er gerð. Beiðnin skal vera ítarlega afmörkuð varðandi þau atvik og álitaefni sem um er spurt og henni skulu fylgja upplýsingar og gögn sem þýðingu hafa og álitsbeiðandi hefur yfir að ráða.

Þurfi ríkisskattstjóri á frekari gögnum að halda hjá álitsbeiðanda til þess að geta tekið afstöðu og gefið álit skal hann kalla eftir þeim svo fljótt sem unnt er. Álitsbeiðandi skal afhenda gögnin innan þess frests sem ríkisskattstjóri setur honum. Berist gögn ekki innan tilskilins frests skal vísa erindinu frá eða takmarka álitu við fyrirliggjandi gögn.

Beiðni um bindandi álit telst sjálfkrafa fallin úr gildi ef ráðstafanir, sem beiðnin lýtur að, eru gerðar eftir að beiðni er send ríkisskattstjóra og áður en álit liggur fyrir. Sama gildir láti álitsbeiðandi verða af ráðstöfun sinni áður en úrskurður yfirskattanefndar liggur fyrir og eftir atvikum niðurstaða dómstóla.

### 3. gr.

Ríkisskattstjóri skal láta uppi bindandi álit samkvæmt lögum þessum svo fljótt sem unnt er. Ef ekki er unnt að láta uppi álit innan fjögurra vikna frá því að beiðni barst skal ríkisskattstjóri tilkynna álitsbeiðanda skriflega um frestun og skýra ástæður hennar. Ríkisskattstjóra er ekki heimilt að fresta gerð bindandi álits lengur en í þrjá mánuði frá því að beiðni berst.

Nú telur ríkisskattstjóri að beiðni sé vanreifuð eða óskýr eða aðrar ástæður mæla gegn því að látið sé uppi bindandi álit og getur hann þá vísað beiðninni frá með rökstuðningi. Hið sama gildir ef ljóst þykir að álitsbeiðandi hafi ekki verulega hagsmuni af því að fá fyrirspurn sinni svarað.

### 4. gr.

Þegar ríkisskattstjóri hefur lokið við gerð bindandi álits sendir hann það til álitsbeiðanda og viðkomandi skattyfirvalds. Álitu skal vera rökstutt.

### 5. gr.

Álitsbeiðandi getur kært bindandi álit ríkisskattstjóra til yfirskattanefndar. Um kærufrest, efni kæru og málsmeðferð fer eftir lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

Álitsbeiðanda og fjármálaráðherra er heimilt að bera úrskurð yfirskattanefndar skv. 1. mgr. undir dómstóla enda sé það gert innan eins mánaðar frá því að úrskurður yfirskattanefndar var kveðinn upp.

Frávísun ríkisskattstjóra skv. 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. verður hvorki borin undir yfirskattanefnd né dómstóla.

6. gr.

Skattfyrvöld skulu leggja bindandi álit ríkisskattstjóra til grundvallar skattlagningu álitsbeiðanda. Álitið er ekki bindandi fyrir skattfyrvöld að því marki sem málsatvik hafa breyst sem álitið er byggt á. Hið sama gildir hafi verið gerð breyting á lögum áður en ráðstöfun var gerð sem um er fjallað í álitinu og sú breyting tekur beint til atriða sem álitið byggist á.

7. gr.

Til að mæta þeim kostnaði sem ríkisskattstjóri hefur af gerð bindandi álita skal greiða gjald er miðast við þá vinnu sem hann hefur af gerð álits í hverju tilviki. Þegar beiðni um álit er lögð fram skal greiða grunngjald að fjárhæð 10.000 kr. Viðbótargjald sem miðast við umfang máls skal greiða áður en ríkisskattstjóri lætur álitið uppi. Um fjárhæð viðbótargjaldsins fer eftir gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur, en gjaldið má ekki nema hærri fjárhæð en 40.000 kr.

Ráðherra getur ákveðið, í þeim tilvikum þegar máli hefur verið vísað frá eða beiðni er dregin til baka, að endurgreiða gjald skv. 1. mgr.

Ákvörðun um fjárhæð gjalds skv. 1. mgr. er hvorki hægt að bera undir yfirskattanefnd né dómstóla.

8. gr.

Ríkisskattstjóri skal birta ákvarðanir og niðurstöður sem fram koma í álitum samkvæmt lögum þessum að því leyti sem þær hafa almenna þýðingu.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*

# AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

## 1. gr.

Á einstökum köflum viðaukans eru gerðar eftirfarandi breytingar:

### 1. Á 22. kafla:

Vöruliður 2206 orðast svo:

	A	A1	E
	%	kr/kg	%
<b>2206</b>			
Aðrar gerjaðar drykkjarvörur (t.d. eplavín, peruvín, mjöður); blöndur gerjaðra drykkjarvara svo og blöndur gerjaðra drykkjarvara og óáfengra drykkjarvara, ót.a.:			
— Gerjaðar drykkjarvörur, hvorki blandaðar öðrum gerjuðum drykkjarvörum né óáfengum drykkjarvörum öðrum en þeim sem er að finna í hinni íblönduðu drykkjarvöru, enda sé varan að hámarki 15% að styrkleika og innihaldi eingöngu vínanda sem myndast hefur við gerjun án hvers kyns eimingar:			
2206.0011 — — Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli .....			0
2206.0012 — — Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli ..			0
— Blöndur af öli og óáfengum drykkjarvörum:			
2206.0021 — — Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli .....			0
2206.0022 — — Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli ..			0
— Annars:			
2206.0091 — — Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli .....			0
2206.0092 — — Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli ..			0
2206.0093 — — Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli .....			0
2206.0099 — — Annað .....			0

### 2. Á 85. kafla:

Tolltaxti í tollskrárnúmerunum 8517.1901 og 8520.2000 verður 0%.

### 3. Á 87. kafla:

a. Tollskrárnúmerið 8701.9002 bætist við vörulið 8701 og orðast svo:

	A	E
	%	%
8701.9002 — — Dráttarþreifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.....		0

## b. Tollskrárnúmerið 8704.1000 skiptist upp og orðast svo:

	A	E
	%	%
— Demberar (dumpers) gerðir til nota utan þjóðvega:		
8704.1001 — — Að heildarþyngd 5 tonn eða minna .....	0	
8704.1009 — — Að heildarþyngd yfir 5 tonn .....	0	

## c. Undirliðurinn 8704.90 skiptist upp og orðast svo:

— Önnur:		
— — Rafknúin:		
8704.9011 — — — Ný .....	0	
8704.9019 — — — Notuð .....	0	
— — Önnur en rafknúin:		
8704.9020 — — — Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög .....	0	
— — — Önnur að heildarþyngd 5 tonn eða minna:		
— — — — Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:		
8704.9041 — — — — Ný .....	0	
8704.9049 — — — — Notuð .....	0	
— — — — Með vörupalli:		
8704.9051 — — — — Ný .....	0	
8704.9059 — — — — Notuð .....	0	
— — — — Með vörurými:		
8704.9061 — — — — Ný .....	0	
8704.9069 — — — — Notuð .....	0	
— — — Önnur að heildarþyngd yfir 5 tonn:		
— — — — Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:		
8704.9071 — — — — Ný .....	0	
8704.9079 — — — — Notuð .....	0	
— — — — Með vörupalli:		
8704.9081 — — — — Ný .....	0	
8704.9089 — — — — Notuð .....	0	
— — — — Með vörurými:		
8704.9091 — — — — Ný .....	0	
8704.9099 — — — — Notuð .....	0	

## d. Tollskrárnúmerin 8716.3100 og 8716.3900 skiptast upp og orðast svo:

— — Tanktengivagnar og tankfestivagnar:		
8716.3101 — — — Að heildarþyngd 5 tonn eða minna .....	0	
8716.3109 — — — Að heildarþyngd yfir 5 tonn .....	0	
— — Annars:		
8716.3901 — — — Að heildarþyngd 5 tonn eða minna .....	0	
8716.3909 — — — Að heildarþyngd yfir 5 tonn .....	0	

## 2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 143. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 22. júní 1998.*

F. h. r.

**Bergþór Magnússon.**

*Hermann Jónasson.*

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu vörur sem innihalda meira en 2,25% af vínanda, en eru óhæfar til neyslu og ekki er hægt að gera neysluhæfar, undanþegnar áfengisgjaldi. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið nánar hvaða vörur falla hér undir.

## 2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Áfengisgjald skal vera sem hér segir á hvern sentilítra af vínanda í hverjum lítra hins áfenga drykkjar samkvæmt flokkun hans í tollskrá:

1. Af öli sem flokkast í vörulið 2203, svo og af vörum sem innihalda blöndur af öli og óáfengum drykk og flokkast í vörulið 2206: 58,70 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra.
2. Af víni sem flokkast undir vöruliði 2204 og 2205, svo og af gerjuðum drykkjarvörum í vörulið 2206 sem ekki hafa verið blandaðar annarri gerjaðri drykkjarvöru eða óáfengri drykkjarvöru, enda sé varan að hámarki 15% að styrkleika og innihaldi eingöngu vínanda sem myndast við gerjun, án hvers kyns eimingar: 52,80 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra.
3. Af öðru áfengi: 57,50 kr.

Gjald skv. 1. mgr. skal reiknast hlutfallslega á brot af sentilítra af vínanda og brot af lítra hins áfenga drykkjar.

Ef umbúðir vöru greina ekki magn eða styrkleika áfengis sem aðilar sem tilgreindir eru í 2. mgr. 2. gr. flytja til landsins eða fá sent erlendis frá er tolyfjörvöldum heimilt að meta magn eða styrkleika áfengis og ákvarða gjald samkvæmt því.

## 3. gr.

4. gr. laganna fellur brott og númeraröð annarra greina breytist til samræmis við það.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir“ í 1. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
- b. Í stað orðanna „Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi“ í 3. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri skal.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Áfengisgjald skal felld niður eða endurgreitt í eftirtöldum tilvikum.
- b. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: Af áfengi sem ferðamenn og farmenn hafa með sér inn í landið til eigin nota, að tilteknu hámarki sem fjármálaráðherra kveður á um í reglugerð.
- c. Við 1. mgr. bætast tveir nýir töluliðir er orðast svo:
  6. Af áfengi, sem talið er upp í lyfjaskrá, til lækna og lyfsala til sölu sem lyf.
  7. Af áfengi til iðnþarfa samkvæmt nánari skilgreiningu fjármálaráðherra.
- d. Orðin „svo og lækna og lyfsala vegna áfengis sem talið er upp í lyfjaskrá og selt er sem lyf, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 11. gr. áfengislaga, og áfengis sem selt er skv. 8. tölul. 1. mgr. 11. gr. sömu laga“ í 2. mgr. falla brott.
- e. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, m.a. um skilyrði niðurfellingar eða endurgreiðslu.

## 6. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Af innheimtu áfengisgjaldi þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. skal 1% renna í Forvarnasjóð. Tilgangur sjóðsins skal vera að stuðla að forvörnum gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu. Styrki skal veita úr sjóðnum til forvarnastarfa á verkefnagrundevelli. Áfengis- og vímuvarnaráð gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr Forvarnasjóði.

Af innheimtu áfengisgjaldi þeirra sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. skulu 0,3% renna til áfengiseftirlits lögregluvalda.

## 7. gr.

Orðin „og 4.“ í 9. gr. laganna falla brott.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998. Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 58/1970, um skemmtanaskatt.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*



**LÖG****um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti,  
nr. 13/1996, sbr. lög nr. 35/1998.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: Fyrirtækið sé hlutafélag. Þó er heimilt að starfrækja verðbréfamiðlun skv. 9. gr. sem einkahlutafélag. Sé um að ræða verðbréfafyrirtæki sem stundar starfsemi skv. 8. gr. skal innborgað hlutafé nema að lágmarki 65 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 730.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Sé um að ræða verðbréfamiðlun sem stundar starfsemi skv. 9. gr. skal innborgað hlutafé nema að lágmarki 4,5 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 50.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, sbr. þó 2. mgr. 9. gr., en þá skal innborgað hlutafé nema að lágmarki 10 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 125.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutafé hefur verið greitt að fullu í reiðufé.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.***Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Finnur Ingólfsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „eða teljast hafa af tekjur“ í 5. tölul. kemur: þar með talinn söluhagnað.
- b. Á eftir orðinu „sérþekkingu“ í 6. tölul. kemur: svo og af söluhagnaði vegna slíkra eigna.
- c. Á eftir orðinu „tekjur“ í 7. tölul. kemur: þar með talinn söluhagnað.

#### 2. gr.

2. mgr. 3. tölul. 2. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraradila, þar með talið einstaklinga, ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. til söluárs, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.
- b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Lögaðilar, sbr. 1. mgr. 2. gr., geta farið fram á að fresta tekjufærslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa, þar á meðal skiptum á hlutabréfum, annarra en eigin bréfa, um tvönn áramót frá söludegi. Sama gildir um einstaklinga í atvinnurekstri enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum. Kaupi slíkur aðili önnur hlutabréf í stað hinna seldu innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar kaupverði þeirra bréfa. Nemi kaupverð hinna keyptu hlutabréfa lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Ef hlutabréf eru ekki keypt innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn til skattskyldra tekna á öðru ári frá því að hann myndaðist. Þegar skattskyldur söluhagnaður er ekki tekjufærður á söluári samkvæmt heimild í þessari málsgrein skal hann hækkadur eða lækkaður samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. fram til þess árs þegar hann er tekjufærður.

#### 4. gr.

8. tölul. 31. gr. laganna orðast svo: Þá fjárhæð sem hlutafélög, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og félög og samlög sem falla undir 2. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. hafa fengið greidda í arð skv. 4. tölul. C-liðar 7. gr. af hlutum og hlutabréfum í félögum er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. Ákvæði þetta skal einnig taka til arðs frá hlutafélögum sem skráð eru erlendis ef það félag sem arðinn fær sýnir fram á að hagnaður hins erlenda félags hefur verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi.

## 5. gr.

Við 32. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Keypt viðskiptavild. Kaup á ófyrnanlegum réttindum skv. 50. gr. A teljast ekki til keyprar viðskiptavildar.

## 6. gr.

Við 38. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Keypt viðskiptavild að lágmarki 10% en að hámarki 20%.

## 7. gr.

Við 52. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Kostnað vegna greiðslna, gjafa eða annars sem ólögmaett er skv. 109. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, til manna sem ráðnir eru eða kjörnir til opinberra starfa á sviði löggjafarvalds, dómsvalds eða stjórn-sýslu, hvort heldur er á Íslandi eða í öðrum ríkjum eða hjá alþjóðasamtökum og stofnunum sem þjóðríki, ríkisstjórnir eða alþjóðastofnanir eru aðilar að.

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

- a. Í stað hlutfallstölunnar „33%“ í 1. mgr. kemur: 30%.
- b. Í stað hlutfallstölunnar „41%“ í 2. mgr. kemur: 38%.
- c. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skal tekjuskattur þeirra lögaðila er greinir í 3. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. af fengnum arði skv. 4. tölul. C-liðar 7. gr. vera 10% af þessum tekjum.

- d. Í stað orðanna „3. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 4. mgr.

## 9. gr.

Orðið „innlendum“ í 1. mgr. 78. gr. laganna fellur brott.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1999 vegna tekna á árinu 1998 og eigna í lok þess.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirséðanefnd, með síðari breytingum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Kærufrestur til yfirséðanefndar skal vera þrjú mánuðir frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra eða ríkisskattstjóra.

Kæra skal vera skrifleg. Kærinni skal fylgja frumrit eða endurrit úrskurðar skattstjóra eða ríkisskattstjóra sem kærán tekur til. Í kærinni skal koma fram hvaða atriði í úrskurðinum sæta kæru og rökstuðningur fyrir kröfum. Gögn, sem ætluð eru til stuðnings kærinni, skulu fylgja í frumriti eða endurriti.

Ef kæra fullnægir ekki skilyrðum 2. mgr. skal yfirséðanefnd beina því til kæranda að bæta úr annmörkum innan hæfilegs frests. Verði kærandi ekki við því skal yfirséðanefnd vísa kærinni frá.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Jafnframt skal ríkisskattstjóri senda viðbótarupplýsingar ef málavextir þykja vera þess eðlis að ástæða sé til þess að afla frekari gagna.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Yfirséðanefnd er jafnan heimilt að beina því til skattaðila eða ríkisskattstjóra að leggja fram frekari gögn eða upplýsingar máli til skýringar ef hún telur málið ekki nægilega upplýst og setja þeim ákveðinn frest í því skyni.

#### 3. gr.

3. og 4. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Sé eigi þörf á sérstökum málflutningi að mati nefndarinnar skal taka mál til uppkvaðningar úrskurðar að fengnum gögnum sem um ræðir í 6. gr. og andmælum kæranda eftir því sem ástæða er til.

Séu gögn skv. 3. mgr. 6. gr. ekki lögð fyrir yfirséðanefnd innan frests sem þar greinir er yfirséðanefnd heimilt að kveða upp úrskurð á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, enda telji hún málið nægilega upplýst.

#### 4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Yfirséðanefnd skal úrskurða kærur eins fljótt og auðið er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að henni hafa borist gögn sem um ræðir í 3. mgr. 6. gr. Ef gögn þessi berast ekki fyrir lok frests sem þar greinir skal sex mánaða fresturinn reiknast frá lokum þess frests.

Nú fellur úrskurður yfirsattanefndar skattaðila í hag, að hluta eða öllu leyti, og getur yfirsattanefnd þá úrskurðað greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði, að hluta eða öllu leyti, enda hafi hann haft uppi slíka kröfu við meðferð málsins, um sé að ræða kostnað sem eðlilegt var að hann stofnaði til vegna meðferðar málsins og ósanngjarnt væri að hann bæri þann kostnað sjálfur.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

Komi fram í kæru til yfirsattanefndar sem ríkisskattstjóri hefur til umsagnar skv. 6. gr. upplýsingar eða gögn sem ekki hafa legið fyrir skattstjóra við hina kærðu skattákvörðun en ríkisskattstjóri telur að eigi að leiða til verulega breyttrar niðurstöðu í málinu er ríkisskattstjóra heimilt að gefa skattaðila kost á því að honum verði gerður skattur að nýju, sbr. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, með þeim áhrifum að kærán til yfirsattanefndar teljist afturkölluð. Í tilkynningu um þetta til skattaðila skal tilgreina þær breytingar sem af endurákvörðun mundi leiða. Veita skal skattaðila 15 daga frest til að fara fram á endurákvörðun á þessum grundvelli og er hún ekki heimil án samþykkis hans. Fari skattaðili fram á endurákvörðun skal ríkisskattstjóri tilkynna það yfirsattanefnd þegar í stað. Heimilt er ríkisskattstjóra að leggja fyrir skattstjóra að framkvæma endurákvörðun samkvæmt þessari grein.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Endurákvörðun vegna kæru.*

6. gr.

Við 15. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Frestur fjármálaráðherra til málshöfðunar í tilefni af úrskurði yfirsattanefndar er sex mánuðir.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að mæla með því við fjármálaráðherra að höfðað verði mál í því skyni að fá úrskurði yfirsattanefndar hnekk og getur hann þá jafnframt farið þess á leit við yfirsattanefnd að úrskurðurinn verði ekki látinn hafa fordæmisgildi að svo stöddu. Yfirsattanefnd er heimilt að fallast á slíkt erindi ef sýnt þykir að skattframkvæmd gæti raskast bagalega ef niðurstöðu úrskurðar yrði breytt með dómi. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan frests skv. 2. mgr. eða ef dómari fellst ekki á flýti-meðferð málsins eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála.

Sé mál höfðað vegna úrskurðar yfirsattanefndar er nefndinni heimilt að fresta afgreiðslu annarra sambærilegra mála sem til meðferðar eru fyrir henni.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

Geir H. Haarde.

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,  
með síðari breytingum.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 69. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. másl. 4. mgr. koma tveir nýir máslíðir er orðast svo: Framangreint hlutfall skal þó lækkað um 0,5 á hverju ári sem maður á rétt á vaxtabótum samfellt vegna sama íbúðarhúsnæðis umfram 25 ár. Hafi maður fengið vaxtabætur samfellt vegna sama íbúðarhúsnæðis í 36 ár skal frádráttur á grundvelli tekjuskattsstofns falla niður.
- b. Á eftir 5. másl. 4. mgr., er verður 7. másl., koma tveir nýir máslíðir er orðast svo: Við ákvörðun vaxtabóta á því ári þegar maður aflar sér íbúðarhúsnæðis, en hefur ekki fengið vaxtabætur árið áður, skal þrátt fyrir ákvæði 1. másl. þessarar málsgreinar reikna vaxtabætur frá og með þeim ársfjórðungi sem fyrsta fasteignaveðlán vegna kaupanna er tekið. Skal hámark vaxtagjalda, tekjuskattsstofn og hámark vaxtabóta þá ákveðið hlutfallslega miðað við það.
- c. Á eftir 8. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Heimilt er að greiða fyrir fram ársfjórðungslega áætlaðar vaxtabætur til þeirra sem festa kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á árinu 1999 og síðar. Skulu áætlaðar vaxtabætur greiddar út fjórum mánuðum eftir lok hvers ársfjórðungs.

Áætlaðar vaxtabætur skal miða við gjaldfallna og greidda vexti hvers ársfjórðungs af þeim veðlánnum sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis, þó ekki meira en fjórðung af hámarki vaxtagjalda, sbr. 3. mgr.

Frádrátt frá vaxtagjöldum hvers ársfjórðungs, sbr. 4. mgr., skal miða við fjórðung af staðgreiðsluskyldum tekjum síðustu 12 mánaða á undan honum að viðbættum þeim tekjum utan staðgreiðslu sem fram koma á skattframtali fyrra árs. Fyrirframgreiddar vaxtabætur fyrir hvern ársfjórðung skulu eigi vera hærri en fjórðungur af hámarki vaxtabóta, sbr. 4. mgr.

Sá sem rétt kann að eiga til fyrirframgreiðslu vaxtabóta á því ári sem hann aflar sér íbúðarhúsnæðis skal sækja um fyrirframgreiðsluna og leggja fram tilskildar upplýsingar. Lánastofnanir, lífeyrissjóðir og aðrir aðilar sem veita lán til íbúðarkaupa gegn veði í fasteign skulu veita skattyfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar til að ákvarða fyrirframgreiðslu vaxtabóta. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um ákvörðun og fyrirframgreiðslu vaxtabóta.
- d. Á eftir orðunum „Innheimtustofnunar sveitarfélaga“ í 10. mgr. kemur: svo og gjaldföllum um afborgunum og vöxtum af lánnum Íbúðalánasjóðs.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við útborgun vaxtabóta vegna ársfjórðungs er hefst 1. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*

**LÖG**

**um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak,  
nr. 63/1969, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal tryggja að þjónusta við viðskiptavinum sé vönduð, sem og upplýsingar sem gefnar eru viðskiptavinum um þá vöru sem á boðstólum er, allt eftir því sem samrýmist lögum þessum, áfengislögum og öðrum lagafyrirmælum og reglum á hverjum tíma.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*

# AUGLÝSING

## frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er farinn til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Halldór Blöndal samgönguráðherra störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

*Forsætisráðuneytinu, 22. júní 1998.*

F. h. r.  
**Guðmundur Árnason.**



# STJÓRNARTÍÐINDI A 17 – 1998

---

10. júlí 1998

409

Nr. 100

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Félagsmálaráðherra hefur tjáð okkur að vegna þess að sveitarstjórnarlög nr. 45/1998 voru lögformlega birt 5. júní 1998, þótt þau kvæðu á um að þau öðluðust gildi 1. júní 1998, þyki leika vafi á hvort lögin hafi öðlast gildi eða hvort þau geri það fyrst 1. október 1998. Í því skyni að eyða þessari réttaróvissu og tryggja eðlilega stjórnsýslu sveitarfélaganna ber brýna nauðsyn til að breyta gildistökuákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 þannig að þau öðlist án alls efa gildi nú þegar í samræmi við ótvíræðan vilja Alþingis, sbr. athugasemdir við 105. gr. frumvarps til sveitarstjórnarlaga.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

1. mgr. 105. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, orðast svo:  
Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. júlí 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

---

*Páll Pétursson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 18 – 1998

Nr. 101

410

23. júní 1998

## AUGLÝSING

### um þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1998-2002.

Alþingi hefur hinn 2. júní 1998 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um vegáætlun fyrir árin 1998-2002.

Alþingi ályktar, skv. V. kafla vegalaga, nr. 45/1994, að árin 1998–2002 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

### I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN\* (Fjárhæðir í m.kr.)

	1998	1999	2000	2001	2002
1.1. Markaðar tekjur:					
1. Bensingjald .....	5.128	5.572	5.714	5.803	5.873
2. Þungaskattur, km-gjald .....	2.221	2.332	2.395	2.432	2.461
3. Þungaskattur, árgjald .....	1.000	1.073	1.102	1.119	1.133
	<b>8.349</b>	<b>8.977</b>	<b>9.211</b>	<b>9.354</b>	<b>9.467</b>
1.2.					
Fært í ríkissjóð .....	-1.164				
Fært í framkvæmdaáttak (1.3.1) .....	-360				
Umsýslugjald 0,5% .....		-44	-45	-46	-46
	<b>6.825</b>	<b>8.933</b>	<b>9.166</b>	<b>9.308</b>	<b>9.421</b>
1.3. Framkvæmdaáttak:					
1. Frá mörkuðum tekjustofnum .....	360				
2. Framlag úr ríkissjóði .....	350				
3. Endurgreiðsla lánsfjár .....	-210				
	500				
Samtals	<b>7.325</b>				
1.4. Lánsfé:					
1. Vegna Skeiðarársands .....		-100			
2. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga .....	400	-40	-40	-40	-40
3. Vinnulán, nettó .....	-30				
4. Vegna framkvæmdaáttaks .....		-280			
	370	-420	-40	-40	-40
Samtals	<b>7.695</b>	<b>8.513</b>	<b>9.126</b>	<b>9.268</b>	<b>9.381</b>

\* Áætlunin er hér sett fram á rekstrargrunni.

Árin 1999–2002 hafa verið hækkuð upp til áætlaðs meðalverðlags 1999.

Meðalvísitala vegagerðar 1998 er áætluð 5.700 stig en árið 1999 5.885 stig, hækkinin nemur 3,2% sem er í takt við áætlanir Þjóðhagsstofnunar.

## II. SKIPTING ÚTGJALDA (Fjárhæðir í m.kr.)

	1998	1999	2000	2001	2002
<b>2.1. Stjórn og undirbúningur:</b>					
1. Skrifstofukostnaður o.fl. ....	161	183	188	195	198
2. Tæknilegur undirbúningur ....	145	172	178	185	189
	<u>306</u>	<u>355</u>	<u>366</u>	<u>380</u>	<u>387</u>
<b>2.2. Viðhald þjóðvega:</b>					
1. Almenn þjónusta					
1. Sameiginlegt .....	244	270	276	282	284
2. Vegir og vegyfirborð .....	350	388	387	395	402
3. Brýr og önnur vegamannvirki .....	46	53	58	58	62
4. Vegmerkingar og vegbúnaður .....	250	290	301	307	315
	<u>890</u>	<u>1.001</u>	<u>1.022</u>	<u>1.042</u>	<u>1.063</u>
2. Vetrarþjónusta .....	660	733	743	753	764
3. Viðhald					
1. Endurnýjun bundinna slitlaga .....	531	640	671	702	717
2. Endurnýjun malarslitlaga .....	216	232	222	227	232
3. Styrkingar og endurbætur .....	284	330	340	351	356
4. Viðhald brúa og varnargarða .....	114	160	165	170	175
5. Öryggisaðgerðir .....	62	72	77	77	83
6. Vatnaskemmdir .....	93	114	114	114	114
	<u>1.300</u>	<u>1.548</u>	<u>1.589</u>	<u>1.641</u>	<u>1.677</u>
4. Þéttbýlisvegir .....	340	382	392	403	403
<b>2.3. Til nýrra þjóðvega:</b>					
1. Stofnvegir					
1. Almenn verkefni .....	751	414	465	465	465
2. Höfuðborgarsvæðið .....	548	896	1.084	1.104	1.104
3. Stórverkefni .....	586	1.422	1.708	1.744	1.744
4. Framkvæmdaáttak .....	500	280	0	0	0
5. Skeiðarársandur .....	100	233	0	0	0
6. Þingvallahátíð .....	0	103	103	0	0
	<u>2.485</u>	<u>3.348</u>	<u>3.360</u>	<u>3.313</u>	<u>3.313</u>
2. Tengivegir .....	355	392	423	433	444
3. Til brúargerðar					
1. Brýr, 10 m og lengri .....	145	175	205	225	225
2. Smábrýr .....	15	21	22	23	23
	<u>160</u>	<u>196</u>	<u>227</u>	<u>248</u>	<u>248</u>
4. Ferðamannaleiðir .....	0	80	80	80	80
5. Girðingar .....	34	41	43	46	52
<b>2.4. Til safnvega</b> .....	177	196	217	227	237
<b>2.5. Til landsvega</b> .....	52	67	76	88	93
<b>2.6. Til styrkvega</b> .....	25	26	31	36	36
<b>2.7. Til reiðvega</b> .....	22	26	31	31	36
<b>2.8. Til tilrauna</b> .....	69	78	91	92	93
<b>2.9. Til flóabáta</b> .....	420	464	475	495	495
Samtals	<u>7.295</u>	<u>8.933</u>	<u>9.166</u>	<u>9.308</u>	<u>9.421</u>
Lán vegna Skeiðarársands .....		-100			
Lán vegna Hvalfjarðar .....	400	-40	-40	-40	-40
Lán vegna framkvæmdaátaks .....		-280			
Samtals	<u>7.695</u>	<u>8.513</u>	<u>9.126</u>	<u>9.268</u>	<u>9.381</u>

SUNDURLIÐUN  
**2.3. Til nýrra þjóðvega.**  
*1. Stofnvegir.*  
**1.1. Almenn verkefni.**

Vegnr.	Vegheiti	1998	1999	2000	2001	2002
Kaflannr.	Kaflaheiti	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
1	Hringvegur					
a2	Um Laxá í Fljótshverfi .....		18			
a6	Um Skaftá .....					21
b3	Um Vík .....			21		
c3	Um Hellu .....				31	
d3	Austan Selfoss .....			20		
d5	Vestan Selfoss .....		5		21	
d8	Um Þrengslavegamót .....			4		
	Tengingar vegna breikkunar brúa ...		5			
30	Hrunamannavegur					
06-08	Flúðir – Biskupstungnabraut .....		31	21	14	
36	Þingvallavegur					
02-03	Steingrímsstöð – Gjábackavegur ...	33				
37	Laugarvatnsvegur					
04	Reykjavegur – Biskupstungnabraut .	11				
359	Bræðratunguvegur					
01	Um Hvítá .....					47
1	Hringvegur					
e1	Lagfæringar .....			35		35
41	Reykjanesbraut					
15-18	Endurbætur .....	45				
42	Krýsuvíkurvegur					
03	Ísólfskálavegur – Arnarfell .....	2	26			
43	Grindavíkurvegur					
01	Um Seltjörn og Gíghæð .....		31	31		
45	Garðskaga- og Sandgerðisvegur (429)					
	Hringtorg og undirgöng .....	6				
47	Hvalfjarðarvegur					
03-04	Kjósarskarðsvegur – Botnsá .....				31	31
421	Vogavegur					
01	Reykjanesbraut – Vogar, lýsing ....	5	2			
427	Ísólfskálavegur					
04	Grindavík – Ísólfskáli .....				36	
50	Borgarfjarðarbraut					
03	Götuás – Kleppjárnsreykir .....	36				
54	Ólafsvíkurvegur					
10	Bjarnarfoss – Egilsskarð .....	10	10	47	41	
56	Vatnaheiði .....	10				
57	Snæfellsnesvegur					
09	Kolgrafafjörður, rannsóknir .....	10		10		
574	Útnesvegur					
06	Lýsing við Hellissand og Rif .....					3
60	Vestfjarðavegur					
01	Um Miðdalsgil .....				25	37
02-03	Breiðabólssstaður – Snæfellsnesvegur					26
07	Búðardalur – Klofningsvegur .....	11	49	10		
10	Gilsfjörður .....	63				

Vegnr.	Vegheiti Kaflanr.      Kaflaheiti	1998 m.kr.	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.
60	Vestfjarðavegur					
21	Gilsfjörður .....	71				
43	Dýrafjörður, breikkun .....				11	
44	Gemlufallsheiði, breikkun .....			10		
47	Jarðgöng .....	5	33	5		
61	Djúpvegur					
01	Við Brú í Hrutafirði, lýsing .....				3	
05	Prestbakki – Hvalsá .....					30
09	Kollafjörður .....				26	
10	Um Hvalvík, slysaðaður .....				15	
11	Um Víðidalsá .....	17				
45	Hnífsdalur – Bolungarvík .....	10		20		36
62	Barðastrandarvegur					
02	Hvammur – Kross .....	34				
03	Kross – Litlahlíð .....			26		
63	Bíldudalsvegur					
02	Miklidalur, breikkun .....				10	
67	Hólmavíkurvegur					
01	Djúpvegur – Hólmavík .....				3	
636	Hafnarvegur Ísafirði					
01	Djúpvegur – höfn .....		26	5		
1	Hringvegur					
k8	Um Gljúfurá .....				7	
m2	Við Engihlíð, snjóastaður .....		6			
m6	Við Varmahlíð, lýsing .....	3				
m7	Um Húseyjarkvísl .....	13				
74	Skagastrandarvegur					
02	Um Hafursstaðaá .....			18		
02	Um Hallá .....			6		
02	Um Hrafná .....			4		
76	Siglufjarðarvegur					
04	Um Grafará .....			8		
06-07	Hofsós – Stafá .....		32			
07	Hrolleifsdalsá, brú .....	18				
09	Hraunadalur – Almenningsnöf .....	9				
744	Þverárfjallsvegur					
01-02	Þverá – Skagavegur .....		10	30	59	67
82	Ólafsfjarðarvegur					
11-12	Sýslumörk – Saurbær .....		11			
1	Hringvegur					
p4	Krossastaðir – Ólafsfjarðarvegur ..				62	12
p6	Akureyri .....			4		
q7	Fosshóll – Aðaldalsvegur .....	50				
r6-r7	Austaribrekka – Jökulsá .....	10				
82	Ólafsfjarðarvegur					
04	Dalvík .....			2		
09	Lágheiði .....	5				
85	Norðausturvegur					
11	Lindarbrekka – Uppsveitarvegur ...	52				
87	Kísilvegur					
04	Sýnishólar – Klambrasel .....	10		10		54

Vegnr.	Vegheiti	1998	1999	2000	2001	2002
Kaflnr.	Kaflaheiti	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
837	Hlíðarfjallsvegur					
01	Um Borgarbraut .....		59	19		
845	Aðaldalsvegur					
01	Hringvegur – Lindahlíð .....			32	4	
1	Hringvegur					
s1-s7	Biskupsháls – Skjöldófsstaðir .....	4				
t1	Skóghlíð – Urriðavatn .....	40				
t5	Um Stóra-Sandfell .....			21		
t5-u0	Skriðdalur – Breiðdalur .....				24	32
v9	Holt – Hólmsá .....		4	18		
u5	Um Fossárvík .....	30				
x1	Smyrlabjargaá – Staðará .....	20				
	Breikkun slitlaga .....	15				
85	Norðausturvegur					
34-35	Hölkna – Miðheiðarhryggur .....					17
92	Norðfjarðarvegur					
10	Um Norðfjarðará .....				19	7
12	Neskaupstaður .....	8				
93	Seyðisfjarðarvegur					
01	Um Eyvindará .....			18	13	
03	Kofi – Efri-Stafur .....		46			
96	Suðurfjarðavegur					
03	Þernunes – Vattarnes .....	75				
07	Um Selá .....	5				
99	Hafnarvegur					
02-03	Höfn í Hornafirði .....	5				
	Þéttbýlisstaðir Austurlandi					
	Lagfæringar á þjóðvegum .....		10	10	10	10
	Samtals	751	414	465	465	465

## 1.2. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr.	Vegheiti	1998	1999	2000	2001	2002
Kaflnr.	Kaflaheiti	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
1	Hringvegur					
f2	Suðurlandsvegur – Víkurvegur .....		57	52		
f2	Gatnamót við Nesbraut .....		26	191		
f2	Gatnamót við Víkurveg .....					62
f3	Í Mosfellsbæ .....	210		41		15
40	Hafnarfjarðarvegur					
02	Færsla rampa og lagfæringar .....				44	
41	Reykjanesbraut					
01	Ánanaust, breikkun .....		16			
11	Gatnamót við Stekkjarbakka .....					206
11	Gatnamót við Breiðholtsbraut .....			237	475	
12	Breiðholtsbraut – Fifuhvammsvegur .	91	93			
12	Fifuhvammsvegur – Arnarnesvegur .				103	310
14	Lækjargata – Hvammabraut .....			248	72	

Vegnr.	Vegheiti	1998	1999	2000	2001	2002
Kaflamr.	Kaflaheiti	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
49	Nesbraut					
02	Höfðabakki – Reykjanesbraut . . . . .	23				
03	Gatnamót við Skeiðarvog . . . . .	21	430			
03-04	Skeiðarvogur – Snorrabraut . . . . .			54	110	134
04	Færsla Hringbrautar . . . . .					155
408	Heiðmerkurvegur					
01	Um Vífilsstaðahlíð . . . . .			12		
411	Arnarnesvegur					
05	Reykjanesbraut – Leirdalur . . . . .					67
415	Álftanesvegur					
04	Engidalur – Suðurnesvegur . . . . .			52	144	
417	Bláfjallavegur					
01	Hringvegur – Bláfjöll . . . . .	5				
419	Höfðabakki					
02	Um Gullinbrú . . . . .		124			
431	Hafravatnsvegur					
01	Hringvegur – Úlfarsfellsvegur . . . . .			41		
432	Hallsvegur					
01	Fjallkonuvegur – Víkurvegur . . . . .		41			
450	Sundabraut, undirbúningur . . . . .		41	41	52	51
470	Fjarðarbraut					
02	Um Ásbraut . . . . .			11		
	Göngubrýr og undirgöng . . . . .		52	52	52	52
	Greiðsla skulda í Reykjavík . . . . .	198				
	Óráðstafað . . . . .		16	52	52	52
	Samtals	548	896	1.084	1.104	1.104

### 1.3. Stórverkefni.

Vegnr.	Vegheiti	1998	1999	2000	2001	2002
Kaflamr.	Kaflaheiti	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
1	Hringvegur					
a2	Um Djúpa . . . . .		36			
a4	Um Hörgsá . . . . .			77		
b2	Um Kerlingardalsá . . . . .				46	
b6	Um Skógá . . . . .			31	10	
b6	Um Kaldaklifsá . . . . .			31		
c8	Um Þjórsá . . . . .				206	196
32	Þjórsárdalsvegur					
02	Stóranúpsvegur – Ásólfstaðir . . . . .		26	26	10	
35	Biskupstungnabraut					
07	Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur		5		67	86
36	Þingvallavegur					
02-03	Steingrímsstöð – Gjábackavegur . . .		88	47		
37	Laugarvatnsvegur					
04	Reykjavvegur – Biskupstungnabraut .		73			

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kafllaheiti	1998 m.kr.	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.
41		Reykjanesbraut					
	15-18	Breikkun .....		21	21	62	124
1		Hringvegur					
		Hvalfjarðartenging .....		82	77	77	72
	h4	Um Norðurá í Heiðarsporði .....					62
56		Vatnaheiði .....			41	139	170
57		Snæfellsnesvegur					
	12	Búlandshöfði .....	31	238	248		
518		Hálsasveitarvegur					
	02-03	Reykholtisdalur – Húsafell .....					41
60		Vestfjarðavegur					
	21	Gilsfjörður .....	260	76	10	10	7
	44	Gemlufallsheiði .....		41			
61		Djúpvegur					
	21	Fellabök .....		31	41		
	22	Staðardalur .....			36		
	23	Sunnaldsá – Þorskafjarðarvegur ....				46	
	25	Laufskálagil – Laugaból .....		36	10		
	26	Laugaból – Ísafjarðará .....			83	153	
	29	Hörtná – Hagakot .....	65	68	10		
	30	Hagakot – Ögur .....	25				
	31	Gilseyri – Kleifaós .....				18	72
	32	Kleifaós – Hvítanes .....					98
62		Barðastrandarvegur					
	01	Vestfjarðavegur – Brjánslækur ....			21	26	
	03	Kross – Litlahlíð .....		52	31		
	04	Kleifaheiði .....				57	83
1		Hringvegur					
	k6	Víðidalsá, brú .....			72		
	k8	Gljúfurá, brú .....				52	
	k8	Vatnsdalsá, brú .....					72
76		Síglufjarðarvegur					
	06	Um Hofsa, (brú) .....			23		
	06-07	Hofsós – Stafá .....		73	59		
82		Ólafsfjarðarvegur					
	11-12	Sýslumörk – Saurbær .....			22		
1		Hringvegur					
	q9	Mývatnsheiði .....					93
	r6-r7	Austaribrekka – Jökulsá .....				155	62
83		Grenivíkurvegur					
	02	Fagribær – Grýtubakki .....		93	124		
85		Norðausturvegur					
	09	Auðbjargarstaðabrekka .....			10	144	155
	11	Lindarbrekka – Uppsveitarvegur ...		52			
	12	Skinnaströndur – Öxarfjarðarheiðarvegur				62	
	24	Um Svalbarðsá .....		21	72		
		Öxarfjarðarheiði .....					10
1		Hringvegur					
		Tenging Norður- og Austurlands ...	180	155	227		
	s7-s8	Skjöldólfsstaðir – Hvanná .....				52	134
	t0	Jökulsá á Dal .....	20				



Vegnr.	Vegheiti	1998	1999	2000	2001	2002
Kaflanr.	Kaflaheiti	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
t1	Skóghlíð – Urriðavatn .....		52			
t5-u0	Skriðdalur – Breiðdalur .....				54	54
u5	Um Fossárvík .....		16			
u5	Fossárbrú .....		10			
v2	Hvalnes – Víkurá .....					29
x0	Hólmsárbrú .....				83	
x1	Smyrlabjargaá – Staðará .....		52			62
85	Norðausturvegur					
43-44	Hringvegur – Brunahvammsháls .....			21	83	
93	Seyðisfjarðarvegur					
01	Eyvindarárbrú .....			72	21	
96	Suðurfjarðavegur					
01	Handarhald – Götuhjalli .....			74	101	
04	Vattarneskriður .....		2	81		
07	Um Selá .....		13			
11	Kambaskriður .....					52
	Austurlandsgöng .....	3				
	Jarógangarannsóknir .....	2	10	10	10	10
	Samtals	586	1.422	1.708	1.744	1.744

#### 1.4. Framkvæmdaáttak. Almenn verkefni.

Vegnr.	Vegheiti	1998	1999
Kaflanr.	Kaflaheiti	m.kr.	m.kr.
240	Stórhöfðavegur		
02	Hraunvegur – Stórhöfði .....	21	
30	Skeiða- og Hrunamannavegur		
06-08	Flúðir – Biskupstungnabraut .....	8	
36	Þingvallavegur		
02-03	Steingrímsstöð – Gjábyggavegur .....	5	
1	Hringvegur		
	Tengingar vegna breikkunar brúa .....	5	
41	Reykjanesbraut		
15-18	Endurbætur .....	30	
50	Borgarfjarðarbraut		
03	Götuás – Kleppjárnsreykir .....	27	
62	Barðastrandarvegur		
02	Hvammur – Kross .....	4	
03	Kross – Litlahlíð .....	14	
76	Siglufjarðarvegur		
06-07	Hofsós – Stafá .....	20	
1	Hringvegur		
q7	Fosshóll – Aðaldalsvegur .....	51	
93	Seyðisfjarðarvegur		
03	Kofi – Efri-Stafur .....	16	

Vegnr.	Vegheiti	1998	1999
Kaflanr.	Kaflaheiti	m.kr.	m.kr.
	Péttbýlisstaðir Austurlandi		
	Lagfæringar á Þjóðvegum . . . . .	10	
	Greiðsla skuldar við ríkissjóð . . . . .		280
	Samtals	211	280

### Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr.	Vegheiti	1998	1999
Kaflanr.	Kaflaheiti	m.kr.	m.kr.
49	Nesbraut		
02	Höfðabakki – Reykjanesbraut . . . . .	72	
03	Gatnamót við Skeiðarvog . . . . .	39	
03-04	Skeiðarvogur – Snorrabraut . . . . .	26	
419	Höfðabakki		
02	Um Gullinbrú . . . . .	80	
450	Sundabraut, undirbúningur . . . . .	20	
	Göngubrýr og undirgöng . . . . .	40	
	Óráðstafað . . . . .	12	
	Samtals	289	
	Framkvæmdaáttak samtals	500	280

### 1.5. Skeiðarársandur.

Vegnr.	Vegheiti	1998	1999
Kaflanr.	Kaflaheiti	m.kr.	m.kr.
	Hringvegur		
	Lagfæringar eftir hlaup í nóv. 1996 . . . . .	100	133
	Greiðsla skuldar við ríkissjóð . . . . .		100
	Samtals	100	233

### 1.6. Þingvallahátíð.

Vegnr.	Vegheiti	1998	1999	2000
Kaflanr.	Kaflaheiti	m.kr.	m.kr.	m.kr.
	Vegir að hátíðarsvæði . . . . .		103	103
	Samtals		103	103

## 2. Tengivegir.

Vegnr.	Vegheiti	1998	1999	2000	2001	2002
Kafln.	Kaflaheiti	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
25	Þykkvabæjarvegur					
02	Hrafntóftir – Ásvegur .....				15	16
26	Landvegur					
02	Hagabraut – Galtalækur .....	18	21	21	21	31
204	Meðallandsvegur					
01	Ásgarður – Fossar .....	10		10		
253	Gunnarshólmavegur					
01	Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi ....	5	6	5		
254	Hólmavegur					
01	Landeyjavegur – flugvöllur .....			8	21	
255	Akureyjarvegur					
01	Strandarhöfuð – Njálsbúð .....	5	6	5		
266	Oddavegur					
01	Hringvegur – Oddi .....	16				
275	Ásvegur					
01	Hringvegur – Ásmúli .....	5			5	
02	Háfshverfi – Þykkvibær .....		12			
32	Þjórsárdalsvegur					
02	Stóranúpsvegur – Ásólfstaðir .....	15				
33	Gaulverjabæjarvegur					
01	Önundarholtsvegur – Hamarsvegur ..	4			31	34
35	Biskupstungnabraut					
07	Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur	8				
305	Villingaholtsvegur					
01	Voli – Urriðafossvegur .....		31	26		
310	Votmúlavegur					
01	Eyrbakkav. – Gaulverjabæjarvegur	4				5
321	Skeiðháholtsvegur					
01	Skeiðavegur – Skeiðháholt .....		6			
324	Vorsabæjarvegur					
01	Um Vorsabæ .....					8
329	Mástunguvegur					
01	Skyggfir – Laxárdalur .....					5
354	Sólheimavegur					
02	Sólheimar – Biskupstungnabraut ...			23	18	
374	Hvammsvegur					
01	Sogn – Hringvegur .....					16
377	Reykjavegur Hveragerði					
01	Austurmörk – Garðyrkjuskóli .....		19	11		
42	Krýsuvíkurvegur					
02	Vatnsskarð – Ísólfsskálavegur .....				12	
48	Kjósarskarðsvegur					
01	Lagfæringar .....			28	21	33
417	Bláfjallavegur					
01	Hringvegur – Bláfjöll .....	5				
426	Bláalónsvegur .....		7	4		
431	Hafravatnsvegur					
01	Sólheimar – Úlfarsfellsvegur .....	21				
461	Meðalfellsvegur					
01	Um Meðalfellsvatn .....	5	22			

Vegnr.	Vegheiti	1998	1999	2000	2001	2002
Kaflannr.	Kaflaheiti	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
50	Borgarfjarðarbraut					
03	Götuás – Kleppjárnreykir .....	37	69	20	56	42
505	Melasveitarvegur .....					21
508	Skorradalsvegur					
02	Snjóastaðir .....					2
518	Hálsasveitarvegur					
01	Lýsing við Reykholt .....					2
523	Hvítársíðuvegur .....					4
528	Norðurárdalsvegur					
01	Snjóastaðir .....	5				
530	Ferjubakkavegur .....					3
540	Hraunhreppsvegur					
01	Snjóastaðir .....	17				
574	Útnesvegur					
01	Um Öxl .....			53	20	
5240	Bifrastarvegur					
01	Lýsing við Bifröst .....					2
607	Reykhólasveitarvegur					
01	Seljanes – Barmar .....			35	31	
612	Örlygshafnarvegur					
01	Barðastrandarvegur – Örlygshöfn ...		10			20
617	Tálknafjarðarvegur					
03	Um Sveinseyrarodda .....		3			
619	Ketildalavegur					
03	Bíldudalur – Feitsdalur .....			11		
624	Ingjaldssandsvegur					
01	Vestfjarðavegur – Núpur .....				15	
643	Strandavegur					
04	Um Bala .....	10				
645	Drangsnesevegur					
01	Strandavegur – Hella .....	27	29			27
702	Heggstaðanesvegur					
01	Hringvegur – Mýrar .....	4				
704	Miðfjarðarvegur					
04	Lýsing við Laugarbakka .....	3				
711	Vatnsnesvegur					
02	Skaró – Bergsstaðir .....					12
06	Þorfinnsstaðir – Þverá .....		12			
722	Vatnsdalsvegur					
01	Hnjúkur – Flaga .....		26			
01	Gilsstaðir – Undirfell .....				29	
04	Hvammur – Hringvegur .....					32
731	Svínvetningabraut					
01	Hringv. – hesthúsabyggð, lýsing ....			4		
733	Blöndudalsvegur					
01	Um Blöndudalshóla .....				2	
746	Tindastólsvegur .....		9			
751	Efribyggðarvegur					
01	Skagafjarðarvegur – Vatnsá .....			20		
752	Skagafjarðarvegur					
03	Svartárdalsvegur – Hverhólar .....	34				
03	Hverhólar – Jökulsá .....				17	

Vegnr.	Vegheiti	1998	1999	2000	2001	2002
Kaflnr.	Kaflaheiti	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
753	Vindheimavegur					
01	Hringvegur – Skagafjarðarvegur . . . .					10
754	Héraðsdalsvegur					
01	Um Stapa . . . . .				4	
764	Hegranesvegur					
01	Hróarsdalur – Keldudalur . . . . .			7		
02	Um Hegrabjarg . . . . .			4		
793	Skarðsvegur					
01	Flugvallarvegur – skíðasvæði . . . . .			17		
83	Grenivíkurvegur					
02-03	Fagribær – Grýtubakki . . . . .	54				
87	Kísilvegur					
04	Sýnishólar – Klambrasel . . . . .		21		32	
805	Svarfaðardalsvegur					
01	Húsabakkaskóli – Tunguvegur . . . . .					67
807	Skíðadalsvegur					
01	Um Skíðadalsá . . . . .				24	
818	Hlíðarvegur					
01	Hringvegur – Ásláksstaðir . . . . .		2			
828	Veigastaðavegur					
01	Austurhlíð – Leifsstaðafit . . . . .		3			
833	Illugastaðavegur					
01	Hringvegur – Nes . . . . .		20	9		
837	Hlíðarfjallsvegur					
01	Um Borgarbraut . . . . .			41		
845	Aðaldalsvegur					
01	Hringvegur – Lindahlíð . . . . .				9	
848	Mývatnsvegur					
01	Neslandavík – Kísilvegur . . . . .		13	13		
	Pingeý, göngubrú . . . . .	3				
94	Borgarfjarðarvegur					
07	Á Vatnsskarði . . . . .	36	40	33		
97	Breiðdalsvíkurvegur					
01	Hringvegur – Breiðdalsvík . . . . .				13	
924	Jökuldalsvegur eystri					
01	Um Jökulsá hjá Hjarðarhaga . . . . .	4				
925	Hróarstunguvegur					
02	Hallfreðarstaðir – Þórisvatn . . . . .					17
03	Hjá Litla-Steinsvaði . . . . .			15	5	
931	Upphéraðsvegur					
01	Fellabær – Ekkjufell . . . . .				10	4
04	Brekkugerði – Hengifossá . . . . .		5			
939	Axarvegur					
01-02	Skriðdalur – Berufjörður . . . . .					21
951	Vestdalseyrarvegur					
01	Stál – Farfluglaheimili . . . . .				8	
02	Um Vestdalseyri . . . . .				7	
954	Helgustaðavegur					
02	Um Stóru-Breiðuvík . . . . .				7	
	Göngubrú á Jökulsá í Lóni . . . . .					10
	Samtals	355	392	423	433	444

3. Til brúargerðar.  
1. Brýr, 10 m og lengri.

	1998 m.kr.	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.
Andalækur (37) .....	11				
Brákarsund (531, styrkvegur) .....	49				
Húseyjarkvísl (1) .....	13				
Fnjóská hjá Laufási (83) .....	63	44			
Jökulsá hjá Hjarðarhaga (924) .....	9				
Hörgsá (1) .....		26	41		
Arnarbýlisá (62) .....		12			
Hagaá (62) .....		10			
Glerá (837) .....		31	21		
Eðkifjarðará (92) .....		41			
Grímsá (50) .....			62		
Langá á Mýrum (54) .....			31		
Hállá (74) .....			11		
Seljadalsá (1) .....			15		
Kaldá (54) .....				20	
Núpa (54) .....				17	
Svarfaðardalsá (806) .....				23	
Höfsá (807) .....				12	
Skíðadalsá (807) .....				26	
Norðfjarðará (92) .....				52	
Brýr í Suðursveit (1) .....				26	30
Skeiðará og Súla (1, styrking) .....				26	
Skaftá (1) .....					72
Brúará (37) .....					41
Elliðavatnsós (408) .....					12
Ósá í Bolungarvík (61) .....					41
Óráðstafað .....		11	24	23	29
Samtals	145	175	205	225	225

4. Ferðamannaleiðir.

	1998 m.kr.	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.
Ferðamannaleiðir á Suðurlandi .....		10	10	10	10
Ferðamannaleiðir á Reykjanesi .....		10	10	10	10
Ferðamannaleiðir í Reykjavík .....		10	10	10	10
Ferðamannaleiðir á Vesturlandi .....		10	10	10	10
Ferðamannaleiðir á Vestfjörðum .....		10	10	10	10
Ferðamannaleiðir á Norðurlandi vestra .....		10	10	10	10
Ferðamannaleiðir á Norðurlandi eystra .....		10	10	10	10
Ferðamannaleiðir á Austurlandi .....		10	10	10	10
Samtals		80	80	80	80

### III. FLOKKUN VEGA

#### 3.1. Stofn- og tengivegir eftir kjördæmum.

##### Suðurlandskjördæmi.

- 8610 Hallbjarnarstaðavegur: Af Norðausturvegi að Hallbjarnarstöðum.
- 8705 Hraunborgarvegur: Af Hringvegi að Hraunborg.
- 8710 Gautlandavegur: Af Baldursheimsvegi að Gautlöndum.
- 8715 Grænavatnsvegur: Af Hringvegi að Grænavatni.
- 8720 Vogavegur: Af Hringvegi að Vogum.
- 8730 Grímsstaðavegur: Af Mývatnsvegi að Grímsstöðum IIb.
- 8735 Neslandavegur: Af Mývatnsvegi að Ytri-Neslöndum.
- 8755 Vestursandsvegur: Af Norðausturvegi að Keldunesi.
- 8760 Nýhafnarvegur: Af Norðausturvegi að Reistarnesi.
- 8765 Gunnarsstaðavegur: Af Norðausturvegi að Gunnarsstöðum.
- 8770 Tunguselsvegur: Af Norðausturvegi að Hallgilsstöðum.
- 8984 Hvammsvegur: Af Norðausturvegi að Hvammi.

**Austurlandskjördæmi.**

- 1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Sellandi, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalneskriður, Lón, Mannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Örafi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
- 85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsdal og Langadal á Hringveg hjá Möðrudal.
- 91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að verslunarhúsi.
- 92 Norðfjarðarvegur: Af Hringvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð að Skólavegi á Neskaupstað.
- 93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði að ferjubryggju á Seyðisfirði.
- 94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðapinghá, Hjalta- staðarþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakka- gerði.
- 96 Suðurfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði, um suðurströnd Reyðarfjarðar fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Hring- veg við Breiðdalsvík.
- 97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Hringvegi nálægt flugvelli um Breiðdalsvík á Suðurfjarðaveg hjá Þverhamri.
- 98 Djúpavogsvegur: Af Hringvegi að höfn á Djúpavogi.
- 99 Hafnarvegur: Af Hringvegi um Höfn að bryggju í Álaugarey.
- 102 Bakkafjarðarhöfn: Af Hafnarvegi innan Hafnarár að Bakkafjarðarhöfn.
- 103 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Hámundarstöðum I.
- 104 Skógavegur: Af Hringvegi hjá Ytri-Nýp, um Skóga og brú á Vesturá á Vesturárdals- veg innan Skógalóns.
- 105 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún að Búastöðum.
- 106 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsar að flugvelli.
- 107 Hlíðarvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Jökulsárhlið, yfir Hellisheiði á Norð- austurveg hjá Vatnsdalsgerði.
- 108 Hafnarvegur Vopnafirði: Af Norðausturvegi í Vopnafjarðarkauptúni að höfn.
- 109 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsa, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnu- dals og á Norðausturveg nálægt Teigi.
- 123 Jökuldalsvegur: Af Hringvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Aðalbóli.
- 124 Jökuldalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Hringveg í Dimmadal.
- 125 Hróarstunguvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Litlabakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Hringveg hjá Urriðavatni.
- 126 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litlabakka að Galtastöðum ytri.
- 127 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
- 129 Hafrafellsvegur: Af Hringvegi hjá Urriðavatni að Hafrafelli.
- 131 Upphéraðsvegur: Af Hringvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Hringveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
- 132 Egilsstaðavegur: Af Hringvegi í kaupstaðnum að býlunum.
- 134 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Lang- hús að Glúmsstöðum.



- 935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Klúku.
- 937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Hringveg sunnan Jóku.
- 938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
- 939 Axarvegur: Af Hringvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Hringveg í Berufjarðarbotni.
- 941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Hringvegi austan Lagarfjljótsbrúar að flugvelli.
- 943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað að Hjarðarhvoli.
- 944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfjljót hjá Fossi á Hrðarstunguveg.
- 946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði, að Gilsárvöllum.
- 947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
- 948 Gilsárteigsvegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Eiðum að mótum vegar að Ormsstöðum.
- 949 Þrándarstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Mýnesi að Þrándarstöðum.
- 951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu um Vestdalseyri að Sunnuholti.
- 952 Hánefsstaðavegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu, um Búðareyri að Flísarhúsalæk.
- 953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
- 954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
- 955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
- 956 Dalavegur: Af Suðurfjarðarvegi norðan Dalsár að Hóllagerði.
- 957 Hafnarvegur Reyðarfirði: Af Norðfjarðarvegi á Búðareyri í Reyðarfirði að höfn.
- 960 Hafnarvegur Breiðdalsvík: Af Breiðdalsvíkurvegi um Hafnarbraut að höfn.
- 961 Flugvallarvegur Breiðdal: Af Hringvegi að flugvelli vestan kaupsins.
- 962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Hringvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
- 964 Breiðdalsvegur: Af Hringvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Hringveg hjá Ósi.
- 982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Hringvegi hjá Laxá að flugvelli.
- 983 Miðfellsvegur: Af Hoffellsvegi að Miðfelli.
- 984 Hoffellsvegur: Af Hringvegi vestan Hoffellsárbrúar að vegamótum við Birkifell.
- 986 Rauðabergsvegur: Af Hringvegi austan Djúpár að vegamótum að Rauðabergi II.
- 9120 Torfastaðavegur: Af Skógavegi nálægt Torfastöðum að Torfastöðum II.
- 9130 Ytrihlíðarvegur: Af Vesturárdalsvegi að Ytrihlíð I.
- 9160 Refstaðarvegur: Af Sunnudalsvegi að Refstað I.
- 9165 Svínabakkavegur: Af Sunnudalsvegi að Akri.
- 9225 Hnefilsdalsvegur: Af Jökuldalsvegi eystri að Mælivöllum II.
- 9275 Hallfreðarstaðavegur: Af Hrðarstunguvegi að Hallfreðarstöðum II.
- 9350 Geitdalsvegur: Af Skriðdalsvegi að Þorvaldsstöðum.
- 9430 Finnsstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi að Finnsstöðum II.
- 9460 Njarðvíkurvegur: Af Borgarfjarðarvegi að Borg.
- 9727 Þinganesvegur: Af Hringvegi að Sauðanesvegi.
- 9739 Dilksnesvegur: Af Hafnarvegi að Framnesi.
- 9743 Hafnarnesvegur: Af Hafnarvegi að Hafnarnesi.
- 9746 Ártúnsvegur: Af Hringvegi að Hólum II.
- 9775 Bjarnanesvegur: Af Hringvegi að Miðskeri.

- 9787 Lindarbakkavegur: Af Hringvegi að Stóruhálg.
- 9842 Borgarhafnarvegur: Af Hringvegi að Lækjarhúsum I.
- 9853 Kálfafellsstaðarvegur: Af Hringvegi að Jaðri.
- 9860 Halavegur: Af Hringvegi að Hala II.
- 9870 Hnappavallavegur: Af Hringvegi að Hnappavöllum I.
- 9882 Hofsvegur: Af Hringvegi að Hofi I.
- 9887 Hofskotsvegur: Af Hofsvegi að Hofi II.
- 9892 Svínafellsvegur: Af Hringvegi að Suðurbæ.

### **3.2. Flokkun stofn- og tengivega skv. 3.1. í undirflokk.**

#### **3.2.1. Stofnvegir.**

- 1 Hringvegur.**
- 22 Dalavegur.**
- 205 Klausturvegur.**
- 240 Stórhöfðavegur.**
- 30 Skeiða- og Hrunamannavegur.**
- 31 Skálholtsvegur.**
- 33 Gaulverjabæjarvegur:**  
Baldurshagi á Stokkseyri – Eyrarbakkavegur.
- 34 Eyrarbakkavegur.**
- 35 Biskupstungnabraut:**  
Hringvegur – Bræðratunguvegur og  
Laugarvatnsvegur – Hrunamannavegur.
- 36 Þingvallavegur.**
- 37 Laugarvatnsvegur.**
- 38 Þorlákshafnarvegur.**
- 39 Þrengslavegur.**
- 343 Álfsstétt.**
- 359 Bræðratunguvegur.**
- 365 Gjábyggavegur.**
- 376 Breiðamörk:**  
Hringvegur – Skólamörk.
- 379 Hafnarvegur Þorlákshöfn.**
- 40 Hafnarfjarðarvegur.**
- 41 Reykjanesbraut.**
- 42 Krýsuvíkurvegur.**  
Reykjanesbraut – Vatnsskarð og  
Ísólfsskálavegur – Þorlákshafnarvegur.
- 43 Grindavíkurvegur.**
- 44 Hafnavegur:**  
Reykjanesbraut – Keflavíkurflugvöllur.
- 45 Garðskagavegur:**  
Reykjanesbraut – Sandgerði.
- 46 Víknavegur.**
- 47 Hvalfjarðarvegur.**
- 49 Nesbraut.**
- 409 Fossvogsbraut.**
- 410 Elliðaavatnsvegur.**
- 411 Arnarnesvegur.**

- 412 Vífilstaðavegur.
- 413 Breiðholtsbraut.
- 414 Flugvallarvegur Reykjavík.
- 415 Álftanesvegur:  
Reykjanesbraut – Túngata.
- 418 Bústaðavegur.
- 419 Höfðabakki.
- 421 Vogavegur.
- 423 Miðnesheiðarvegur.
- 424 Keflavíkurvegur.
- 427 Ísólfsskálavegur.
- 429 Sandgerðisvegur.
- 431 Hafravatnsvegur:  
Úlfarsárvegur – Hringvegur.
- 432 Hallsvegur.
- 450 Sundabraut.
- 452 Faxagata.
- 453 Sundagarðar.
- 454 Holtagarðar.
- 470 Fjarðarbraut.
- 50 Borgarfjarðarbraut:  
Uxahryggjavegur – Hringvegur.
- 51 Akrafjallsvegur.
- 52 Uxahryggjavegur:  
Hvítárvallavegur – Borgarfjarðarbraut.
- 53 Hvítárvallavegur:  
Hringvegur – Uxahryggjavegur.
- 54 Ólafsvíkurvegur.
- 55 Heydalsvegur.
- 56 Kerlingarskarðsvegur.
- 57 Snæfellsnesvegur.
- 58 Stykkishólmsvegur.
- 503 Innnesvegur:  
Leynir við Akranes – Akranesvegur.
- 509 Akranesvegur.
- 531 Borgarbraut.
- 574 Útnesvegur:  
Hellissandur – Ólafsvík.
- 60 Vestfjarðavegur.
- 61 Djúpvegur.
- 62 Barðastrandarvegur.
- 63 Bíldudalsvegur.
- 64 Flateyrarvegur.
- 65 Súgandafjarðarvegur.
- 67 Hólmavíkurvegur.
- 617 Tálknafjarðarvegur:  
Bíldudalsvegur – Lækjargata á Sveinseyri.
- 619 Ketildalavegur:  
Bíldudalsvegur – Hafnarteigur.

- 622 Svalvogavegur:  
Vestfjarðavegur – Hafnargata á Þingeyri.
- 636 Hafnarvegur Ísafirði.
  - 72 Hvammstangavegur.
  - 74 Skagastrandarvegur.
  - 75 Sauðárkróksbraut.
  - 76 Siglufjarðarvegur.
  - 77 Hofsósbraut.
- 744 Þverárfjallsvegur.
- 745 Skagavegur:  
Þverárfjallsvegur – Sauðárkróksbraut.
  - 82 Ólafsfjarðarvegur.
  - 85 Norðausturvegur.
  - 87 Kísilvegur.
- 808 Árskógssandsvegur.
- 819 Hafnarvegur Akureyri.
- 820 Flugvallarvegur Akureyri.
- 821 Eyjafjarðarbraut vestri:  
Hringvegur – Miðbraut.
- 823 Miðbraut.
- 829 Eyjafjarðarbraut eystri:  
Hringvegur – Miðbraut.
- 837 Hlíðarfjallsvegur.
- 845 Aðaldalsvegur.
- 859 Hafnarvegur Húsavík.
- 867 Öxarfjarðarheiðarvegur.
  - 92 Norðfjarðarvegur.
  - 93 Seyðisfjarðarvegur.
  - 96 Suður fjarðavegur.
  - 97 Breiðdalsvíkurvegur.
  - 98 Djúpavogsvegur.
  - 99 Hafnarvegur.
- 917 Hlíðarvegur.
- 952 Hánefsstaðavegur:  
Seyðisfjarðarvegur – ytri vegamót Austurvegar.
- 954 Helgustaðavegur:  
Norðfjarðarvegur – ytri vegamót Lambeyrarbrautar.

**3.2.2. Tengivegir.**  
**Aðrir vegir skv. 3.1. eru tengivegir.**

**3.3. Ferjuleiðir.**

**1. Vestmannaeyjar – Þorlákshöfn.**

Á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum.

**2. Reykjavík – Akranes.**

Á milli Reykjavíkur og Akraness eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum. (Gildir uns Hvalfjarðargöng verða tekin í notkun.)

**3. Stykkishólmur – Flatey – Brjánslækur.**

Á milli Stykkishólms og Brjánslækjar eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum með viðkomu í Flatey fyrir farþega og frakt.

**4. Ísafjörður – Æðey – Vigur.**

Til Æðeyjar og Vigur eru fluttir farþegar og frakt í reglulegum áætlunarferðum.

**5. Árskógsströnd – Hrísey.**

Á milli Árskógsstrandar og Hríseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

**6. Akureyri – Hrísey – Dalvík – Grímsey.**

Á milli Akureyrar, Hríseyjar, Dalvíkur og Grímseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

**7. Neskaupstaður – Mjóifjörður.**

Á milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

*Samgönguráðuneytinu, 23. júní 1998.*

**Halldór Blöndal.**

---

*Jón Birgir Jónsson.*

# AUGLÝSING

## um þingsályktun um flugmálaáætlun árin 1998-2001.

Alþingi hefur hinn 2. júní 1998 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um flugmálaáætlun árin 1998-2001.

Alþingi ályktar að framkvæmdum í flugmálum og rekstri flugvalla skuli hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun fyrir árin 1998-2001.

### I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG GJÖLD

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1998	1999	2000	2001
<b>1.1 Flugmálaáætlun</b>				
Tekjur				
1. Flugvallagjald	540	598	615	633
2. Eldsneytisgjald	20	0	0	0
3. Frá fyrra ári	22	0	0	0
	<u>582</u>	<u>598</u>	<u>615</u>	<u>633</u>
Gjöld				
Til rekstrar	167	113	66	64
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	42	55	64	74
Reykjavík	29	105	206	224
Aðrir flugvellir og fleira	344	325	279	271
	<u>582</u>	<u>598</u>	<u>615</u>	<u>633</u>
<b>1.2 Flugmálastjórn</b>				
Tekjur				
Ríkistekjur	123	128	128	128
Sértekjur	191	191	191	191
Frá flugmálaáætlun	167	113	66	64
Framlag á fjárlögum	475	524	571	573
	<u>956</u>	<u>956</u>	<u>956</u>	<u>956</u>
Gjöld				
Rekstur flugvalla	344	344	344	344
Annar rekstur	559	559	559	559
Hlutdeild Flugmálastjórnar v/Alþjóðaflugþjónustu	29	29	29	29
Hlutdeild Landssímans v/Alþjóðaflugþjónustu	18	18	18	18
Hlutdeild Veðurstofu v/Alþjóðaflugþjónustu	6	6	6	6
	<u>956</u>	<u>956</u>	<u>956</u>	<u>956</u>
<b>1.3 Alþjóðaflugþjónustan</b>				
Tekjur				
Yfirflugsgjöld Flugmálastjórnar	384	384	384	384
Gjöld				
Rekstur Flugmálastjórnar	413	413	413	413
Hlutdeild Flugmálastjórnar	-29	-29	-29	-29
	<u>384</u>	<u>384</u>	<u>384</u>	<u>384</u>

Endurprentað blað.

## II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1998	1999	2000	2001
<b>2.1. Rekstur</b>				
1. Allar deildir	956	956	956	956
2. Alþjóðaflugþjónustan	384	384	384	384
	<b>1.340</b>	<b>1.340</b>	<b>1.340</b>	<b>1.340</b>
<b>2.2. Áætlunarflugvellir I</b>				
1. Flugbrautir og hlöð	52	104	242	229
2. Byggingar	89	84	30	14
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	28	45	46	11
	<b>169</b>	<b>233</b>	<b>318</b>	<b>254</b>
<b>2.3. Áætlunarflugvellir II</b>				
1. Flugbrautir og hlöð	0	0	0	34
2. Byggingar	7	0	0	12
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	9	2	2	2
	<b>16</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>48</b>
<b>2.4. Áætlunarflugvellir III</b>				
1. Flugbrautir og hlöð	18	25	0	5
2. Byggingar	4	0	0	17
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	8	5	6	2
	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>6</b>	<b>24</b>
<b>2.5. Flugumferðar- og flugleiðsöguþjónusta</b>	<b>69</b>	<b>73</b>	<b>74</b>	<b>81</b>
<b>2.6. Annar kostnaður</b>	<b>89</b>	<b>92</b>	<b>85</b>	<b>88</b>
<b>2.7. Flugstöð Leifs Eiríkssonar</b>	<b>42</b>	<b>55</b>	<b>64</b>	<b>74</b>
<b>Samtals</b>	<b>1.755</b>	<b>1.825</b>	<b>1.899</b>	<b>1.909</b>

## III. FLOKKUN FLUGVALLA

### 3.1. Áætlunarflugvellir I.

Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Ísafjörður, Hornafjörður, Húsavík og Sauðárkrókur.

### 3.2. Áætlunarflugvellir II.

Bíldudalur, Siglufjörður, Patreksfjörður, Vopnafjörður og Grímsey.

### 3.3. Áætlunarflugvellir III.

Mývatn, Hólmavík, Raufarhöfn, Gjögur, Kópasker, Þingeyri og Þórshöfn.

### 3.4. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.

**A. Þjónustuflygvellir:** Bakki, Blönduós, Borgarfjörður eystri, Breiðdalsvík, Norðfjörður, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjanes, Rif, Selfoss, Stykkishólmur og Vík.

**B. Aðrir flugvellir:** Álfhverfi, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Herðubreiðarlindir, Hrafseyri, Húsafell, Hveravellir, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjar-  
klaustur, Nýidalur, Skálavatn, Sprengisandur og Þórsmörk.

**C. Sportflugvellir:** Borgarnes, Flúðir, Hella, Melgerðismelar og Sandskeið.

**D. Lendingarstaðir:** Arngerðareyri, Bakkafjörður, Búðardalur, Bæir, Dagverðará, Djúpvogur, Grundarfjörður, Hrísey, Hvammstangi, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Króksfjarðarnes, Melanes, Sandármelar, Skógarsandur, Steinasandur, Stórholt, Stóri-Kroppur, Tálknafjörður og Þórisdalur.

**E. Lendingarstaðir í eigu og umsjá annarra aðila en Flugmálastjórnar:** Auðkúluheiði, Forsæti, Freysnes, Gunnarsholt, Hvolsvöllur, Múlakot, Tungubakkar og Þórisós.

## IV. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA

Staður – verkefnaflokkur	1998	1999	2000	2001
<b>4.1 Reykjavík</b>				
1. Flugbrautir og hlöð	29	95	196	214
2. Byggingar		10	10	10
	<b>29</b>	<b>105</b>	<b>206</b>	<b>224</b>
<b>4.2 Akureyri</b>				
1. Flugbrautir og hlöð	5			
2. Byggingar	9	27	10	
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	14	10	10	2
	<b>28</b>	<b>37</b>	<b>20</b>	<b>2</b>
<b>4.3 Vestmannaeyjar</b>				
1. Flugbrautir og hlöð			29	
2. Byggingar	20	25		
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður		20	21	
	<b>20</b>	<b>45</b>	<b>50</b>	<b>0</b>
<b>4.4 Egilsstaðir</b>				
1. Flugbrautir og hlöð	18	4		
2. Byggingar		15	6	
	<b>18</b>	<b>19</b>	<b>6</b>	<b>0</b>
<b>4.5 Ísafjörður</b>				
1. Flugbrautir og hlöð			17	15
2. Byggingar	40			
	<b>40</b>	<b>0</b>	<b>17</b>	<b>15</b>
<b>4.6 Hornafjörður</b>				
1. Flugbrautir og hlöð		5		
2. Byggingar			4	
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	10	5		
	<b>10</b>	<b>10</b>	<b>4</b>	<b>0</b>
<b>4.7 Húsavík</b>				
2. Byggingar	20	7		
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2	10	15	5
	<b>22</b>	<b>17</b>	<b>15</b>	<b>5</b>
<b>4.8 Sauðárkrókur</b>				
2. Byggingar				4
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2			4
	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>8</b>
<b>4.9 Bíldudalur</b>				
2. Byggingar				12
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	9	2	2	
	<b>9</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>12</b>
<b>4.10 Grímsey</b>				
1. Flugbrautir og hlöð				15
2. Byggingar	7			
	<b>7</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>15</b>



Staður – verkefnaflokkur	1998	1999	2000	2001
<b>4.11 Siglufjörður</b>				
1. Flugbrautir og hlöð				9
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður				2
	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>11</b>
<b>4.12 Þórshöfn</b>				
1. Flugbrautir og hlöð		10		
2. Byggingar				12
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	8	5	6	2
	<b>8</b>	<b>15</b>	<b>6</b>	<b>14</b>
<b>4.13 Vopnafjörður</b>				
1. Flugbrautir og hlöð				10
	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>10</b>
<b>4.14 Hólmavík</b>				
2. Byggingar				5
	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>5</b>
<b>4.15 Þingeyri</b>				
1. Flugbrautir og hlöð	15	15		
	<b>15</b>	<b>15</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>4.16 Gjögur</b>				
1. Flugbrautir og hlöð	3			5
	<b>3</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>5</b>
<b>4.17 Mývatn</b>				
2. Byggingar	4			
	<b>4</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>4.18 Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður</b>	<b>69</b>	<b>73</b>	<b>74</b>	<b>81</b>
<b>4.19 Annar kostnaður</b>	<b>89</b>	<b>92</b>	<b>85</b>	<b>88</b>
<b>4.20 Flugstöð Leifs Eiríkssonar</b>	<b>42</b>	<b>55</b>	<b>64</b>	<b>74</b>
<b>4.21 Til reksturs flugvalla</b>	<b>167</b>	<b>113</b>	<b>66</b>	<b>64</b>
<b>Flugmálaáætlun samtals</b>	<b>582</b>	<b>598</b>	<b>615</b>	<b>633</b>

Samgönguráðuneytinu, 26. júní 1998.

**Halldór Blöndal.**

*Jón Birgir Jónsson.*

# AUGLÝSING

## um þingsályktun um langtímaáætlun í vegagerð.

Alþingi hefur hinn 2. júní 1998 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um langtímaáætlun í vegagerð.

Alþingi ályktar að á árunum 1999–2010 skuli aflað fjármagns til vegagerðar og því varið til framkvæmda í vegamálum samkvæmt langtímaáætlun eins og hér segir.

### 1. Áætlun um fjáröflun.

Fjárhæðir í m.kr. eru á áætlðuð meðalverðlagi 1999 (vísitala vegagerðar 5885).

1. tímabil 1999–2002	36.828
2. tímabil 2003–2006	38.808
3. tímabil 2007–2010	40.482

### 2. Skipting útgjalda.

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil
2.1. Stjórn og undirbúningur	1.488	1.607	1.628
2.2. Viðhald þjóðvega:			
1. Almenn þjónusta	4.128	4.541	4.954
2. Vetrarþjónusta	2.993	3.199	3.302
3. Viðhald	6.455	7.066	8.111
4. Þéttbýlisvegir	1.580	1.703	1.754
2.3. Til nýrra þjóðvega:			
1. Stofnvegir:			
1. Almenn verkefni	1.809	1.858	1.858
2. Höfuðborgarsvæðið	4.188	4.417	4.417
3. Stórverkefni	6.618	6.976	6.976
4. Framkvæmdaáttak	280	0	0
5. Skeiðarársandur	233	0	0
6. Þingvallahátíð	206	0	0
2. Tengivegir	1.692	1.847	1.858
3. Brúagerð	919	991	1.032
4. Ferðamannaleiðir	320	320	320
5. Giróingar	182	186	186
2.4. Til safnvega	877	980	980
2.5. Til landsvega	324	413	464
2.6. Til styrkvega	129	155	165
2.7. Til reiðvega	124	155	165
2.8. Til tilrauna	354	382	403
2.9. Til flóabáta	1.929	2.012	1.909
Samtals	36.828	38.808	40.482
Endurgreiðsla lánsfjár	-540	-160	-80
Samtals	36.288	38.648	40.402

### 3. Skipting fjármagns til nýframkvæmda.

#### 3.1. Almenn verkefni.

Fjármagni til almennra verkefna er skipt jafnt á milli kjördæma annarra en höfuðborgarsvæðisins og skipting á milli einstakra verkefna fer fram við gerð vegáætlunar.

#### 3.2. Höfuðborgarsvæðið.

	1. tímabil 1999–2002 m.kr.	2. tímabil 2003–2006 m.kr.	3. tímabil 2007–2010 m.kr.
Hringvegur .....	444	439	52
Hafnarfjarðarvegur .....	44		991
Reykjanesbraut .....	1.760	1.837	645
Nesbraut .....	883	821	108
Álfanesvegur .....	196		
Hlíðarfótur .....			279
Höfðabakki .....	124		361
Hallsvegur .....	41	134	279
Sundabraut .....	185	722	1.238
Göngubrýr, smærri verk og óráðstafað .....	511	464	464
Samtals	4.188	4.417	4.417

#### 3.3. Stórverkefni.

	1. tímabil 1999–2002 m.kr.	2. tímabil 2003–2006 m.kr.	3. tímabil 2007–2010 m.kr.
Þjórsá .....	402		
Gilsfjörður .....	103		
Lagarfljót .....			423
Jökulsá í Lóni .....		341	
Brýr í Örfæfum .....			299
Búlandshöfði .....	486		
Hvalfjarðartengingar .....	308	268	103
Ísafjarðardjúp .....	548	526	
Tenging Norðurland – Austurland .....	785	237	52
Hringvegur á Mývatnsheiði .....	93	124	
Hringvegur á Austurlandi .....	329	650	52
Kerlingarskarðsvegur, Vatnaheiði .....	350	31	
Snæfellsnesvegur um Kolgrafarfjörð .....		165	
Vestfjarðavegur, Brattabrekka – Svínadalur .....		366	150
Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur – Flókalundur .....		392	898
Barðastrandarvegur, Flókalundur – Patreksfjörður .....	270	93	
Vestfjarðavegur um Gemlufallsheiði .....	41		
Djúpvegur, Steingrímsfjarðarheiði og Fellabök .....	154		
Hólmavíkurvegur eða Tröllatunguvegur .....			722
Siglufjarðarvegur .....	177		
Grenivíkurvegur .....	217		
Norðausturvegur, Húsavík – Þórshöfn .....	526	826	1.331
Norðausturvegur, Hringvegur – Vopnafjörður .....	104	103	290
Suðurfjarðavegur .....	323		
Lágheiði .....		526	175

	1. tímabil 1999–2002 m.kr.	2. tímabil 2003–2006 m.kr.	3. tímabil 2007–2010 m.kr.
Bræðratunguvegur (um Hvítá) .....		341	
Laugarvatnsvegur .....	73		
Biskupstungnabraut .....	158	49	
Gjábakkavegur .....		176	165
Þjórsárdalsvegur .....	62		
Þingvallavegur .....	135		
Hálsasveitarvegur að Húsafelli .....	41	114	
Djúpa, Hörgsá .....	113		62
Eyvindará .....	93		
Hólmsá á Mýrum .....	83		
Reykjanesbraut, Hafnarfjörður – Keflavík .....	228	782	1.467
Hringvegur um Stafholtstungur .....		196	268
Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði .....		433	
Breikkun brúa á Suðurlandi .....	118	134	263
Breikkun brúa á Vesturlandi .....	62		
Breikkun brúa á Norðurlandi vestra .....	196	62	
Jarógangarannsóknir .....	40	41	41
Óráðstafað .....			215
Samtals	6.618	6.976	6.976

*Samgönguráðuneytinu, 23. júní 1998.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Birgir Jónsson.*

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 23. júní 1998.*

**Halldór Blöndal.**

*Guðmundur Árnason.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 19 – 1998

20. mars 1998

453

Nr. 105

## AUGLÝSING

um staðfesting handhafa valds forseta Íslands á reglugerð  
um breytingu á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands,  
með áorðnum breytingum.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Að vér samkvæmt tillögu menntamálaráðherra staðfestum eftirfarandi reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

#### 1. gr.

19. gr. orðist svo:

Umsækjendur um prófessorsstarf, dósentstarf og lektorsstarf skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf. Með umsókninni skulu send eintök af vísindalegum ritum og ritgerðum umsækjenda, prentuðum og óprentuðum.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem kennarinn á að starfa við, hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði. Heimilt er að kveðja erlenda menn til starfa í dómnefnd.

Dómnefnd skal hraða störfum sínum eftir föngum, og skal hún að jafnaði hafa lokið störfum innan tveggja mánaða frá því er hún var skipuð í þeim tilvikum þegar umsækjendur eru tveir eða færri, þriggja mánaða þegar umsækjendur eru þrír eða fjórir, en fjögurra mánaða þegar umsækjendur eru fleiri en fjórir. Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og námsferli hans, kennslu og öðrum störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar, er starfið er veitt, og má engum manni veita prófessors-, dósent- eða lektorsstarf við háskólann, nema meirihluti nefndarinnar hafi látið í ljós það

álit, að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álots hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur, og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt.

Framangreind ákvæði skulu einnig gilda um skipun sérfræðinga við háskólastofnanir, nema að því leyti sem á annan veg er mælt í reglugerðum einstakra stofnana. Víkja má þó frá þessari tilhögun við veitingu starfs samkvæmt tillögu hlutaðeigandi stofnunar eða deildar, eftir því sem við á.

Heimilt er að flytja kennara úr lektorsstarfi í dósentsstarf. Deild eða námsbraut skal gera tillögu um slíkan framgang til háskólaráðs. Lektor, sem gegnt hefur starfi sínu í fimm ár, á rétt til þess að fjallað verði um framgang honum til handa í háskólaráði. Háskóladeild eða námsbraut er heimilt að leggja til við háskólaráð, að kennari í fullu starfi verði fluttur úr dósentsstarfi í prófessorsstarf. Með tillögu um framgang skal fylgja skriflegur rökstuðningur deildar eða námsbrautar svo og sams konar gögn og fylgja skulu umsóknum um laus störf. Slíka tillögu má bera fram þegar fimm ár eru liðin frá því að dósentinn var skipaður, settur eða ráðinn í fullt starf, eða fékk framgang úr lektorsstarfi. Við mat á starfstíma er heimilt að taka tillit til samsvarandi starfa dósentsins við aðra háskóla eða við rannsóknarstofnanir. Háskólaráð skal meta hvort umsókn um framgang dósents telst uppfylla umrætt tímaákvæði.

Skipa skal hverju sinni dómnefnd þriggja manna til þess að dæma um hæfi lektors eða dósents til þess að fá framgang. Um umsóknir, fylgigögn með þeim og meðferð þeirra, svo og um skipan dómnefnda og starfshætti þeirra skal farið eftir þeim reglum sem gilda um veitingu starfa háskólakennara eftir því sem við getur átt. Við mat á hæfi umsækjenda skal einnig farið eftir reglum sem gilda um veitingu starfa háskólakennara eftir því sem við getur átt, svo og reglum sem á hverjum tíma gilda um mat á hæfi samkvæmt framgangskerfi háskólakennara og um röðun þeirra í launakerfi háskólakennara. Um dómnefndarálit, efni þess og frágang, svo og um kynningu á því fyrir umsækjanda og meðferð athugasemda hans skal fara eftir þeim reglum sem gilda um veitingu starfa háskólakennara.

Þegar dómnefndarálit liggur fyrir í endanlegu horfi, skal málið lagt fyrir háskólaráð til afgreiðslu. Samþykki háskólaráð framgang manns úr lektorsstarfi í dósentsstarf, skal rektor falið að ganga frá ráðningu hans. Samþykki háskólaráð framgang manns úr dósentsstarfi í prófessorsstarf, skal gerð tillaga til menntamálaráðherra um ráðningu hans. Ekki er heimilt að samþykkja framgang manns í tiltekið starf, nema dómnefnd segi berum orðum, að hann sé hæfur til að gegna því.

Háskólaráði er heimilt að leggja til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessorsstarf. Skal þá farið eins að og um framgang dósents í prófessorsstarf að svo miklu leyti sem við getur átt.

Háskólaráði er heimilt, að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við ákvæði þessarar greinar, að setja starfsreglur fyrir dómnefndir er fjalla um framgang lektora í dósentsstörf eða framgang dósenta og forstöðumanna í prófessorsstörf. Reglur þessar skal birta starfsmönnum háskólans.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. mars 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Björn Bjarnason.*

## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 22. júlí 1998.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*

## AUGLÝSING

um staðfesting handhafa valds forseta Íslands á reglugerð  
um breytingu á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands,  
með áorðnum breytingum.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Að vér samkvæmt tillögu menntamálaráðherra staðfestum eftirfarandi reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

5. mgr. 119. gr. orðist svo:

Prófgráðan M.S. er veitt fyrir 45 eða 60 eininga framhaldsnám að loknu B.S. prófi.

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. júlí 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

---

*Björn Bjarnason.*

## AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Þorsteinn Pálsson sjávarútvegs-, dóms- og kirkjumálaráðherra störfum forsætisráðherra.

*Forsætisráðuneytinu, 11. ágúst 1998.*

F. h. r.  
**Ólafur Davíðsson.**

Nr. 109

17. ágúst 1998

## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 17. ágúst 1998.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*

Nr. 110

26. ágúst 1998

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 26. ágúst 1998.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*



# STJÓRNARTÍÐINDI A 20 – 1998

1. september 1998

457

Nr. 111

## BRÉF HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS um að Alþingi skuli koma saman fimmtudaginn 1. október 1998.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Vér höfum ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman fimmtudaginn 1. október 1998.

Um leið og vér birtum þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðspjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 1. september 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Davíð Oddsson.*

27. júlí 1998

Nr. 112

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 27. júlí 1998.*

F. h. r.

**Ólafur Davíðsson.**

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 4. september 1998.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Kristján Andri Stefánsson.*

Nr. 114

7. september 1998

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 7. september 1998.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*

Nr. 115

10. september 1998

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 10. september 1998.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 14. september 1998.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Kristján Andri Stefánsson.*

16. september 1998

Nr. 117

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 16. september 1998.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*

18. september 1998

Nr. 118

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 18. september 1998.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 21 – 1998

---

Nr. 119

460

30. september 1998

## BRÉF HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS um setningu Alþingis.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Að vér veitum forsætisráðherra, Davíð Oddssyni, umboð til þess í voru nafni að setja Alþingi, 123. löggjafarþing, er koma á saman fimmtudaginn 1. október 1998.

*Gjört í Reykjavík, 30. september 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

---

*Davíð Oddsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 22 – 1998

---

17. október 1998

461

Nr. 120

## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 17. október 1998.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

29. október 1998

Nr. 121

## LÖG

um breytingu á lögum nr. 55/1998, um meðferð,  
vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „1. nóvember 1998“ í 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: 1. janúar 1999.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 29. október 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 23 – 1998

---

Nr. 122

462

3. nóvember 1998

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 3. nóvember 1998.*

**Davíð Oddsson.**

Ólafur Davíðsson.

Nr. 123

## LÖG

6. nóvember 1998

### um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. mgr. 105. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 6. nóvember 1998.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

Páll Pétursson.

Gutenberg

## AUGLÝSING

### um forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra störfum forsætisráðherra og Halldór Blöndal samgönguráðherra í fjarveru utanríkisráðherra.

*Forsætisráðuneytinu, 6. nóvember 1998.*

F. h. r.  
**Ólafur Davíðsson.**

10. nóvember 1998

Nr. 125

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 10. nóvember 1998.*

**Halldór Blöndal.**

---

*Kristján Andri Stefánsson.*

23. nóvember 1998

Nr. 126

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 23. nóvember 1998.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*

30. nóvember 1998

Nr. 127

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 30. nóvember 1998.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Kristján Andri Stefánsson.*

## LÖG

### um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 85,3 milljónum SDR í 117,7 milljónir SDR. Seðlabanki Íslands skal leggja fram það fé sem þarf til hækkunar kvótans, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. nóvember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Finnur Ingólfsson.*

## LÖG

### um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem samþykktar voru af yfirstjórn sjóðsins 23. september 1997.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. nóvember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Finnur Ingólfsson.*



# LÖG

## um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Í stað orðanna „7,00 kr.“ í 2. málsli. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: 5,00 kr.

#### 2. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal verðskerðingargjald af verði hrossakjöts og nautgripakjöts til framleiðenda. Verðskerðingargjaldið skal vera 2% af framleiðendaverði hrossakjöts. Af nautgripakjöti skal gjaldið vera 400 kr. á alla slátraða gripi sem flokkast í UN og K gæðaflokka. Auk þess verði 400 kr. lagðar á hvern sláturgrip í framangreindum gæðaflokkum á tímabilinu frá 1. september til 31. desember ár hvert.

#### 3. gr.

21. gr. laganna, eins og henni var breytt með 7. gr. laga nr. 69/1998, fellur brott.

#### 4. gr.

Orðin „og/eða 1. mgr. 21. gr.“ í 7. mgr. 29. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 124/1995, falla brott.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Verðmiðlunargjöld og verðskerðingargjöld, sem innheimt verða af verði til framleiðenda og af slátur- og heilidsölukostnaði eftir 1. september 1998, skulu endurgreidd framleiðendum og sláturleyfishöfum í samræmi við ákvæði laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 30. nóvember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Guðmundur Bjarnason.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 24 – 1998

---

Nr. 131

466

19. desember 1998

## FORSETABRÉF um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 123. löggjafarþings, frá 19. desember 1998 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 6. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 19. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Davíð Oddsson.*

Nr. 132

## LÖG

22. desember 1998

### um breyting á lögum nr. 95/1997, um landmælingar og kortagerð.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Heimili Landmælinga Íslands er á Akranesi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Guðmundur Bjarnason.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 25 – 1998

23. desember 1998

467

Nr. 133

## LÖG

um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985,  
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

163. gr. laganna orðast svo:

Í þessum kafla hafa eftirfarandi hugtök svofellda merkingu:

- a. *Björgun:* sérhver athöfn sem hefur það að markmiði að hjálpa skipi eða öðru lausafé sem farist hefur eða er statt í hættu á hvaða haf- eða vatnasvæði sem er.
- b. *Skip:* sérhvert skip eða far eða önnur smíð sem er fær til siglinga.
- c. *Lausafé:* sérhver hlutur sem ekki er varanlega við ströndina skeyttur.
- d. *Umhverfistjón:* umtalsvert tjón á heilsu manna, eða lífi eða auðlindum í ám eða vötnum, við ströndina og á nálægum svæðum eða í íslensku efnahagslögsögunni, af völdum mengunar, elds, sprengingar eða annarra sambærilegra alvarlegra atvika.

### 2. gr.

164. gr. laganna orðast svo:

Ákvæðum þessa kafla skal beitt um björgunarmál sem höfðað er fyrir íslenskum dómstóli eða gerðardómi.

Ákvæði þessa kafla gilda jafnt þótt það skip sem bjargaði sé eign sama manns og hitt er bjargað var. Þá gilda ákvæðin einnig um björgun sem framkvæmd er af skipi í eigu ríkisins.

Þótt björgunaraðgerðir fari fram undir stjórn eða séu framkvæmdar af stjórnvöldum í skjóli valdheimilda þeirra fer um rétt þeirra sem tekið hafa þátt í slíkum björgunaraðgerðum samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um skip eða lausafé sem falla undir III. kafla þjóðminjagala.

### 3. gr.

165. gr. laganna orðast svo:

Ákvæðum þessa kafla skal þá aðeins beita að ekki sé um annað samið. Óheimilt er að semja um takmörkun á skyldu til að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni.

Skipstjóri hefur umboð til að gera samning fyrir hönd eiganda skips. Eigandi skips, útgerðarmaður og skipstjóri hafa hver um sig umboð til að gera samning um björgun fyrir hönd eigenda þess lausafjár sem er eða hefur verið um borð í skipinu.

Björgunarsamningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta eða breyta ef hann er gerður meðan hættan stóð yfir eða undir áhrifum hennar og það yrði talið ósanngjarnt að bera hann fyrir sig. Samningi um upphæð björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar skv. 170. gr. a má víkja til hliðar eða breyta ef krafan er ekki í eðlilegu samræmi við umfang vinnu að björgun.

## 4. gr.

166. gr. laganna orðast svo:

Skylt er sjófarendum að leitast við að bjarga mönnum úr hættu verði það gert án þess að björgunarmönnum eða skipi þeirra sé stefnt í háska.

Björgunarmaður er skyldur til þess gagnvart eiganda og útgerðarmanni skips og eigendum annars lausafjár sem reynt er að bjarga að:

- a. sýna aðgát við framkvæmd björgunar og reyna að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni,
- b. leita aðstoðar annarra björgunarmanna þegar aðstæður krefjast þess og
- c. samþykkja íhlutun annarra björgunarmanna þegar útgerðarmaður, skipstjóri eða eigandi annars lausafjár sem í hættu er krefst þess og krafan telst sanngjörn; björgunarlaun skulu þó ekki lækka ef krafan er ósanngjörn.

Eiganda skips, útgerðarmanni eða skipstjóra, ásamt eigendum annars lausafjár sem reynt er að bjarga, ber gagnvart björgunarmanni skylda til að:

- a. veita honum liðsinni við björgunina,
- b. sýna aðgát meðan björgunaraðgerðir standa yfir og reyna að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni og
- c. taka við hinu bjargaða eftir að því hefur verið komið á öruggan stað og björgunarmaður leggur fram sanngjarna kröfu þess efnis.

## 5. gr.

167. gr. laganna orðast svo:

Björgunarmaður á rétt til björgunarlauna beri björgunaraðgerðir árangur. Að frátöldum vaxta- og málskostnaði má ekki ákvarða björgunarlaun hærrí en sem nemur verðmæti þess sem bjargað var.

Björgun mannlífa veitir ekki rétt til björgunarlauna. Sá sem bjargar mannlífi við framkvæmd björgunar á þó rétt á sanngjarnri hlutdeild í björgunarlaunum eða í sérstakri þóknun skv. 170. gr. a.

Ákvæði 1. mgr. kemur ekki í veg fyrir að hægt sé að krefjast sérstakrar þóknunar skv. 170. gr. a.

## 6. gr.

168. gr. laganna orðast svo:

Björgunarlaun skal ákvarða með það í huga að hvetja til björgunar. Við ákvörðunina skal þessa gætt:

- a. verðmætis þess sem bjargað var,
- b. verklagni þeirrar og atorku sem björgunarmenn beittu við björgun skips, annars lausafjár og mannlífa,
- c. verklagni og atorku björgunarmanna við að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni,
- d. að hve miklu leyti björgunin tókst,
- e. eðlis og umfangs hættunnar,
- f. hve langan tíma björgunaraðgerðir tóku ásamt útgjöldum og tjóni því sem björgunarmenn urðu fyrir,
- g. hve skjótt hjálpin var veitt,
- h. áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni og annarrar hættu sem björgunarmönnum eða eigum þeirra var stofnað í,
- i. að björgunarskip eða annar búnaður var notaður eða var til reiðu við framkvæmd björgunarinnar,

j. umfangs björgunarviðbúnaðar, afkastagetu og verðmætis búnaðar björgunarmanna.

Nú var skip það sem bjargað var eigi stutt í yfirvofandi hættu en gat þó eigi komist til hafnar fyrir eigin vélarafli og skal þá atriða b–j-liða 1. mgr. einkum gætt við ákvörðun björgunarlauna.

7. gr.

169. gr. laganna orðast svo:

Eigandi skips og eigendur annars lausafjár sem bjargað var eru ábyrgir fyrir greiðslu björgunarlauna í hlutfalli við verðmæti hinna björguðu eigna þeirra.

8. gr.

170. gr. laganna orðast svo:

Við skiptingu björgunarlauna milli tveggja eða fleiri björgunarmanna skal viðmiða 1. mgr. 168. gr. gætt.

9. gr.

Við löggin bætast sjö nýjar greinar, 170. gr. a–g, og orðast svo:

a. (170. gr. a.)

Ef björgunarmaður hefur unnið að björgun skips sem eitt sér eða ásamt farmi hefur falið í sér hættu á umhverfistjóni getur hann krafist eiganda skips og útgerðarmann um sérstaka þóknun sem er jafnhá kostnaði hans við björgunarynnuna. Aðeins er hægt að krefjast sérstakrar þóknunar í þeim mæli sem hún er hærri en björgunarlaun ákvörðuð skv. 1. mgr. 168. gr.

Hafi björgunarmaður komið í veg fyrir eða dregið úr umhverfistjóni er heimilt að hækka hina sérstöku þóknun um allt að 30% af kostnaði björgunarmanns. Sé það talið sanngjarnt, þegar horft er til þeirra atriða sem nefnd eru í 1. mgr. 168. gr., má hækkunin nema allt að 100%.

Með kostnaði björgunarmanns er átt við bein og hæfileg útgjöld björgunarmanns vegna björgunaraðgerða auk sanngjarns endurgjalds fyrir notkun búnaðar og mannafla. Við ákvörðun þess endurgjalds ber að líta til atriða sem nefnd eru í g-, i- og j-liðum 1. mgr. 168. gr.

Ef björgunarmaður hefur vegna gáleysis vanrækt að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni má lækka eða fella niður hina sérstöku þóknun.

b. (170. gr. b.)

Nú hefur einhver samkvæmt samningi tekist á hendur verk áður en hætta skapast og á hann þá aðeins rétt á björgunarlaunum eða sérstakri þóknun að því leyti sem talið verður að veitt aðstoð hafi verið umfram skyldu samkvæmt samningnum.

Nú tekur einhver þátt í vinnu að björgun gegn beru og réttmætu banni eiganda skips, útgerðarmanns eða skipstjóra og á hann þá engan rétt til björgunarlauna eða sérstakrar þóknunar. Sama á við um bann eiganda annars lausafjár sem er í hættu en hefur hvorki verið né er um borð í skipi.

Lækka má eða fella niður björgunarlaun eða sérstaka þóknun ef mistök björgunarmanns eða vanræksla hefur gert björgunina nauðsynlega eða erfiðari en ella, eða björgunarmaður hefur gerst sekur um svik eða aðra óheiðarlega háttsemi.

c. (170. gr. c.)

Nú hefur skip sem er skrásett á Íslandi bjargað einhverju á ferð og skal þá fyrst af björgunarlauninum bæta það tjón sem varð á því skipi, farmi þess eða á öðrum fjármunum sem

á skipinu voru, ásamt útgjöldum vegna eldsneytis og launa skipstjóra og skipshafnar sem af björgunarstarfinu leiddi. Af óskiptum björgunarlaunum skal einnig greiða þóknun skv. 3. mgr.

Því sem þá er eftir af björgunarlaununum skal skipt þannig að þrír fimmtu hlutar falli til útgerðarinnar en tveir fimmtu hlutar til áhafnarinnar. Hlut áhafnar skal skipt á þann veg að skipstjóri fái einn þriðja hluta en hin eiginlega skipshöfn tvo þriðju hluta. Milli skipshafnar skal skipt að rétttri tiltölu miðað við föst laun hvers og eins eða hlutaskiptareglur, eftir því sem við á. Hlutur skipstjóra skal þó aldrei vera lægri en tvöfaldur hlutur þess skipverja sem hæst björgunarlaun fær. Leiðsögumaður um borð í skipi því sem bjargar fær skiptahlut í hluta skipshafnarinnar þótt hann sé ekki ráðinn hjá útgerðinni. Skal skiptahlutur hans vera jafn hæsta stýrimannshlut. Á skipum þar sem tekjur skipstjóra og skipshafnar miðast hvorki við föst laun né tiltekinn hlut skulu allir skipverjar, að skipstjóra meðtöldum, eiga jafna hlutdeild í björgunarlaunum.

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr tölulíður, svohljóðandi: Fyrir háttsemi, sem greinir í samningi um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum frá 21. nóvember 1997.

2. gr.

109. gr. laganna, sbr. 33. gr. laga nr. 82/1998, orðast svo:

Hver sem gefur, lofar eða býður opinberum starfsmanni gjöf eða annan ávinning til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða sektum ef málsbætur eru fyrir hendi.

Sömu refsingu skal sá sæta sem beinir slíku að erlendum opinberum starfsmanni eða starfsmanni opinberrar alþjóðastofnunar í því skyni að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Forsteinn Pálsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Breytingar á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Geri launamaður eða sá sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi samning um tryggingavernd á grundvelli iðgjalds sem hann ákvarðar og hefur beinan ráðstöfunarrétt yfir, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal almennt tryggingagjald lækka um allt að 0,2% af gjaldstofni og sá hluti tryggingagjaldsins nýttur sem iðgjaldshluti launagreiðanda á móti iðgjaldshluta launamanns. Frádráttarbær iðgjaldshluti launagreiðanda skal vera 10% af iðgjaldshluta launamanns, þó aldrei hærri en 0,2% af gjaldstofni tryggingagjalds.

Skilyrði lækkunar skv. 8. mgr. er að mótframlag sé innt af hendi um leið og sparnaður er dreginn af launum og ráðstafað til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Við skil á staðgreiðslu tryggingagjalds skal taka tilliti til lækkunar skv. 8. mgr. einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir desember væri að ræða. Um uppgjör og álagningu gilda ákvæði V. kafla.

Maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og ekki er háður skyldu til að skila launaframtali, sbr. 3. mgr. 12. gr., skal gera grein fyrir frádráttarbærum iðgjaldshluta á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

### II. KAFLI

#### Breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

##### 2. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Iðgjaldi samkvæmt ákvörðun launamanns eða þess sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal varið til aukningar lífeyrisréttinda skv. II. eða III. kafla.

##### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Lífeyrissjóðum og aðilum skv. 3. mgr. 8. gr. er skylt að tekjuári liðnu að gera ríkisskattstjóra grein fyrir því iðgjaldi til öflunar lífeyrisréttinda sem greitt hefur verið til þeirra fyrir hvern rétthafa á því ári.

b. Við 3. mgr. bætist: og aðila skv. 3. mgr. 8. gr.

c. 4. mgr. orðast svo:

Hver sá sem er skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði samkvæmt lögum þessum og er framtalsskyldur samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt skal í framtali sínu eða

á annan hátt er ríkisskattstjóri ákveður tilgreina þau iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda sem hann hefur greitt á árinu og þá lífeyrissjóði og aðila skv. 3. mgr. 8. gr. sem hann hefur greitt til.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „banka, er heimilt að starfa áfram á óbreyttum“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: banka eða naut slíkrar ábyrgðar 31. desember 1997, er heimilt að starfa áfram á óbreyttum iðgjalda- og.
- b. Við 3. mgr. bætist: enda hafi slíkt val ekki farið fram fyrir gildistöku laganna.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

## LÖG

### um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í stað 1. og 2. mgr. koma átta nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ef tekjur einhleyps ellilífeyrisþega eru ekki hærri en 241.344 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram 241.344 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur einungis annað hjóna ellilífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta ellilífeyris, en hafa sameiginlega tekjur sem eru ekki hærri en 482.688 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 482.688 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Ef tekjur einhleyps örorkulífeyrisþega eru ekki hærri en 362.016 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram 362.016 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur aðeins annað hjóna örorkulífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra hjóna eru ekki hærri en 1.086.048 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri

Þess að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 1.086.048 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta örorkulífeyris, en hafa sameiginlegar tekjur sem eru ekki hærrí en 724.032 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjón, sem bæði eru lífeyrisþegar, annað örorkulífeyrisþegi, en hitt ellilífeyrisþegi, skulu hafa sömu tekjuviðmið og einhleypir á viðkomandi lífeyrissviði og miðast tekjur hvors þeirra við helming sameiginlegra tekna.

Til tekna sem notaðar eru til viðmiðunar í ákvæði þessu teljast ekki bætur almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

b. Í stað orðanna „uppbot á lífeyri“ í 4. mgr. kemur: tekjutryggingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Ingibjörg Pálmadóttir.*

## LÖG

### um breytingar á lögum um mannanöfn og hjúskaparlögum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### **Breyting á lögum um mannanöfn, nr. 45 17. maí 1996.**

1. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 2., 3. og 4. mgr. 13. gr. laganna kemur: 18 ára.

2. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 1. og 8. mgr. 14. gr. laganna kemur: 18 ára.

3. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 16. gr. laganna kemur: 18 ára.

#### II. KAFLI

##### **Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993.**

4. gr.

Við 2. másl. 7. gr. laganna bætist: enda liggi fyrir afstaða forsjárforeldra til hjúskaparstofnunarinnar.

III. KAFLI  
**Gildistaka.**  
 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
 (L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Þorsteinn Pálsson.*

**LÖG**

**um breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, lögum nr. 3/1987,  
 um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993,  
 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.,  
 með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.**

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili er 6,00 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar allt að 1.000 kg, 8,10 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það að 3.000 kg, en 2.000 kr. af hverju byrjuðu tonni af eigin þyngd bifreiðar umfram það. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en 3.000 kr. og ekki hærra en 36.200 kr. á hverju gjaldtímabili.

2. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Greiðendum bifreiðagjalds sem greiddu hærra gjald en 36.200 kr. á 2. gjaldtímabili 1998 skal endurgreiddur mismunurinn á 36.200 kr. og þeirri fjárhæð sem þeir greiddu.

II. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 3/1987,  
 um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.**

3. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðar erlendra sendisveita, bifreiðar erlendra ræðismanna sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar og námubifreiðar sem eingöngu eru notaðar utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum eru undanþegnar skattskyldu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 4. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðanna „132.053 kr.“ og „7.555 kr.“ í 2. mgr. kemur: 136.675 kr., og: 7.819 kr.
- b. 3. málsl. 4. mgr. orðast svo: Skráning ökutækis samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi um leið og heimild hefur verið veitt og gildir í a.m.k. tólf mánuði.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 4. gr. laganna:

- a. Orðin „tengi- og festivögnum“ í 3. málsli. 1. mgr. falla brott.
- b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal ekki greitt fast árgjald þunga-skatts af slökkvibifreiðum sem falla undir vörulið 8705.3009 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987.
- c. 2. mgr. orðast svo:

Kílómetragjald bifreiða skv. 1. mgr. þessa staflíðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	6,97	18.000–18.999	13,40
5.000–5.999	7,41	19.000–19.999	14,43
6.000–6.999	8,01	20.000–20.999	15,20
7.000–7.999	8,42	21.000–21.999	16,08
8.000–8.999	8,78	22.000–22.999	17,09
9.000–9.999	9,17	23.000–23.999	17,90
10.000–10.999	9,73	24.000–24.999	18,71
11.000–11.999	10,10	25.000–25.999	19,63
12.000–12.999	11,38	26.000–26.999	20,50
13.000–13.999	12,44	27.000–27.999	21,41
14.000–14.999	10,14	28.000–28.999	22,32
15.000–15.999	10,92	29.000–29.999	23,23
16.000–16.999	11,79	30.000–30.999	24,14
17.000–17.999	12,64	31.000 og yfir	25,05

- d. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Kílómetragjald festi- og tengivagna skv. 1. mgr. þessa staflíðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
6.000–6.999	7,63	19.000–19.999	17,31
7.000–7.999	8,01	20.000–20.999	18,24
8.000–8.999	8,36	21.000–21.999	19,29
9.000–9.999	8,73	22.000–22.999	20,51
10.000–10.999	9,28	23.000–23.999	21,49
11.000–11.999	9,62	24.000–24.999	22,46
12.000–12.999	10,83	25.000–25.999	23,55
13.000–13.999	11,85	26.000–26.999	24,59
14.000–14.999	12,17	27.000–27.999	25,70
15.000–15.999	13,10	28.000–28.999	26,79
16.000–16.999	14,15	29.000–29.999	27,87
17.000–17.999	15,18	30.000–30.999	28,96
18.000–18.999	16,08	31.000 og yfir	30,07

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er eigendum eða umráðamönnum ökutækja heimilt að velja áður en gjaldár hefst að greiða gjald sem taki mið af áætluðum kílómetrafjölda er samsvari 95.000 km akstri á gjaldárinu í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra. Velji eigandi eða umráðamaður að greiða áætlað kílómetragjald skal hann að auki greiða 100.000 kr. fast árgjald, sbr. 3. málsl. 1. mgr. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein verður ekki breytt vegna viðkomandi ökutækis eftir að gjaldár er hafið.

e. Lokamálsliður 3. mgr. fellur brott.

#### 6. gr.

C-liður 4. gr. laganna orðast svo:

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, og af eftirvögnum, sem eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skal greiða þungaskatt skv. 2. og 3. mgr. Af bifreiðum, sem eru allt að 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd, og nýttar eru í atvinnuskyni, sbr. 2. mgr. 4. gr. A, skal vikugjaldið vera 25% hærra. Af bifreiðum, sem eru 4.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, og af eftirvögnum, sem eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, og nýtt eru í atvinnuskyni skal greiða þungaskatt samkvæmt ákvæðum B-liðar.

Af ökutækjum skráðum erlendis skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem ökutækið er hér á landi sem hér segir:

Eigin þyngd ökutækis, kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.	Eigin þyngd ökutækis, kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.
Allt að 1.000	1.813	2.800–2.999	3.380
1.000–1.499	2.176	3.000–3.199	3.531
1.500–1.999	2.628	3.200–3.399	3.681
2.000–2.199	2.779	3.400–3.599	3.831
2.200–2.399	2.929	3.600–3.799	3.982
2.400–2.599	3.079	3.800–3.999	4.132
2.600–2.799	3.230		

Sé eigin þyngd ökutækis meiri en 4.000 kg skal þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku hækka um 1.000 kr. fyrir hver byrjuð 1.000 kg sem eigin þyngd er umfram 4.000 kg. Við ákvörðun þungaskatts samkvæmt þessari málsgrein reiknast brot úr viku sem heil vika.

#### 7. gr.

Í stað orðanna „lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a.m.k. 30 daga samfellt“ í 3. mgr. A-liðar 7. gr. laganna kemur: Skráningarstofunni hf. til geymslu í a.m.k. 15 daga samfellt.

#### 8. gr.

Í stað orðanna „30 daga“ í 3. mgr. B-liðar 7. gr. laganna kemur: 15 daga.

#### 9. gr.

2. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Endurákvörðun skv. 12., 14. og 15. gr. og úrskurði ríkisskattstjóra skv. 1. mgr. má skjóta til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.



## 10. gr.

Við lög in bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

- a. Gjaldskrár þungaskatts skv. A- og C-lið 4. gr. hækka um 2% 1. júlí 1999. Hækkunin nær þó ekki til ökutækja sem eru 0–1.499 kg.  
Gjaldskrá þungaskatts skv. B-lið 4. gr. hækkar um 2% 11. júní 1999, að undanskildu föstu árgjaldi skv. 3. másl. 1. mgr. B-liðar 4. gr. Hækkun gjaldsins fyrir hvern ekinn kílómetra tekur gildi strax að loknu öðru álestrartímabili sem er frá 20. maí til 10. júní 1999, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok annars álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.
- b. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. B-liðar 4. gr. er eigendum eða umráðamönnum ökutækja heimilt að velja að greiða gjald sem taki mið af áætluðum kílómetrafjölda er samsvari 63.333 km á öðru og þriðja gjaldtímabili í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra auk fasts árgjalds skv. 3. másl. 1. mgr. B-liðar 4. gr. laga þessara. Heimildin skal einungis veitt að mætt hafi verið í álestur á tímabilinu 20. janúar – 10. febrúar 1999 og umsókn borist ríkisskattstjóra fyrir 11. febrúar 1999.

## III. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.**

## 11. gr.

2. og 3. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal vörugjald af eftirfarandi ökutækjum vera sem hér greinir:

1. Eftirtalin ökutæki skulu undanþegin vörugjaldi:
  - a. Dráttarbílfreiðar að heildarþyngd 4 tonn eða meira sem gerðar eru til nota utan þjóðvega.
  - b. Snjóplógar.
  - c. Slökkvibílfreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.
  - d. Sjúkrabílfreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.
  - e. Sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota.
  - f. Bílfreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum, sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins.
  - g. Dráttarvélar til nota á lögbylum.
  - h. Beltabílfreiðar (snjóbílar), yfir 700 kg að eigin þyngd, sérstaklega ætlaðar til aksturs í snjó.
  - i. Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög.
  - j. Ökutæki sem knúin eru rafhreyfli og flutt eru inn eða smíðuð í tilraunaskyni.
  - k. Sérsmíðaðar keppnisbílfreiðar sem eru skráðar sem slíkar og einungis notaðar í skipulögðum keppnum og æfingum á vegum samtaka akstursíþróttamanna, svo og til aksturs til og frá slíkum atburðum. Skráningarkerki bílfreiðanna skulu auðkennd sérstaklega. Ráðherra setur nánari reglur um gerð og útbúnað þeirra, svo og til hvaða atburða akstursheimildin taki. Sé brotið í bága við þær reglur skal vörugjald innheimt að fullu.
2. Greiða skal 10% vörugjald af hópferðabílfreiðum sem eru skráðar fyrir 10–17 manns að meðtöldum ökumanni og eru í eigu hópferða- eða sérleyfishafa eða í fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við hópferða- eða sérleyfishafa. Gjaldið skal lækka í 5% frá 1. janúar 2000.

3. Af eftirtöldum ökutækjum skal greiða 30% vörugjald:
  - a. Ökutæki á beltum undir 700 kg sem eru sérstaklega ætluð til flutninga í snjó, á svæðum þar sem aðrar samgöngur eru erfiðleikum bundnar verulegan hluta árs.
  - b. Bifreiðar fatlaðra sem eru sérstaklega búnar til flutnings á þeim, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins.
  - c. Bifreiðar sem sérstaklega eru útbúnar og notaðar til líkflutninga.
  - d. Fólksbifreiðar sem falla í gjaldflokk II skv. 3. gr. og ætlaðar eru til útleigu hjá aðilum sem hafa tilskilin leyfi til reksturs bifreiðaleigu.
  - e. Vélsleðar í eigu fyrirtækja í ferðaþjónustu sem eingöngu eru ætlaðir til útleigu til ferðamanna eða flutnings á þeim.
4. Vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar mælt í rúmsentímetrum:

<b>Sprengirými aflvélar</b>			
<b>Flokkur</b>	<b>Bensínvélar</b>	<b>Dísilvélar</b>	<b>Gjald í %</b>
I	0–1.600	0–2.100	10
II	1.601–2.500	2.101–3.000	12
III	yfir 2.500	yfir 3.000	17

Skilyrði lækkunar vörugjalds af leigubifreiðum eru að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og hafi akstur hennar að aðalatvinnu.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði um þau ökutæki sem falla undir 2. mgr., svo sem um notkun ökutækis, búnað þess, reglur um hvað teljist vera fyrirtæki í ferðaþjónustu, sbr. e-lið 3. tölul. 2. mgr., og hvað teljist vera aðalatvinna skv. 4. tölul. 2. mgr. og ákvæði um endurgreiðslu á mismuni vörugjalds skv. 3. gr. annars vegar og 2. mgr. hins vegar ef skilyrðunum er ekki fylgt.

12. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 5. gr. laga þessara skal gjald í % vera 14 fyrir I. flokk, 16 fyrir II. flokk og 21 fyrir III. flokk á árinu 1999.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999 að undanskildum ákvæðum 3. og 5. gr. sem öðlast gildi 11. febrúar 1999. Gjaldskrár 5. gr. taka gildi strax að loknu fyrsta álestrartímabili sem er frá 20. janúar til 10. febrúar 1999, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. laga nr. 3/1987. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok fyrsta álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

## LÖG

um breytingu á lögum um tilkynningar aðsetursskipta,  
nr. 73/1952, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: 18 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

---

*Páll Pétursson.*

28. desember 1998

Nr. 153

## LÖG

um byggingarsamvinnufélög.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota á sem hagkvæmasta hátt ásamt öðrum byggingum sem teljast vera í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna. Tilgangur byggingarsamvinnufélags getur enn fremur verið eftirfarandi:

- a. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, og hlutafélögum, enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.
- b. Að útvega lán til byggingarframkvæmda þeirra sem félagið annast.

Félag, sem ákvæði þessara laga taka til, skal hafa orðið „byggingarsamvinnufélag“ í nafni sínu og jafnframt er öðrum félögum óheimilt að bera slík heiti.

2. gr.

Um félagsstofnun, skrásetningu, félagsstjórn og félagsslit byggingarsamvinnufélags fer, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga nr. 22/1991, um samvinnufélög, sjá þó 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Lágmarksfjöldi stofnenda sé 10 manns, en í sveitarfélögum með yfir 15 þúsund íbúum skal lágmarksfjöldi stofnenda vera 50 manns. Óheimilt er að skrásetja byggingarsamvinnufélag fyrr en samþykktir þess hafa verið staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Skal ráðuneytið gera fyrirmynd að samþykktum er miði m.a. að því að ákvæði um réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og byggingarflokka, svo og ákvæði um fjárhagsáætlanir og tilhögun byggingarframkvæmda, verði sem skýrust.

Ef tvö eða fleiri byggingarsamvinnufélög óska að sameinast skal stjórnnum hlutaðeigandi félaga skylt að kynna félagsmönnum á fullnægjandi hátt að tillaga um sameiningu liggi fyrir.

Tillagan skal rædd á tveimur almennum félagsfundum og skoðast samþykkt ef  $\frac{2}{3}$  atkvæðisbærra fundarmanna á síðari fundinum samþykkja tillöguna, enda séu fundirnir lögmætir samkvæmt samþykktum hlutaðeigandi félags. Nú næst ekki tilskilinn meiri hluti í öðru eða einu þeirra félaga sem í hlut á og er tillagan þá felld að því er það félag varðar.

### 3. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár á eftirfarandi hátt:

- a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið skal í samþykktum þess og sé sjóði þessum varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og byggingarframkvæmdunum sjálfum og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.
- b. Með varasjóðstillagi er nemi allt að 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Til varasjóðs skulu enn fremur renna aðrar tekjur byggingarsamvinnufélags en þær sem samkvæmt ákvæðum laga þessara renna í stofn- og rekstrarsjóð. Nánari ákvæði um ráðstöfun varasjóðs skulu sett í reglugerð.
- c. Stjórn félagsins getur ákveðið að afla félaginu fjár með frjálsu framlagi hvers félagsmanns í stofnsjóð sem nemur minnst  $\frac{1}{5}$  hluta andvirðis þess húsnæðis sem ákveðið verður að félagið komi upp fyrir hann og færist á nafn hans og er séreign hans. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar í Íbúðalánasjóði eða innlánsstofnunum. Vaxtakjör skulu vera þau sömu og eru á ársinnstæðubókum innlánsstofnana á innstæðutímum. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna endurgreiðast að viðbættum vöxtum þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki sem þeir eiga aðild að og ganga þá ásamt vöxtunum upp í byggingarkostnað. Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við það.

### 4. gr.

Byggingarsamvinnufélag skal gera byggingarsamning við félagsmenn áður en framkvæmdir hefjast. Í samningnum skal m.a. kveðið á um greiðslutilhögun, afhendingartíma og viðurlög við vanefndum. Þar skal enn fremur kveðið á um rétt félagsmanna byggingarflokksins til að fylgjast með framkvæmdum á byggingarstigi og vera með í ráðum.

Þegar nýr byggingarflokkur er stofnaður skulu þeir sem aðild eiga að honum kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum og fjárreiðum byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk og hafa rétt til að vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verkataka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar. Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur ef til eru.

Nú óska fleiri félagsmenn að gerast aðilar að byggingarsamningi en unnt er að sinna og skal þá umsækjendum ráðað eftir því í hvaða röð þeir uppfylltu skilyrði um stofnsjóðseign þannig að þeir sem fyrr uppfylltu skilyrðið gangi fyrir hinum sem fullnægðu því síðar. Næst á eftir þeim sem fullnægt hafa settum skilyrðum koma þeir sem að vísu hafa lagt í stofnsjóð en ekki enn eignast tilskilinn  $\frac{1}{5}$  hluta andvirðis húsnæðis í sjóðnum þannig að þeir sem eiga

meiri stofnsjóðseign ganga fyrir hinum sem minna eiga í stofnsjóði. Annars ganga að öðru jöfnu þeir fyrir um rétt til húsnæðis sem fyrr gengu í félagið.

Nú hættir þátttakandi í byggingarflokki við að byggja íbúð á framkvæmdatímanum eða þarf að selja íbúðina áður en fimm ár eru liðin frá lóðarúthlutun og yfirtekur þá félagið eignarhluta hans í framkvæmdunum og endurgreiðir framlag hans að viðbættum innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Skal þá sá félagsmaður sem næstur er á umsóknalista um íbúðir taka við byggingarréttinum á kostnaðarverði að viðbættum fjármagnskostnaði sem leiða kann af eigendaskiptunum.

#### 5. gr.

Byggingarsamvinnufélag annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna hlutaðeigandi byggingarflokks, þar með talda samningagerð við verktaka og aðra í sambandi við þær. Kemur stjórn félagsins fram fyrir hönd íbúðareiganda í málum sem rísa kunna í sambandi við framkvæmdirnar uns íbúðirnar hafa verið afhentar og er henni heimilt að taka að sér málarekstur á síðara stigi ef íbúðareigendur bera fram skriflega beiðni þess efnis. Kostnaður við málaferli og úrbætur telst til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlutaðeigandi byggingarflokki og skal jafnað niður á íbúðirnar eftir eignarhlutföllum. Heimilt er þó að ákveða að varasjóður félagsins taki þátt í slíkum kostnaði allt að þeirri fjárhæð sem nemur framlagi hlutaðeigandi byggingarflokks til varasjóðs.

#### 6. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags að enginn sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins megi selja hana fyrstu fimm árin frá lóðarúthlutun nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, enda hafi lokauppgjör farið fram. Söluverð íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má á fimm ára tímabilinu aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbætti verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja eða ekkill látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau félagsmenn.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur ráðherra heimilað eftir tillögu viðkomandi byggingarflokks og að fenginni umsögn stjórnar byggingarsamvinnufélags að byggingarflokkur sem heild segi sig úr félaginu. Slík úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi getur þó aldrei átt sér stað fyrr en fimm árum eftir að byggingarsamvinnufélagið hefur lokið framkvæmdum, enda hafi uppgjör byggingarflokksins farið fram og allir byggjendur hans séu skuldlausir við félagið.

Enda þótt heimild skv. 3. mgr. verði veitt geta einstakir íbúðareigendur eftir sem áður verið félagar í byggingarsamvinnufélaginu, enda komi fram sérstök viljayfirlýsing þeirra þar að lútandi.

#### 7. gr.

Íbúðalánasjóður skal vera stjórnnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra, enda komi gjald fyrir.

#### 8. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I.

Við gildistöku laga um húsnæðismál skal Íbúðalánasjóður taka við réttindum og skyldum Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna samkvæmt lögum þessum.

#### II.

Við gildistöku laga þessara skal félagsmálaráðherra láta kanna starfshætti byggingarsamvinnufélaga og eftirlit með fjármálastarfsemi slíkra félaga. Að slíkri könnun lokinni skal ráðherra vinna að endurskoðun löggjafar um byggingarsamvinnufélög.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Páll Pétursson.

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 8. gr. laganna:

- a. Við 1. tölul. bætist nýr málslíður er orðast svo: Þó skulu vextir af reikningum þar sem höfuðstóll og vextir eru bundnir til lengri tíma en 36 mánaða ekki teljast til tekna fyrr en þeir eru greiddir eða greiðslukræfir.
- b. Við bætist nýr töluliður er orðast svo: Vextir, verðbætur og önnur ávöxtun af lífeyris-sparnaði samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyris-sjóða teljast til tekna sem lífeyrir skv. A-lið 7. gr. þegar slíkar greiðslur eru greiddar út.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Til arðs telst ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa samkvæmt lögum um einkahlutafélög og lögum um hlutafélög sem hafa ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareiganda eða hluthafa í hlutafélagi og teljast því ekki til skattskyldra tekna hlutareigandans.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú er félagi slitið án þess að um sameiningu félaga sé að ræða, sbr. 56. gr., og skal þá teljast til arðs úthlutun við félagsslit sem er umfram kaupverð bréfanna. Einnig telst til arðs lækkun hlutafjár, sem er greidd út til hluthafa, umfram kaupverð. Hafi aðili eignast hlutabréfin fyrir árslok 1996 er honum heimilt að miða við upphaflegt kaupverð

hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. til ársloka 1996 eða jöfnunarverðmæti hlutabréfanna, sbr. 3. mgr. 17. gr., sé það hærra.

### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: sbr. þó 4. mgr.
- b. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Jöfnunarverðmæti hlutabréfa hjá þeim félögum sem skráð voru, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., í árslok 1996 skal vera nafnverð hlutabréfanna í árslok 1996 að viðbætti þeirri fjárhæð sem heimilt væri að gefa út af jöfnunarhlutabréfum samkvæmt þeim reglum sem giltu í árslok 1996. Hafi hlutafélag ekki gefið út jöfnunarhlutabréf eða, ef um einka-hlutafélag er að ræða, tilkynnt nýtt nafnverð til hlutafélagaskrár, eða gert skattstjóra grein fyrir útreikningi jöfnunarverðmætis í síðasta lagi í árslok 1999, skal jöfnunarverðmætið við sölu bréfanna vera nafnverð hlutabréfanna í árslok 1996. Jöfnunarverðmætið skv. 1. og 2. másl. skal árlega tilgreina á skattframtali hlutafélagsins og hlutafjármiðum.

Við sölu á hlutabréfum, sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 1996, skal skattskyldur söluhagnaður vera söluverð bréfanna að frádregnu jöfnunarverðmæti þeirra, sbr. 3. mgr., eða upphaflegu kaupverði hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. til ársloka 1996 ef það er hærra. Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra eða jöfnunarverðmæti í árslok 1996 þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr., til söluárs, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.

- c. 3. mgr. fellur brott.

### 4. gr.

Við 1. tölul. 28. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þetta á þó ekki við um þann hluta lífeyrissparnaðar sem fellur til erfingja samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

- a. 3. tölul. A-liðar orðast svo: Tekjur skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. sem skattfrjálsar eru samkvæmt sérlögum eða vinninga í happdrættum sem fengið hafa leyfi dómsmálaráðuneytisins, enda sé öllum ágóða af þeim varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkju-legrar starfsemi og ríkisskattstjóri hefur staðfest að uppfylli skilyrði þessa töluliðar.
- b. 1. tölul. B-liðar orðast svo: Fé sem varið er til aukningar á fjárfestingu í innlendum hlutabréfum á árunum 1998–2002 samkvæmt þessum tölulið.

Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við fjárfestingu á hverju ári og vera 60% af verðmæti keyþra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa, en þó aldrei hærra en 80.000 kr. hjá einstaklingi og 160.000 kr. hjá hjónum.

Til keyþra hlutabréfa skv. 2. mgr. teljast einungis hlutabréf í félögum sem uppfylla skilyrði 5. mgr. og ríkisskattstjóri hefur staðfest eða hlutabréf í félögum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands.

Það er skilyrði frádráttar skv. 1. mgr. að maður eigi viðkomandi hlutabréf yfir fimm áramót og geri árlega grein fyrir eignarhaldi þeirra. Þó skal skilyrðið um þriggja ára

eignarhaldstíma samkvæmt lögum nr. 137/1996 halda gildi sínu fyrir þá sem nutu frádráttar samkvæmt þeim lögum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Ekki skal þó beita ákvæði um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir á sama ári og eigi síðar en 30 dögum eftir sölnuna önnur hlutabréf í innlendu hlutafélagi fyrir a.m.k. sömu fjárhæð og söluverð hinna seldu hlutabréfa var og félagið uppfyllir skilyrði þessa töluliðar. Sé kaupverðið lægra skal ákvæði 3. málsl. eiga við um mismuninn. Reglur þessarar málsgreinar eiga jafnframt við um kaup og sölu hlutabréfa fyrir gildistöku laga þessara.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er bundinn því skilyrði að um sé að ræða kaup á hlutabréfum í félagi með hlutafé a.m.k. að fjárhæð 22.000.000 kr., fjöldi hluthafa sé a.m.k. 25, engar hömlur séu lagðar á viðskipti með hlutabréf félagsins og ársreikningar þess öllum aðgengilegir. Hlutafélag, sem ekki er skráð á Verðbréfafingi Íslands, skal innan fimm mánaða frá lokum hvers reikningsárs senda ríkisskattstjóra ársreikning sinn fyrir næstliðið reikningsár. Ríkisskattstjóri skal árlega veita þeim hlutafélögum staðfestingu um að skilyrðum þessa töluliðar sé fullnægt.

Ríkisskattstjóri getur heimilað frádrátt frá tekjum samkvæmt þessum tölulið þótt skilyrðum 5. mgr. hafi ekki verið fullnægt í árslok þegar um félag er að ræða sem stofnað var á árinu og fyrir liggur yfirlýsing þess um að stefnt sé að því að skilyrðum verði fullnægt innan árs frá því að sala hlutabréfa hófst. Einnig getur ríkisskattstjóri heimilað frádrátt frá tekjum samkvæmt þessum tölulið þótt skilyrðum 5. mgr. sé ekki fullnægt þegar um er að ræða starfandi hlutafélag sem er að auka hlutafé sitt eða hluthafafjölda. Til að ríkisskattstjóri veiti slíku hlutafélagi staðfestingu þarf að liggja fyrir yfirlýsing frá stjórn hlutafélagsins og gögn er geri það líklegt að skilyrðum verði fullnægt innan árs frá því að ákvörðun var tekin um hlutafjárukningu eða fjölgun hluthafa.

Reglur þessa töluliðar skulu gilda á sama hátt um samvinnuhlutabréf og stofnfjárbréf í sparisjóðum, enda sé útboð slíkra stofnfjárbréfa opið fyrir alla einstaklinga sem eiga lögheimili á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs og það staðfest af ríkisskattstjóra.

Ekki er heimilt að flytja á milli ára og nýta sem frádrátt það sem fjárfest er umfram hámark á hverju ári skv. 2. mgr. þessa töluliðar. Þetta á þó ekki við um aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri sem heimilt var að flytja á milli ára á árunum 1996 og fyrr, sbr. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 137/1996.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið heimilast frá tekjum skv. A- og B-lið 7. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessum tölulið.

#### 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. A laganna:

- a. Orðin „og því slitið“ í 1. málsl. falla brott.
- b. 2. málsl. orðast svo: Eignarhlutir hluthafa í félögunum skulu vera innbyrðis í sömu hlutföllum og eignarhlutirnir voru í því félagi sem skipt er.
- c. 4. málsl. orðast svo: Ákvæði þessarar málsgreinar eiga einnig við þegar hlutafélagi er skipt þannig að fleiri en eitt hlutafélag taka við hluta eigna og skulda í upprunalegu félagi.
- d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við skiptingu skv. 1. mgr. skiptast skattalegar skyldur og réttindi milli félaganna í sama hlutfalli og bókfært verð eigna að frádregnum skuldum sem flytjast til þeirra.



## 7. gr.

Við 57. gr. A laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við skiptingu eða sameiningu félaga er heimilt að miða uppgjör rekstrar og framtalsskil, sbr. 91. gr., félaga þeirra er skiptingin eða slitin varða við það tímamark þegar skiptingin eða slitin eiga sér stað samkvæmt samþykktum félaganna.

## 8. gr.

Á eftir 57. gr. A laganna kemur ný grein, 57. gr. B, með fyrirsögninni *Samsköttun hlutafélaga*, svohljóðandi:

Skattstjóri getur heimilað að tvö eða fleiri hlutafélög, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., séu skattlögð saman. Skilyrði samsköttunar eru að eigi minna en 90% hlutafjár í dótturfélögum sé í eigu móðurfélagsins sem óskar samsköttunar eða annarra dótturfélaga sem einnig taka þátt í samsköttuninni. Jafnframt hafi öll hlutafélögin sama reikningsár og eignarhald hafi varað allt reikningsárið, nema þegar um nýstofnuð dótturfélög er að ræða eða slit á dótturfélagi. Samsköttun skal að lágmarki standa í fimm ár og ef samsköttun er slitið er ekki heimilt að fallast á hana að nýju fyrr en að liðnum fimm árum frá því að henni var slitið.

Umsókn um samsköttun skal beint til skattstjóra í því skattumdæmi þar sem móðurfélag er heimilisfast eigi síðar en þrjátíu dögum fyrir lok framtalsfrests vegna þess tekjuárs sem óskað er eftir að verði samskattað.

Við samsköttun skal tekjuskattur af sameiginlegum tekjuskattsstofni allra hlutafélaga sem taka þátt í samsköttuninni lagður á móðurfélagið en öll hlutafélögin bera sameiginlega ábyrgð á skattgreiðslum. Þó er skattstjóra heimilt að leggja tekjuskatt á hvert og eitt félag óski hlutafélögin í samsköttun sérstaklega eftir því.

Tap sem verður á rekstri eins eða fleiri samskattaðra hlutafélaga má draga frá tekjum hinna áður en tekjuskattur er reiknaður. Þó skal viðkomandi tekjuár ávallt gert upp áður en tekið er tillit til yfirfæranlegs taps fyrri ára. Yfirfæranlegt tap hlutafélags sem stafar af rekstri frá því fyrir samsköttun má aðeins nýta í því félagi. Þó er heimilt að nýta yfirfæranlegt tap sem varð til fyrir samsköttun ef skilyrði 1. mgr. eru til staðar við gildistöku laga þessara og ef uppfyllt eru öll skilyrði 57. gr. A, um sameiningu félaga.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um samsköttun móður- og dótturfélaga, svo sem um nýtingu taps á milli félaga.

## 9. gr.

Orðin „t.d. við slit félags og lækkun hlutafjár“ í 3. málsl. 3. mgr. 67. gr. laganna falla brott.

## 10. gr.

4. málsl. 2. mgr. A-liðar 68 gr. laganna orðast svo: Af þeim persónuafslætti sem þá er óráðstafað skal  $\frac{10}{38}$  hlutum ráðstafað til að greiða tekjuskatt sem lagður er á fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 67. gr.

## 11. gr.

120. gr. laganna fellur brott.

## 12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða XXV með lögnum, sbr. ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 97/1996, orðast svo:

Gera skal grein fyrir útreikningi jöfnunarverðmætis hlutabréfa skv. 3. mgr. 17. gr. í síðasta lagi í árslok 1999. Skattstjóri skal staðfesta útreikninginn.

Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur og útbúa eyðublöð til notkunar við ákvörðun jöfnunarverðmætis.

13. gr.

Í stað orðanna „17., 30., 41.“ í ákvæði til bráðabirgða XXXVI með lögunum, sbr. f-lið 5. gr. laga nr. 65/1997, kemur: 17. gr., 2. tölul. B-liðar 30. gr., 41. gr.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu árið 1999 vegna tekna á árinu 1998. Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

## LÖG

### um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Heiti, hlutverk, aðild, stjórn og iðgjald.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda og starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í lögum þessum og samþykktum sjóðsins.

Heimilt er að skipta sjóðnum í deildir eftir fjárfestingarstefnu, eftir því hvernig ávinnslu réttinda er háttað og eftir því hvort lífeyrisréttindi eru í sameign eða séreign.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara og samþykktu sjóðsins.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Skylda til greiðslu iðgjalds nær til allra launþega og þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi frá 16 ára til 70 ára aldurs og hafa ekki fullnægt tryggingarskyldu sinni með aðild að öðrum lífeyrissjóði og greiðslu iðgjalds til hans í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

3. gr.

Fjármálaráðherra skipar sjö menn og jafnmarga varamenn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skulu tveir stjórnarmanna skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Sambands almennra lífeyrissjóða, tveir eftir tilnefningu stjórnar Landssambands lífeyrissjóða, einn eftir tilnefningu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður

sjóðstjórnar en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Fjármálaráðherra ákvarðar þóknun stjórnarmanna. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmat þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin setur honum samþykktir í samræmi við ákvæði laga þessara og ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

#### 5. gr.

Iðgjald til sjóðsins skal nema 10% af iðgjaldsstofni, sbr. 2. mgr. Sé um launþega að ræða skiptist iðgjald þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi 6%.

Iðgjald skv. 1. mgr. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar. Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 59. gr. þeirra laga.

#### 6. gr.

Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt er umfram iðgjald skv. 5. gr. og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá sjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum. Jafnframt er heimilt að kveða á um í samþykktum að hluta iðgjalds skv. 1. mgr. 5. gr. sé varið til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

#### 7. gr.

Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldshluta. Gjaldldagi iðgjalds hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar og eindagi síðasta dag sama mánaðar. Hafi ekki verið greitt á eindaga skal innheimta hæstu vanskilavexti sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum að taka frá gjaldldaga til greiðsludags. Launagreiðanda og sjálfstæðum atvinnurekanda ber að tilkynna sjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra látið af störfum.

#### 8. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að innheimta þóknun allt að 2% af iðgjaldi vegna innheimtu iðgjalda sem sjóðnum ber að innheimta í samræmi við 6. gr. laga nr. 129/1997. Heimilt er að draga þóknunina frá iðgjaldi áður en það er fært í réttindabókhald.

## II. KAFLI Lífeyrisréttindi.

### 9. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélaga eftir því sem við á ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka og börnum lífeyri í samræmi við ákvæði þessa kafla og samþykktá sjóðsins.

### 10. gr.

Hver sjóðfélagi sem orðinn er fullra 67 ára að aldri á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Heimilt er sjóðfélaga að hefja töku lífeyris áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka um tiltekið hlutfall í samræmi við tryggingafræðilegt mat fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 67 ára aldur er taka hans hefst.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris frá því sem annars yrði skv. 1. mgr. í samræmi við tryggingafræðilegt mat fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað.

### 11. gr.

Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira í samræmi við áunninn rétt fram að orkutapi, enda hafi hann greitt til sjóðsins í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.

Örorkulífeyrir skal framreiknaður samkvæmt reglum sem nánar er kveðið á um í samþykktum sjóðsins, enda hafi sjóðfélagi:

- greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. í þrjú ár á undanfarandi fjórum árum,
- greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum,
- ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða samþærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs.

Hundraðshluta orkutapsins og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og að fengnu álitu trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

Heimilt er, að fengnu álitu trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans.

Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vara í þrjú mánuði eða lengri tíma.

Í samþykktir sjóðsins skulu sett frekari ákvæði um örorkulífeyrinn, svo sem örorkumat, fjárhæð hans, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu.

### 12. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. í 24 mánuði á undanförunum 36 mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá maki hans rétt á lífeyri úr sjóðnum.

Fullur makalífeyrir skal aldrei greiddur skemur en í 24 mánuði en hafi makinn barn yngra en 19 ára á framfæri sínu, sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu, eða ef makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára, skal makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátíð var í hjúskap með sjóðfélagi, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slítið fyrir andlát sjóðfélagens. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabíl fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.

Fullur makalífeyrir skal að lágmarki vera 50% af áunnum örorkulífeyri viðkomandi sjóðfélagi við andlátíð miðað við 100% örorku.

Í samþykktum sjóðsins skulu sett frekari ákvæði um makalífeyri, svo sem um fjárhæð hans, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

### 13. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða notið elli- eða örorkulífeyris við andlátíð og eiga þá börn hans eða kjörbörn, sem hann lætur eftir sig og yngri eru en 19 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 19 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.500 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Í samþykktum sjóðsins skulu sett frekari ákvæði um barnalífeyri, svo sem um útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framfaranda barnsins.

## III. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 14. gr.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er stjórn lífeyrissjóðsins skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum hans. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

#### 15. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skulu sett í samþykktir sem stjórn sjóðsins semur og staðfestar eru af fjármálaráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Sjóðurinn skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*

## LÖG

**um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992,  
sbr. lög nr. 161/1996.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsl. 3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Í svæðisráði sitja sjö fulltrúar skipaðir af ráðherra til þess tíma er yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga kemur til framkvæmda, þó eigi lengur en til fjögurra ára.

2. gr.

1. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa, að fenginni umsögn svæðisráða, til þess tíma er yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga kemur til framkvæmda, þó eigi lengur en til fimm ára.

3. gr.

2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III með lögnum, sbr. lög nr. 161/1996, orðast svo: Áður en yfirfærsla málaflokksins kemur til framkvæmda hafi Alþingi m.a. samþykkt:
- ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taka til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þó ekki starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins,
  - breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga,
  - sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Páll Pétursson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Eftirtalin skjöl eru stimpilfrjáls:

1. Húsbréf og húsnaðisbréf.
2. Skuldabréf og víxlar sem gefin eru út af rikissjóði, enda séu bréfin skráð á skipulögðum markaði.
3. Skuldabréf og tryggingarbréf sem gefin eru út til Lánasjóðs íslenskra námsmanna samkvæmt lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.
4. Skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns samkvæmt lögum um húsnaðismál. Sama gildir um skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna lána til byggingar eða kaupa leiguhúsnaðis, sbr. VIII. kafla laga um húsnaðismál.
5. Heimildarbréf fyrir íbúð þegar viðbótarlán úr Íbúðalánasjóði, sbr. 4. tölul., er veitt til kaupa á henni.
6. Húsaleigusamningar.
7. Skjöl sem leggja höft eða bönd á kaupskip eða loftfar við skráningu, umskráningu eða afskráningu þess hérlandis, enda sé skráningin tímabundin og skipið eða loftfarið í eigu aðila sem ekki er heimilisfastur hér á landi.
8. Afsalsbréf og skjöl sem leggja höft eða bönd á kaupskip sem einkum eru ætluð til farmflutninga og rekin af skipafélögum sem stunda siglingar innan lands, að og frá landinu eða milli hafna erlendis. Skilyrði stimpilfrelsisins er að skjalið sé gefið út vegna afhendingar á skipinu úr landi eða afhendingar á skipinu til landsins.
9. Skjöl sem leggja höft eða bönd á loftfar, enda hafi eigandi loftfarsins flugrekstrarleyfi og loftfarið sé ætlað til nota í reglubundið áætlunarflug eða leiguflug innan lands eða milli landa. Skilyrði stimpilfrelsisins er að skjalið sé annaðhvort gefið út vegna sölu loftfarsins úr landi eða vegna kaupa á því.
10. Samningar landbúnaðarráðherra við bændur um kaup á greiðslumarki, um töku jarða til nytjaskógræktar eða um niðurskurð sauðfjár sem þinglýst er sem kvöðum á viðkomandi jarðir.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma falla úr gildi 17. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, og 46. gr. laga nr. 44/1998, um húsnaðismál.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

# LÖG

## um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1999.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### Um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarþóklöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingu.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.–6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 154/1995, skulu tekjur af sérstökumeignarskatti umfram 480 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1999.

### Um breytingu á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. laganna skulu ákvæði 1. og 5. mgr. 2. gr., 4. mgr. 5. gr., 6., 8. og 9. gr. laga nr. 77/1981, um dýralækna, með síðari breytingum, halda gildi sínu til 1. desember 1999 og gildistöku 4. mgr. 9. gr., 11. og 12. gr. laga nr. 66/1998 frestað til sama tíma.

### Um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfufn erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laganna skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1999 umfram 235 m.kr. renna í ríkissjóð.

### Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingu.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 161/1996, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 1999 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr. laganna.

### Um breytingu á lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, með síðari breytingu.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 15/1997, skulu tekjur af brunavarnagjaldi umfram 89 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1999.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Davíð Oddsson.*



# LÖG

## um breytingar á ákvæðum ýmissa skattalaga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Hvers konar greiðslur skv. 1.–6. tölul. þessarar greinar sem inntar eru af hendi að gengnum úrskurði stjórnvalda, dómi, dóm-sátt eða öðru samkomulagi eftir að raunverulegu launatímabili lýkur.

### II. KAFLI

#### Breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

##### 2. gr.

Í stað ártalsins „1999“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: 2004.

### III. KAFLI

#### Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

##### 3. gr.

Við 11. gr. laganna bætast sjö nýir töluliðir, 29.–35. tölul., sem orðast svo:

29. Leyfi til reksturs fjarskiptaþjónustu	80.000 kr.
30. Leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets	20.000 kr.
31. Leyfi til reksturs pósthjónustu	80.000 kr.
32. Leyfi til sjónvarps	
a. til þriggja ára	96.000 kr.
b. til fimm ára	160.000 kr.
c. til sjö ára	224.000 kr.
33. Leyfi til hljóðvarps	
a. til allt að tveggja mánaða	3.000 kr.
b. til eins árs	22.000 kr.
c. til tveggja ára	44.000 kr.
d. til þriggja ára	66.000 kr.
e. til fimm ára	110.000 kr.
34. Leyfi til útvarps á afmörkuðum svæðum, sem útvarpsréttarnefnd telur ná til innan við 10 þúsund íbúa: 50% af þeim fjárhæðum sem greinir í 32. tölul. og b–e-liðum 33. tölul.	
35. Leyfisbréf fyrir lífeyrissjóð	
a. skv. 25. gr. laga nr. 129/1997	50.000 kr.
b. skv. 52. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997	30.000 kr.
c. skv. 53. gr., sbr. V. kafla laga nr. 129/1997	10.000 kr.

## 4. gr.

Við 13. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 14. og 15. tölul., er orðast svo:

14. Skráning póstrekenda .....	10.000 kr.
15. Skráning aðila sem veita fjarskiptaþjónustu .....	10.000 kr.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. 1. tölul. orðast svo:
1. Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir 18–66 ára:
    - a. Almennt gjald ..... 4.600 kr.
    - b. Fyrir skyndiútgáfu ..... 9.200 kr.
    - c. Fyrir neyðarvegabréf ..... 2.300 kr.
  - b. 2. tölul. orðast svo:
    2. Fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda fyrir aðra:
      - a. Almennt gjald ..... 1.700 kr.
      - b. Fyrir skyndiútgáfu ..... 3.400 kr.
      - c. Fyrir neyðarvegabréf ..... 850 kr.
  - c. Við greinina bætast tveir nýir töluliðir sem orðast svo:
    15. Fyrir ökuskírteini (fullnaðarskírteini) fyrir flokkana A, B, BE, C, CE, D og DE og til farþegaflutninga í atvinnuskyni ..... 3.500 kr.
    16. Fyrir bráðabirgðaökuskírteini, ökuskírteini 65 ára og eldri og ökuskírteini fyrir flokkana M og T ..... 2.000 kr.

## IV. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.**

## 6. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Tekjum af bensínjaldi skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun, að frá-dregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við álagningu og inn-heimtu gjaldsins.

## V. KAFLI

**Gildistaka.**

## 7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999, að undanskilinni 2. gr. laganna sem öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Geir H. Haarde.*

## LÖG

um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna,  
nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Orðin „og ungmennum“ í 1. málsl. 1. mgr. og „eða ungmenni“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað 4. málsl. 1. mgr. koma tveir málsliðir sem orðast svo: Skal barnaverndarstarfi hagað þannig að það stuðli að stöðugleika í uppvexti barna. Börn skulu njóta réttinda í samræmi við aldur og þroska.
- c. 2. mgr. orðast svo:  
Með börnum er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 18 ára aldurs.

2. gr.

Orðin „og ungmennum“ í 2. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Orðin „og ungmenni“ og „og ungmenna“ í 3. og 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Orðin „og ungmennum“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
- b. Orðin „og ungmenna“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
- c. Orðin „eða ungmennis“ í 2. málsl. 3. mgr. falla brott.

5. gr.

Orðin „og ungmennum“ í 2. málsl. 5. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 3. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

7. gr.

Orðin „og ungmenna“ í 3. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. Orðin „og ungmenna“ og „eða ungmenna“ í 1. mgr. og „og ungmenna“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.*

9. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna falla brott.

## 10. gr.

Orðin „og ungmenna“ í 1. og 2. mgr. 16. gr. laganna falla brott.

## 11. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 4. málsl. 17. gr. laganna falla brott.

## 12. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í b-lið 1. mgr. og „eða ungmenna“ í 1. málsl. 2. mgr. 18. gr. laganna falla brott.

## 13. gr.

Orðin „og ungmenni“ í 1. málsl. 20. gr. laganna falla brott.

## 14. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. og c-lið 1. mgr. 21. gr. laganna falla brott.

## 15. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 22. gr. laganna:

- a. Orðin „eða ungmenni“ í 1. mgr. falla brott.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir er barnaverndarnefnd heimilt í samráði við foreldra að vista barn til meðferðar og rannsóknar á viðeigandi stofnun eða heimili. Vistun skal ávallt vera tímabundin og eigi standa lengur en þörf krefur. Hún skal sæta endurskoðun eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Ef vistun er gegn vilja barns sem orðið er 12 ára skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta og rétt er að gefa barni undir 12 ára aldri kost á að tjá sig með sama hætti ef það þykir hafa aldur og þroska til eða óski barnið þess, sbr. 43. gr. a.

- c. 3. mgr. fellur brott.

- d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skylda barnaverndarnefndar við börn í hættu vegna eigin hegðunar.*

## 16. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 23. gr. laganna:

- a. Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðanna „sbr. 3. mgr. 46. gr.“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: sbr. 43. gr. a.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skylda barnaverndarnefndar við barn sem verður fyrir áreitni, ofbeldi eða öðrum afbrotum.*

## 17. gr.

Í stað orðanna „sbr. 2. mgr. 27. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984“ í 1. málsl. 26. gr. laganna kemur: samkvæmt ákvæðum lögræðislaga.

## 18. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 3. mgr. 27. gr. laganna kemur: 18 ára.

## 19. gr.

Orðin „eða ungmenni“ og „eða ungmenninu“ í 1. málsl. 28. gr. laganna falla brott.

## 20. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart einstökum börnum og fjölskyldum þeirra.**

## 21. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 1. mgr. og „og ungmenna“ í 2. mgr. 32. gr. laganna falla brott.

## 22. gr.

Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. 37. gr. laganna falla brott.

## 23. gr.

Orðin „eða ungmennis“ hvarvetna í 43. gr. laganna falla brott.

## 24. gr.

Við lögin bætist ný grein, 43. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Réttindi barns við málsmeðferð.*

Veita ber barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar og taka skal réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn máls, allt í samræmi við aldur og þroska barnsins.

Ávallt skal veita barni 12 ára og eldra kost á að tjá sig um mál.

Barnaverndarnefnd ber að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess ef þörf krefur.

## 25. gr.

Orðið „ungmennum“ í 1. málsl. 1. mgr. 45. gr. laganna fellur brott.

## 26. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 46. gr. laganna:

- a. Orðin „eða ungmennis“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað 2. og 3. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:  
Um réttindi barns við málsmeðferð gilda ákvæði 43. gr. a.

## 27. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 51. gr. laganna:

- a. Orðin „eða unglinga“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðanna „fyrir unglinga“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: fyrir börn.
- c. Orðin „og ungmenni“ í 1. málsl. 1. mgr., „og ungmenni“ í 1. málsl. 4. mgr. og „og ungmennum“ í 5. mgr. falla brott.
- d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Heimili fyrir börn.*

## 28. gr.

Orðin „og ungmenni“ í 2. mgr. 53. gr. laganna falla brott.

## 29. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 54. gr. laganna:

- a. Orðin „eða ungmenni“ í 1. málsl. og „og ungmenna“ í 2. málsl. falla brott.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Eftirlit með vinnu barna.*

## 30. gr.

Orðin „og ungmenna“ í 1. málsl. og „eða ungmennum“ í 2. málsl. 55. gr. laganna falla brott.

## 31. gr.

Í stað orðsins „ungmennum“ í 1. málsl. 56. gr. laganna kemur: börnum.

## 32. gr.

Eftirtalдар breytingar verða á 58. gr. laganna:

- a. Orðin „eða ungmennum“ í 1. másl. 2. mgr. og 4. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðsins „Ungmenni“ í 3. mgr. kemur: Börn.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Aðgangur barna að dansleikjum og öðrum skemmtunum.*

## 33. gr.

Orðin „eða ungmennis“ í 60. gr. laganna falla brott.

## 34. gr.

Orðin „eða ungmenni“ hvarvetna í 61.–66. gr. laganna falla brott.

## 35. gr.

Heiti laganna verður: **Barnaverndarlög.**

## 36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu lög nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995, halda gildi sínu gagnvart ungmennum, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra laga, sem fædd eru fyrir 1. janúar 1982.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Páll Pétursson.

**LÖG****um húsnæðissamvinnufélög.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

**Gildissvið og orðskýringar.**

## 1. gr.

*Gildissvið.*

Lög þessi taka til félaga sem rekin eru að hætti samvinnufélaga og hafa að markmiði að byggja, eiga og hafa yfirumsjón með rekstri íbúðarhúsnæðis sem félagsmönnum þeirra er látið í té sem íbúðir með búseturétti sem tryggir þeim ótímabundin afnot af þeim gegn greiðslu búseturéttargjalds.

Markmið félaga skv. 1. mgr. skal jafnframt vera að eiga aðild að félögum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt lögnum um samvinnufélög, og hlutafélögum, þar með töldum einkahlutafélögum, enda standi slík félög að verkefnum sem teljast mikilvæg fyrir starfsemi húsnæðissamvinnufélaga.

Félag sem ákvæði þessara laga taka til skal hafa orðið *húsnæðissamvinnufélag* sem skammstafa má *hsf.* í nafni sínu. Jafnframt er öðrum óheimilt að bera slíkt heiti.

## 2. gr.

### *Orðskýringar.*

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Búsetuíbúð* er íbúð í eigu húsnæðissamvinnufélags.
2. *Búseturéttur* er ótímabundinn afnotaréttur félagsmanns í húsnæðissamvinnufélagi af búsetuíbúð.
3. *Búseturéttthafi* er félagsmaður í húsnæðissamvinnufélagi sem öðlast hefur búseturétt.
4. *Búsetusamningur* er samningur félagsmanns í húsnæðissamvinnufélagi við félagið um búseturétt.
5. *Búseturéttargjald* er það gjald sem félagsmaður í húsnæðissamvinnufélagi greiðir til þess að öðlast búseturétt.
6. *Búsetugjald* er það gjald sem búseturéttthafi greiðir vegna rekstrar-, viðhalds- og fjármagnskostnaðar af búsetuíbúð.
7. *Búsetufélag* er félag búseturéttthafa í ákveðnum byggingaráfanga eða á ákveðnu svæði sem sér um rekstur búsetuíbúða og starfar innan húsnæðissamvinnufélagsins.
8. *Húsnæðissamvinnufélag* er samvinnufélag sem á og hefur yfirumsjón með rekstri íbúða sem það hefur byggt eða keypt til þess að veita félagsmönnum sínum búseturétt gegn greiðslu búseturéttargjalds.

## II. KAFLI

### **Félagsstofnun og búseturéttur.**

## 3. gr.

### *Félagsstofnun.*

Um félagsstofnun, skráningu, félagsstjórn, endurskoðun og félagsslit húsnæðissamvinnufélags, svo og önnur atriði sem lög þessi kveða ekki sérstaklega á um, skal eftir því sem við getur átt fara eftir ákvæðum laga um samvinnufélög á hverjum tíma.

Áður en skráning húsnæðissamvinnufélags fer fram skulu samþykktir þess staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Ráðuneytið skal gera fyrirmynd að samþykktum er miði meðal annars að því að tryggja réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og búsetufélaga. Í samþykktum þessum skulu einnig vera ákvæði sem stuðla að því að fjármál félagsins, tilhögun framkvæmda og rekstur verði sem skýrust.

## 4. gr.

### *Stofnun búseturéttar.*

Félagsmenn öðlast rétt til að fá keyptan búseturétt í þeirri röð sem þeir ganga í húsnæðissamvinnufélagið, enda greiði þeir ákveðna fjárhæð í stofnsjóð félagsins, sbr. d-lið 16. gr.

Hafi húsnæðissamvinnufélagi verið veitt lán vegna viðkomandi íbúðar á grundvelli laga um húsnæðismál og reglugerða settra samkvæmt þeim skal félagsmaður jafnframt uppfylla skilyrði sem þar eru sett.

Þegar félagsmaður notfærir sér rétt sinn til kaupa á búseturétti ber honum að inna búseturéttargjald af hendi, sbr. 5. gr. Geri hann það ekki innan tilskilins tíma gengur rétturinn til næsta félagsmanns, sbr. 1. mgr.

Búseturétt geta þeir einir eignast eða keypt sem eru orðnir fjárráða.

#### 5. gr.

##### *Búseturéttargjald.*

Búseturéttargjald vegna íbúðar sem ráðstafað er í fyrsta sinn ákvarðast annars vegar af byggingarkostnaði hennar eða kaupverði og hins vegar af lánsfé til langs tíma.

Stjórn húsnæðissamvinnufélags ákveður fjárhæð búseturéttargjalds, sbr. 1. mgr., og hve-  
nær það skuli innt af hendi.

Gangi búseturéttur kaupum til annars félagsmanns skal miða búseturéttargjald við upprunalegt verð, að teknu tilliti til kostnaðar seljanda vegna endurbóta, en draga frá kostnað vegna vanrækslu á viðhaldi.

Húsnæðissamvinnufélagi er heimilt að kveða á um í samþykktum sínum að við ákvörðun búseturéttargjalds við endursölu skv. 3. mgr. skuli taka mið af hækkunum samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

#### 6. gr.

##### *Búseturéttur.*

Búseturéttur veitir félagsmanni ótímabundinn afnotarétt yfir íbúð, enda standi hann skil á gjöldum til félagsins af íbúðinni. Brjótí félagsmaður gegn lögum, reglugerðum eða samþykktum um húsnæðissamvinnufélög eða búsetufélög má svipta hann afnotarétti yfir íbúðinni. Gefa skal félagsmanni eina skriflega viðvörðun áður en til slíks kemur.

Enginn einstaklingur getur átt nema einn búseturétt og enginn getur átt búseturétt nema hann búi jafnframt í því íbúðarhúsnæði sem búseturéttinum fylgir, sbr. þó ákvæði 7. gr. um ráðstöfun búseturéttar og 14. gr. um framleiðu samkvæmt sérstökum reglum. Eigandi búseturéttar er að jafnaði einn nema um hjón sé að ræða eða einstaklinga sem hafa haft sameiginlegt heimilishald í a.m.k. tvö ár.

Nú óskar ríki, sveitarfélag eða almennasamtök eftir að fá að ráðstafa búseturétti yfir einni eða fleiri íbúðum húsnæðissamvinnufélags og skal þá erindi um slíka ráðstöfun koma frá félagsmálaráðuneytinu og þess gætt að með þeim hætti verði ekki ráðstafað meira en 20% íbúða félagsins.

#### 7. gr.

##### *Ráðstöfun búseturéttar.*

Réttur búseturéttshafa til íbúðar er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Húsnæðissamvinnufélagið getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð færist yfir til maka við andlát félagsmanns, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi. Sá sem þannig eignast búseturétt eignast um leið aðild að húsnæðissamvinnufélaginu í stað fyrri búseturéttshafa, enda notfæri hann sér réttinn og búi í íbúð hjá félaginu.

Hafi húsnæðissamvinnufélagi verið veitt lán vegna viðkomandi íbúðar á grundvelli laga um húsnæðismál og reglugerða settra samkvæmt þeim skal félagsmaður jafnframt uppfylla skilyrði sem þar eru sett.

#### 8. gr.

##### *Vanskil félagsmanns.*

Búseturéttargjald stendur sem trygging fyrir skilvísri greiðslu búsetugjalds, sbr. 10. gr. Búseturéttshafa er óheimilt að veðsetja búseturétt sinn.



Komi til meiri háttar vanskila félagsmanns missir hann rétt sinn til húsnæðisins, enda hafi skil ekki borist þrátt fyrir ítrekaða viðvörðun. Stjórn húsnæðissamvinnufélagsins tekur ákvörðun um að vísa félagsmanni úr húsnæðinu að fenginni tillögu frá búsetufélagi.

Nánari reglur um búseturétt skulu settar með reglugerð.

### III. KAFLI Búsetufélög.

#### 9. gr.

##### *Stofnun búsetufélags.*

Þegar hafnar eru framkvæmdir við byggingu nýrra íbúða skal stjórn húsnæðissamvinnufélags sjá til þess að búseturéttihafar geti fylgst með framkvæmdum á byggingarstigi og verið með í ráðum.

Þegar lokið er framkvæmdum við byggingu íbúða á ákveðnu svæði skulu þeir sem þar hafa keypt sér búseturétt mynda með sér búsetufélag. Einnig er heimilt að stofna búsetufélag fyrir eða fljótlega eftir úthlutun óski búseturéttihafar í tilteknu húsi eða á tilteknu svæði eftir því. Stjórn húsnæðissamvinnufélags skal fjalla um og taka afstöðu til slíkra óska.

Óski búseturéttihafar í tilteknum byggingaráfanga, þar sem íbúðir eru tíu eða færri, ekki eftir að mynda sérstakt búsetufélag fer stjórn húsnæðissamvinnufélagsins með þau verkefni sem annars væru í höndum búsetufélagsins, en byggingaráfanginn skal hafa sjálfstæðan fjárhag. Óski meiri hluti búseturéttihafa í byggingaráfanganum eftir stofnun sérstaks búsetufélags skal stjórn húsnæðissamvinnufélags verða við því.

Búsetufélag hefur aðskilinn fjárhag og setur sér við stofnun samþykktir um réttindi, fjármál og ábyrgð, bæði gagnvart félagsmönnum þess og gagnvart húsnæðissamvinnufélaginu. Þessar samþykktir þarf húsnæðissamvinnufélag og félagsmálaráðuneytið að staðfesta. Félagsmálaráðuneytið setur reglur um form fyrir samþykktir búsetufélaga.

#### 10. gr.

##### *Ábyrgð búsetufélags og búsetugjald.*

Búsetufélag ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi mannvirkja og innheimtir öll gjöld hjá félagsmönnum sínum vegna rekstrarkostnaðar, viðhalds og fjármagnskostnaðar. Þessir gjaldaliðir eru sameinaðir í eitt gjald, búsetugjald.

Fjárhæð búsetugjalds hverju sinni ákveður stjórn búsetufélagsins á grundvelli áætlunar um þá gjaldaliði sem nefndir eru í 1. mgr. Ákvörðun um fjárhæð búsetugjalds getur hver félagsmaður skotið til úrskurðar stjórnar húsnæðissamvinnufélags.

Búsetufélag ábyrgist full skil til húsnæðissamvinnufélags á fjármagnskostnaði af íbúðum þar sem húsnæðissamvinnufélagið er eigandi þeirra.

Búsetufélag skal skila staðfestum og samþykktum ársreikningum til húsnæðissamvinnufélags fyrir 1. júlí ár hvert.

#### 11. gr.

##### *Veðsetning íbúða.*

Stjórn húsnæðissamvinnufélags getur án samþykkis búsetufélags veðsett íbúðir fyrir lán-um sem tekin eru til byggingar eða kaupa á þeim.

Óheimilt er að veðsetja íbúðirnar fyrir en áhvílandi lán Íbúðalánasjóðs eða lán sem sjóðurinn hefur yfirtekið samkvæmt eldri lögum eru orðin lægri en 75% af uppfærðu verði þeirra.

Stjórn búsetufélags þarf að samþykkja veðsetningar vegna lána sem tekin kunna að verða síðar til endurbóta og viðhalds á fasteignum. Með reglugerð má takmarka þær veðsetningarheimildir.

## IV. KAFLI

**Réttindi og skyldur búseturéttthafa.**

## 12. gr.

*Búsetusamningur.*

Hver sá sem hefur fengið keyptan búseturétt skal gera búsetusamning við húsnæðissamvinnufélagið sem hann er félagsmaður í. Samningurinn er óuppsægjanlegur af hálfu húsnæðissamvinnufélagsins nema búseturéttthafi geri sig sekan um grófar vanefndir á skyldum sínum, svo sem vegna áberandi vanhirðu eða endurtekinnna vanskila. Uppsagnarfrestur af hálfu búseturéttthafa er hins vegar sex mánuðir. Áður en sá tími er liðinn þarf að liggja fyrir nýr búsetusamningur við þann félagsmann sem næstur er í röðinni um endurúthlutun. Sé enginn slíkur félagsmaður hefur seljandi búseturéttar heimild til að benda á nýjan félagsmann sem fullnægir skilyrðum laganna. Takist hvorugt innan sex mánaða er húsnæðissamvinnufélaginu heimilt að fresta endurgreiðslu á andvirði búseturréttar í allt að sex mánuði frá lokum uppsagnarfrests og skal fullnaðargreiðsla til seljanda búseturéttar eiga sér stað í síðasta lagi innan tólf mánaða frá uppsögn búsetusamnings. Um endurgreiðslu andvirðis búseturéttar fer að öðru leyti eftir því sem segir í 13. gr. laga þessara.

Búsetusamningur skal vera í samræmi við lög þessi og reglugerðir sem settar eru með heimild í þeim. Hann skal einnig samrýmast samþykktum búsetufélags sem félagsmaðurinn er í og húsnæðissamvinnufélagsins. Félagsmálaráðuneytið skal láta gera sérstök eyðublöð fyrir búsetusamninga.

Í búsetusamningi skal kveðið á um uppsögn og riftun, afhendingu íbúðar, viðhald og viðhaldssjóð, greiðslu rekstrarkostnaðar og fjármagnskostnaðar, umgengnisreglur og réttindi, tryggingu fyrir greiðslum, framleigu, ráðstöfun búseturéttar við andlát, hjúskaparslit o.fl. Í búsetusamningi skulu einnig vera ákvæði um úttekt og mat á íbúðinni.

## 13. gr.

*Endurgreiðsla andvirðis búseturéttar.*

Hætti búseturéttthafi afnotum af íbúð skal andvirði búseturéttarins endurgreitt honum í samræmi við fyrirmæli 3. og 4. mgr. 5. gr. og að gættum ákvæðum 1. mgr. 12. gr.

Í samþykktum húsnæðissamvinnufélaga skal kveðið á um hvernig hagað skuli mati og úttektum á búsetuíbúðum, þar á meðal vegna endurbóta og vanrækts viðhalds. Nái aðilar búsetusamnings ekki samkomulagi á grundvelli þeirra reglna skal fara eftir ákvæðum gildandi húsaleigulaga um úttektir og mat á leiguhúsnæði, eftir því sem við getur átt.

Takist ekki að úthluta búseturétti til nýs félagsmanns innan þess tíma sem ákveðinn er í 1. mgr. 12. gr. getur félagið fengið kostnað sinn við að endurúthluta búseturéttinum bættan úr varasjóði, sbr. c-lið 16. gr. Á sama hátt getur húsnæðissamvinnufélag fengið greitt úr varasjóði kostnað við að endurákvarða búseturéttargjald til síðari félagsmanna.

Í samþykktum skal nánar mælt fyrir um rétt húsnæðissamvinnufélags til þess að fá tjön sitt bætt skv. 3. mgr.

## 14. gr.

*Framleiga.*

Ekki er heimilt að framleigja íbúð með búseturétti nema með samþykki stjórnar húsnæðissamvinnufélags. Óski búseturéttthafi eftir því að íbúðin verði framleigð öðrum skal stjórn húsnæðissamvinnufélags gefa svar innan 30 daga. Framleiga er ekki heimil nema búseturéttthafi hafi brýna þörf fyrir það, svo sem vegna tímabundins starfs eða náms annars staðar. Leigutími skal þá vera í mesta lagi eitt ár í einu. Leigusamningur, semeigi er áritaður

af húsnæðissamvinnufélagi, er ógildur. Nú verður leigjandi fyrir tjóni sökum ógilds leigusamnings og er þá leigusali bótaskyldur.

Húsnæðissamvinnufélag getur rift leigusamningi sem er ógildur samkvæmt ákvæðum 1. mgr. og krafist útburðar leigjanda.

15. gr.

*Viðhaldssjóður.*

Félagsmenn í búsetufélagi skulu leggja reglulega fé í viðhaldssjóð sem aðalfundur búsetufélags ákveður gjöld til hverju sinni. Aðalfundur húsnæðissamvinnufélags getur þó ákveðið lágmarksgjald í viðhaldssjóð. Framlag í viðhaldssjóð er hluti búsetugjalds skv. 10. gr.

Með viðhaldssjóði skal standa straum af viðhaldi fasteignar utan húss, sem búsetufélagið annast, og viðhaldi íbúða sem búseturéttahafi hvernar íbúðar annast og ber ábyrgð á. Félagismaður fær fé úr viðhaldssjóðnum til viðhalds íbúðar sinnar samkvæmt nánari reglum þar um sem aðalfundur búsetufélagsins setur.

V. KAFLI

**Fjármál.**

16. gr.

*Fjáröflun.*

Húsnæðissamvinnufélagi skal aflað fjár sem hér segir:

- a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið skal á aðalfundi samkvæmt samþykktum þess. Sjóði þessum skal varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi.
- b. Með lánum úr Íbúðalánasjóði samkvæmt lögum um húsnæðismál og með öðrum lánum á almennum markaði. Íbúðum, sem húsnæðissamvinnufélögum er veitt lán til samkvæmt þessum staflið, skal skila fullgerðum til félagsmanna.
- c. Með framlagi í varasjóð sem nema skal 1% af byggingarkostnaði hvernar íbúðar. Í varasjóð rennur enn fremur árlegt framlag af óskiptum tekjum félagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar.
- d. Með inntökugjöldum félagsmanna sem leggjast í stofnsjóð félagsins, sbr. 1. mgr. 4. gr. Stjórn félagsins getur ákveðið að framlög félagsmanna, eða hluti framlaga þeirra, til kaupa á búseturétti renni í stofnsjóð sem séreign hvers félagsmanns. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar á reikningi hjá viðurkenndri lánastofnun. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanns endurgreiðast að viðbættum vöxtum og verðbótum þegar búseturéttargjald er greitt. Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu eða brottflutning af félagssvæðinu, enda hafi félagismaður fullnægt öllum skuldbindingum við félagið.
- e. Með gjöldum fyrir veitta þjónustu við félagsmenn og aðra sem renna í rekstrarsjóð samkvæmt nánari ákvörðun aðalfundar.

17. gr.

*Kvaðir.*

Húsnæðissamvinnufélögum er óheimilt að selja íbúðir sínar á meðan á þeim hvíla lán Íbúðalánasjóðs eða lán sem sjóðurinn hefur yfirtekið samkvæmt eldri lögum.

VI. KAFLI  
Ýmis ákvæði.

18. gr.

*Setning reglugerðar.*

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum.

20. gr.

*Gildistaka og lagaskil.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Samþykktir sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest fyrir húsnæðissamvinnufélög og einstök búsetufélög í tíð eldri laga um Húsnæðisstofnun ríkisins halda gildi sínu.

Búsetusamningar sem gerðir hafa verið á grundvelli eldri laga um Húsnæðisstofnun ríkisins halda gildi sínu.

Við gildistöku laga þessara skulu húsnæðissamvinnufélög endurskoða samþykktir sínar m.a. með hliðsjón af ákvæðum 5. og 13. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

**I.**

Við gildistöku laga um húsnæðismál skal Íbúðalánasjóður yfirtaka öll eldri lán sem Byggingarsjóður verkamanna og eftir atvikum Byggingarsjóður ríkisins hafa veitt til húsnæðissamvinnufélaga vegna búsetuíbúða, ásamt þeim réttindum og skyldum sem slíkum lánnum fylgja.

**II.**

Við endurgreiðslu búseturéttargjalds til þeirra er gert hafa búsetusamning fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 13. gr., skal enn fremur gæta ákvæða 6. mgr. 76. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Páll Pétursson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 26 – 1998

29. desember 1998

525

Nr. 162

## FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1998.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### A-hluti Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1998, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar- grunnur	Sjóðs- hreyfingar
<b>Skatttekjur</b> .....	<b>9.104,0</b>	<b>9.487,0</b>
Skattar á tekjur og hagnað .....	2.119,0	2.536,0
Tryggingagjöld.....	651,0	639,0
Eignarskattar .....	-16,0	-112,0
Skattar á vörur og þjónustu .....	6.350,0	6.424,0
Aðrar rekstrartekjur .....	107,0	57,0
Sala eigna .....	-121,0	-121,0
<b>Tekjur samtals</b> .....	<b>9.090,0</b>	<b>9.423,0</b>
Æðsta stjórn ríkisins.....	14,3	14,3
Forsætisráðuneyti .....	204,8	204,8
Menntamálaráðuneyti.....	574,4	574,4
Utanríkisráðuneyti.....	340,6	340,6
Landbúnaðarráðuneyti .....	415,5	415,5
Sjávarútvegsráðuneyti.....	64,3	64,3
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti .....	365,5	365,5
Félagsmálaráðuneyti .....	334,5	334,5
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti .....	1.621,5	1.596,5
Fjármálaráðuneyti .....	10.547,7	1.355,7
Samgönguráðuneyti .....	433,6	464,6
Iðnaðarráðuneyti .....	54,5	54,5
Viðskiptaráðuneyti .....	15,8	15,8
Umhverfissráðuneyti .....	129,0	129,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs.....	-400,0	-1.150,0
<b>Gjöld samtals</b> .....	<b>14.716,0</b>	<b>4.780,0</b>
<b>Tekjujöfnuður</b> .....	<b>-5.626,0</b>	

## A-hluti

### Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Eftirtalдар breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1998:

m.kr.

#### **Rekstrarhreyfingar**

Tekjujöfnuður.....	-5.626,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi .....	9.994,0
Fjárheimildir sem ekki leiða til gjaldfærslu í reikninga ársins.....	1.288,0
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting) .....	1.202,0
Viðskiptaskuldir, (breyting).....	-6,0
<b>Handbært fé frá rekstri .....</b>	<b>6.852,0</b>

#### **Fjármunahreyfingar**

Veitt löng lán.....	2.485,0
Afborganir veittra lána .....	3.380,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög.....	-600,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta.....	-1.900,0
<b>Fjármunahreyfingar samtals .....</b>	<b>3.365,0</b>
<b>Hreinn lánsfjárjöfnuður .....</b>	<b>10.217,0</b>

#### **Fjármögnun**

Tekin löng lán .....	7.450,0
Afborganir lána .....	-9.698,0
<b>Fjármögnun samtals .....</b>	<b>-2.248,0</b>
<b>Breyting á handbæru fé.....</b>	<b>7.969,0</b>

Ýmis ákvæði  
**Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir**

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 1998:

6. Ýmis ákvæði.

- 1.1 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:
  - a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;
  - b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;
  - c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta, eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.
- 6.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 6.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lána-sýslu ríkisins.

Ýmis ákvæði

## Heimildir

4. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1998:

- 8.21 Að semja við Reykjavíkurborg um yfirtöku núverandi hluta Íþróttasambands Íslands í Laugardalshöll, Laugardal, í tengslum við niðurfellingu 40 m.kr. skuldar sambandsins við Endurlán ríkissjóðs.



m.kr.

Rekstrar-  
grunnurGreiðslu-  
grunnur

Sundurliðun 1  
**Tekjur A-hluta**

<b>I</b>	<b>Skatttekjur</b>		
<b>1</b>	<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla . . . . .	1.799,0	2.225,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur . . . . .	-30,0	11,0
1.1.5.1	Skattar á söluhagnað, arð og vaxtatekjur . . . . .	350,0	300,0
	<b>Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga . . . . .</b>	<b>2.119,0</b>	<b>2.536,0</b>
	<b>Skattar á tekjur og hagnað . . . . .</b>	<b>2.119,0</b>	<b>2.536,0</b>
<b>2</b>	<b>Tryggingagjöld</b>		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt . . . . .	590,0	603,0
2.4	Tryggingagjöld, ótalin annars staðar . . . . .	61,0	36,0
	<b>Tryggingagjöld . . . . .</b>	<b>651,0</b>	<b>639,0</b>
<b>4</b>	<b>Eignarskattar</b>		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar . . . . .	134,0	38,0
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé . . . . .	30,0	30,0
4.4.1	Stimpilgjöld . . . . .	-180,0	-180,0
	<b>Eignarskattar . . . . .</b>	<b>-16,0</b>	<b>-112,0</b>
<b>5</b>	<b>Skattar á vörur og þjónustu</b>		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur, nettó . . . . .	5.774,0	5.924,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum . . . . .	86,0	85,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu . . . . .	15,0	-10,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum . . . . .	322,0	321,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni . . . . .	-200,0	-204,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni . . . . .	0,0	3,0

m.kr.		Rekstrar- grunnur	Greiðslu- grunnur
5.1.2.1.50	Áfengisgjald . . . . .	113,0	115,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld . . . . .	150,0	72,0
5.1.2.20.1	Skemmtanaskattur . . . . .	0,0	-20,0
	<b>Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu . . . . .</b>	<b>6.260,0</b>	<b>6.286,0</b>
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld . . . . .	0,0	17,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur . . . . .	85,0	116,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld . . . . .	5,0	5,0
	<b>Neyslu- og leyfisgjöld . . . . .</b>	<b>90,0</b>	<b>138,0</b>
	<b>Skattar á vörur og þjónustu . . . . .</b>	<b>6.350,0</b>	<b>6.424,0</b>
	<b>Skatttekjur, samtals . . . . .</b>	<b>9.104,0</b>	<b>9.487,0</b>

## II Aðrar rekstrartekjur

### 8 Arðgreiðslur, leigutekjur

8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum . . . . .	113,0	111,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum . . . . .	16,0	16,0
	<b>Arðgreiðslur og leigutekjur frá öðrum opinberum aðilum . . . . .</b>	<b>129,0</b>	<b>127,0</b>
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum . . . . .	-81,0	-150,0
	<b>Arðgreiðslur, leigutekjur . . . . .</b>	<b>48,0</b>	<b>-23,0</b>

### 10 Sektir

10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasetkir . . . . .	59,0	80,0
	<b>Aðrar rekstrartekjur, samtals . . . . .</b>	<b>107,0</b>	<b>57,0</b>

m.kr.		Rekstrar- grunnur	Greiðslu- grunnur
<b>III</b>	<b>Sala eigna</b>		
<b>13</b>	<b>Sala varanlegra rekstrarfjármuna, þ.m.t. söluhagnaður</b>		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa .....	-121,0	-121,0
	<b>Sala eigna, samtals .....</b>	<b>-121,0</b>	<b>-121,0</b>
	<b>Heildartekjur samtals</b>	<b>9.090,0</b>	<b>9.423,0</b>

## Sundurliðun 2

**Fjármál ríkisaðila í A-hluta****00 Æðsta stjórn ríkisins****00-101 Embætti forseta Íslands**

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn ..... 3,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 3,5

**00-201 Alþingi**

Almennur rekstur:

1.04 Alþjóðasamstarf ..... 2,3

1.06 Almennur rekstur ..... 8,5

Almennur rekstur samtals ..... 10,8

**Gjöld samtals ..... 10,8**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 10,8

**00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur ..... 14,3****Greitt úr ríkissjóði ..... 14,3****Hlutdeild í ríkistekjum ..... 0,0****Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

## 01 Forsætisráðuneyti

### 01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn ..... 5,8

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 5,8

### 01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni ..... 49,5

1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga ..... 1,0

1.23 Hrafseyri ..... 3,0

1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku ..... 4,0

1.53 Landafundanefnd ..... 13,5

1.90 Ýmis verkefni ..... 7,5

1.91 Heimssýning í Lissabon ..... 17,0

Almennur rekstur samtals ..... 95,5

**Gjöld samtals ..... 95,5**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 95,5

### 01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Viðhaldsverkefni:

5.20 Stjórnarráðshús ..... 19,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 19,0

### 01-211 Þjóðhagsstofnun

Almennur rekstur:

1.01 Þjóðhagsstofnun ..... 4,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 4,5

m.kr.

**01-221 Byggðastofnun**

Stofnkostnaður:

6.01 Byggðastofnun ..... 45,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 45,0

**01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**

Stofnkostnaður:

6.01 Nýframkvæmdir ..... 25,0

6.21 Fasteignir ..... 10,0

Stofnkostnaður samtals ..... 35,0

**Gjöld samtals ..... 35,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 35,0

**01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... 204,8****Greitt úr ríkissjóði ..... 204,8****Hlutdeild í ríkistekjum ..... 0,0****Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

**02 Menntamálaráðuneyti****02-201 Háskóli Íslands**

Almennur rekstur:

1.03 Rekstur fasteigna ..... 25,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 25,0

**02-203 Raunvísindastofnun Háskólans**

Stofnkostnaður:

6.11 Bifreiðar ..... 3,8

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 3,8

**02-221 Kennaraháskóli Íslands**

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn ..... 13,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 13,5

**02-235 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum**

Stofnkostnaður:

6.60 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og  
umhverfismálum ..... 50,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 50,0

**02-301 Menntaskólinn í Reykjavík**

Almennur rekstur:

1.01 Almennur rekstur ..... 5,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 5,5

**02-302 Menntaskólinn á Akureyri**

Almennur rekstur:

1.01 Almennur rekstur ..... 3,4

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 3,4

**02-303 Menntaskólinn á Laugarvatni**

Almennur rekstur:

1.01 Almennur rekstur ..... 1,2

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 1,2

**02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð**

Almennur rekstur:

1.01 Almennur rekstur ..... 5,5

1.09 Önnur verkefni ..... 0,9

Almennur rekstur samtals ..... 6,4

**Gjöld samtals ..... 6,4**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 6,4

**02-305 Menntaskólinn við Sund**

Almennur rekstur:

1.01 Almennur rekstur ..... 4,9

Fjármögnun:

